69. Snóksdalskirkja	3261.65	„	216.00	156.41	3202.06
70. Garpsdalskirkja	5816.37	85.00	„	293.61	6194.98
71. Hvammskirkja	22.85	„	„	1.14	23.99
Barðastrandarprófastsd.					
72. Selárdalskirkja	21.90	„	12.00	0.54	10.44
73. Sauðlauksdalskirkja .	2814.08	„	„	140.70	2954.78
74. Flateyjarkirkja	23.82	„	„	1.19	25.01
75. Gufudalskirkja	235.36	57.85	„	12.39	305.60
76. Brjánslækjarkirkja ..	12.58	„	„	0.63	13.21
V.-Ísafjarðarprófastsdæmi.					
77. Holtskirkja	8112.37	„	„	405.62	8517.99
78. Mýrakirkja	1301.52	„	„	65.08	1366.60
79. Sæbólskirkja	2.24	„	„	0.11	2.35
80. Staðarkirkja í Súgf. .	2015.68	100.00	„	100.78	2216.46
81. Hraunskirkja	1247.47	100.00	„	62.78	1410.25
82. Núpskirkja	„	3700.00	„	43.77	3743.77
N.-Ísafjarðarprófastdæmi.					
83. Staðarkirkja í Grv. ..	27.84	„	„	1.39	29.23
Strandaprófastsdæmi.					
84. Staðarkirkja í Stgrf. .	2687.92	„	„	134.40	2822.32
85. Prestbakkakirkja	1975.37	„	„	98.77	2074.14
86. Skaðarkirkja í Hrf. ..	1173.78	„	„	58.69	1232.47
87. Árneskirkja	3914.33	169.00	„	203.46	4286.79
88. Óspakseyrarkirkja ..	2076.85	„	„	103.84	2180.69
Flyt	272245.57	12466.04	10553.40	13524.56	287682.77

2

Kirkjur.	Eign í árslok 1932. Kr. au.	Lagt inn. Kr. au.	Tekið út. Kr. au.	Vextir á árinu. Kr. au.	Eign í árslok 1933. Kr. au.
Flutt	272245.57	12466.04	10553.40	13524.56	287682.77
Húnavatnsprófastsdæmi.					
89. Staðarbakkakirkja ..	47.23	„	„	2.36	49.59
90. Melstaðarkirkja	3567.90	„	„	178.39	3746.29
91. Hofskirkja á Skg.str.	775.71	100.00	„	40.04	915.75
92. Bergstaðakirkja	3.33	„	„	0.17	3.50
93. Höskuldsstaðakirkja	1591.87	„	„	79.59	1671.46
94. Efranúpskirkja	19.08	„	„	0.95	20.03
94. Spákonufellskirkja .	1.58	„	„	0.07	1.65
96. Blönduóskirkja	254.74	„	„	12.74	267.48
97. Tjarnarkirkja á Vn.	25.54	„	„	1.28	26.82
98. Auðkúlukirkja	828.41	„	„	41.42	869.83
Skagafjarðarprófastsdæmi.					
99. Sauðárkrókskirkja ..	2297.62	„	„	114.88	2412.50
100. Rípurkirkja	8.11	„	„	0.41	8.52
101. Glaumbæjarkirkja ..	10.50	„	„	0.52	11.02
102. Mælifellskirkja	11.57	„	„	0.58	12.15
103. Barðskirkja	2695.65	270.00	18.00	140.97	3088.62
104. Fellskirkja í Slhl. ..	289.81	„	„	14.49	304.30
105. Hólakirkja	68.00	„	„	3.40	71.40
106. Goðdalakirkja	784.44	„	„	39.22	823.66
107. Miklabæjarkirkja ...	1219.67	„	„	60.98	1280.65
108. Flugumýrarkirkja ..	19.44	„	„	0.97	20.41
109. Ketukirkja	742.98	„	„	37.15	780.13
110. Viðvíkurkirkja	978.66	„	„	48.93	1027.59
111. Hofskirkja á Hstr. ..	96.47	„	101.29	4.82	„
112. Hvammskirkja í L. .	383.80	„	„	19.20	403.00
113. Knappstaðakirkja ..	155.63	100.00	„	8.60	264.23
Eyjafjarðarprófastsdæmi.					
114. Grímseyjarkirkja ...	167.66	„	150.00	5.57	23.23
115. Glæsibæjarkirkja ...	145.24	„	„	7.26	152.50
116. Kaupangskirkja	7.00	„	„	0.35	7.35
117. Saurbæjarkirkja	5355.20	„	„	267.76	5622.96
118. Munkaþverárkirkja .	10161.41	„	150.00	503.70	10515.11
119. Lögmannshlíðark. ..	124.20	„	„	6.21	130.41
120. Akureyrarkirkja ...	15931.16	„	„	796.56	16727.72
121. Bægisárkirkja	122.93	„	„	6.15	129.08
122. Vallakirkja	32.13	„	„	1.60	33.73
123. Tjarnarkirkja	133.25	„	132.00	2.25	3.50
124. Stærra-Árskógskirkja	0.63	„	„	„	0.63
Flyt	321304.12	12936.04	11104.69	15974.10	339109.57

2

Kirkjur.	Eign í árslok 1932. Kr. au.	Lagt inn. Kr. au.	Tekið út. Kr. au.	Vextir á árinu. Kr. au.	Eign í árslok 1933. Kr. au.
Flutt	321304.12	12936.04	11104.69	15974.10	339109.57
S.-Þingeyjarprófastsdæmi.					
125. Laufáskirkja	879.67	„	„	43.98	923.65
126. Hálskirkja	764.40	„	„	38.22	802.62
127. Þóroddsstaðarkirkja	196.75	„	„	9.84	206.59
128. Skútustaðakirkja ...	51.19	„	„	2.56	53.75
129. Brettingsstaðakirkja	680.86	„	„	34.04	714.90
130. Illugastaðakirkja ...	10.78	„	„	0.54	11.32
131. Grenjaðarstaðarkirkja	4114.63	„	„	205.73	4320.36
132. Grenivíkurkirkja ...	1346.62	„	„	67.33	1413.95
133. Draflastaðakirkja ..	3.41	„	„	0.17	3.58
134. Þönglabakkakirkja .	2157.62	„	„	107.88	2265.50
135. Nesskirkja í Aðaldal	378.23	„	„	18.91	397.14
N.-Þingeyjarprófastsdæmi.					
136. Skinnastaðarkirkja ..	2486.27	„	„	144.30	2630.57
137. Presthólakirkja	74.26	„	„	3.71	77.97
138. Ásmundarstaðakirkja	1.14	„	„	0.05	1.19
139. Svalbarðskirkja	4410.97	„	„	220.35	4631.32
140. Víðihólskirkja	1.31	„	„	0.07	1.38
141. Sauðanesskirkja	97.88	„	„	4.89	102.77
Samtals	338960.11	12936.04	11104.69	16876.67	357668.13

ATHS.

Sé vaxtaafgangsupphæðinni kr. 5787.44 bætt við ofangreinda upphæð kr. 357668.13, verður eign sjóðsins í árslok, eins og segir í aðalreikningnum, kr. 363455.57.

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík 10. janúar 1934.

Jón Helgason.

3

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs frú Önnu Claessen árið 1933.

Tekjur:

1.	Eignir frá fyrra ári:		
	a. 7 bankavaxtabréf @ kr. 500.00	kr. 3500.00	
	b. Innstæða í Sparisjóði Skr.	— 445.06	
	c. Hjá gjaldkera	— 1.25	
			kr. 3946.31
2.	Varið til kaupa á bankavaxtabréfi	kr. 384.00	
	Ágóði af því	— 116.00	
			— 500.00
3.	Vextir af bankavaxtabréfum	kr. 175.00	
	Vextir af innstæðu í Sparisj. Skr.	— 10.24	
			— 185.24
			Kr. 4631.55

Gjöld:

1.	Styrkur veittur 5 sjúklingum		kr. 135.00
2.	Keypt bankavaxtabréf		— 384.00
3.	Eign í árslok:		
	a. 8 bankavaxtabréf @ kr. 500.00	kr. 4000.00	
	b. Innstæða í Sparisjóði Skr.	— 112.55	
			— 4112.55
			Kr. 4631.55

Sauðárkróki, 18. janúar 1934.

Álfheiður Blöndal. Helga Guðjónsdóttir. Sigríður Sigtryggsdóttir.

KANADASJÓÐUR 4

til styrktar íslenzkum námsmönnum.

Reikningur fyrir árið 1933.

Höfuðstóll.

Eign sjóðsins nemur 25.000 kanadiskum dollurum. Eignin ávaxtast ennþá af kanadisku ríkisstjórninni.

Tekjur:

Vextir af höfuðstólnum ..... 1250 kan. dollarar

Gjöld:

Styrkur handa Ófeigi J. Ófeigssyni, cand. med., til framhaldsnáms í lyflæknisfræði við kanadiska háskóla og sjúkrahús ..... 1250 — —

Forsætisráðherrann, 2. janúar 1934.

Ásgeir Ásgeirsson.

SNORRASJÓÐUR 1930 5

Ársreikningur 1933.

Höfuðstóll.

Eign frá fyrra ári samkvæmt birtum reikningi	kr.	128668.27
Aukning á árinu samkvæmt neðangreindum reikningi	—	1777.41
	Kr.	130445.68

Eignum sjóðsins er varið þannig:

Jarðræktarbréf	kr.	126700.00
Innstæða í sparisjóðsbók nr. 26 í Búnaðarbanka Íslands	—	3745.68
	Kr.	130445.68

5 Tekjur:

Vextir af jarðræktarbréfum	kr.	6968.50
Vextir af sparisjóðsinnstæðu	—	108.91
	Kr.	7077.41

Gjöld:

Styrkur til náms í Noregi:		
Ásgeir Hjartarson, stúdent, frá Arnarholti	kr.	900.00
Geir Jónsson, stúdent, frá Akureyri	—	900.00
Báðir til sagnfræðináms í háskólanum í Osló.		
Ármann Halldórsson, stúdent, frá Ísafirði, til sálfræði- og heimspekináms í sama háskóla	—	900.00
Ungfrú Hólmfríður Jónsdóttir, stúdent, frá Hofteigi í Hörgárdal, til sögu- og uppeldisfræðináms í sama háskóla	—	900.00
Ásgeir Ásgeirsson frá Reykjavík, til framhaldsnáms í landbúnaðarháskólanum í Ási	—	700.00
Haukur Jörundsson frá Skálholti, til búfræðináms í Noregi	—	500.00
Bergur Lárusson frá Kirkjubæjarklaustri, til raffræðináms í Þrándheimi	—	500.00
	Kr.	5300.00
Lagt við höfuðstól	—	1777.41
	Kr.	7077.41

Reykjavík, 3. janúar 1934.

BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS

Tryggi Þórhallsson. *Þ. Sveinsson.*

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Rangárvallasýslu, **um flutning þingstaðar.** 6 17. febr.

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 24. f. m., og beiðni oddvitans í Rangárvallahreppi innan Rangárvallasýslu, veitir ráðuneytið samþykki sitt til þess að þingstaður Rangárvallahrepps verði fluttur frá Hofi í skóla- og samkomuhús hreppsins að Strönd, enda annist hreppsnefndin um að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu, **um flutning þingstaðar.** 7 13. apríl

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi dags. 27. f. m., og beiðni oddvitans í Skriðuhreppi innan Eyjafjarðarsýslu, veitir ráðuneytið samþykki sitt til þess, að þingstaður Skriðuhrepps verði fluttur frá Staðartungu í væntanlegt samkomuhús og þinghús hreppsins við Hörgárbrú á Helguhyl vestan árinnar, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Húnavatnssýslu, **um flutning þingstaðar.** 8 1. júní

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 23. f. m., og beiðni oddvitans í Ytra-Torfustaðahreppi innan Húnavatnssýslu, veitir ráðuneytið samþykki sitt til þess, að þingstaður Ytri-Torfustaðahrepps verði fluttur frá Melstað að Ytri-Reykjum, í nýbyggt samkomuhús þar, svo kallað Ásbyrgi, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

1. dag júnímánaðar 1934. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

9
11. jan.

AUGLÝSING

um staðfesting dómsmálaráðuneytisins á lögreglusamþykkt fyrir Akureyrarkaupstað.

Samkvæmt lögum nr. 1, frá 1890, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hér með staðfest eftirrituð

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Akureyrarkaupstað.

I. KAFLI

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Á almannafæri mega uppþot eða óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn þyrpast saman á almannafæri, svo að til tálma sé fyrir umferðina, eða til óþæginda fyrir viðstadda. Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða ætlað er til almenningsnota, svo sem leikvelli, sölutorg, bryggjur, bólvirki o. s. frv. Um veitingastaði, almennar knattborðsstofur, afgreiðslustaði bifreiða o. þ. h., kvikmyndahús, leikhús og önnur samkomuhús, gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri, eftir því sem við á.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkna, sölubúða, leikhúsa eða annara samkomuhúsa, eða annarsstaðar, þar sem almenningur kemur saman, skal fólk raða sér þannig, að þeir sem fyrst koma fái fyrstir afgreiðslu, og haga sér í öllu eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan eða umsjónarmaður setur til að varðveita góða reglu.

3. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, æpa, kalla, blístra, syngja, né hafa í frammi annan hávaða eða ofsalegt eða móðgandi háttalag, sem raskar allsherjarreglu, eða ónáðar vegfarendur, viðstadda, eða þá sem búa í nágrenninu.

4. gr.

Bannað er að hafast nokkuð það að, sem raskar næturró manna, og enginn má að ófyrirsynju berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum eða hafast neitt það að, sem veldur ónæði.

5. gr.

Á fjölförnum götum, eða þar sem hætta getur af stafað, má ekki leika knattleik, paradís, feluleik, stikk eða klink, ekki gera rennibrautir, renna sér á skautum eða sleðum, eða hafa um hönd aðrar skemmtanir eða leiki, sem hindra umferðina. Lögreglan ákveður jafnan, hvaða götur þetta á við. Sömuleiðis er bannað að hanga utan í vögnum, sleðum eða bifreiðum, sem eru á ferð um göturnar, eða festa við þá sleða, handvagna eða annað, er til óþæginda getur orðið.

6. gr.

Eigi má skjóta af byssum, skammbyssum, lyklabyssum, örvabogum eða öðrum skotvopnum á eða yfir almannafæri og hvergi að óþörfu á kaupstaðarlóðinni. Sömuleiðis er öll veiði með skotum bönnuð í landareign kaupstaðarins. Þó er Glerárdalurinn og „fjallið" undanskilið. Á almannafæri má eigi kveikja í púðri, skoteldum eða sprengiefnum, og bera logandi blys, nema með leyfi lögreglustjóra. Nauðsynlegar sprengingar vegna mannvirkja má aðeins gera með sérstöku leyfi eða samþykki lögreglustjóra og ber bæði verkstjóri og sá, sem mannvirkið er unnið fyrir, ábyrgð á að allrar varúðar sé gætt.

7. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri, eða í búningi, sem misbýður almennu velsæmi eða getur raskað allsherjarreglu. Sömuleiðis er bannað að sýna af sér hneykslanlega hegðun, t. d. með því að ávarpa menn með ókurteisum eða ósæmilegum orðum, eða með því að sýna þar af sér ósæmilegt látbragð, svo sem að fletta sig klæðum, gera þarfir sínar o. s. frv.

Hneykslanleg hegðun telst það, ef nokkur sést ölvaður á almannafæri, og hver sem verður sekur um það, skal sæta sektum, er ekki séu lægri en 50 krónur.

8. gr.

Enginn má baða sig eða synda nakinn við bryggjur bæjarins, eða annarsstaðar svo nærri landi eða skipum á höfninni, að hneyksli valdi.

9. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur að segja til nafns síns og heimilis, þegar lögreglan krefst þess.

10. gr.

Bifreiðarstjórar skulu gæta þess að gera engan óþarfa hávaða að næturlagi og skipum er bannað að gefa hljóðmerki við bryggjur eða annarsstaðar á höfninni frá kl. 10 að kvöldi til kl. 8 að morgni, nema siglingareglur krefji, eða nauðsynlega þurfi að kalla á hafnsögumann eða lækni.

11. gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögreglumanna, er þeir gefa til að stjórna umferð, eða halda uppi góðri reglu á almannafæri. Ef nauðsyn

9 ber til geta lögreglumenn krafið sér til aðstoðar hvern fulltíða mann, sem við-
11. jan. staddur er, til að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri, en heimtingu eiga þeir á fullum bótum úr bæjarsjóði fyrir tjón, er þeir kunna að bíða við það, á fatnaði eða limum, en bæjarsjóður á aðgang að hinum seka.

II. KAFLI

Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.

12. gr.

Enginn má ótilkvaddur slökkva eða kveikja á götuljóskerum bæjarins.

Enginn má taka vatn úr brunahönum bæjarins eða hreyfa við þeim að neinu leyti, nema hann hafi til þess fengið leyfi slökkviliðsstjóra.

Enginn má snerta við brunaboðum bæjarins, nema hann þurfi að gera vart við eldsvoða.

Enginn má raska eða skemma rafmagnsleiðslur eða síma.

Brot gegn þessari grein varða sektum, er ekki séu lægri en 50 krónur.

13. gr.

Enginn má selja vörur eða reka aðra atvinnu á almannafæri, og ekki heldur hafa neitt þar um hönd, sem tálmað getur umferð. Börn yngri en 14 ára mega alls ekki selja vörur á almannafæri. Þó skal börnum, 8 ára eða eldri, heimilað að selja dagblöð eða fréttablöð og sömuleiðis aðgöngumiða að íþróttasýningum, dagskrár og merki, er gilda fyrir sérstaka hátíðisdaga.

Bannað er sölumönnum að gera vart við sig með ópi, köllum eða söng, frá náttmálum til dagmála (sbr. 4. gr.).

14. gr.

Án leyfis hlutaðeigandi húsráðanda má enginn láta fyrirberast á húslóðum, húsriðum, húsþökum, girðingum, í garðshliðum, eða á stöðum þar sem inn er gengið í hús eða á húslóðir, né fara inn í híbýli hans í söluerindum.

Auk þess getur lögreglan bannað mönnum að hafast við á þessum slóðum, ef hún telur að það geti valdið óþægindum eða hættu.

15. gr.

Stéttir fram með götum eru eingöngu ætlaðar gangandi mönnum. Eftir þeim má eigi fara með sleða, reiðhjól, hjólbörur, vagna né önnur aktól, nema barnavagna, og eigi bera, draga, velta, eða á annan hátt flytja með sér fyrirferðarmikla hluti, svo sem tunnur, hey eða annað sem tálmar umferðinni. Ljái, gaddhrífur, skotvopn og aðra hluti, sem tjón getur hlotizt af, má aðeins flytja eftir götunni sjálfri, og skal svo um þá búið að engin hætta stafi af þeim. Hlaðn-

ar byssur má ekki bera á götum bæjarins, eða annarsstaðar á almannafæri. 9
Byssur skal ávallt bera þannig, að opið viti upp. 11. jan.

16. gr.

Á almannafæri má eigi leggja eða setja neitt það, er tálmar umferðinni. Bifreiðar, vagnar, hjólbörur og sleðar mega ekki standa á götum lengur en nauðsynlegt er til að fylla þá og tæma og aldrei á gangstéttum. Bæjarstjórn ákveður í samráði við lögreglustjóra, hvar á götum eða torgum standa megi vagnar eða bifreiðar, sem notaðar eru til fólks- eða vöruflutninga og setur sérstakar reglur þar að lútandi. Má í þeim reglum ákveða gjald í bæjarsjóð fyrir bifreiðastæði.

17. gr.

Á almannafæri má eigi vinna neina þá vinnu, er hindrar umferðina eða gerir hana hættulega, t. a. m. telgja við, höggva grjót, járna hesta, gera við bifreiðar eða því um líkt. Á almannafæri og á veggsvölum eða í gluggum, sem vita að almannafæri, má eigi hrista gólfdúka, viðra sængurföt, hengja föt til þerris eða annað þesskonar.

18. gr.

Vöruskápa, sjálfsala, gluggaskýlur, auglýsingaspjöld eða annað þesshátttar, má eigi hengja utan á hús þannig, að óþægindi verði að á almannafæri, að dómi lögreglunnar. Eigi má heldur hengja slíkt á rafveitustaura eða símastaura og er ennfremur bannað að festa þar allskonar auglýsingar. Í opnum gluggum, sem vita að almannafæri, má eigi láta standa jurtapotta eða neitt það, er tjóni getur valdið, ef það fellur niður. Hæð undir gluggaskýlur og auglýsingaspjöld, sem standa út frá húshlið fram yfir gangstétt eða götu, sé minnst 2,20 mtr.

19. gr.

Eigi má fleygja glerbrotum, steinum, nöglum, hálmi, ávaxtahýði, pappírsrusli eða öðru þesskonar á almannafæri, né heldur skvetta þar vatni eða öðru, er haft getur í för með sér hættu eða óþægindi fyrir vegfarendur.

20. gr.

Foreldrum og öðrum hlutaðeigendum er skylt að annast um, að tilhlýðilegt eftirlit sé haft með óstálpuðum börnum, sem eru á þeirra vegum, þegar þau eru á almannafæri. Börn yngri en 12 ára mega ekki vera á almannafæri seinna en kl. 22 á tímabilinu frá 16. september til 15. apríl, og ekki seinna en kl. 23 frá 16. apríl til 15. september, nema þau séu í fylgd með fullorðnum.

21. gr.

Enginn má gera skurð í gangstéttir, götur eða torg bæjarins, né raska þeim á neinn hátt, nema hann hafi til þess leyfi bæjarverkstjóra og samþykki lög-

9 reglustjóra, enda setji hann aftur í samt lag það, sem raskað var og haldi því
11. jan. við í eitt ár eftir að umbót var lokið og tekin gild af bæjarverkstjóra. Fyrir leyfið greiðast 5 krónur í bæjarsjóð. Slík verk skulu unnin þannig, að sem minnstur farartálmi sé að, og ætíð skal þess gætt, að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmann með nægilega greinilegum ljósum, er loga skulu frá því að dimma fer að kveldi til þess bjart er orðið að morgni. Að öðru leyti gerir lögreglustjóri þær ráðstafanir, er honum þykir þurfa, til að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Getur hann bannað umferð um götuna að nokkru eða öllu leyti meðan á verkinu stendur, eða skipað fyrir um hvernig umferðinni skuli hagað. Ef slíkt verk dregst úr hófi fram, eftir að byrjað er á því, getur lögreglustjóri látið ljúka verkinu, eða setja götuna í samt lag aftur á kostnað þess, sem verkið átti að framkvæma. Sama gildir ef ekki er fullnægt viðhaldsskyldu.

22. gr.

Þegar hús er byggt eða eldra hús rifið og byggt upp að nokkru eða öllu leyti, er eiganda, eða þeim, sem sér um verkið, ef húsið liggur við almannafæri, skylt að skýra lögreglustjóra frá, áður en verkið byrjar og sanna fyrir honum heimild sína til verksins. Hann skal haga sér eftir þeim fyrirmælum, er lögreglustjóri setur, til að afstýra farartálmum og hættu eða óþægindum fyrir vegfarendur. Verkfæri og verkefni má ekki leggja frá sér á almannafæri, nema þar sem lögreglustjóri leyfir, og eigi má það liggja þar lengur en nauðsyn krefur. Mold, möl, leyfar af verkefni og annað, er af byggingunni stafar, skal eigandinn færa burt, er húsagerðinni er svo langt komið, að því verði við komið. Girðingar, sem kunna að hafa verið reistar til að afstýra hættu eða farartálma, skal taka í burtu þegar í stað, þegar lögreglan krefst þess.

Nú brennur hús eða mannvirki, eða það er tekið í burt, án þess annað sé gert í staðinn, og er þá eiganda skylt að ganga svo frá hússtæðinu, að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óprýði að.

23. gr.

Pallar, stoðir og annar umbúnaður þesskonar, sem notaður er við húsasmíðar og aðrar byggingar eða viðgerðir á húsum, skal vera nægilega traustur, og þeir, sem nota hann, skulu vera gætnir og áreiðanlegir menn. Á slíkum pöllum utanverðum skal vera að minnsta kosti 20 cm. há brík og handrið eða reipi í brjósthæð. Lausir stigar, sem notaðir eru við viðgerðir á húsum, málun, gluggaþvott eða þesskonar, skulu vera nægilega traustir og kjálkarnir búnir járngöddum að neðan, ef stiginn er meira en 4 metra langur. Við fjölfarnar götur getur lögreglustjóri fyrirskipað að vörður standi við stiga meðan á verki stendur.

Lausir stigar mega ekki standa við húsvegg á almannafæri, nema meðan verið er að nota þá.

Brot gegn þessari grein er á ábyrgð þess sem verkið annast, eða ef hann er eigi tilgreindur, þá á ábyrgð húseiganda.

24. gr. 9

Nú er hús svo hrörlegt, að hætt er við að það hrynji, eða einhver hluti 11. jan.
þess, og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið og lagt fyrir eigandann að rífa það, eða endurbæta það svo sem þörf gerist til að afstýra hættu, innan tiltekins tíma. Ennfremur getur lögreglustjóri á kostnað eigandans gert aðrar ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar til að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra. Ákvæði þetta nær einnig til þess, þegar steinvegg, trévegg eða annari girðingu liggur við hruni eða falli.

25. gr.

Vindur og önnur áhöld, sem notuð eru til að hefja upp eða renna niður vörum eða öðru úr húsum, sem liggja að almannafæri, skulu vera nægilega traustar, og þeir sem nota þær, skulu vera gætnir og áreiðanlegir menn.

26. gr.

Nú liggur kjallaraop út að almannafæri og lengra fram en húshliðin, og skal þá vera handrið úr járni, eða öðru tryggilegu efni beggja megin við það, eigi lægri en 60 cm., og lögreglustjóri getur auk þess krafizt, að kjallaraopið sé byrgt með hlemm eða hlera frá því dimma tekur að kvöldi, unz bjart er orðið að morgni.

Yfir birtugrófum, sem nú eru við stétt eða götur, skulu vera nægilega sterkar járngrindur, eða annar jafntryggur útbúnaður, jafnhá stéttinni eða götunni. En yfir birtugrófir, sem gerðar kunna að verða framvegis, skal gera svo tryggilega, að enginn óþrifnaður komist ofan í grófina.

27. gr.

Um þakrennur og rennsli frá húsunum í göturæsin eða rennurnar skal svo um búið, sem fyrir er mælt í byggingasamþykkt kaupstaðarins, og er húseigendum skylt að halda hvorutveggja vel við.

28. gr.

Stórt grjót, sem til tálmunar er skipum, bátum eða fyrirdráttum, eða annað þvílíkt, mega menn ekki láta liggja víðsvegar um fjöruna, heldur skulu þeir, sem það eiga, flytja það burt eða saman eftir fyrirsögn lögreglustjóra.

29. gr.

Ef ís á Pollinum er ótryggur, getur lögreglustjóri, að viðlögðum sektum, bannað að fara út á hann.

Enginn má höggva vakir á Pollinn nær landi en í beina línu frá melhorninu sunnan við Krókeyraroddann, þar sem hann gengur lengst í austur og varða segir til, í stöng þá, sem sett er við ósinn á miðri Oddeyrinni, nema lögreglustjóri veiti leyfi til þess.

9
11. jan.

III. KAFLI

Almennar umferðareglur.

30. gr.

Vegfarendum er skylt að sýna fyllstu nærgætni gagnvart öðrum vegfarendum, einkum þegar farið er yfir þvera götu, við vegamót og þar sem viðvörunarmerki eru sett. Þeim er skylt að haga sér tafarlaust eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan setur um umferðina, hvort sem það er gert með uppfestum auglýsingum, með boðum eða bendingum. Þeim er og skylt að nema staðar samstundis og lögreglan gefur stöðvunarmerki.

Allir vegfarendur skulu samstundis víkja úr vegi fyrir bifreiðum slökkviliðsins, sjúkrabifreiðum og bifreiðum lögreglunnar, enda gefi þær auðþekkt hljóðmerki.

31. gr.

Stéttar meðfram götum eru eingöngu ætlaðar gangandi fólki. Eftir þeim má eigi fara með sleða, reiðhjól, hjólbörur, vagna né önnur aktól, nema barnavagna (sbr. 15. gr.).

Fótgangandi vegfarendur skulu, er þeir eru á ferð um götur bæjarins, vegi eða torg, að jafnaði halda sér á gangstéttunum, þar sem þær eru fyrir hendi. Þeir sem ganga eftir götum og stígum, þar sem engar gangstéttir eru fyrir hendi, eða sakir þess að þeir vegna þrengsla á gangstéttinni verða að víkja út á götuna, eða þurfa að ganga yfir hana þvera, skulu veita umferðinni nána athygli og víkja þegar til hliðar, er viðvörunarmerki eru gefin.

32. gr.

Með hesta og ökutæki má aðeins fara eftir þeim hluta götunnar, sem ætlaður er til aksturs, en ekki eftir gangstéttum né vegum, sem ætlaðir eru til annarar sérstakrar notkunar. Ef ástæða þykir til vegna umferðarhættu, getur lögreglustjóri eða bæjarstjórn bannað akstur, reið eða hjólreiðar um einstakar götur, enda séu auglýst á gatnamótum hvaða umferð er bönnuð.

33. gr.

Allir sem fara um götur bæjarins utan gangstétta, hvort heldur eru gangandi, ríðandi, í vagni, í bifreið, á hjóli eða öðrum farkosti, skulu halda sér, gripum sínum og fartækjum á vinstri helmingi akbrautarinnar eingöngu og svo nærri götubrún eða gangstétt sem auðið er.

Sá, sem vill komast fram fyrir vegfarendur, skal víkja til hægri handar, þó ekki meira en nauðsyn krefur.

Við vegamót skal, ef þörf gerist, sá bíða, sem hefir farartæki á vinstri hönd. Þessi regla leysir vegfarendur þó ekki undan þeirri skyldu, að sýna fyllstu varkárni og nærgætni við vegamót, þótt þeir eigi þar umferðaréttinn.

Þeir, sem fara um gangstéttir, skulu víkja til vinstri handar, en eru þó ekki skyldir að víkja út á akbrautina, sé hún á vinstri hönd. 9 11. jan.

34. gr.

Um götuhorn skal aka í kröppum boga ef snúið er til vinstri handar, en í löngum boga ef snúið er til hægri. Á götuhornum eða gatnamótum er bannað að aka fram fyrir hest eða ökutæki, sem á undan fer. Þegar ekið er út úr hliðum eða um vegamót skal farið hægt.

35. gr.

Það er bannað að aka eða ríða á móti hópgöngum eða líkfylgdum, eða fram hjá þeim. Skal víkja úr vegi fyrir þeim ef unnt er, eða nema staðar meðan þær fara fram hjá. Hópganga telst þegar fólk streymir af íþróttavelli e. þ. h.

Ekki má aka eða ríða um götur, þar sem fólk hefir safnazt saman til að hlusta á hornablástur eða þess háttar.

36. gr.

Á miðri götu má ekki nema staðar með hesta eða ökutæki, heldur skal það gert sem næst gangstéttinni eða götujaðri, og skal snúa farartækinu þannig, að hlið þess sé jafnhliða gangstéttinni eða götujaðrinum. Ekki má nema staðar þar sem hestur eða ökutæki heldur kyrru fyrir beint á móti hinumegin á götunni. Ennfremur er bannað að nema staðar með hest eða ökutæki á gatnamótum, eða nær þeim en 5 metra frá götuhorni, miðað við húsalínu.

37. gr.

Með hesta eða ökutæki má ekki nema staðar á götum bæjarins, nema meðan ferming eða afferming á sér stað (sbr. 16. gr.)., og skal það gert gangstéttarmegin. Farþegar skulu og þeim megin stíga upp í farartæki og út úr því.

38. gr.

Bifreiðarstjórar skulu ætíð, er þeir ætla að beygja fyrir götuhorn, eða að fara yfir þvera götu, gefa merki um það í tæka tíð, með þar til gerðu tæki, til hvorrar handar þeir ætla að beygja. Sömuleiðis skulu þeir gefa merki, er þeir draga skyndilega úr ferð bifreiðar sinnar, eða stöðva hana.

Bifreiðarstjórar, sem aka bifreið, er ekki hefir umgetin tæki, svo og vagnstjórar, ríðandi menn og hjólreiðamenn, skulu gefa þessi merki með því að rétta út hægri eða vinstri hönd, eftir því til hvorrar handar þeir ætla að beygja og með því að rétta hönd beint upp, ef þeir draga úr ferð ökutækis síns eða stöðva það. Merki þessi skal gefa utan við yfirbyggingu ökutækisins, svo þeir er á eftir fara sjái þau greinilega.

9 11. jan.

39. gr.

Ef vegfarandi veldur slysi, hvort sem það er hans sök eða ekki skal hann þegar nema staðar, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi, ef þess er krafizt, og hjálpa þeim, sem slasazt hefir, ef þörf gerist.

40. gr.

Hlass, sem flutt er á ökutæki um bæinn, má ekki vera þyngra en svo, að ökutækið beri það auðveldlega. Því skal vel fyrir komið, og fest svo að ekki haggist. Ekki má það dragast með jörðu eða standa langt út af ökutækinu. Með málmvarning skal svo fara, að ekki hljótist hávaði af.

Ökutæki, sem flutt er á möl, sandur, mold o. þ. h. skulu svo gerð, að ekki hrynji úr þeim þar sem farið er um.

41. gr.

Hjól á ökutækjum skulu vera slétt og nægilega breið, svo ekki marki þau yfirborð gatna.

Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum bifreiðalaganna og þeirra laga, sem sett eru eða kunna að verða sett um umferðina.

IV. KAFLI

Um bifreiðar.

42. gr.

Bifreið nefnist í samþykkt þessari hvert það ökutæki, sem knúið er áfram af aflvél í ökutækinu sjálfu og ætlað er til að flytja fólk eða varning. Samþykktin nær þó ekki til vagna, sem renna á spori, eða ökutækja, sem notuð eru eingöngu af slökkviliði.

43. gr.

Lögreglustjóri eða bæjarstjórn getur takmarkað eða bannað umferð bifreiða á einstökum götum, ef slík umferð álízt hættuleg, eða til sérlegra óþæginda fyrir aðra umferð. Sömuleiðis getur lögreglustjóri eða bæjarstjórn takmarkað bifreiðaferðir innanbæjar að næturlagi.

44. gr.

Um gerð bifreiða fer eftir 3., 6., 10. og 12. gr. í lögum um notkun bifreiða, nr. 56 frá 1926, sbr. 1. gr. laga nr. 23 frá 1927 og eftir reglugerð um bifreiðar 28. apríl 1915, eða þeim lögum og reglugerðum, sem þar um gilda á hverjum tíma.

Á sérhverri bifreið, sem ekið er um lögsagnarumdæmi Akureyrarkaupstaðar, skulu vera tæki, sem lögreglustjóri tekur gild, og gefa má með greinileg merki um það, til hvorrar handar bifreiðastjóri ætlar sér að beygja, svo og um það, að hann dragi skyndilega úr ferð bifreiðar eða stöðvi hana (sbr. 38. gr.).

Horn þau, sem notuð eru til að gefa með hljóðmerki innanbæjar, skulu þannig gerð, að þau gefi þægilegt, djúpt og einraddað hljóð. 9 11. jan.

Um gerð hornanna ákveður lögreglustjóri nánar í samráði við sérfróða menn.

Ljós á bifreiðum, sem aka um bæinn, mega ekki vera svo sterk, að þau villi vegfarendum sýn.

45. gr.

Á bifreiðum, sem ekið er um lögsagnarumdæmið á tímabilinu frá 1. ágúst til 15. maí, skulu vera ljós á þeim tíma, sem segir í eftirfarandi töflu:

7.	jan.	til	13.	jan.	.....	frá	kl.	15,20	til	kl.	9,50
14.	—	—	20.	—	.....	—	—	15,40	—	—	9,35
21.	—	—	27.	—	.....	—	—	16,00	—	—	9,15
28.	—	—	6.	febr.	.....	—	—	16,25	—	—	8,55
7.	febr.	—	13.	—	.....	—	—	17,00	—	—	8,25
14.	—	—	20.	—	.....	—	—	17,20	—	—	8,05
21.	—	—	27.	—	.....	—	—	17,45	—	—	7,40
28.	—	—	6.	marz	.....	—	—	18,05	—	—	7,15
7.	marz	—	13.	—	.....	—	—	18,30	—	—	6,50
14.	—	—	20.	—	.....	—	—	18,50	—	—	6,25
21.	—	—	27.	—	.....	—	—	19,10	—	—	6,00
28.	—	—	6.	apríl	.....	—	—	19,30	—	—	5,35
7.	apríl	—	15.	—	.....	—	—	20,00	—	—	5,00
16.	—	—	20.	—	.....	—	—	20,40	—	—	4,20
21.	—	—	27.	—	.....	—	—	20,55	—	—	4,00
28.	—	—	6.	maí	.....	—	—	21,15	—	—	3,40
7.	maí	—	15.	—	.....	—	—	21,45	—	—	3,05
1.	ágúst	—	6.	ágúst	.....	—	—	22,10	—	—	2,55
7.	—	—	13.	—	.....	—	—	21,50	—	—	3,15
14.	—	—	20.	—	.....	—	—	21,25	—	—	3,40
21.	—	—	27.	—	.....	—	—	21,00	—	—	4,00
28.	—	—	31.	—	.....	—	—	20,35	—	—	4,20
1.	sept.	—	6.	sept.	.....	—	—	20,10	—	—	4,40
7.	—	—	13.	—	.....	—	—	19,50	—	—	5,00
14.	—	—	20.	—	.....	—	—	19,25	—	—	5,20
21.	—	—	27.	—	.....	—	—	19,00	—	—	5,40
28.	—	—	6.	okt.	.....	—	—	18,35	—	—	6,00
7.	okt.	—	13.	—	.....	—	—	18,05	—	—	6,25
14.	—	—	20.	—	.....	—	—	17,40	—	—	6,50
21.	—	—	27.	—	.....	—	—	17,15	—	—	7,10
28.	okt.	—	6.	nóv.	.....	—	—	16,30	—	—	7,30
7.	nóv.	—	13.	—	.....	—	—	16,20	—	—	8,05
14.	—	—	20.	—	.....	—	—	15,55	—	—	8,25
21.	—	—	27.	—	.....	—	—	15,35	—	—	8,50

9 11. jan.

28. nóv. til 6. des.	.....	frá kl. 15,20 til kl.	9,10
7. des. — 13. —	.....	— — 15,00 — —	9,35
14. — — 20. —	.....	— — 14,55 — —	9,50
21. — — 27. —	.....	— — 14,50 — —	10,00
28. — — 6. jan.	.....	— — 15,00 — —	10,00

46. gr.

Sérhver bifreiðareigandi, sem búsettur er hér í bænum, skal senda lögreglustjóra tilkynningu um bifreið sína áður en hún er tekin til notkunar, svo og um það, hvar bifreiðin verði geymd, þegar hún er ekki notuð. Lögreglustjóri lætur skoða bifreiðina og greiðir bifreiðareigandi kostnaðinn. Fullnægi bifreiðin ákvæðum bifreiðarlaganna og reglugerða samkvæmt þeim og þessarar samþykktar, skrásetur lögreglustjóri hana og afhendir eiganda 2 merki með áletruðu A og tölumerki og skal festa annað framan á, en hitt aftan á bifreiðina, og má ekki taka þau af henni, eða hylja á nokkurn hátt, meðan bifreiðin er notuð.

Ef nota á bifreiðina sem leigubifreið til mannflutninga, skal standa stórt L fyrir framan stafinn A á merki því, sem fest er framan á bifreiðina, þannig: L x A.

Bifreiðar, sem notaðar eru til kennslu, skulu auðkenndar með orðinu: „Kennslubifreið".

Verði eigendaskipti að bifreið, skal bæði hinn nýi og fyrri eigandi bifreiðarinnar tafarlaust tilkynna það lögreglustjóra.

Bifreiðar, sem eru skrásettar utan Akureyrar, mega því aðeins fara um götur bæjarins, að framan og aftan á þeim sé greinilegt skrásetningarmerki þeirra.

47. gr.

Enginn má stýra bifreið nema hann hafi ökuskírteini, er heimili honum að stýra bifreið. Meðan ekið er má bifreiðarstjóri ekki sleppa hendi af stýri bifreiðar sinnar, og varast skal hann að tala við farþega.

Lögreglustjóri ákveður hve margir menn mega vera í einu í bifreið, ef hún er ætluð til að flytja farþega fyrir borgun, og mega aldrei vera í henni fleiri menn, enda skal bifreiðarstjóri ávallt hafa meðferðis skírteini lögreglustjóra, er tiltekur farþegafjölda. Í hverri slíkri bifreið skulu og vera til sýnis öll gildandi ákvæði laga og reglugerða um bifreiðar, svo og gjaldskrá.

Bifreiðarstjóri skal hafa einkennishúfu á höfði og framan á henni skulu standa skrásetningarstafir þess umdæmis þar sem hann hefir fengið ökuskírteini og tölumerki skírteinis hans.

Bifreiðarstjóri má ekki neyta áfengra drykkja, eða vera undir áhrifum áfengra drykkja, við bifreiðaakstur.

48. gr.

Ökuhraða bifreiða skal ávallt stilla svo, að komizt verði hjá slysum, og þannig, að umferð um götuna sé ekki trufluð og má ökuhraðinn aldrei vera

meiri en 20 km. á klukkustund. Þar sem bifreiðarstjóri sér skammt frá sér, í kröppum bugðum, við gatnamót, þar sem vegur er sleipur og mikil umferð er, skal gæta sérstakrar varúðar, og má þar aldrei aka hraðara en svo, að stöðva megi bifreiðina þegar í stað. Sé for eða bleyta á götu, skal aka svo, að ekki slettist á aðra vegfarendur, gangstéttar, né byggingar. 9 11. jan.

49. gr.

Ef bifreið mætir vögnum eða vegfarendum á stað, þar sem hvorugir komast framhjá öðrum, skal bifreiðin aka til baka og nema staðar þar sem hinir komast framhjá henni.

50. gr.

Bifreiðarstjóri skal gefa hljóðmerki með horni sínu í tæka tíð, þegar hætt er við árekstri.

Hætta skal hann að gefa hljóðmerki, ef hestar hræðast eða verða óróir og ekki má hann gefa hljóðmerki um leið og bifreiðin fer fram hjá hestum.

Bifreiðarstjórar skulu gæta þess, einkum að næturlagi, að gera eigi hávaða um nauðsyn fram með hljóðmerkjunum. Þeim ber og að sjá um að farþegar í vögnum þeirra hafi ekki neinn hávaða, er raski friði.

Óheimilt er bifreiðarstjórum að gefa hljóðmerki, nema umferðin gefi tilefni til þess.

51. gr.

Bannað er að nota til eldsneytis á bifreiðar steinolíu eða annað, sem reykur stafar af.

V. KAFLI

Um reiðhjól.

52. gr.

Þeir, sem fara á reiðhjóli um götur bæjarins, skulu gæta þess sem hér segir:

a) Á hjóli mega ekki vera fleiri menn í senn en hjólið er gert fyrir. Sá, sem stýrir hjóli, skal ætíð halda að minnsta kosti annari hendi um stýrið og hafa báðar fætur á stigsveifum. Enginn má flytja með sér á hjóli hluti, sem valdið geta hættu eða hindrað umferðina.

b) Á hverju hjóli skal vera bjalla, sem gefur hvellt hljóð, en ekki horn né annar hljóðgjafi, og skal hjólamaður láta til hennar heyra, ef hætt er við árekstri.

c) Ljósker, er snúi fram og lýsi framundan sér, skal vera á hverju hjóli, þegar farið er að skyggja; ljós skal vera tendrað á þeim tíma, sem ákveðinn er til tendrunar á ljósum bifreiða í 45. gr.

9 d) Ökuhraði á hjóli má ekki vera meiri en 18 kílómetrar á klukkustund, og
11. jan. þar sem hjólamaður sér skammt frá sér í kröppum bugðum, við gatnamót, þar sem mikil umferð er og þar sem vegur er sleipur, skal gæta sérstakrar varúðar, og má þar aldrei aka hraðar en svo, að stöðva megi hjólið þegar í stað. Sé for eða bleyta á götum, skal aka svo, að ekki slettist á aðra vegfarendur, gangstéttir eða byggingar. Skylt er hjólamanni að nema staðar, ef reið hans veldur því að hestur fælist eða gerist órór.

e) Byrjendur mega ekki æfa sig á hjólum á götum bæjarins. Ekki má hjóla á gangstéttum eða yfir þær og ekki inn eða út úr hliðum.

Eigandi hjóls ber ábyrgð á brotum á samþykkt þessari, ef hann lánar það þeim, sem er yngri en 14 ára.

VI. KAFLI

Um reið, hestaflutning og akstur á götum bæjarins.

53. gr.

Á almannafæri má ekki ríða eða aka hraðara en á hægu brokki; þar sem gatan er mjó og mikil umferð eða farartálmi á veginum skal aðeins farið fót fyrir fót. Lögreglan getur skipað svo fyrir, hvenær sem nauðsyn þykir, að fara skuli aðeins fót fyrir fót á tilteknu svæði og þar sem margir vagnar koma saman á einn stað, getur hún raðað þeim eða skipað þeim að nema staðar um stund.

Ríðandi menn og vagnstjórar skulu í tæka tíð gera viðvart mönnum, sem á undan þeim ganga.

Eigi má ríða eða aka um gangstéttir bæjarins.

54. gr.

Það er með öllu bannað að ríða, beita fyrir vagna eða flytja farangur á höltum eða meiddum hestum, eða svo horuðum, að ekki hafi þeir fullan þrótt. Hestar, sem bíta og slá, skulu auðkenndir á þann hátt, að áberandi skúfur sé festur í ennistopp eða tagl.

55. gr.

Ríðandi mönnum, lestamönnum og öðrum, er farangur flytja á áburðarhestum, er skylt að víkja úr vegi og jafnvel út af götunni fyrir vögnum og bifreiðum, er þeir mæta, ef vagninn kemst ekki leiðar sinnar öðrum kosti. Með áburðarhesta má ekki hafa lengri viðdvöl á götunum en nauðsynlegt er til að taka ofan eða láta upp klyfjar. Um reiðhest gildir hið sama eftir því sem við á.

56. gr.

Ökumenn og vagnstjórar skulu vera nógu sterkir (sjá reglugerð nr. 129, 17. nóv. 1916, Stjt. B) og þroskaðir til þess starfa, enda hafi þeim verið kennt

að stýra hesti og vagni af æfðum ökumanni. Hesta má ekki slá með öðru en þar til gerðum keyrum eða ólarsvipum. Vírsvipur eða prik má ekki nota. Aldrei má slá hesta í höfuðið, fætur eða nára. Vagnhlass má ekki vera þyngra en svo, að hestum veitist létt að draga það. 9 11. jan.

57. gr.

Vagnar skulu vera svo sterkir og vandaðir að smíði, að ekki sé hætt við bilun. Þeir mega ekki vera svo stórir um sig að þeir hindri umferðina. Vagnar þeir, sem notaðir eru til mjólkurflutnings eða annars flutnings, sérstakrar tegundar, skulu gerðir eins og fyrir kann að vera mælt í sérstökum reglugerðum.

Aktygin skulu vera haldgóð og hesturinn vel girtur við vagninn.

Sæti ökumanns á vagninum skal haga þannig, að hann sjái bæði vel fram undan sér og til beggja hliða. Ef hlassið er svo fyrirferðarmikið, að það byrgi útsýnið, er ökumanni skylt að ganga vinstra megin við vagninn og hafa taumhald á eykinum.

58. gr.

Sami ökumaður má ekki fara með fleiri en einn vagn. Það er og bannað að festa sleða eða handvagn við aktól, sem hestum er beitt fyrir.

Tveir vagnar eða fleiri mega ekki aka samhliða. Eigi má ríða við hliðina á vagni.

59. gr.

Ökumenn og ríðandi menn mega ekki yfirgefa hesta sína á almannafæri, nema annar maður haldi í taumana, eða hesturinn sé bundinn tryggilega. Á almannafæri má ekki taka beizli af hesti, sem beitt er fyrir vagn, nema meðan honum er gefið.

60. gr.

Um sleða, sem hestum er beitt fyrir, gilda sömu reglur og um vagna, að því viðbættu, að á aktygi hestsins skal festa bjöllur, þannig gerðar, að til þeirra heyrist í hæfilegri fjarlægð.

VII. KAFLI

Um rekstur gripa og fénaðar um götur bæjarins o. fl.

61. gr.

Alifugla, svo sem hænsn, gæsir og endur má eigi hafa í kaupstaðnum, nema þeir séu á afgirtu svæði eða í öruggri vörzlu.

62. gr.

Sauðfénaður bæjarmanna má ekki ganga laus á svæðinu fyrir austan beina línu vestan við túnið á Eyrarlandi og Hamarkoti, frekar en nauðsynlegt er, til að reka hann úr eða í haga, eða til vatns.

9 Þeir sem sauðfé eiga eða hafa undir hendi, skulu skyldir að annast samanrekstur á sauðfé vor og haust, reka féð til afréttar og gera gangnaskil að haustinu eftir fyrirmælum bæjarstjórnarinnar.
11. jan.

Ákvæði þessarar greinar ná einnig til geitfjár og svína.

63. gr.

Enginn má láta hesta sína ganga lausa um götur bæjarins, frekar en nauðsynlegt er til að reka þá í haga eða til vatns.

Á meðan lestamenn eða ferðamenn standa við í kaupstaðnum, skulu þeir hafa hesta sína í „Caroline Rest" eða öðrum hesthúsum. Sé eigi rúm þar, skal heimilt að hafa hestana utan við götubrautina. Þar sem engin umferð er á sumrin, er þó leyfilegt að hafa hestana í rétt.

64. gr.

Á götum bæjarins mega ríðandi menn eigi teyma meira en tvo hesta við hlið sér. Eigi má heldur teyma hest samhliða vagni eða hjólum, né fleiri en tvo lausa hesta samhliða.

Lausa ferðamannahesta má ekki reka um götur bæjarins, nema riðið sé eða gengið hægt á undan þeim.

65. gr.

Naut, sem farið er með um bæinn, skulu ávallt leidd í bandi, þannig útbúnu, að auðvelt sé að hafa vald á nautinu og tveir fullorðnir karlmenn, að minnsta kosti, fylgi hverju nauti. Ekki mega naut heldur standa úti gæzlulaus.

66. gr.

Um hrossarekstra og sauðfjárrekstra, sem koma til bæjarins til útflutnings eða slátrunar, getur lögreglustjóri gert þær fyrirskipanir, sem nauðsynlegar þykja til að afstýra farartálma eða hættu fyrir vegfarendur. Sláturfé að hausti má einungis reka eftir þeim götum í lögsagnarumdæminu, sem lögreglustjóri fyrirskipar.

VIII. KAFLI

Um hunda.

67. gr.

Skyldur er hver hundeigandi að hafa helsi á hundum sínum með áletruðu A og tölu. Bæjarsjóður útvegar merkisspjöldin, en lögreglustjóri afhendir þau eigendum hundanna, gegn greiðslu andvirðis þeirra, sem rennur í bæjarsjóð.

Hver hundur sem ekki ber slíkt helsi eða fylgir utanbæjarmanni er réttdræpur, ef eigandi hirðir ekki um að greiða áfallinn kostnað innan viku eftir að hundurinn hefir verið auglýstur. Ennfremur er lögreglunni heimilt að láta drepa

þá hunda, sem raska svefnfriði manna með gelti og spangóli á næturþeli og skulu eigendur þeirra sæta sektum samkvæmt 98. gr.

68. gr.

Grimma hunda og hunda, sem hafa þann vana að ónáða menn og hræða með glepsi, urri eða gelti, eða sem eru óvenjulega stórir, ber eigendum að binda eða mýla tryggilega, að viðlagðri sekt samkvæmt 98. gr.

69. gr.

Enginn má siga hundi á mann né láta farast fyrir að aftra hundi sínum þegar hann verður var við að hann ræðst á menn. Hver sem brýtur á móti þessu skal sæta sektum þó ekkert tjón hafi hlotizt af. Það er og bannað að egna hunda eða siga þeim saman á almannafæri.

70. gr.

Blóðhunda, eða aðra grimma hunda, má ekki nota til vörzlu, hvorki utanhúss eða innan.

71. gr.

Skylt er lögreglustjórninni að hafa sérstakt eftirlit með því, að hundaeigendur komi hundum sínum til lækninga á hverju hausti samkvæmt því, sem mælt er fyrir um lækning hunda af bandormum.

IX. KAFLI

Um friðun almenningseigna og einstakra manna.

72. gr.

Mannvirki og hluti, hverju nafni sem nefnast, er ætlaðir eru til almenningsafnota, eða til prýðis á almannafæri, svo sem minnisvarða, vatnsból, brunahana, brunaboða, síma, rafleiðslutæki, götuljósker, nafnspjöld og töluspjöld á götum og húsum, bekki, girðingar og annað þesshátta má enginn skemma eða færa úr stað, eigi heldur ata eða saurga, rita, rispa, tjarga, mála eða teikna á þá. Þetta á einnig við um þann hluta af húsum, múr- og trégirðingum, sem liggur að almannafæri.

73. gr.

Enginn má skemma girðingar sem eru við almannafæri, né setjast á þær né klifra yfir eða upp um þær.

Enginn má skemma eða troða ræktaða bletti, grasreiti eða trjágarða, hvort sem eru girtir eða ógirtir.

74. gr.

Í kirkjugarðinum mega engir leikir eða önnur ótilhlýðileg hegðun eiga sér stað. Tré eða jurtir, sem gróðursettar eru á grafreitum eða leiðum, má enginn

9 rífa upp eða færa burtu, né spilla eða saurga grafreitina á nokkurn hátt. Enginn
11. jan. má hafa með sér hund inn í kirkjugarðinn. Skepnum má eigi beita í kirkjugarðinum.

Börn yngri en 14 ára mega eigi vera í kirkjugarðinum, nema þau séu í fylgd með fullorðnum, sem ber ábyrgð á framferði þeirra.

75. gr.

Brot gegn reglum þeim, sem bæjarstjórnin setur um skemmtigarða, kirkjugarða, leikvelli og önnur opin svæði, varða refsingu samkvæmt samþykkt þessari, enda séu reglurnar festar upp við innganginn inn í garðinn eða svæðið eða á öðrum áberandi stað í garðinum eða á svæðinu.

X. KAFLI.

Um götuspjöld, húsnúmer og uppfestar auglýsingar.

76. gr.

Bæjarstjórnin ákveður nöfn á götum og lætur festa upp nafnspjöld eða mála nöfnin á götuhornin, þar sem þurfa þykir. Töluspjöldum, sem bæjarstjórnin hefir látið eða lætur festa á hús, til að tákna húsaröð, skulu húseigendur halda við á sinn kostnað og endurnýja, ef á þarf að halda.

77. gr.

Bæjarstjórnin ákveður hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldunum og öðrum stjórnarvöldum, og útvegar á kostnað bæjarsjóðs spjöld í því skyni svo mörg, sem þurfa þykir.

Auglýsingar um sjónleika, samsöngva, sýningar og aðrar skemmtanir, sem leyft er að halda, má festa upp hvar sem er, með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda.

Aðrar auglýsingar má og festa upp með leyfi húsráðanda, þá er lögreglustjóra hafa verið sendar þær, samkvæmt prentfrelsislögum.

78. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum, og hreinsa vel staðinn, þar sem þær voru hafðar.

Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, saurga eða gera ólæsilegar á annan hátt.

XI. KAFLI

Um veitingahús, skemmtistaði og almennar skemmtanir.

79. gr.

Allir staðir, þar sem höfð er á hendi almenn veitingasala matar og drykkja, sem og gististaðir fyrir almenning, skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjórnarinnar og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við veitingarnar.

Veitinga- og greiðasölu má aðeins hafa um hönd í húsnæði, sem að dómi heilbrigðisnefndar er til þess hæft og bæjarstjórnin hefir samþykkt. Þetta ákvæði nær einnig til þeirra veitinga- og greiðasöluhúsa, sem eru eldri en þessi samþykkt.

Á öllum gistihúsum skal halda nákvæma gestaskrá.

80. gr.

Á almennum veitingastöðum eða samkomustöðum má enginn gerast sekur í ofsalegu atferli eða hávaða, svo að aðrir gestir, húsbóndi eða heimilisfólk eða nágrannar hafi ónæði af. Þar má heldur eigi sýna af sér ósæmilega eða hneykslanlega hegðun eða hafa áhættuspil um hönd. Eigi er heimilt að láta ölvuðum manni í té neinskonar veitingar umfram lífsnauðsynjar á almennum veitinga- eða samkomustað.

Hverjum þeim, sem hefir á hendi veitingasölu matar og drykkjar, eða selur gistingar, er skylt að gera það sem í hans valdi stendur til að afstýra því, að nokkuð það fari fram í veitingastofu hans eða gistihúsi, sem er á móti góðri reglu eða velsæmi. Skal hann sjá um að loftræsting og þrifnaður sé í góðu lagi. Verði misbrestur á að reglum þessum sé fylgt, eða fullnægi veitingastaðir ekki skilyrðum 79. gr. er lögreglustjóra heimilt að banna veitingar á þessum stöðum um stundarsakir, eða fyrir fullt og allt, ef ekki er bætt þegar úr ágöllunum, að gefinni aðvörun.

81. gr.

Öllum veitingastöðum og almennum knattborðsstofum skal loka frá kl. 23½ til kl. 6, og allir gestir, sem eigi hafa þar náttstað, skulu hafa farið þar út eigi síðar en hálfri stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er, ef þeir fá náttstað á veitingastaðnum eftir lokunartíma og heimilt skal félögum að halda samkvæmi, dansleiki eða aðrar skemmtanir fram yfir lokunartíma, ef eigi taka þátt í því aðrir en félagsmenn og gestir þeirra. Þó er lögreglustjóra heimilt að skipa svo fyrir, að híbýlum þeim, sem skemmtunin fer fram í, sé lokað kl. 23½, og hvorki félagsmönnum eða gestum veittur aðgangur eftir þann tíma. Ennfremur mega brúðkaup og önnur boð standa fram yfir hinn tiltekna tíma.

Unglingum innan 16 ára aldurs er óheimill aðgangur að almennum knattborðsstofum og ber eigendum og umsjónarmönnum stofanna að sjá um, að þeir fái þar ekki aðgang né hafist þar við.

9 11. jan.

82. gr.

Enginn má halda sjónleika, söngskemmtanir, hljómleika, dansleika, íþróttasýningar, myndasýningar, töfrasýningar eða aðrar opinberar skemmtanir, nema hann fái til þess leyfi lögreglustjóra og getur bæjarstjórn ákveðið visst gjald fyrir slíkt leyfi, er rennur í bæjarsjóð. Þó má eigi krefjast neins gjalds fyrir leyfi, ef skemmtanirnar eru haldnar borgunarlaust eða í góðgerðaskyni.

83. gr.

Föst kvikmyndahús má ekki starfrækja í bænum nema með leyfi lögreglustjóra og bæjarstjórnar, og með því skilyrði að því er útbúnað og loftrými snertir, sem hún tiltekur. Ákveður bæjarstjórn hve mikið gjald skuli greiða í bæjarsjóð fyrir leyfið, annaðhvort árlega eða fyrir hverja sýningu. Lögreglustjóri getur einn veitt leyfi til að halda eina og eina kvikmyndasýningu í senn og ákveður þá í samráði við bæjarstjóra gjald í bæjarsjóð.

84. gr.

Hver sá, sem samkvæmt framanskráðu hefir fengið leyfi til að halda sjónleik, dansleik, samsöng eða einhverja þá skemmtun eða sýningu, sem talin er hér að framan, er skyldur að sjá um, að ekkert það fari fram, sem brýtur í bág við reglu eða velsæmi. Ef brestur verður á þessu er lögreglunni heimilt að slíta samkomunni og skipa áhorfendum og öðrum, sem við eru staddir, að fara í burtu. Lögreglustjóri getur og fyrirskipað skoðun á kvikmyndum og bannað sýningu á myndum, sem hann telur skaðlegar eða siðspillandi.

85. gr.

Húseigendur og húsráðendur geta bannað, að sá, er leyfi hefir fengið til að halda skemmtanir, noti það á þeirra lóð. Sömuleiðis er sérhverjum, sem hefir sjúkling á heimili sínu, eða ef aðrar gildar ástæður eru fyrir hendi, heimilt að krefjast þess, að engar almennar skemmtanir, sem háreisti er að, séu hafðar svo nærri húsi hans, að hætta eða tjón geti af því hlotizt.

86. gr.

Við hvert veitingahús eða almennt samkomuhús, skal eigandinn láta gera nægilega mörg vatnssalerni, sem gestum er heimill aðgangur að. Skal veitingamaður eða húseigandi sjá um, að þeim sé ávallt haldið vel hreinum.

XII. KAFLI

Um almennt hreinlæti, þrifnað o. fl.

87. gr.

Eigi má kasta á almannafæri, í skipakvíarnar, höfnina né fjörurnar, hræum, dauðum fiski, matarleifum, fiskúrgangi né öðru slíku og ekki skilja neitt slíkt

þar eftir. Eigi má heldur á þessum stöðum kasta eða skilja eftir grjót, möl, sand, sorp, slor, ösku, járnrusl, víra, bréf, ávaxtahýði eða yfirleitt nokkuð það, þótt eigi sé hér talið sérstaklega, sem valdið getur óheilnæmi, óþrifnaði, tálmunum eða óprýði. Bannað er að hrækja á götur eða gangstéttir, nema í niðurfallsrör.

9 11. jan.

Í ræsi má ekki fleygja neinu því, er stíflað getur vatnsrásina.

88. gr.

Þeir, sem flytja vörur, eldivið, mold, möl, sand, hey eða annað um götur bæjarins, skulu gæta þess vandlega að flutningatækin séu þannig gerð, eftir nánari ákvörðun lögreglustjóra, að ekki valdi óþrifnaði. Ef eitthvað slæðist eða hrynur niður á almannafæri við flutninginn, fermingu eða affermingu, skal sá er flytur, eða flutningnum ræður, skyldur að hreinsa það upp þegar í stað.

89. gr.

Áburð og annað slíkt, sem óþef leggur af, má aðeins flytja um götur bæjarins í lokuðum vögnum vel þéttum. Má eigi fylla þá svo, að úr þeim hrynji meðan á flutningnum stendur.

90. gr.

Á húshliðar eða gafla, eða girðingar, sem vita að almannafæri, má eigi hengja eða festa á annan hátt neinskonar fiskiföng, né annað, sem óþrifnaður er að, eða óþefur. Eigi má heldur hafa fisktrönur við almannafæri. Lifrarbræðslu eða aðra vinnu, sem óþrifnaði veldur eða óhollustu, má eigi hafa á öðrum stöðum en þeim, sem heilbrigðisnefndin ákveður.

91. gr.

Eigendum túna og garða er skylt að girða þau fjárheldum girðingum og halda girðingunum ávallt vel við. Á tún eða garða, sem liggja að almannafæri, má ekki bera nokkurn þann áburð, sem megnan óþef leggur af. Bannað er að hafa gaddavírsgirðingar meðfram götum, torgum, eða annarsstaðar á almannafæri.

92. gr.

Sorphauga, áburðarhauga, salerni, forir eða þvíumlíkt má eigi hafa í nánd við almannafæri. Þó getur bæjarstjórnin veitt undanþágu frá þessu ákvæði, að fengnum meðmælum heilbrigðisnefndar.

93. gr.

Skylt er hús- eða lóðareigendum að girða lóðir sínar heldum og góðum girðingum og halda þeim vel við. Þeim er og skylt að sjá um að haldið sé hreinum portum og annari óbyggðri lóð í kringum hús þeirra, eða óbyggðri lóð, þar á meðal rústum.

Þeim, sem eiga lóðir í brekkum eða undir brekkum, er skylt að græða þær upp og hlaða undir fót þeirra, þar sem þess þarf með til varnar því að það hrynji sífellt fram úr þeim.

9 Enginn má fleygja sorpi, ösku eða öðrum óhreinindum inn á lóð annars
11. jan. manns, eða orsaka að þetta berist inn á lóðina. Hver, sem gerist sekur um slíkt, skal sæta sektum og flytja óhreinindin tafarlaust burt á sinn kostnað og gera ráðstafanir til að aftra því að óhreinindin berist af lóð hans á lóð annars manns.

94. gr.

Þar sem holræsi er komið í götu, skal húseiganda skylt að leggja holræsi frá húsi sínu út í göturæsið og skal leiða allt skólp frá því og regnvatn af húsum og lóð, út í göturæsið. Húseigandi skal sjá um hreinsun á ræsum þeim, er ganga frá húsinu út í göturæsið eða rennum þeim, er liggja kunna út í götu-rennur og sjá um að afrennsli í þeim stíflist ekki.

Húseigendum eða húsráðendum er skylt að nema í burtu klakaströngla, er hanga kunna niður úr þakbrúnum húsa þeirra, og hættulegt getur verið fyrir umferð, sem og að hreinsa snjó af þökum húsa sinna, ef hætta getur stafað af því fyrir vegfarendur.

XIII. KAFLI

Um staðgildi samþykktarinnar, hegningarákvæði, kostnað o. fl.

95. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir allt lögsagnarumdæmi Akureyrar, en skal því aðeins beitt utan kaupstaðarlóðarinnar, að það þyki við eiga og því verði við komið.

96. gr.

Mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal farið með sem almenn lögreglumál.

97. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 1000 krónum, ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum. Ef kenna má yfirsjón, er barn yngra en 14 ára drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annara, sem barninu ganga í foreldra stað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina, en ekki barninu.

Hagnaður sá, sem sökudólgur kann að hafa haft af broti sínu, og enginn einstakur maður á löglegt tilkall til, skal upptækur ger og renna, auk sekta, í bæjarsjóð.

98. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkvæmt samþykktinni, má lögreglustjóri láta framkvæma það, eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra, að vanrækslan valdi tjóni. Kostnað við þetta og kostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjóri gerir til að hindra brot gegn samþykkt-inni, greiðir bæjarsjóður, en skyldur er hinn seki að endurgreiða kostnaðinn að fullu.

99. gr. 9

Allan kostnað, sem leiðir af framkvæmd á samþykkt þessari, og eigi verður krafizt af einstökum mönnum, greiðir bæjarsjóður. 11. jan.

100. gr.

Með samþykkt þessari er úr gildi numin lögreglusamþykkt fyrir Akureyri, 15. júní 1920, svo og öll önnur ákvæði, sem kunna að koma í bág við samþykkt þessa.

Samþykkt þessi öðlast gildi 15. febrúar 1934.

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 11. janúar 1934.

Magnús Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir barnaheimilið „Sólheimar" í Hverakoti í Grímsnesi, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 12. janúar 1934. Skipulagsskráin er þannig: 10 12. jan.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir barnaheimilið Sólheima í Hverakoti í Grímsnesi.

Við undirrituð, ég Guðmundur Einarsson sóknarprestur f. h. barnaheimilisnefndar þjóðkirkjunnar á Íslandi og ég Sesselja H. Sigmundsdóttir, forstöðukona barnaheimilisins „Sólheimar" í Hverakoti, gerum svofellda skipulagsskrá fyrir barnaheimilið Sólheima í Hverakoti í Grímsnesi:

1. gr.

Barnaheimilið er *sjálfseignarstofnun*. Eignir stofnunarinnar eru jörðin Hverakot ásamt húsum öllum og mannvirkjum, búpeningi, innanstokksmunum, annari búslóð, bókum og öðru því, er stofnun þessari tilheyrir. En á eignunum hvíla þær skuldir, sem stofnað hefir verið til vegna heimilisins.

2. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er sá og skal jafnan vera að veita börnum og unglingum sem bezt uppeldi, bæði andlegt og líkamlegt. Skulu þau börn að öðru jöfnu ganga fyrir, sem veikluð eru og vanrækt. Einnig er stofnuninni heimilt að taka fávita til umönnunar.

10 12. jan.

3. gr.

Lausafé stofnunarinnar má ekki selja né láta af hendi nema andvirðinu sé varið til eflingar henni og samþykki barnaheimilisnefndar komi til. Eigi má heldur binda eignir hennar nokkrum veðböndum eða skuldbindingum sem óviðkomandi séu tilgangi stofnunarinnar.

4. gr.

Meðan Sesselja H. Sigmundsdóttir heldur heilsu og kröftum hefir hún á hendi alla stjórn stofnunarinnar bæði inn á við og út á við með takmörkunum þeim, er segir í 3. og 5. gr.

5. gr.

Barnaheimilisnefnd þjóðkirkjunnar, eða önnur nefnd í hennar stað kosin á prestastefnu af prestum landsins, hefir rétt til að ráða því hvernig því fé skuli varið, er hún leggur til stofnunarinnar eða útvegar henni fyrir milligöngu sína. Þess vegna má ekki heldur veðsetja jörð og hús fyrir nýjum lánum til eflingar stofnuninni nema samþykki nefndarinnar komi til.

6. gr.

Forstöðumaður stofnunarinnar gerir árlega reikning yfir rekstur hennar og efnahag og leggur hann ásamt fylgiskjölum fyrir barnaheimilisnefnd þjóðkirkjunnar til athugunar og úrskurðar. Reikningar stofnunarinnar skulu birtir ár hvert.

7. gr.

Sesselja H. Sigmundsdóttir hefir rétt til að ráða vali eftirmanns síns, er hún lætur af stjórn stofnunarinnar, en barnaheimilisnefnd þjóðkirkjunnar eða önnur nefnd í hennar stað (sbr. 5. gr.) fær honum skipunarbréf og erindisbréf. Síðan ræður stjórnarnefnd stofnunarinnar (sbr. 8. gr.) jafnan forstöðumannsvali, en að öðru jöfnu skulu þeir ganga fyrir til þeirrar stöðu, sem alizt hafa upp á stofnuninni og því næst þeir, sem komnir eru af foreldrum Sesselju, þeim Sigmundi Sveinssyni og Kristínu Símonardóttur.

8. gr.

Þegar Sesselja H. Sigmundsdóttir lætur af forstöðu stofnunarinnar, tekur barnaheimilisnefndin stjórn stofnunarinnar í sínar hendur og kýs eða lætur kjósa þriggja manna stjórn fyrir stofnunina þannig: Sjálf kýs nefndin — eða prestastefna Íslands, ef engin slík nefnd er til — tvo menn í stjórnina og einn til vara, en fær barnaverndarráð Íslands til að kjósa einn mann og einn varamann, og skulu þeir kosnir til þriggja ára í senn, en endurkjósa má þá, ef þeir vilja taka starfið að sér. Stjórn þessi hefir öll yfirráð yfir stofnuninni, að því leyti, sem hún kýs ekki að fela þau forstöðumanni stofnunarinnar. Stjórnin setur starfsreglur fyrir stofnunina í samráði við forstöðumann hennar. Skulu þær eftir því, sem við á, vera sniðnar eftir reglum þeim, sem Sesselja Sigmundsdóttir kann að hafa sett heimilinu eftir sinn dag.

9. gr. 10

Stofnunin og jörðin, sem heimilið stendur á, skal framvegis heita „Sól- 12. jan.
heimar", þegar fengin er til þess heimild hjá Stjórnarráði Íslands.

10. gr.

Verði stofnunin lögð niður, skulu skuldlausar eignir hennar renna til uppeldis barna og unglinga, á þann hátt, er þáverandi stjórn hennar þykir bezt við eiga.

11. gr.

Skipulagsskrá þessari verður því aðeins breytt, að Sesselja Sigmundsdóttir og meiri hluti barnaheimilisnefndarinnar verði ásátt um það. En eftir það, er Sesselja hefir látið af forstöðu, þá þarf til breytinga afl atkvæða stjórnarnefndar stofnunarinnar og samþykki prestastefnu.

12. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagskrá þessari.

St. í Reykjavík, 2. nóvember 1933.

Sesselja H. Sigmundsdóttir. *Guðm. Einarsson.*

Vitundarvottar:
Sigm. Sveinsson.
Sveinbjörn Jónsson.

REGLUGERÐ 11

12. jan.

um leiðsögu skipa.

1. gr.

Öllum leiðsögumálum stjórnar atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið.

2. gr.

Í landinu verða fyrst um sinn 17 leiðsöguumdæmi, þar sem löggiltir leiðsögumenn starfa samkvæmt reglum þeim, er settar eru í þessari reglugerð, en auk þess eru 4 hafnsöguumdæmi, Reykjavík, Ísafjörður, Vestmannaeyjar og Hafnarfjörður, og starfa hafnsögumenn þar samkvæmt gildandi reglum á hverjum stað.

Leiðsöguumdæmi eru þessi:

1. *Faxaflói* innan línu milli Garðskaga og Malarrifs, að undanskilinni Reykjavíkurhöfn og Hafnarfjarðarhöfn.
2. Ytri hluti *Breiðafjarðar:* Sandur, Ólafsvík og Grundarfjörður.

11 12. jan.

3. Innri hluti *Breiðafjarðar*, innan við línu milli Eyrarfjalls við Grundarfjörð og Hagatöflu.
4. *Ísafjarðardjúp* innan línu milli Stiga og Straumness, að undanskilinni Ísafjarðarhöfn.
5. *Húnaflói* innan Hornbjargs að vestan og Skagarifs að austan.
6. *Skagafjörður* innan línu milli Hraunsmúla og Hrolleifshöfða.
7. *Siglufjörður og Eyjafjörður.*
8. *Skjálfandi* innan línu úr Tjörnesodda norðan við Flatey í Gjögurtá.
9. *Axarfjörður* innan línu úr Rauðagnúp í Tjörnesodda.
10. *Þistilfjörður* innan línu úr Hraunhafnartanga í Langanestá.
11. *Vopnafjörður* innan línu úr Bjarnarey í Digranes.
12. *Austfirðir* frá Glettinganesi að Eystra Horni.
13. *Hornafjörður.*
14. *Vestmannaeyjar* að undanskilinni Vestmannaeyjahöfn.
15. *Stokkseyri.*
16. *Eyrarbakki.*
17. *Grindavík.*

Í þessi umdæmi skipar ráðherra leiðsögumenn, ef um hæfa menn er að velja, eins marga og á þeim stöðum, er hann telur ástæðu til.

3. gr.

Á hverjum stað tilnefnir ráðherra hver sé leiðsöguformaður, og sé hann viðurkenndur og vanur sjómaður, vel kunnugur í öllu umdæminu, sbr. þó 2. og 7. gr. laga um leiðsögu skipa. Leiðsöguformaður ræður framkvæmd leiðsögunnar og ber hinum leiðsögumönnunum að fara eftir fyrirskipunum hans.

4. gr.

Leiðsöguformaður skal sjá um, að leiðsögumenn á staðnum fari að öllu í starfi sínu eftir fyrirskipuðum reglum og að þeir tilkynni honum tafarlaust allt sem út af ber um siglingaleiðir, vita og sjómerki, allt sem tálmað getur siglingum og áríðandi er að kunngert verði, svo sem um grunn og steina í botni, er ekki standa í sjókortum, ísrek, skipsflök eða þessháttar, sem er á reki, eða sem valdið getur hættu á siglingaleiðum. Ennfremur ber að tilkynna honum öll brot á alþjóðareglum og innlendum reglum og lögum um siglingar og skipakomur til landsins. Allt slíkt ber leiðsöguformanni þegar að tilkynna hlutaðeigandi yfirvöldum.

5. gr.

Nú hættir lögskipaður leiðsögumaður störfum einhverra orsaka vegna, og ber þá leiðsöguformanni eða hinum elzta leiðsögumanni á staðnum þegar að tilkynna það ráðuneytinu. Gerir ráðuneytið þegar ráðstafanir til að nýr leiðsögumaður verði skipaður.

6. gr. 11

Nú verður ágreiningur milli leiðsögumanna um atriði er snertir starf þeirra, 12. jan.
og skulu þá leiðsöguformenn umdæmanna reyna að jafna ágreininginn, en takist það ekki, skal málið borið undir úrskurð ráðherra.

7. gr.

Fari lögskipaður leiðsögumaður úr umdæmi sínu um stundarsakir, veikist hann eða geti hann annara orsaka vegna ekki gegnt leiðsögustörfum um tíma, ber honum þegar að tjá það hinum öðrum leiðsögumönnum, sérstakleg? leiðsöguformanni, en þeim skal gert aðvart, þegar hann getur aftur tekið til starfa. Leiðsöguformaður gerir þær ráðstafanir sem við eiga til þess að tryggja að skip fái leiðsögu.

8. gr.

Í hvert skipti er leiðsaga hefir farið fram, útfyllir leiðsögumaður þar til gerðan tvíritaðan leiðsögumiða, sem skipstjóri undirritar ásamt leiðsögumanni, og halda þeir hvor sínum miða. Eftir miðanum er leiðsagan innfærð í dagbók leiðsöguumdæmisins.

9. gr.

Borgun fyrir leiðsögu er ákveðin í hvert skipti eftir gjaldskrá, er ráðuneytið hefir staðfest. Gjöldin öll renna til þess leiðsögumanns, er leiðsöguna framkvæmir, nema öðruvísi sé ákveðið.

10. gr.

Nú greiðir skipstjóri ekki leiðsögumanni lögboðið gjald, og ber þá leiðsögumanni að tjá það lögreglustjóra á þeim stað þar sem skipið er, og má þá ekki afgreiða skipið fyr en skipstjóri hefir greitt gjald þetta tvöfalt eða trygging hefir verið sett fyrir greiðslunni (sbr. 25. gr. laga nr. 48, 1933). Ef skipstjóri mótmælir greiðslu, ber honum, áður en hann fær afgreiðslu, að setja tryggingu fyrir upphæðinni og málskostnaði, og tilnefna mann hér á landi sem mæti fyrir hans hönd fyrir rétti í málinu.

11. gr.

Hverjum leiðsögumanni ber að gera tollinnheimtumanni og lögreglustjóra aðvart um skip, sem grunur er um að ekki séu í löglegum erindum svo sem vinni að ólöglegri fermingu eða affermingu. Leiðsögumönnum ber að öllu að fara eftir reglum hafnarnefnda, toll- og heilbrigðisstjórnar.

12. gr.

Þá er leiðsögumaður fer út í skip til þess að leiðbeina því, ber honum að hafa meðferðis hið löggilta leiðsöguskírteini svo og lög um leiðsögu skipa, reglugerð og gjaldskrá um leiðsögu og leiðsögumiða til útfyllingar.

11 12. jan.

13. gr.

Ráðuneytið afhendir hverjum leiðsögumanni hið lögskipaða skírteini til afnota, en er leiðsögumaður lætur af starfi, skal hann endursenda það.

14. gr.

Á hverjum bát, er hefir starfandi leiðsögumann innan borðs, skal sýna flagg, sem skipt er í 2 jafnstóra lóðrétta reiti, innri reiturinn er hvítur, hinn ytri rauður, alþjóðamerkið „H". Þessi flögg leggja leiðsögumenn sjálfir til.

15. gr.

Leiðsögumönnum ber eftir föngum að skyggnast eftir skipum, er nálgast með leiðsögumerki uppi. Nú sést til skips, er óskar eftir leiðsögumanni, og skal þá þegar gera leiðsöguformanni aðvart, en hann ákveður hver leiðsögumanna fari út í skipið. Í fjarveru leiðsöguformanns ákveður þetta sá leiðsögumanna, sem næstur er leiðsöguformanni að starfsaldri. Leiðsöguformaður skal sjá um að allir leiðsögumenn á staðnum fái tækifæri til að leiðbeina skipum.

16. gr.

Merki þau, sem skip nota til að kalla í leiðsögumann eru þessi:

Að degi til:

1. Þjóðfáninn að hún á framsiglu eða þjóðfáninn með hvítri rönd allt um kring.
2. Alþjóðamerkið „PT" (þarf leiðsögumann) á framsiglu.
3. Alþjóðamerkið „G" á framsiglu.

Að nóttu til:

4. Skært hvítt ljós ofan við borðstokk, sem brugðið er upp með stuttu millibili, 1 mín. í senn.
5. „Bláljós" (pyroteknisk ljós) 15. hverja mínútu.
6. Alþjóðamerkið „PT" með Morse-merkjum, en þess skal gæta, að 5. merki sé ætíð gefið í sambandi við 4. eða 6. merki og að 6. merki sé, ef unnt er gefið í sambandi við 4. eða 5. merki. Þegar búast má við að leiðsögumenn vegna þoku eða annarra ástæðna geti ekki séð þessi merki, má kalla í leiðsögumann með hljóðpípu skipsins, þannig að allsherjarmerkið „PT" sé útvarpað með Morse-hljóðum.

Ofangreind merki mega skipstjórar ekki gefa í öðrum tilgangi heldur en að kalla í leiðsögumann.

17. gr.

Þá er leiðsögumaður er kominn út í skip til þess að leiðbeina því, dregur skipstjóri niður kallmerkið um leiðsögumann.

18. gr.

Nú er leiðsögumaður á skipi, og er hann þá talinn starfandi meðan skipið er á siglingu innan umdæmis hans. Skipstjóra er þó heimilt að láta hann fara

af skipi hvar sem er, leiðsögumanni að hættulausu, gegn því að greiða honum heimferðarkostnað og dagpeninga samkvæmt gjaldskrá. Nú kemur skipið út fyrir takmörk umdæmisins, og er þá skipstjóra heimilt að nota hann áfram sem leiðsögumann, gegn gjaldi, sem samið er um, þangað til komið er inn á annað leiðsöguumdæmi. Leiðsögumaður má fylgja skipinu gegn dagpeningum og heimferðarkostnaði, ef skipstjóri kýs það heldur og leiðsögumaður fellst á það. Leiðsögumanni er þó alltaf heimilt að fara af skipinu, þegar það er komið út fyrir umdæmistakmörk hans. Nú kemur skipið inn á annað leiðsöguumdæmi, og skal þá skipstjóri, ef hann þarfnast leiðsögu um það svæði, kalla leiðsögumann umdæmisins með venjulegum merkjum, en heimilt er hinum fyrra leiðsögumanni að leiðbeina skipinu gegn greiðslu samkvæmt gjaldskrá, þar til hinn nýi leiðsögumaður er kominn á skipsfjöl, en ekki lengur. Eftir það ber honum fæði og dagpeningar samkvæmt gjaldskrá. **11** 12. jan.

19. gr.

Það er á valdi skipstjóra hvort hann notar leiðsögumann eða ekki, þar sem eigi er öðruvísi ákveðið með sérstökum lögum eða reglugerðum, svo sem í Reykjavík, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum og á Ísafirði. Þó skal við innsiglinguna á Hvammsfjörð öllum skipum yfir 60 smál. brúttó skylt að taka leiðsögumann í Stykkishólmi og láta hann leiðbeina skipinu meðan það er á siglingu inn og út um Hvammsfjarðarröst. Fyrir leiðsögu á þessu svæði er farið eftir sérstakri gjaldskrá en ekki eftir hinni venjulegu vegalengdargjaldskrá.

20. gr.

Hverjum leiðsögumanni er heimilt, þegar hann óskar þess, að hafa með sér aðstoðarmann, og ber skipstjóra að veita honum hvíldarstað og ókeypis fæði svo og heimferðarkostnað, en hvorki kaup né dagpeninga.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 48, 19. júní 1933 um leiðsögu skipa til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. janúar 1934.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

12
12. jan.

GJALDSKRÁ

fyrir leiðsögu við Ísland.

I. KAFLI

Sumargjaldskrá (á tímabilinu 1. apríl til 30. september).

1. gr.

Gjald fyrir leiðsögu er miðað við djúpristu skipsins og brúttó stærð þess í sambandi við vegaleiðina, sem skipinu er leiðbeint.

2. gr.

Fyrir hvern desimetra allt að 3 metrum, sem skipið ristir (þar sem það liggur dýpst), greiðast 10 aurar. Fyrir hvern dm., sem er fram yfir 3 metra allt að 4 m., greiðist 30 aurar, fyrir hvern dm. fram yfir 4 m. allt að 5 m., greiðist 60 aurar, frá 5—6 m. 100 aurar, en fyrir hvern dm. fram yfir 6 m. greiðist 150 aurar. Brot úr dm. telst sem heill dm.

3. gr.

Fyrir hverja sjómílu eða brot úr sjómílu sem leiðsögumaður leiðbeinir skipum skulu greiddir:

Fyrir skip allt að 100 smál. brúttó													60	aurar
—	—	100	smál.	og	þar	yfir	allt	að	200				75	—
—	—	200	—	—	—	—	—	—	300				90	—
—	—	300	—	—	—	—	—	—	400				105	—
—	—	400	—	—	—	—	—	—	500				120	—
—	—	500	—	—	—	—	—	—	600				135	—
—	—	600	—	—	—	—	—	—	700				150	—
—	—	700	—	—	—	—	—	—	800				165	—
—	—	800	—	—	—	—	—	—	900				180	—
—	—	900	—	—	—	—	—	—	1000				195	—
—	—	1000	—	—	—	—	—	—	1100				210	—
—	—	1100	—	—	—	—	—	—	1200				225	—
—	—	1200	—	—	—	—	—	—	1300				235	—
—	—	1300	—	—	—	—	—	—	1400				245	—
—	—	1400	—	—	—	—	—	—	1500				255	—
—	—	1500	—	—	—	—	—	—	1600				260	—
—	—	1600	—	—	—	—	—	—	1700				265	—
—	—	1700	—	—	—	—	—	—	1800				270	—
—	—	1800	—	og meira									275	—

Minnsta leiðsögugjald skal vera 20 kr.

Fyrir skip sem fara eftir fastri áætlun lækka gjöldin um 25%.

Noti skip sama leiðsögumann fram og aftur, greiðast aðeins ⅔ af vega- **12**
lengdargjöldunum samkv. þessari gr. fyrir heimleiðina, en heimleið er talin 12. jan.
frá síðasta viðkomustað til heimilisstaðar leiðsögumannsins.

4. gr.

Nú fer skipið ekki beina leið, heldur stendur það við til þess að fá afgreiðslu, og sé viðstaðan lengri en 6 klst., og á þá leiðsögumaður tilkall til dagpeninga fyrir þann tíma, sem viðstaðan fer fram úr 6 klst. á hverjum stað, og séu dagpeningarnir miðaðir við 1 kr. á klst. Auk þess ber honum fæði fyrir sjálfan sig og hjálparmann, er hann kann að hafa með sér.

5. gr.

Nú fer leiðsögumaður ekki með skipinu heim til sín, heldur fer hann heim í eigin bát. Bera honum þá heimferðarpeningar, sem eru 1 kr. fyrir hverja sjómílu, en hafi hann engan bát og þurfi að fara landveg eða með skipi frá þeirri höfn, þar sem hann yfirgefur skipið, skulu heimferðarpeningar ákveðnir eftir vegalengd og ástæðum og eftir samkomulagi milli skipstjóra og leiðsögumanns. Náist ekki samkomulag, ákveður ráðherra gjaldið, en skipstjóri setur tryggingu fyrir greiðslu þess.

6. gr.

Fyrir leiðsögu um Hvammsfjarðarröst greiðast þessi gjöld:

Fyrir eina ferð um röstina:

Skip minni en 500 smál.	25 kr.
— 500 smál. og meira allt að 700	35 —
— 700 — — — — — 900	45 —
— 900 — — — — — 1100	55 —
— 1100 — — — — — 1300	65 —
— 1300 — — — — — 1500	75 —
— 1500 — — — — — 1800	85 —
— 1800 — og stærri	95 —

Fyrir leiðbeiningar fram og aftur um röstina, enda dvelji leiðsögumaður á skipinu meðan það er á Hvammsfirði:

Skip minni en 500 smál.	38 kr.
— 500 smál. og meira allt að 700	53 —
— 700 — — — — — 900	68 —
— 900 — — — — — 1100	83 —
— 1100 — — — — — 1300	98 —
— 1300 — — — — — 1500	113 —
— 1500 — — — — — 1800	128 —
— 1800 — og stærri	143 —

Auk þessara gjalda greiðist djúpristugjald samkvæmt I. kafla 2. gr. Fyrir skip, sem fara eftir fastri áætlun, lækka gjöldin um 25%.

12 12. jan. Dvelji leiðsögumaður á skipinu samkvæmt beiðni skipstjóra eða verði hann veðurtepptur á því meðan skipið er á Hvammsfirði, fær hann 20 kr. dagpeninga.

II. KAFLI

Vetrargjaldskrá (á tímabilinu 1. október — 31. marz).

7. gr.

Gjöldin samkvæmt 2., 3., 5. og 6. gr. hækka um einn þriðjung, en samkvæmt 4. gr. haldast þau óbreytt.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 48, 19. júní 1933, um leiðsögu skipa, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. janúar 1934.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

13 16. jan.

REGLUGERÐ

um útflutning á fiski til Bretlands.

1. gr.

Engan nýjan eða frystan fisk (þar með talin síld) eða óverkaðan saltfisk, má flytja til Bretlands án leyfis atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

2. gr.

Hverri leyfisbeiðni skal fylgja skýrsla um þessi atriði:

1. Með hvaða skipi fiskurinn er sendur.
2. Fiskmagnið ef unnt er.
3. Til hvaða hafnar og firma í Bretlandi fiskurinn er sendur.

3. gr.

Útflytjendur skulu, svo fljótt sem unnt er, afhenda Fiskifélagi Íslands afrit af sölureikningi með tilgreindu magni hverrar fisktegundar og verði. Í reikningnum skal tilgreina þann þunga, sem tilkynntur hefir verið brezka fiskimálaráðuneytinu.

Til bráðabirgða skulu útflytjendur láta umboðsmenn sína í Bretlandi síma Fiskifélaginu magn fiskjarins í enskum vættum (cwts), þegar salan hefir

farið fram, ef fiskmagnið hefir ekki verið tilgreint nákvæmlega eftir fyrirmælum 2. gr. **13** 16. jan.

Nú er fiskur seldur í erlend skip, sem kaupa fyrir eigin reikning, og skulu þá bæði seljendur og umboðsmenn hins erlenda skips, gefa skýrslu um fiskmagn og verð sundurliðað á þann hátt, sem Fiskifélagið fyrirskipar.

4. gr.

Ef útflytjendur hafa ekki afhent Fiskifélaginu afrit af sölureikningi samkvæmt 3. gr., innan mánaðar frá því að salan fór fram, geta þeir ekki vænzt þess að ráðuneytið veiti þeim söluleyfi að nýju, fyr en afrit reikningsins hefir verið afhent.

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að 10000 krónum.

6. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi er hérmeð sett samkvæmt lögum nr. 88, 19. júní 1933, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. janúar 1934.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

REGLUR

14 19. jan.

um störf lýsismatsmanna.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 42, 19. júní 1933, um vinnslu, verkun og mat meðalalýsis, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði um störf lýsismatsmanna.

1. gr.

Lögreglustjóri skipar lýsismatsmenn, einn eða fleiri á hverjum stað. Fer um tölu þeirra og val eftir tillögum yfirlýsismatsmanns.

2. gr.

Lýsismatsmenn skulu kosta kapps um að verða sem færastir í því að dæma um verkun og gæði meðalalýsis. Ber þeim að vanda matið svo sem mest má verða, svo að íslenzkt meðalalýsi geti orðið í sem beztu áliti á erlendum markaði.

14 19. jan.

3. gr.

Yfirlýsismatsmaður er yfirboðari lýsismatsmanna, og er þeim skylt að hlýða fyrirmælum hans í öllu, sem lýtur að lýsismati.

4. gr.

Lýsismatsmanni ber að framkvæma mat og vigtun á lýsi í umdæmi sínu eftir beiðni framleiðenda eða þeirra, sem fást við verzlun með meðalalýsi. Utan síns umdæmis skal matsmaður aðeins framkvæma mat í samráði við yfirlýsismatsmann. Ef sérstaklega stendur á, má lýsismatsmaður, á sína ábyrgð, láta annan löggiltan vigtarmann framkvæma vigtun á lýsi.

5. gr.

Lýsismatsmenn skulu halda nákvæma skrá yfir allt lýsi, sem metið er og gefa um það skýrslu til yfirlýsismatsmanns ársfjórðungslega eða oftar, ef ástæða þykir til. Í skýrslunni skal tilgreint lifrarmagn það, sem brætt hefir verið og hve mikið hefir verið flutt út af hverri tegund lýsis ásamt lýsismagni í hverjum flokki. Lýsisframleiðendum ber skylda til að láta lýsismatsmönnum í té upplýsingar um lifrarmagn það, sem þeir hafa brætt.

6. gr.

Lýsismatsmönnum er skylt að fylgja reglum þeim, sem settar verða um rannsókn, flokkun, umbúðir og merkingu meðalalýsis. Þeir skulu undirrita vottorð um gæði og þunga lýsissendinga til útlanda, eftir nánari reglum, er atvinnumálaráðuneytið setur, en þó því aðeins að sendingin sé yfir 10 kg. að þyngd.

7. gr.

Lýsismatsmönnum ber kaup fyrir starf sitt samkvæmt því, sem hér segir:

1. Þegar lýsi er metið úr geymi greiðist 20 aurar fyrir hver 100 kg.
2. Fyrir mat á lýsi utan geymis greiðist 35 aurar á hverja tunnu, sem inniheldur allt að 100 kg., en 70 aurar fyrir hverja tunnu eða fat, sem inniheldur þar yfir, allt að 200 kg. Sé um stærri ílát að ræða sé greiðslan 35 aurar á hver 100 kg.
3. Ferðakostnaður og dvalarkostnaður í sambandi við lýsismat utan búsetaðar (kaupstaðar eða kauptúns) lýsismatsmanns greiðist af þeim, er mats beiðist. Verði deila um nefndar greiðslur gildir úrskurður yfirlýsismatsmanns. Úrskurði hans má þó skjóta til atvinnumálaráðherra.

Matsmenn mega ekki þiggja neina aukaþóknun eða hlunnindi hjá þeim, sem þeir meta fyrir.

8. gr.

Lýsismatsenn rita undir drengskaparheit um, að þeir vilji með alúð og kostgæfni rækja skyldur þær, sem þeim eru á herðar lagðar með reglum þessum, og verða að sætta sig við þær breytingar, sem gerðar kunna að verða á þeim.

Sannist þær misfellur á starfi lýsismatsmanns, er telja verður að stafi af vítaverðu gáleysi eða vanrækslu ber hann ábyrgð á tjóni, er af því kann að leiða. 14 19. jan.

9. gr.

Nú vanrækir lýsismatsmaður starf sitt, eða leysir það illa af hendi að dómi yfirlýsismatsmanns, og skal yfirlýsismatsmanni þá heimilt að víkja honum frá um stundarsakir, en tilkynna skal hann hlutaðeigandi lögreglustjóra samstundis þessa ráðstöfun, sem þá víkur hinum brotlega lýsismatsmanni endanlega frá, eftir rannsókn á máli hans, og skipar annan í hans stað.

10. gr.

Með mál út af brotum á reglum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

Um refsingar fyrir brot lýsismatsmanna gegn ákvæðum ofannefndra laga, nr. 42 frá 1933 og reglna þessara, fer sem um brot opinberra starfsmanna almennt.

Reglur þessar öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. janúar 1934.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ 15 19. jan.

um viðauka við reglugerð um eftirlit með verksmiðjum og vélum, 16. febrúar 1929.

1. gr.

Aftan við 5. gr. bætist ný málsgr., er orðist svo:

Eimkatlar með vinnuþrýsting yfir 8 kg./cm.^{2} og aðrir katlar þar sem framkvæmi af hitafleti í ferm. og þrýstingi í kg/cm.^{2} er yfir 30, mega ekki standa í, undir eða yfir stofum, þar sem aðrir en gæzlumenn ketilsins hafast við að staðaldri.

Tveir eða fleiri katlar sem samtímis eru í notkun, teljast sem einn ketill.

2. gr.

Aftan við 45. gr. bætist 2 nýjar málsgreinar, er orðist svo:

Skoðun samkvæmt 46. gr. telst aðalskoðun. Þegar nýrri vél er bætt við í eldri verksmiðju eða verkstæði skal fara fram aðalskoðun á henni, sérstaklega með tilliti til öryggisumbúnaðar.

15 19. jan. Aðalskoðun á verksmiðjum, verkstæðum og vinnustöðum skal venjulega fara fram fjórða hvert ár. Þó skal aðalskoðun á fólkslyftum venjulega fara fram árlega.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 24, 7. maí 1928 til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. júní 1934.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

16 27. jan.

REGLUR

fyrir styrkveitingu, er geri blindum mönnum hægara fyrir um afnot útvarps.

1. gr.

Samkvæmt ályktun Alþingis 7. desember 1933 hefir ríkisstjórnin ákveðið að Blindravinafélagi Íslands skuli greiddar á árinu 1933 1500 kr. til þess að gera fátækum blindum mönnum hægara fyrir að hagnýta sér útvarp. Skal upphæð þessi lögð í sérstakan sjóð, er nefnist „Útvarpsnotasjóður blindra". Sjóði þessum skal verja til greiðslu afnotagjalds útvarps fyrir fátæka blinda menn, sem hafa sérstakt heimili, en því næst á hvern þann annan hátt, er gerir fátækum blindum mönnum, sem örðugast eiga aðstöðu, hægara fyrir um að hagnýta sér útvarp.

2. gr.

Viðtækjaverzlun Íslands lætur blindravinafélaginu í té 10 viðtæki til afnota handa blindum mönnum.

Lán til blindra manna á viðtækjum þessum skulu bundin þeim skilyrðum, að hvorki umsækjandi né aðstandendur hans séu svo efnum búnir, að þeim sé kleift að eignast útvarpsviðtæki eða fá aðgang að útvarpi. Skulu þeir ávallt sitja fyrir, sem hafa sérstakt heimili og örðugasta eiga aðstöðu.

3. gr.

Umsóknir skulu sendar Blindravinafélagi Íslands, og fylgi þeim vottorð sóknarprests og hreppsnefndaroddvita eða fátækrafulltrúa um efnahagsástæður og heimilishætti hinna blindu manna, einnig skattframtal húsráðanda.

Stjórn blindravinafélagsins ákveður síðan hverjir af umsækjendunum skuli hljóta styrk úr sjóðnum og ennfremur hverjum skuli lána útvarpsviðtæki.

4. gr.

Skýrsla um styrkveitingar úr „Útvarpsnotasjóði blindra“ og um útlán útvarpsviðtækja, skal senda atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu og skrifstofu útvarpsins á ári hverju. 16 27. jan.

Reglur þessar eru hér með settar samkvæmt þingsályktun 7. desember 1933 til þess að öðlast þegar gildi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. janúar 1934.

Þorsteinn Briem.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

um breyting á erindisbréfi um skoðunarmenn bifreiða, frá 1. febrúar 1928. 17 31. jan.

1. gr.

3. málsgrein 5. gr. erindisbréfsins orðist svo:

Svo skal hann og gæta þess, að þeir sem heimild hafa til kennslu í bifreiðaakstri hagi kennslunni samkvæmt ákvæðum reglugerðar, er þar um gildir. Ennfremur að kennslubifreiðar fullnægi settum ákvæðum.

2. gr.

3 síðustu málsgreinar 9. gr. falli niður og komi í stað þeirra ný málsgrein svo hljóðandi:

Ráðuneytið ræður skoðunarmenn í Suðurlandsumdæmi og greiðir þeim kaup samkvæmt sérstökum ákvæðum í skipunarbréfi. Á sama hátt má ráða skoðunarmenn í öðrum umdæmum.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. janúar 1934.

Þorsteinn Briem.

Páll Pálmason.

18
12. febr.

REGLUGERÐ

fyrir barnaskóla Reykjavíkur.

I.

Um tilgang skólans.

1. gr.

Það er tilgangur skólans, að veita nemendum sem hagnýtasta þekkingu í þeim fræðigreinum, sem kenndar eru í skólanum, og að hafa heillavænleg áhrif á hugsunarhátt þeirra og siðferði, svo þeir geti orðið góðir og nýtir menn.

II.

Um inntöku nemenda í skólann.

2. gr.

Í skólann skulu ganga öll skólaskyld börn í Reykjavíkurskólahéraði, nema þau, sem verða undanþegin samkvæmt lögum.

3. gr.

Skólarnir skulu starfa í 7½ mánuð að meðtöldum leyfum. Skulu þeir byrja 1. okt. og enda 14. maí ár hvert.

Öll börn, sem skólann eiga að sækja, skulu koma í skólaársbyrjun og vera í skólanum út allan námstímann, þangað til prófi er lokið. Undantekningar frá þessu geta því aðeins átt sér stað, að veikindi, flutningar eða aðrar knýjandi ástæður séu fyrir hendi, og skal skólanefnd, að fengnum tillögum skólastjóra, skera úr því, hvort ástæður eru fullnægjandi.

III.

Um leyfi.

4. gr.

Leyfi skulu vera þessi:

1. Fullveldisdagurinn 1. des.
2. Jólaleyfi frá 23. des. til 6. jan. að báðum dögum meðtöldum.
3. Öskudagurinn.
4. Páskaleyfi, frá miðvikudegi fyrir skírdag til 3. í páskum að báðum dögum meðtöldum.
5. Sumardagurinn fyrsti.

6. Sé hvítasunna áður en skóli hættir störfum (þ. e. fyrir 14. maí) skal vera hvítasunnuleyfi frá laugardegi til næsta þriðjudags að báðum dögum meðtöldum. 18 12. febr.

Auk þess veitir skólastjóri leyfi einn dag í hverjum mánuði.

Leyfi frá einstökum kennslustundum veitir skólastjóri. Hann ákveður einnig hve langan tíma börnin fá til undirbúnings undir próf.

IV.

Um kennara skólans og starfsfólk.

5. gr.

Fastir kennarar skólans skulu settir og skipaðir og starfsvið þeirra og réttindi ákveðin samkvæmt gildandi lögum um skipun og laun barnakennara. Skólanefnd ræður stundakennara og forfallakennara að fengnum tillögum skólastjóra. Dyraverði og annað starfsfólk skólans ræður skólanefnd einnig að fengnum tillögum skólastjóra og setur starfsfólki erindisbréf, ef þurfa þykir. Kennarar og starfsfólk skólans leggi fram við byrjun hvers skólaárs vottorð skólalæknis eða héraðslæknis um, að þeir séu ekki haldnir neinum næmum sjúkdómi, og sýkist þeir af næmum sjúkdómi á skólaárinu, skulu þeir leggja fram samskonar vottorð, áður en þeir koma í skólann að nýju.

V.

Um nemendur skólans.

6. gr.

Börn þau, sem í skólann ganga, skulu jafnt í kennslustundum sem utan þeirra hegða sér siðsamlega og sýna kennurunum virðingu og hlýðni.

Að fengnum tillögum skólastjóra setur skólanefnd reglugerð um aga og aðra reglu í skólanum. Hún setur einnig að fengnum tillögum skólastjóra og skóla- eða héraðslæknis reglur um notkun skólahúsanna utan kennslustunda og hollustuhætti þeirra.

7. gr.

Börn, er sýkjast af næmum sjúkdómi, mega ekki sækja skólann fyr en þau hafa fengið vottorð skóla- eða héraðslæknis um, að af þeim stafi engin smithætta.

8. gr.

Geri barn sig sekt í ósæmilegu athæfi eða brjóti í bág við settar reglur og fyrirskipanir skólans og álítist að hafi spillandi áhrif á önnur börn, og láti eigi skipast við áminningar og fortölur kennara, getur skólastjóri í samráði við kennara vísað því tafarlaust úr skóla, og er þá skólastjóra skylt að tilkynna það

18 strax skólanefnd og barnaverndarnefnd. Sé brottrekstrarsök barnsins ekki þess
12. febr. eðlis, að hún, að athuguðu máli, komi undir ákvæði barnaverndarlaganna, ber skólanefnd að annast um, að það fái fullnægjndi fræðslu utan skóla.

VI.

Um skóladagbækur, skýrslur og skírteini.

9. gr.

Skólanefnd heldur bréfabók og gerðabók; en í skólanum skulu vera bréfabók, dagbækur og prófbækur og ber skólastjóra að sjá um, að reglulega sé í þær ritað.

10. gr.

Skýrslur þær og skírteini, sem yfirstjórn fræðslumála heimtar um próf, hús, kennsluáhöld og hvað annað, er að skólahaldinu lýtur, semur skólastjóri og leggur fyrir skólanefnd, sem síðan afgreiðir það til fræðslumálastjóra. Skólanefnd sér um að reikningur yfir skólahaldið í heild sinni verði árlega sendur fræðslumálastjóra.

VII.

Um námsgreinar og stundatöflur o. fl.

11. gr.

Þessar námsgreinar skal kenna í skólanum:

1. Íslenzku (lestur, kvæði, stíla, málfræði).
2. Skrift.
3. Kristin fræði.
4. Reikning.
5. Sögu.
6. Landafræði.
7. Náttúrufræði.
8. Söng.
9. Leikfimi.
10. Sund.
11. Teiknun.
12. Handavinnu.
13. Matreiðslu.

Skólanefnd má, að fengnum tillögum skólastjóra, láta kenna fleiri námsgreinar eftir því, sem ástæður leyfa og kröfur tímans útheimta, t. d. dönsku og ensku.

Heimilt er forráðamönnum barna að fá þau undanþegin kennslu í kristnum fræðum.

12. gr. 18

Stundatöflu skal semja á hverju ári og leggja undir samþykki skólanefnd- 12. febr.
ar, og skal leggja sérstaka áherzlu á þær greinar sem lögboðnar eru, og sérstaklega hagnýtar (sbr. námsskrá).

13. gr.

Um árspróf og fullnaðarpróf fer eftir því, sem segir í reglugerð um barnapróf.

14. gr.

Verði ágreiningur út af ákvæðum reglugerðar þessarar skal skjóta honum undir úrskurð fræðslumálastjórnarinnar.

Samkvæmt 28. gr. laga nr. 40 frá 15. júní 1926, um fræðslu barna, staðfestist hér með framanrituð reglugerð til að öðlast gildi strax.

Í kennslumálaráðuneytinu, 12. febrúar 1934.

Þorsteinn Briem.

Gissur Bergsteinsson.

REGLUGERÐ 19

16. febr.

um breyting á reglugerð um hafnargjöld í Reykjavík, frá 30. maí 1920.

1. gr.

Vörugjald af fiskmjöli skal vera 2 kr. af hverri smálest frá 1. janúar 1934 til 1. janúar 1935 að telja, og síðan framvegis unz breyting verður á þessu gerð með að minnsta kosti 6 mánaða fyrirvara.

2. gr.

Frá 1. janúar 1934 til 1. janúar 1935 að telja, og síðan framvegis unz breyting verður á þessu gerð, með að minnsta kosti 6 mánaða fyrirvara, skal veita öllum fiskiskipum, sem skrásett eru í Reykjavík eða gerð út þaðan, 50% afslátt af öllum lestagjöldum, vita- og sæmerkjagjöldum, bryggjugjöldum og hafnsögugjöldum til Reykjavíkurhafnar.

Á sama tímabili skal veita 50% afslátt af vörugjaldi af útfluttum þurrum saltfiski.

3. gr.

d liður 17. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, sem

19 fluttar eru úr landi og ennfremur salt og ís, sem flutt er úr landi í íslenzk fiski-
16. febr. skip til eigin afnota.

Með reglugerð þessari eru úr gildi felldar reglugerðir, um breyting á reglugerð um hafnargjöld í Reykjavík frá 26. febrúar 1932 og frá 18. marz 1933.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. febrúar 1934.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

20 **SAMÞYKKT**
22. febr.

fyrir Fiskiræktar- og veiðifélagið Blanda.

1. gr.

Félagið heitir Fiskiræktar- og veiðifélagið Blanda. Heimili þess og varnarþing er í Bólstaðarhlíð.

2. gr.

Félagssvæðið eru þessar jarðir: Þröm, Eldjárnsstaðir, Eiðsstaðir, Guðlaugsstaðir, Höllustaðir, Syðri-Löngumýri, Ytri-Löngumýri, Tungunes, Kárastaðir, Ásar, Hamar, Gunnfríðarstaðir, Kagaðarhóll, Smyrlaberg, Kaldakinn, Hnjúkar, Blönduós, Enni, Breiðavað, Björnólfsstaðir, Yztagil, Miðgil, Engihlíð, Glaumbær, Fremstagil, Geitaskarð, Holtastaðir með kotinu, Hvammur, Móberg, Strjúgsstaðir, Gunnsteinsstaðir með Hólabæ, Auðólfsstaðir, Æsustaðir, Gautsdalur, Mörk, Hvammur, Mjóidalur, Þverárdalur, Kálfárdalur, Bólstaðarhlíð, Botnastaðir, Gil, Fjósar, Skeggstaðir, Brattahlíð, Brún, Eiríksstaðir, Torfustaðir, Barkarstaðir, Bergsstaðir, Leifsstaðir með Steinárgerði, Steiná, Hóll, Skottastaðir, Hvammur, Kúfustaðir, Stafn, Fossar, Rugludalur, Bollastaðir, Eyvindarstaðir, Austurhlíð, Brandsstaðir, Blöndudalshólar, Syðra-Tungukot, Finnstunga, Ytra-Tungukot.

3. gr.

Verkefni félagsins er:

a. að koma á og auka lax- og göngusilungs-veiði í Blöndu og ám, sem í hana falla, svo sem með aðflutningi seiða, klaki, friðun, eyðing sels og annars veiðivargs, ennfremur með því að laga farveg til að greiða fyrir fiskaför.
b. að reka alla lax- og göngusilungsveiði í fiskihverfinu, og er því öllum, sem veiðirétt eiga þar, óheimilt að stunda slíka veiði; þó má veiðifélagið selja á leigu stangaveiði og annan veiðirétt í fiskihverfinu.

4. gr.

Stjórnina skipa fimm menn. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn og skipta sjálfir með sér verkum.

Ganga menn þannig úr stjórninni fyrstu árin: einn eftir eitt ár en tveir eftir tvö ár eftir hlutkesti.

Stjórnin skal kosin leynilegri kosningu ef þess er óskað. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan kosningu í stjórn, nema lögmæt forföll banni eða hann hafi verið 6 ár í stjórn.

Stjórnin ber ábyrgð á eigum félagsins.

Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum.

5. gr.

Stjórnin hefir á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefir yfirumsjón með öllum störfum þess og fjárreiðum, boðar til allra funda og stýrir þeim. Stjórnin fær þóknun fyrir störf sín samkvæmt reikningi sem aðalfundur úrskurðar.

6. gr.

Árgjald félagsmanna greiðist eftir gildandi gjaldskrá félagsins settri 5. marz 1930. (St.t. bls. 49—51 1930).

Eftir sömu skrá skal arði félagsins skipt milli félagsmanna og er hún því jafnframt arðskrá félagsins. Aðalfundur getur þó árlega ákveðið, að allur arður eða nokkur hluti hans renni í félagssjóð. Gjaldskránni og arðskránni má aðeins breyta samkvæmt þeim reglum, sem gilda um breytingar á samþykktinni.

7. gr.

Andvirði veiðinnar skal varið þannig:

1. Greiddur sölukostnaður og allur kostnaður við veiðina og, sem af henni hefir leitt.
2. Bíði einhver tjón á laxveiði á félagssvæðinu vegna félagsveiðinnar og hafi hún verið stunduð síðastliðin 10 ár, þá á hann kröfu á endurgjaldi fyrir þann missi, er greiðist af andvirði félagsveiðinnar, þegar fyrsti liður er að fullu greiddur.

   Náist ekki samkomulag milli félagsins og þess, er fyrir skaðanum verður, um endurgjaldið, þá skulu dómkvaddir menn meta hreinan ágóða (ágóða að frádregnum kostnaði við veiðina og söluna), er hlutaðeigandi kann að hafa haft síðastliðin 10 ár og skipta þeirri upphæð, er þá fæst með 10. Er þá fengin sú upphæð, sem félagið skal árlega greiða hlutaðeigandi, ef tekjur af veiðinni hrökkva til. Að öðrum kosti fá þessir aðilar tiltölulega af eftirstöðvunum meðan þær hrökkva.

   Nú skyldi félagið alfriða árnar, skal þá endurgjaldskröfunni skipt niður á næstu 5—10 ár, þannig, að ekki séu líkur til að hlutaðeigendur missi svo nokkru nemi við friðunina.

20 22. febr.

3. Því sem þá verður eftir, skal annaðhvort skipt á milli félagsmanna samkvæmt arðskránni eða lagt í sjóð félagsins.

8. gr.

Gjalddagi árgjaldanna er 15. júlí og má taka þau lögtaki.

9. gr.

Aðalfundur skal haldinn í marzmánuði ár hvert og skal hann boðaður með þriggja vikna fyrirvara með auglýsingu á þessum stöðum: Bólstaðarhlíð, Ytri-Löngumýri, Holtastöðum og Blönduósi. Jafnframt skulu á sömu stöðum lagðar fram til sýnis helztu tillögur stjórnarinnar um starfrækslu félagsins á því ári.

Á fundinum leggur stjórnin fram endurskoðaða reikninga félagsins fyrir síðastliðið ár, skýrir frá störfum þess á liðna árinu og leggur fram áætlun um starfstilhögun og starfrækslukostnað á yfirstandandi ári.

Aðalfundur ákveður árgjaldið, hve miklu skuli úthlutað af arði, hvernig veiði skuli rekin á árinu, hverju skuli varið til fiskiræktar og svo framvegis.

Aðalfundur kýs stjórn og tvo endurskoðendur reikninga.

Afl atkvæða ræður árslitum mála á fundum nema þar sem öðruvísi er ákveðið í samþykkt þessari.

10. gr.

Stjórn félagsins boðar til aukafunda þegar henni þykir ástæða til eða ¼ félagsmanna æskir þess skriflega ásamt tilgreindu fundarefni.

11. gr.

Fundir eru lögmætir, ef þeir eru löglega boðaðir.

12. gr.

Félagar eru allir eigendur þeirra jarða, sem taldir eru hér upp, nema þar sem ábúendur hafa með samþykki eiganda og lögmæts félagsfundar gerzt félagsmenn í þeirra stað.

Hver félagi hefir eitt atkvæði á fundum og má hann fela öðrum að fara með atkvæði sitt, enda sé umboðið skriflegt og þess getið í fundargerð.

13. gr.

Félagsmönnum og þeim öðrum, er á félagssvæðinu búa, er óheimilt að hafa með höndum ádráttarnet fyrir lax og silung, nema þeir sanni að það eigi að nota netið í vatni utan félagssvæðisins. Öll net, sem nota á til veiða í fiskihverfinu, skulu merkt með merki félagsins, sem er orðið Blanda. Um veiði til klaks og vísindalegra rannsókna fer eins og lög mæla fyrir.

14. gr. 20

Brot gegn samþykkt þessari varða allt að 1000 króna sektum, er renna í 22. febr.
sýslusjóð og skulu öll veiðarfæri gerð upptæk, sem notuð eru ólöglega.

15. gr.

Samþykkt félagsins verður aðeins breytt á aðalfundi ef ⅔ fundarmanna samþykkja og breytingartillögurnar hafa verið birtar með fundarboðinu.

16. gr.

Nú þykir æskilegt að slíta þessum félagsskap, þá er það heimilt ef tveir löglega boðaðir fundir samþykkja að leggja félagið niður með ⅔ félagsmanna. Skuldum og eignum félagsins á þeim tíma skal jafnað niður á félagsmenn samkvæmt gjaldskránni.

Með samþykkt þessari er úr gildi felld samþykkt fyrir Fiskiræktarfélagið Blöndu, frá 5. marz 1930.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt lögum nr. 61, 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. febrúar 1934.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.

SAMÞYKKT 21

22. febr.

fyrir félagið Rafveitu Austur-Húnavatnssýslu.

1. gr.

Félagið heitir „Rafveita Austur-Húnavatnssýslu“, og er heimilisfang þess og varnarþing á Blönduósi.

2. gr.

Þátttakendur félagsins eru:

a. Sýslusjóður Austur-Húnavatnssýslu,
b. Kaupfélag Húnvetninga og Sláturfélag Austur-Húnvetninga, og
c. Sveitarsjóður Blönduósshrepps.

3. gr.

Verkefni félagsins er að afla íbúum Blönduóss og fyrirtækjum, sem þar eru rekin, raforku til heimilisþarfa, iðnaðar og annara þarfa. Ennfremur að

21 22. febr. stuðla að því, að veitutaugar verði lagðar og raforku veitt út um sveitirnar, eftir því sem fært verður.

4. gr.

Yfirstjórn félagsins skipa níu menn. Þeir eru kosnir 3 af hverjum þátttakanda til þriggja ára í senn.

Stjórnin kýs sér sjálf formann. Á fundum hennar ræður afl atkvæða úrslitum. Þeir eru því aðeins lögmætir að minnst 7 stjórnarmeðlimir séu á fundi.

Stjórnin hefir æðsta vald í öllum málum félagsskaparins og skal gæta hagsmuna hans í hvívetna. Hún ein getur svo bindandi sé gert meiriháttar ákvarðanir, samþykkt gjaldskrá, úrskurðað reikninga endanlega o. s. frv. Hún skipar rafveitustjóra, og setur honum erindisbréf.

5. gr.

Aðalfund skal halda fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert. Þar skal kosin framkvæmdastjórn og 2 endurskoðendur, til eins árs í senn, úrskurðaðir reikningar rafveitunnar, og tekin fyrir önnur þau mál, er rafveituna varða. Á aðalfundi ræður afl atkvæða.

6. gr.

Stjórnin kýs þriggja manna framkvæmdanefnd, þannig, að fulltrúar hvers þátttakanda kjósa 1 mann hver, til að stjórna framkvæmdum milli stjórnarfunda. Nefnd sú kýs sér sjálf formann, sem er framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

Framkvæmdanefnd hefir á hendi stjórn rafveitunnar og reikningshald hennar. Reikningsárið er almanksárið. Hún sér um viðhald hennar og umbætur, sölu á raforku og allt, er að starfrækslu veitunnar lítur. Hún skal gefa yfirstjórn félagsins þær skýrslur, sem óskað er eftir um starfrækslu og ástand veitunnar. Ennfremur semur hún nánari reglur — ef með þarf — um starfrækslu rafveitunnar á grundvelli þessarar samþykktar og reglugerðarinnar, er samþykkist af yfirstjórn. Framkvæmdanefndin gerir tillögur til yfirstjórnar félagsins um gjaldskrá fyrir veituna og undirbýr og annast framkvæmdir allra rafveitumála félagsins. Framkvæmdanefnd ræður starfsmenn rafveitunnar, aðra en rafveitustjóra, og víkur þeim frá.

Reikningar rafveitunnar skulu lagðir fyrir sýslufund Austur-Húnavatnssýslu til athugunar.

7. gr.

Stofnkostnað og rekstrarkostnað fyrstu virkjunar og raforkuveitu til íbúa Blönduóss bera þátttakendur að sínum þriðjungi hver. Kostnaðurinn við veitukerfi um aðra hluta sýslunnar og aukningu orkuvers greiðist eftir því sem um semst, þegar í verður ráðizt.

8. gr.

Leita skal staðfestingar atvinnumálaráðuneytisins á samþykkt þessari. Breytingar á henni verða því aðeins gildar að þær hafi hlotið staðfestingu atvinnumálaráðuneytisins.

Samþykkt þessi staðfestist hér með, samkvæmt vatnalögunum nr. 15, 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. **21** 22. febr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. febrúar 1934.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ **22**

22. febr.

fyrir Rafveitu Austur-Húnavatnssýslu.

1. gr.

Rafveita Austur-Húnavatnssýslu er fyrirtæki, sem er eign samnefnds félags, og rekið í þeim tilgangi, að veita raforku til íbúa Blönduóss norðan ár og sunnan, og annara íbúa Austur-Húnavatnssýslu eftir því sem fært verður, og selja hana til heimilisnotkunar, iðnaðar og annara þarfa.

2. gr.

Stjórn rafveitunnar er í höndum 3ja manna framkvæmdanefndar, sem kosin er af yfirstjórn félagsins (sbr. 6. gr. samþ. félagsins). Yfirstjórn félagsins skipar einnig rafveitustjóra, og setur honum erindisbréf. Hann skal vera löggiltur rafvirki við háspennuvirki. Hann á sæti á fundum rafveitustjórnar og hefir þar tillögurétt.

3. gr.

Rafveitustjórn hefir á hendi stjórn rafveitunnar og reikningshald hennar. Reikningsárið er almanaksárið. Hún sér um viðhald hennar og umbætur, sölu á raforku og allt er að starfrækslu veitunnar lítur. Hún skal gefa yfirstjórn félagsins þær skýrslur, sem óskað er eftir um starfrækslu og ástand veitunnar. Ennfremur semur hún nánari reglur — ef með þarf — um starfrækslu rafveitunnar á grundvelli þessarar reglugerðar, er samþykktar séu af yfirstjórn. Rafveitustjórn gerir tillögur til yfirstjórnar félagsins um gjaldskrá fyrir veituna, og undirbýr og annast framkvæmdir allra rafveitumála félagsins. Rafveitustjórn ræður starfsmenn rafveitunnar, aðra en rafveitustjóra, og víkur þeim frá.

Reikningar rafveitunnar skulu lagðir fyrir sýslufund Austur-Húnavatnssýslu til athugunar.

4. gr.

Rafveitustjóri annast daglega starfrækslu veitunnar, eftirlit og viðhald á stöðvum, taugum og öðrum útbúnaði, og allar verklegar framkvæmdir, er

22 snerta veituna, þar á meðal þær, sem miða að því að halda uppi stöðugum
22. febr. rekstri og bæta úr truflunum. Hann hefir og umsjón með raflagningum, sem tengdar eru við veituna.

5. gr.

Rafveita Austur-Húnavatnssýslu selur raforku til þeirra þarfa, sem um getur í 1. gr., eftir því sem afl endist, alstaðar þar, sem lagnir hennar ná til, og við því verði, sem ákveðið er í gjaldskrá veitunnar á hverjum tíma.

6. gr.

Rafveitustjóri getur lokað fyrir strauminn að nóttu til, frá 20. maí til 19. júlí, að báðum dögum meðtöldum, í því skyni að eftirlíta veituna, svo og endranær, ef þörf krefur. Meðan verið er að leggja heim taugar, má taka spennu af þeim götutaugum sem þörf krefur. Allar stöðvanir á rekstri skulu auglýstar fyrirfram ef auðið er. Komi það fyrir að minnka þurfi notkun á raforku, um lengri eða skemmri tíma, ákveður stjórn rafveitufélagsins eftir tillögum rafveitustjórnar, hver notkun skuli fyrst takmörkuð. Stöðvun eða takmörkun á rekstri veitunnar, hefir engar skaðabótaskyldur í för með sér á hendur veitunni, en koma skal reglulegum rekstri á aftur svo fljótt, sem unnt er. Þeir, sem kaupa raforku við föstu ársgjaldi, fá endurgreiddan tiltölulegan hluta af gjaldinu fyrir þann tíma, sem þeir misstu raforkunnar vegna truflunar á veitunni, þó ekki fyrir skemmri tíma en tvo sólarhringa.

7. gr.

Umsókn um raforku svo og raflagningu í hús, aukningu eða breytingu á húsveitu, skal stíla til rafveitustjórnar. Eyðublöð undir slíkar umsóknir lætur rafveitustjóri í té. Skal í umsókninni skýrt frá hve mikið afl þarf, og til hverra nota það er ætlað. Sá, sem fær raforku um hemil, greiði fyrir hana hið ákveðna gjald frá þeim degi, er hann fær hana. Uppsögn á raforku um hemil, er bundin við 1. október, og er uppsagnarfrestur skemmstur tvær vikur. Þó skal sá, sem flytur alfarinn burt úr húsi, ekki skyldur að greiða gjaldið lengur en til loka þess ársfjórðungs, sem hann flytur burt á, enda sé uppsögnin komin til rafveitustjóra eigi síðar en tveim vikum fyrir þann tíma. Ef ekki er um hemla að ræða, skal uppsögnin eða breyting á notkun raforku tilkynnt rafveitustjóra með að minnsta kosti hálfs mánaðar fyrirvara.

8. gr.

Rafveitan leggur húsálmur frá veitutaugum (götulögnum) sínum inn fyrir húsvegg að stofnvari á sinn kostnað, sé vegalengd ekki meiri en 35 m., og eru stofnvör og húsálmur þá eign hennar. Ef lengd húsálmu fer fram úr því, er rafveitunni eigi skylt að leggja hana, nema húseigandi beri hluta kostnaðar eftir samkomulagi. Umsækjandi (sbr. 7. gr.) skal láta löggiltan rafvirkja leggja húsveituna eða rafveitustjóra, taki rafveitan slíkt að sér, en sjálfur stendur umsækjandi straum af kostnaðinum. Rafveitustjórn ákveður hvers kyns mælitæki skulu notuð fyrir húsveitu hverja, hún ákveður og stað fyrir þau og annast upp-

setningu þeirra, sölu eða leigu. Sérhver húsveita, að meðtöldum tækjum til notkunar á raforku, skulu fullnægja kröfum þeim, sem settar eru í reglum rafveitunnar. 22 22. febr.

9. gr.

Engir aðrir mega taka að sér á eigin ábyrgð rafvirkjun við þær raflagnir eða önnur raforkuvirki, sem tengd eru við eða notuð í sambandi við veitukerfi rafveitunnar, en þeir, sem rafveitustjórn löggildir til þess. Ekki má löggilda aðra til rafvirkjastarfa en þá, er hlotið hafa löggildingu rafmagnseftirlits ríkisins og eru búsettir í sýslunni.

10. gr.

Rafveitustjóri hefir eftirlit með öllum húsveitum, gögnum og tækjum, sem notuð eru við hagnýting á raforku, og er starfsmönnum veitunnar heimill aðgangur til eftirlits hvenær sem nauðsyn krefur. Gallar á húsveitum skulu tafarlaust bættir, á kostnað húseiganda. Séu gallar ekki bættir, eða meðan gallar eru á veitu, og hætta getur stafað af þeim fyrir reksturinn, getur rafveitustjóri rofið sambandið við veituna, þar til bætt er úr. Komi það fyrir, að rafmagn sé notað á annan hátt, en um var samið, eða raskað hafi verið mælitækjum, skal rafveitustjórn meta þá raforku, sem notuð hefir verið óleyfilega, og skal notandi gjalda fyrir það þrefalt verð eftir gjaldskránni allan þann tíma, sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar, og þar til leiðrétt er, nema þyngri refsing liggi við. Við endurtekningu skal rjúfa samband við veituna og gera viðeigandi ráðstafanir til að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem brotlegur hefir gerzt.

11. gr.

Sé gjald fyrir raforku ekki greitt á réttum gjalddaga, er heimilt að taka strauminn af veitunni, en þó ekki fyrr en 14 dögum eftir að skrifleg tilkynning þess efnis til gjaldanda er afhent honum, eða afhent í húsnæði því, er veita hans er í. Gjöld fyrir raforku má taka lögtaki.

12. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 500 krónum, nema þyngri refsing liggi við að lögum. Hver, sem veldur skemmdum á eignum rafveitunnar skal bæta skaðann.

13. gr.

Mál út af brotum á reglugerð þessari eða reglum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt henni, skal farið með sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með, samkvæmt vatnalögunum nr. 15, 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. febrúar 1934.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.

23
22. febr.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Austur-Húnavatnssýslu.

1. gr.

Rafveita Austur-Húnavatnssýslu selur raforku á þann hátt og við því verði, er hér segir:

a) um hemil fyrir kr. 130,00 hvert kílówatt um árið.
Rafveitan selur eigi minna afl um hemil en ½ kílówatt.

b) um mæla, þar sem hver tegund notkunar er mæld sérstaklega:
1. til ljósa ..... fyrir 50 aura hver kwst.
2. — suðu, vatnshitunar o. fl. ..... — 7 — — —
3. — herbergjahitunar ..... — 3 — — —
4. — vélareksturs og iðnaðar ..... — 15 — — —

c) um mæli til heimilisnotkunar (ljós, suðu, herbergishitunar í íbúðum), mæld um einn mæli:
1. fyrir fyrstu 6 × h kwst. á hverjum mán. greiðist 50 aur. f. hv. kwst.
2. — næstu 44 × h — — — — — 7 — — — —
3. — það, sem notað er þar fram yfir .. — 3 — — — —
Merkir þá h fjölda íbúðarherbergja.

d) Þeir notendur, sem festa kaup á 20 kw. a. m. k. til heils árs skulu geta fengið það afl, er þeir nota fram yfir fasta-afl, gegn kwst-gjaldi:
1. til iðnaðar eða vélareksturs fyrir 8 aura hverja kwst.
2. til upphitunar húsa eftir sérstökum samningi, þar sem tekið er tillit til þess á hvaða tíma dags orkan er notuð.

e) Um sérstaka notkun, sem ekki fellur undir lið a)—d), fer eftir samningi milli rafveitustjórnar og hlutaðeigenda.
Gjöld þessi má hækka og lækka um 10%, ef yfirstjórn samþykkir.

2. gr.

Fyrir leigu á mælitækjum skulu rafnotendur greiða:
1. fyrir heimil kr. 1,50 fyrir hvern ársfjórðung.
2. — venjulegan tvífasa mæli 50 aura á mánuði.
3. — samsett mælitæki kr. 1,00 á mánuði.

3. gr.

Heimtaugagjald skal hver húseigandi eða húsráðandi greiða í eitt skipti fyrir öll, er hann fær lagða heimtaug að húsum sínum.

Upphæð heimtaugagjalds miðast við fasteignamat hússins eða húsanna, sem orku fá úr heimtaug, og skal vera 1% af því, og innheimtast ársfjórðunglega á 2 árum með ⅛ í hvert sinn.

4. gr.

Fast árgjald skal goldið fyrirfram að fjórðaparti í senn, fyrir hvern ársfjórðung, og er gjalddagi 2. jan., 1. apríl, 1. júlí og 1. okt. 23 22. febr.

Gjald eftir tölu kílówattstunda skal greitt mánaðarlega eftir á, undir eins og krafizt er.

Þó skal gjald eftir tölu kílówattstunda skv. d-lið 1. greinar, greitt eftir á við lok hvers ársfjórðungs.

5. gr.

Gjald fyrir raforku má taka lögtaki.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með, samkvæmt vatnalögunum nr. 15, 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. febrúar 1934.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

um barnapróf. 24 28. febr.

Samkvæmt 23. gr. laga nr. 40 frá 1926 er sett eftirfarandi reglugerð um barnapróf:

1. gr.

Skylt er að hafa árspróf og fullnaðarpróf. Prófin skal halda að vorinu, í lok kennslutímans, þó eigi fyr en í aprílmánuði. Fullnaðarpróf er burtfararpróf barna um 14 ára aldur. Miða skal við síðustu áramót, þannig að veita má þeim börnum fullnaðarpróf, sem orðið hafa 13 ára fyrir 1. janúar það ár, sem prófið er haldið.

2. gr.

Þau börn, sem prófuð hafa verið áður um vorið að viðstöddum eftirlitsmanni er ekki skylt að prófa aftur í sömu námsgreinum.

3. gr.

Nú nota börnin vinnubækur, er sýna lausnir barnanna á þeim verkefnum, sem tekin eru til meðferðar í einstökum námsgreinum yfir veturinn, og er þá fræðslumálastjóra heimilt, ef skólanefnd og kennari óskar, að veita undanþágu frá einkunnagjöfum við árspróf í þeim námsgreinum, er prófdóm-

24 ari skal þá jafnan hlusta á kennsluna sem svarar að m. k. einni kennslu-
28. febr. stund í hverri námsgrein. Hann skal og skoða vinnubækur barna í þeim greinum og senda skólanefnd og fræðslumálastjóra álit sitt um hvorttveggja. Slíka undanþágu skal þó hvorki veita í íslenzku né reikningi.

4. gr.

Einkunnir skulu gefnar eftir getu án tillits til aldurs.

5. gr.

Próf skulu vera skrifleg þar sem því verður við komið. Einkunnir skulu gefnar með tölunum frá 0 og upp í 10 með einum tugastaf aðeins (t. d. 1; 1,1; 1,2; 1,3; .... 1,9). Heimilt er við árspróf að gefa eina sameiginlega einkunn í landafræði, náttúrufræði og sögu.

6. gr.

Til þess að standast fullnaðarpróf þarf að meðaltali einkunnina 4, en þó sé ekki lægri einkunn en 5 í lestri, skrift, réttritun og reikningi, hverri grein um sig.

Þriðja einkunn telst frá 4 upp í 5; önnur einkunn frá 5 og upp í 7; fyrsta einkunn frá 7 og upp í 9; ágætiseinkunn frá 9 og upp í 10.

7. gr.

Ef eftirlitsmaður kemst við eftirlitspróf að raun um það, að mjög skorti á kunnáttu fullnaðarprófsbarns, eftir hæfileikum þess, má hann leggja bann við því, að barnið taki fullnaðarpróf á því ári.

8. gr.

Börn þau, er ljúka fullnaðarprófi, skulu fá skírteini um það, undirritað af forstöðumanni skólans (eða kennara) og prófdómara. Við fullnaðarpróf skulu einkunnir gefnar í öllum þeim greinum, sem lögboðnar eru í fræðslulögunum, nema í söng og teiknun. Ef skólanefnd og kennari óska, má þó gefa einkunnir í teiknun og í handavinnu, ef kennd er.

Prófskýrslur skulu sendar eftirlitsmanni, en hann gerir fræðslumálastjóra grein fyrir þeim. Senda skal og skýrslu um fullnaðarpróf beint til fræðslumálastjóra.

9. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi, og falla um leið úr gildi öll ákvæði, sem fara í bága við hana.

Í kennslumálaráðuneytinu, 28. febrúar 1934.

Þorsteinn Briem.

Gissur Bergsteinsson.

REGLUGERÐ

um breyting við reglugerð um happdrætti Háskóla Íslands 26. september 1933.

25
5. marz

13. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Daginn áður en dregið er í 1. flokki, skal leggja í hlutastokkinn 25000 miða, sem merktir eru tölunum 1 til 25000 og daginn áður en dregið er í hverjum hinna síðari flokka ,skal leggja í hlutastokkinn jafnmarga miða, sem síðast voru úr honum dregnir og með sömu tölum, og skal þá einnig leggja í vinningastokkinn miða, sem á eru prentaðir vinningar þeir, einn á hvern miða, sem draga skal um í það skipti samkvæmt vinningaskrám, er stjórn happdrættisins semur og happdrættisráð samþykkir fyrirfram fyrir ár hvert.

Miðana skal láta í stokkana að viðstöddum minnst 3 mönnum úr happdrættisráðinu, sem formaður kveður til þessa eftirlits, enda sé héraðlútandi ákvörðun formanns bókuð í neðangreinda dráttabók happdrættisráðs. Eftirlitsmenn þessir fullvissa sig um að innsigli sé heil á hlutastokk, áður en í hann er látið og að rétt sé látið í stokkana og innsigla þá síðan með innsigli ráðsins. Skal skýrsla um þetta rituð í téða dráttabók og undirskrifuð af öllum eftirlitsmönnum.

Við hvern drátt skulu vera staddir minnst 3 menn úr happdrættisráðinu. Skiptir formaður, með bókun í dráttarbók ráðsins, verkum milli meðlima þess. Skulu þeir hafa eftirlit með því, að þegar dráttur byrjar, séu innsigli heil á stokkunum og að dráttur fari rétt fram og rétt séu lesnar og bókaðar tölur miðanna.

Í hverjum drætti eru dregnir jafnmargir miðar úr hlutastokknum sem vinningar eru í vinningastokknum.

Fer dráttur þannig fram, að fyrst er dreginn miði úr hlutastokknum og lesin upp tala miðans, sem síðan er afhentur eftirlitsmanni, er athugar að rétt sé sagt til um töluna. Síðan afhendir eftirlitsmaðurinn öðrum eftirlitsmanni miðann, er dregur hann á þráð, sem festur sé við spjald og innsiglaður með innsigli happdrættisráðs. Þriðji eftirlitsmaðurinn ritar jafnframt tölu miðans í þar til gerða dráttabók, löggilta af happdrættisráðinu.

Að þessu loknu er dreginn miði úr vinningastokk og er með hann farið á sama hátt sem fyr segir, og skal sá miði þræddur á bandið næst eftir miðanum úr hlutastokknum.

Miði sá, sem dreginn er úr hlutastokknum, hlýtur vinning þann, sem miðinn, er næst þar eftir er dreginn úr vinningastokk, segir til um.

Stjórn happdrættisins ræður menn til að draga úr stokknum og lesa upp tölu hlutamiða, og upphæð á vinningsmiðum. Einnig lætur stjórnin skrá tölur og vinningaupphæðir í sérstaka bók og skal nota hana þegar gerð er vinningaskýrsla að loknum drætti.

25 5. marz

Þegar dreginn hefir verið síðasti vinningsmiði í hverjum drætti, skulu eftirlitsmenn innsigla þráðinn á annað spjald með innsigli happdrættisráðs.

Þegar að loknum drætti skulu eftirlitsmenn fullvissa sig um að dregnir hafi verið allir miðar úr vinningastokk, að dregin hafi verið rétt tala hlutamiða og vinningsmiða og bera tölur miðanna saman við báðar gerðarbækurnar, þar sem tölurnar eru skráðar. Að því loknu innsigla eftirlitsmenn hlutastokkinn með innsigli happdrættisráðs. Skulu eftirlitsmenn síðan rita í dráttabók happdrættisráðs yfirlýsing um að dráttur hafi farið fram löglega og svo sem skráð hafi verið í bókina. Dráttabók skal síðan afhent formanni happdrættisráðs.

Eftir hvern drátt lætur happdrættið án tafar prenta skýrslu um vinningana, hvaða hlutamiðar hafi hlotið vinning og hve háan.

Skýrslan skal send öllum umboðsmönnum happdrættisins og vera þar til sýnis viðskiptamönnum.

Fjármálaráðuneytið, 5. marz 1934.

Ásgeir Ásgeirsson.

Páll Eggert Ólason.

26 8. marz

REGLUGERÐ

um innflutning o. fl.

Samkvæmt bráðabirgðalögum dags. í dag um gjaldeyrisleyfi, innflutning o. fl. er hérmeð sett eftirfarandi reglugerð:

1. gr.

Til þess að flytja inn eftirtaldar vörur þarf leyfi gjaldeyrisnefndar.

I. *Landbúnaðarvörur.* Kjötmeti allskonar, smjör, egg, ostur, dýrafeiti, kartöflur, haframjöl.

II. *Sjávarútvegsvörur.* Fiskur, nýr, frystur, saltaður eða reyktur.

III. *Iðnvörur.* Húsgögn úr allskonar efni og hlutir úr þeim, smjörlíki, kaffibætir, kerti, sápuvörur allskonar, skóáburður, gólfáburður, fægiefni, gerduft, brauð og kex allskonar.

IV. *Sælgætisvörur.* Brjóstsykur, karamellur, munngúm, marsipan, konfekt, lakkrís, sykraðir ávextir, átsúkkulaði, suðusúkkulaði.

V. *Niðursuðuvörur.* Niðursoðnir ávextir, niðursoðið grænmeti, niðursoðið fiskmeti, ávaxtamauk.

VI. *Drykkjarvörur.* Öl, gosdrykkir, ölkelduvatn, óáfeng vín, ávaxtasafi.

VII. *Skrautmunir og málmvörur.* Gimsteinar, skrautmunir og áhöld, úr gulli, silfri, nýsilfri, plett, eir og nikkel, úr og klukkur.

VIII. *Ávextir.* Nýir ávextir, þurkaðir ávextir.

IX. *Skófatnaður og leðurvörur.* Skófatnaður allskonar, leðurvörur allskonar og skinn, vörur úr gerfileðri. **26** 8. marz

X. *Vefnaðarvörur og fatnaður.* Prjónavörur og vefnaðarvörur úr hverskonar sem er og fatnaður úr allskonar efni, þar með talin sjóklæði, regnhlífar, sólhlífar, kniplingar. Undanþegið er þó hessian, segldúkur, pokar, lóðarbelgir, lampakveikir og sáraumbúðir.

XI. *Ýmsar vörur.* Nýtt grænmeti, ilmvötn, hárvötn og snyrtivörur, fiður og dúnn, myndarammar, veggmyndir og bréfspjöld, flugeldar og sérstök efni til þeirra, hljóðfæri, grammófónplötur, legsteinar, bifreiðar og bifhjól, skip og bátar, mótorar, skrifstofuvélar, sjónaukar, ljósmyndavélar, speglar, skotvopn, jólatré, jólatrésskraut, lifandi blóm, gerfiblóm, postulíns- og krystalvörur.

2. gr.

Nú telur einhver vafa á hvort vara sú, er hann vill flytja til landsins, falli undir ákvæði 1. gr., og getur hann þá leitað úrskurðar fjármálaráðuneytisins um það, og er það fullnaðar-úrskurður sem og aðrir úrskurðir þess út af skilningi á ákvæðum reglugerðar þessarar.

3. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 50,000 kr. Sömu hegningu varðar það ef sá, sem fengið hefir gjaldeyrisleyfi, brýtur skilyrði, sem gjaldeyrisnefnd kann að hafa sett fyrir veitingu leyfisins. Ennfremur er upptækur sá ágóði, er fæst við brot á reglugerð þessari eða skilyrðum gjaldeyrisnefndar fyrir gjaldeyrisleyfi.

4. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Fjármálaráðuneytið, 8. marz 1934.

Ásgeir Ásgeirsson.

Torfi Jóhannsson.

27
9. marz

REGLUGERÐ

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjakaupstað 30. ágúst 1926.

1. gr.

4. flokkur vörugjaldskrárinnar í 25. gr. orðist þannig:

Gjald kr. 1,70 fyrir hver 100 kg. Allar aðrar vörur, sem venja er að greiða flutningsgjald fyrir eftir þyngd.

Reglugerð þessi er hér með sett, samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917 og samkvæmt hafnarlögum fyrir Vestmannaeyjar nr. 60, 10. nóv. 1913, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 9. marz 1934.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

28
9. marz

REGLUGERÐ

um vörugjald til bæjarsjóðs Vestmannaeyjakaupstaðar.

1. gr.

Til bæjarsjóðs Vestmannaeyjakaupstaðar skal greiða vörugjald af öllum vörum, sem fluttar eru af skipsfjöl á land, og úr landi á skipsfjöl, með undantekningum þeim, sem síðar verða nefndar.

2. gr.

Undanþegnar vörugjaldi eru þessar vörur:

a. Vörur, sem samkv. farmskrá skips eiga að fara til annara hafna en Vestmannaeyja, en eru látnar þar á land um stundar sakir, vegna skemmda á skipi eða í misgripum.
b. Nýr og saltaður fiskur óverkaður og nýjar fiskafurðir, þegar þetta er flutt á land.
c. Kol, olía og vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, þegar þær eru fluttar úr landi.
d. Póstur og farangur ferðamanna.
e. Vörur og tæki til hafnarinnar og annara fyrirtækja bæjarfélagsins.
f. Allt, sem flutt er milli eyjanna innbyrðis.

g. Vörur sem innfluttar eru til stofnana eða einstakra manna, búsettra í öðrum héruðum, eða koma frá þeim til útflutnings, enda þótt settar séu á land í Vestmannaeyjum. **28** 9. marz

3. gr.

Vörugjald skal reikna eftir þyngd eða rúmmáli með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu, sem nemur meira en helmingi, telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans flytur eða hefir flutt. Þyki bæjarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugastan. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiði farmeigandi kostnaðinn. Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af. Við útreikning vörugjalds skal leggja saman hvern vöruflokk, sem saman stendur á farmskránni, ef móttakandi eða sendandi er sami maður.

4. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds, eftir því sem vörugjaldskrá til tekur, og gjald skal greiða eins og þar segir. Þó skal aldrei reikna lægra vörugjald en 10 aura. Ef vafi leikur á, í hvaða flokki skuli telja vöru, skal bæjarstjóri úrskurða, en úrskurði hans má áfrýja til fjárhagsnefndar.

5. gr.

Vörugjaldið skal greiða á skrifstofu hafnarinnar um leið og greitt er vörugjald til hafnarsjóðs, og er afgreiðslumönnum skipa óheimilt að afhenda vöru eða flytja hana út, fyrri en sýnd hefir verið kvittun fyrir greiðslu gjaldsins. Þegar enginn er afgreiðslumaður skips er skipstjóra óheimilt að afhenda eða flytja út vöru, fyrri en sannað hefir verið fyrir þeim, að gjaldið sé greitt. Skipstjóri og afgreiðslumaður bera ábyrgð á greiðslu gjaldsins ef brugðið er út af þessu.

6. gr.

Vörugjaldskrá.

1. flokkur. Gjald 10 aurar fyrir 100 kg. Kol, kornvörur, áburður.
2. flokkur. Gjald 5 aurar fyrir hver 100 kg. Nýr fiskur, fullsaltaður en óverkaður fiskur, salt, ís.
3. flokkur. Gjald 8 aurar fyrir hver 100 kg. Saltfiskur, sem ekki fellur undir 2. flokk.
4. flokkur. Gjald 20 aurar fyrir hver 100 kg. Steinolía, áburðarolía, benzín, sement.
5. flokkur. Gjald 12,5 aurar fyrir hver 100 kg. Veiðarfæri, hrogn, lýsi, sundmagi, fiskimjöl, kartöflur, rófur, síld, bein.

28 9. marz

6. flokkur. Gjald 50 aurar fyrir hver 100 kg. Allar aðrar vörur, sem venja er að greiða flutningsgjöld fyrir eftir þyngd.
7. flokkur. Gjald 5 aurar fyrir hvert teningsfet. Trjáviður og þess háttar vörur, sem reiknaðar eru eftir rúmmáli.
8. flokkur. Gjald 10 aurar fyrir hvert teningsfet. Húsgögn, hljóðfæri og aðrar léttavörur, sem reiknaðar eru eftir rúmmáli.
9. flokkur. Gjald 12,5 aurar fyrir hvert stykki. Tómar tunnur.
10. flokkur. Gjald 10 aurar fyrir hvert stykki. Sauðfénaður.
11. flokkur. Gjald 1 króna fyrir hvert stykki. Nautgripir, hross.

7. gr.

Af vörum, sem fluttar eru til innanlandshafna, greiðist hálft vörugjald.

8. gr.

Vörugjald samkv. reglugerð þessari er fallið í gjalddaga, þegar skip eða bátar eru komnir í höfn með vöruna eða varan er komin í skip til burtflutnings.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 40, 19. júní 1933 til þess að öðlast þegar gildi og til að gilda til ársloka 1935. Birtist hún til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 9. marz 1934.

Magnús Guðmundsson.

Páll Pálmason.

29 12. marz

VIÐAUKI

við samþykkt um stjórn bæjarmálefna Reykjavíkur frá 23. júlí 1932.

1. gr.

Aftan við 18. gr. samþykktarinnar bætist ný málsgrein, er orðist þannig:
Í forföllum borgarstjóra gengur borgarritari í hans stað, nema það sé sérstaklega öðrum falið. Borgarritari annast og daglegar afgreiðslur fyrir hönd borgarstjóra, eftir því sem það verður honum falið.

2. gr.

Á eftir 18. gr. samþykktarinnar komi ný grein, sem verður 19. gr. og breytist greinatalan samkvæmt því. Hin nýja grein orðist þannig:

Borgarritari skal vera embættisgengur lögfræðingur. Hann stendur beint undir borgarstjóra, og skal hafa á hendi stjórnina á innheimtu bæjartekna, umsjá sérstakra sjóða bæjarins og störf skrifstofustjóra að því er kemur til fjármála, fasteignamála og þeirra annara mála, sem ekki eru lögð undir skrifstofustjóra, framfærslu- og félagsmála. Hann skal og flytja mál bæjarins fyrir undirrétti, nema málflutningur sé í einstökum tilfellum öðrum falinn sérstaklega. **29** 12. marz

3. gr.

Á eftir 1. lið í upptalningu starfsmanna bæjarins í 20. gr. (sem verður 21. gr.) komi nýr liður:

2. Borgarritari.

Liðatalan breytist samkvæmt því.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt tilskipun 20. apríl 1872, sbr. lög nr. 59, 14. júní 1929 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. marz 1934.

Magnús Guðmundsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

30 16. marz

um staðfesting dómsmálaráðuneytisins á viðauka við 20. gr. lögreglusamþykktar fyrir Vestmannaeyjar.

Samkvæmt lögum nr. 1 frá 1890, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hér með staðfestur eftirritaður

VIÐAUKI

við lögreglusamþykkt fyrir Vestmannaeyjar, frá 31. marz 1928.

Við 20. gr. bætist:

Unglingum innan 16 ára aldurs er bannað að sækja dansleiki fullorðinna og gangast fyrir danssamkomum barna á svipuðu reki. Ennfremur skal lögreglustjóra heimilt að banna stöður barna og unglinga á þessu reki í knattborðssal.

Viðauki þessi öðlast gildi 1. apríl 1934.

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 16. marz 1934.

Magnús Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.

31 16. marz

AUGLÝSING

um staðfesting dómsmálaráðuneytisins á viðauka við 29. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík frá 7. janúar 1930.

Samkvæmt lögum nr. 1 frá 1890, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hér með staðfestur eftirritaður

VIÐAUKI

við lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík.

Við 29. gr. bætist:

„Heimilt er blindum mönnum að auðkenna sig með gulum borða með þremur svörtum deplum; bera þeir hann um hægri handlegg fyrir ofan olnboga.

Blindur maður réttir fram hægri handlegg er hann æskir hjálpar vegfarenda, og er þeim þá skylt að veita honum hjálp.

Heyrnarlausum mönnum skal heimilt að hafa grænan borða um báða handleggi fyrir ofan olnboga.

Öðrum en blindum mönnum og heyrnarlausum er óheimilt að bera merki þau, er hér eru tilgreind."

Viðauki þessi öðlast gildi 15. apríl 1934.

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 16. marz 1934.

Magnús Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.

AUGLÝSING

32
19. marz

um staðfesting dómsmálaráðuneytisins á viðauka við lögreglusamþykkt fyrir Neskaupstað frá 28. október 1930.

Samkvæmt lögum nr. 1 frá 1890, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hér með staðfestur eftirritaður

VIÐAUKI

við lögreglusamþykkt fyrir Neskaupstað.

Aftan við 7. gr. bætist:
„Enginn má nota skotvopn, nema hann hafi til þess leyfi lögreglustjóra, sem einnig getur svipt menn slíku leyfi".

Viðauki þessi öðlast gildi 1. apríl 1934.

Þetta birtist hérmeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 19. marz 1934.

Magnús Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Kjartanssjóð", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 9. apríl 1934. Skipulagsskráin er þannig: **33** 9. apríl

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Kjartanssjóð.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Kjartanssjóður.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af frú Maríu S. Kjartansdóttur á Hofsósi, til minningar um foreldra hennar, frú Þórlaugu Björnsdóttur og Kjartan Rósenkranzson, kaupmann á Flateyri, og systkini, sem öll eru látin. Þessi systkini hennar hétu: Torfi Magnús, Guðlaug Jóna, Kristín Bergljót og Rósenkranz Páll.

33 3. gr.

9. apríl Stofnfé sjóðsins er kr. 5000,00 — fimm þúsund krónur —, og skal það geymt í Aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands. ½ vaxta skal leggjast við höfuðstólinn, þar til sjóðurinn er orðinn kr. 20000,00 — tuttugu þúsund —. Úr því skal leggja við höfuðstólinn ¼ hluta vaxta.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

4. gr.

Aðaltilgangur sjóðsins er að styrkja ekkjur og ófullveðja börn (þar með talin fósturbörn) drukknaðra manna, sem átt hafa lögheimili í Önundarfirði er þeir drukknuðu. Þ. e. að segja á svæðinu milli Barða og Sauðaness. Þær ekkjur og þau börn, sem halda áfram að eiga lögheimili í Önundarfirði, skulu, að öðru jöfnu, sitja fyrir þeim um styrk, er burt flytja.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Kjósa skal 2 þeirra ásamt varamönnum, á lögmætum sveitarfundi, í hvorum hreppnum fyrir sig, Mosvallahreppi og Flateyrarhreppi, 1 í hvorum hreppi, til 5 ára í senn. Íbúar Ingjaldssands kjósi með íbúum Mosvallahrepps. Deyi aðalmaður eða flytji burt úr hreppnum, tekur varamaður við þar til kjörtímabilið er úti. Það má endurkjósa aðalmenn og varamenn.

Sóknarprestur Holtsprestakalls í Önundarfirði er sjálfkjörinn, sem 3. maður í stjórnina. Verði prestakallið lagt niður, skal sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu kjósa 3ja manninn ásamt varamanni í stjórnina, til 5 ára í senn. Kjörgengir eru aðeins menn búsettir í Önundarfirði.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skiptir með sér verkum. 1 er formaður, en hinir 2 meðstjórnendur. Formaður annast bókhald sjóðsins. Þessar bækur skal halda: Gerðabók, höfuðbók og sjóðbók.

Eftir hver áramót semur stjórnin reikning fyrir næsta ár á undan, og sendir hann svo sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu til endurskoðunar og samþykktar á næsta aðalfundi hennar.

7. gr.

Umsóknir um styrk, stílaðar til stjórnar sjóðsins, skulu komnar til formanns fyrir áramót. Stjórnin úthlutar styrknum svo fljótt, sem verða má. Þær ekkjur og þau börn, sem ekki þiggja af sveit, skulu að jafnaði, vera látin sitja fyrir um styrkinn.

8. gr.

Stjórninni er heimilt að veita viðtöku gjöfum til sjóðsins, og afla honum tekna á þann hátt, sem hún telur bezt henta. Það, sem sjóðnum kann að áskotnast þannig, leggst að hálfu við höfuðstólinn, en hinn helmingurinn kemur til úthlutunar.

Stjórn sjóðsins starfar kauplaust. Þó skal greiða af honum beinan kostnað við stjórnarstörfin, svo sem nauðsynlegar bækur, pappír o. s. f. 33 9. apríl

9. gr.

Sjái stjórn sjóðsins sér fært og fé er fyrir hendi, má veita ekkjum á áðurnefndu svæði og ófullveðja börnum þeirra, styrk úr sjóðnum, þó að menn þeirra eða fyrirvinna hafi ekki drukknað, heldur látizt á annan hátt.

Ógiftar mæður og börn þeirra, njóta sömu réttinda gagnvart sjóðnum yfirleitt, eins og giftar væru.

10. gr.

Komi eitthvert ár engar, eða svo fáar umsóknir um styrk úr sjóðnum, að ekki þyki ástæða til að veita allt það fé, sem heimilt er að veita, skal leggja afganginn við höfuðstólinn. Verði sjóðurinn svo stór, að ekkjur og ófullveðja börn þeirra, á svæði því, sem nefnt hefir verið, geti lifað sómasamlega á styrk úr honum, og fé er afgangs, sem heimilt er að veita, þá má styrkja unga efnilega pilta úr Önundanfirði til náms í sjómannafræði.

Hofsósi, 9. maí 1933.

María S. Kjartansdóttir.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Skagastrandarkauptún. 34 10. apríl

1. gr.

Takmörk hafnarinnar eru: Frá Höfðatá beina línu til suðurs í Djúpsker, og þaðan til lands sunnanvert Árbakkasteins í Hrafnárós.

2. gr.

Hreppsnefnd Vindhælishrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna, undir yfirstjórn atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Hafnarnefnd annast framkvæmd hafnarmálefna og eftirlit með höfninni, og hafnarmannvirkjum og sér um viðhald og umbætur á hvorutveggja, stýrir öllum framkvæmdum er þar að lúta og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndarinnar.

Hafnarnefnd er skipuð þremur mönnum, og eru tveir kosnir af hreppsnefnd Vindhælishrepps, en sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu kýs 1. Nefndarmenn eru kosnir til 3ja ára, og gengur einn úr árlega, fyrstu tvö árin eftir hlutkesti. Að minnsta kosti 2 nefndarmenn skulu eiga heima í Skagastrandarkauptúni, eða nágrenni þess.

34 10. apríl

3. gr.

Hafnarnefnd sér um, að gætt sé almennrar reglu á höfninni og við hana. Er öllum skylt að hlýða boði hennar og banni, og ennfremur annara þeirra starfsmanna, er hún setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger, getur hann kært það fyrir lögreglustjóra, en skipun hafnarnefndar, eða starfsmanna hennar, ber að hlýða tafarlaust. Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteysi í starfi sínu.

4. gr.

Öll skot við höfnina og á henni eru stranglega bönnuð, og skal sérstaklega gæta þess, að skot og fugladráp, frá skipum og bátum á höfninni eigi sér ekki stað. Þó getur hafnarnefnd veitt undanþágu frá ákvæði þessu, þegar sérstaklega stendur á, og í einstöku tilfellum, svo sem til að skjóta hvali eða seli.

5. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum sem flytja eldfim efni má ekki kveikja eld nema í eldavél skipsins og á ljóskerunum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði sem unnið er að fermingu þeirra eða affermingu. Álíti hafnarnefnd að hætta geti stafað af fermingu og affermingu eldfimrar vöru, er henni heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir. Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu eða annað slíkt, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og á landi hafnarinnar, nema með sérstöku leyfi hafnarnefndar í hvert sinn.

6. gr.

Seglfestu má hvergi kasta út á höfninni, nema með leyfi hafnarnefndar, og seglfestu má hvergi taka nema með leyfi hafnarnefndar og landeiganda.

Við höfnina má ekki gera nein hafnarmannvirki, né breyta eða auka við þau hafnarmannvirki sem nú eru, og ekki heldur fylla upp né dýpka út frá landi, nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar, og gildir leyfið aðeins til eins árs, sé það látið ónotað.

Bannað er að kasta fiskiúrgangi eða öðrum óþrifnaði í sjóinn frá skipum, er liggja við hafnarbryggjur, eða á höfninni, nema með leyfi hafnarnefndar.

7. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ferma ekki né afferma, mega aldrei liggja svo á höfninni, að tálmi fermingu eða affermingu annara skipa, og skulu í hvert skipti skyld að hlýða boði hafnarnefndar um það, hvar þau skuli leggjast.

Ekki má leggja skipum eða bátum svo nærri bryggjum, að eigi sé að dómi hafnarnefndar nægilega gott pláss fyrir önnur skip að komast að eða frá, né heldur að leggja netum eða duflum, svo nálægt bryggjunni, eða á höfninni, að aðgangur verði ógreiður skipum.

Skip mega aldrei leggja svo út frá sér strengi, eða önnur festartæki, að umferð tálmi. Festartæki frá skipi má aldrei leggja yfir alfaraveg.

8. gr.

Nú tregðast eigandi, skipstjóri eða umráðamaður báts eða skips, að hlýða skipun hafnarnefndar, eða umsjónarmanns, að flytja skip sitt, ból eða strengi á höfninni, og getur þá hafnarnefnd látið gera það á kostnað og ábyrgð eiganda eða umráðamanns.

9. gr.

Eigi má festa skip við uppfyllingu eða bryggju, nema við festarhringi, eða við festarstólpa. Festum skal þannig fyrir komið, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunni eða uppfyllingunni. Þyki þess eigi nægilega gætt, má krefjast að úr því sé bætt tafarlaust.

10. gr.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það að áliti hafnarnefndar tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, getur hafnarnefnd látið færa skipið burt á kostnað eigandans og er heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

11. gr.

Venjulega er skipum heimilt að leggjast að bryggju hafnarinnar í þeirri röð sem þau koma. Þó skulu skip, sem sigla eftir fyrir fram ákveðinni auglýstri ferðaáætlun og flytja póst, svo og afgreiðslubátar slíkra skipa, hafa rétt til þess að leggjast að bryggju, þó önnur skip liggi þar fyrir og verða þau að víkja á meðan hin eru afgreidd. Samskonar rétt hafa vélskip fram yfir seglskip. Sé fermingu eða affermingu skips ekki haldið áfram með hæfilegum hraða, að áliti hafnarnefndar, ber því að víkja fyrir öðrum skipum, ef hún krefst þess. Ennfremur getur hafnarnefnd vísað skipum frá bryggjum, áliti hún það nauðsynlegt vegna veðurs.

Ef ágreiningur rís, ræður hafnarnefnd í hverri röð skip komast að bryggjunni.

12. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal afgreiðslumaður eða skipstjóri, ef þörf gerist, láta ræsta bryggju þá eða uppfyllingu, sem notuð hefir verið. Farist það fyrir, skal hafnarnefnd sjá um að það sé gert á þeirra kostnað.

13. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru, eða látnar í skip, mega ekki liggja á bryggju eða uppfyllingu og eigi annarsstaðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarnefndar. Skal flytja burtu muni og vörur jafnskjótt og hún krefst þess. Hafnarnefnd getur heimtað gjald eftir vörur sem látnar eru liggja á landi hafnarsjóðs.

Gjaldskrá.

14. gr.

a. **Lestargjöld:** Öll skip, seglskip, gufuskip og vélskip, 8 tonna og stærri, hvort sem þau eru tóm, hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestargjald 5 aura

34
10. apríl

af hverri smálest, í hvert sinn er þau leggjast á Skagastrandarhöfn, eða við bryggju, þó með þeim undantekningum er síðar segir. Gjaldið er reiknað af netto burðarmagni skipsins, talið í heilum tonnum, minna broti en ½ er sleppt.

b. **Bryggjugjöld:** Skip og bátar, sem nota bryggju hafnarinnar eða lenda innan takmarka hennar, greiða í bryggjugjald 5 aura af smálest fyrir sólarhring, þó ekki minna en 2 krónur. — Hafnarnefnd er heimilt að lækka gjaldið ef um lengri tíma er að ræða.

c. Vörugjald skal greiða af öllum vörum, sem fluttar eru af eða á skipsfjöl, 2 krónur pr. smálest. Af timbri reiknast 3 aurar af teningsfeti og af tómum tunnum uppsettum 5 aurar. Af flutningi og munum til einstakra manna greiðist minnst 10 aurar af stykki.

d. Fiskibátar, allt að 8 tonnum, greiði andvirði ¼ hlutar, þó ekki minna en 1/40 hluta heildaraflans. Stærri bátar greiði ½ hlut, sé gengið út frá venjulegum hlutafjölda.

e. Festargjöld, af skipum þeim, er nota festar hafnarsjóðs.

Fiskiskip og bátar, er greiða fiskhlut til hafnarsjóðs, eru undanþegin bryggjugjaldi, og vöruflutningabátar, sem notaðir eru til upp- og framskipunar, ef gjald hefir verið greitt af þeim vörum, sbr. c.-lið.

Herskip, varðskip og skemmtiskip, eru undanþegin öllum gjöldum til hafnarinnar.

Póstflutningur, efni og tæki til hafnarinnar, er undanþegið öllum gjöldum. Þó hefir þetta ákvæði ekki áhrif á lestargjald skipsins.

Gjöld þessi má þó ekki innheimta fyr en byrjað er á hafnarmannvirkjunum.

15. gr.

Móttakandi greiði vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar, en sendandi af vörum sem fluttar eru úr höfninni. Ef skip eða bátur hefir ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjald er affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið á höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar í skip. Andvirði fiskhlutar, þess sem umræðir í 14. gr. d. fellur í gjalddaga við hver vertíðarlok.

Hafnarsjóður hefir haldsrétt á vörum unz gjöldin eru að fullu greidd.

16. gr.

Gjaldkeri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hans.

17. gr.

Formaður báts og skipstjóri skips bera ábyrgð á greiðslu hafnargjalda af skipi sínu.

18. gr.

Öll gjöld samkv. reglugerðinni renna í hafnarsjóð.

19. gr.

Öll gjöld til hafnarsjóðs hafa lögtaksrétt og hefir hafnarsjóður haldsrétt í skipum og bátum fyrir gjöldunum. Skipstjóri, sem fer af höfninni án þess að greiða lögmæt hafnargjöld, hefir gerzt sekur um brot á reglugerð þessari.

20. gr.

Þeir, sem skemma bryggjur eða önnur mannvirki hafnarinnar og hafnartæki, eru skyldir til þess að bæta að fullu kostnaðinn við að lagfæra það.

Formaður hafnarnefndar er réttur sóknaraðili skaðabótamála.

21. gr.

Enginn, sem hefir bakað sér refsingu, eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni, meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarnefnd tekur gilda.

Sama gildir um skaðabótaskyld skip.

22. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum frá 20—1000 krónum, nema þyngri hegning liggi við eftir almennum lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð.

23. gr.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara með sem almenn lögreglumál.

24. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 21, 14. júní 1929 til þess að öðlast gildi 1. maí 1934, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. apríl 1934.

Magnús Guðmundsson.

Páll Pálmason.

35
16. apríl

REGLUGERÐ

fyrir Eyjafjarðarsýslu um fjallgöngur og fjárskil.

I. KAFLI

Um stjórn fjárskilamála.

1. gr.

Eyjafjarðarsýsla er eitt fjárskilafélag, sem sýslunefndin skiptir í deildir, eftir því, sem landi hagar og fjöll eða vatnsföll deila.

Yfirstjórn allra félagsdeildanna hefir sýslunefndin á hendi, samkvæmt sveitarstjórnarlögunum 31. maí 1927, en hreppsnefndir hafa á hendi alla stjórn og framkvæmd í fjárskilamálum, innbyrðis í deildunum.

2. gr.

Nú eru tveir eða fleiri hreppar sameinaðir í eina deild, og hefir þá hver hreppsnefnd téð störf á hendi fyrir sinn hrepp, en stendur í sambandi við hinar aðrar hreppsnefndir í þeirri deild, eftir því sem reglugerð þessi mælir fyrir.

3. gr.

Hver hreppsnefnd velur einn mann úr sínum hóp, til þess að hafa yfirstjórn og umsjón allra fjárskilamála í hreppnum og nefnist hann fjárskilastjóri. Hann skal vera sjálfur við aðalrétt í hvert sinn, sem það er réttað, nema gild forföll banni. Setur hann þá hæfan mann í sinn stað með fullu umboði. Ennfremur ber honum að útnefna réttarstjóra við þær aukaréttir, sem kunna að vera í hans fjárskilaumdæmi.

4. gr.

Hver hreppsnefnd skal árlega útnefna einn gangnaforingja fyrir hvert gangnasvæði, sem hún á yfir að ráða.

Enginn getur skorast undan að vera gangnaforingi þrjú ár í senn, nema að hann sanni, að hann sé ófær til þess sökum elli eða heilsuleysis.

5. gr.

Hver hreppsnefnd haldi sérstaka fjárskilabók, staðfesta af oddvita sýslunefndarinnar. Í hana skal rita allt, sem gerist um fjárskilamál í hreppnum.

Sýslunefndin getur heimtað eftirrit af fjárskilabókinni, hvenær sem með þarf.

II. KAFLI

Um afrétti.

6. gr.

Allt land skiptist í öræfi, afrétti og heimalönd. Það skulu vera afréttir, sem áður hafa verið. Hreppsnefnd getur tekið upp nýja afrétti breytt takmörkum afrétta og lagt til þeirra heimalönd eða landshluta einstakra jarða með samþykki landeiganda, umráðamanns og sýslunefndar.

Hver hreppsnefnd skal semja skrá yfir þá afrétti, og tilheyrandi öræfi með tölu og ummerkjum, er hún hefir umsjón með, og skal rita hana í fjárskilabók hreppsins. Þessar skrár skal senda sýslunefnd, er sér um, að þær séu innfærðar í afréttarbók, er tilgreini gangnasvæði innan fjallskilaumdæmis Eyjarfjarðarsýslu.

7. gr.

Heimilt er hreppsnefndum að gangast fyrir því, hverri í sínum hreppi, að gerð sé sveitarsamþykkt um það, að notuð skuli heimalönd til upprekstrar fyrir sauðfé; skal í samþykktinni skýrt tekið fram, hvar þau lönd séu og tala þess fjár, er í þau má reka. Má enginn nota eða leyfa öðrum að nota ógirt heimaland sitt til upprekstrar, nema það sé þannig heimilað með gildandi sveitarsamþykkt, samþykktri af eigendum og umráðamönnum og staðfestri af sýslunefnd, ella tvígjaldi hann fjártoll í sveitarsjóð, þar sem hann á heima, þó ekki yfir 30 aura fyrir kind.

Nú liggja saman heimalönd hreppa, er menn vilja nota til upprekstrar, og geta þá hlutaðeigandi hreppsnefndir gert sameiginlega samþykkt um notkun þeirra.

Heimalönd þau, sem heimild er fyrir að nota til upprekstrar, skal skoða sem afrétti, að því er göngur snertir.

8. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að gera ákvörðun um, hve margt sauðfé, stóðhross og nautgripi má reka á hvern afrétt, sem heyrir undir stjórn hennar. Sé eigandi eða umráðamaður afréttar óánægður með ákvörðunina, er honum heimilt, að skjóta máli sínu til sýslunefndar, er leggur fullnaðarúrskurð á það.

Nú telur hreppsnefnd of margt fé rekið á aðliggjandi utansveitarafrétt. getur hún þá skotið því atriði til fullnaðarúrskurðar sýslunefndar, náist eigi samkomulag við umráðanda afréttarins.

III. KAFLI

Um smölun sauðfjár á vorin.

9. gr.

Hreppsnefndin skipar fyrir um smölun sauðfjár á vorin, bæði í heimalöndum og gangnasvæðum hreppsins.

35 Hver, sem jörð hefir til ábúðar, afréttarnot eða afréttarumráð, er skyldur
16. apríl að taka þátt í vorsmölun eftir því, sem hreppsnefnd þess hrepps er land liggur í, ákveður.

Sama skylda hvílir á fjáreigendum með öll fjárskil að vori sem hausti.

10. gr.

Ef tveir eða fleiri hreppar eru í sama upprekstrarfélagi, skulu vorgöngur á afrétti ákveðnar af hreppsnefndum upprekstrarfélagsins í sameiningu.

11. gr.

Nú finnst órúið fé eftir að samanrekstur og rúningur er afstaðinn, ber þá finnanda 50 aurar fyrir að rýja kind og 30 aurar fyrir að marka lamb. Skal hann gera eiganda full skil á ullinni og grein fyrir marki og öðrum einkennum á hverri kind, sem hann hefir rúið eða markað.

IV. KAFLI

Um rekstur til afrétta og fyrirstöðu.

12. gr.

Hreppsnefnd skal sjá um, að dilkær og geldfé — þegar það er komið úr ullu, — sé rekið til afrétta svo tímanlega á vorin, sem árferði og önnur atvik leyfa.

Heimilt er þó að hafa sauðfé í eyjum og fjárheldum girðingum yfir sumarið.

Áður en fráfærnalömbum er sleppt í upprekstrarland, skal sitja þau ekki skemur en þrjá daga. Reka skal í miðjan afrétt, nema hlutaðeigandi hreppsnefnd hafi öðruvísi ákveðið.

13. gr.

Eigandi eða umráðamaður afréttar er skyldur að sjá um fyrirstöðu afréttarfjár. Allir þeir, sem eiga frjálsan upprekstur á afrétti, skulu kjósa einn mann úr sínum flokki, sem hafi umsjón með afréttinum, og komi fram gagnvart hreppsnefnd, og öðrum, að öllu leyti, sem aðrir afréttareigendur. Skylt er þeim, sem næstir búa afrétti, að varna því eftir föngum ,að fé renni af afréttum í heimahaga manna og ber þeim þóknun fyrir frá umsjónarmanni afrétta. Komi þeir sér ekki saman, ákveður hreppsnefnd gjaldið, þó má skjóta úrskurði hennar til sýslunefndar.

Ef hreppsnefnd verður vör við, eða berst umkvörtun um það, að afréttarfé gangi í heimahögum manna; skal hún þá tafarlaust, ef henni líst þess þörf, gefa út skipun um, að því sé smalað. Skal svo hagað smölun og rekstri, að eigi verði mein að. Reka skal á þann afrétt eða afrétti, sem hreppsnefnd ákveður. Sannist það hvar fyrirstaða hefir verið vanrækt, ber fjártakanda að bera kostnað þann, er af smöluninni leiðir, annars greiðist hann úr viðkomandi sveitarsjóði, eða sveitarsjóðum.

14. gr. 35

Hver eigandi eða umráðamaður upprekstrarlands, er skyldur til að gefa hlutaðeigandi hreppsnefnd — í síðasta lagi fyrir miðsumar ár hvert, — skýrslu um það, hverjir noti afrétti eða upprekstrarland hans það sumar, og fyrir hve margt fé. 16. apríl

Eigendum eða umráðamönnum afrétta ber að láta innansveita- og þar næst innansýslumenn sitja fyrir utansýslubúum með upprekstur fjár í afrétti, enda sé komin beiðni um það, fyrir miðjan maímánuð ár hvert.

V. KAFLI

Um fjárskil á haustin.

15. gr.

Enginn fjáreigandi, sem löglega er sjálfs síns, eða býr á jarðarhundruðum, getur skorast undan að gera gangnaskil, eftir niðurjöfnun hreppsnefndar.

Nú á einhver utansveitarmaður afrétt í hreppnum; skal hann þá gera þar gangnaskil eftir ráðstöfun viðkomandi hreppsnefndar.

Bágstöddum einyrkjum og heilsulitlum má hreppsnefnd veita undanþágu frá göngum. Húsbændur annast fjárskil vegna hjúa sinna.

16. gr.

Nú á einhver að gera fjárskil í öðrum hreppi, en hann er búsettur í, og skal þá hreppsnefndin, þar sem hann á heima, senda hreppsnefnd þeirri, er hlut á að máli, skýrslu um fjáreign hans eftir vorframtali.

Ef tveir eða fleiri hreppar eru í sama upprekstrarfélagi, skulu haustgöngur á þeim gangnasvæðum ákveðnar af hreppsnefndum upprekstarfélagsins í sameiningu.

17. gr.

Hreppsnefnd kveður menn til gangna nægum tíma áður en göngur byrja, skal hún taka fram, hvað hverjum ber að leggja til fjárskila það haust og hverjir eru gangnaforingjar á hverju gangnasvæði.

Sá er gildur gangnamaður, sem gangnaforingi og helmingur gangnamanna með honum tekur gildan. Nú verður einhver gangnamanna sannur að óhlýðni eða hirðuleysi, skal það álitið sem gangnarof og varðar sektum.

Nú vanrækir einhver að gera þau fjárskil, sem á hann hafa skipst, eða leggur ógildan mann til fjárskila og er honum það sjálfrátt, þá varðar það sektum og margfaldast ef brotið er ítrekað.

18. gr.

Þrennar skulu löggöngur á hausti hverju. Löggöngur skulu byrja í hverju afréttarfélagi fyrir sig þá daga, er venja er til (Mánudaginn í 22. viku sumars).

35 16. apríl

Þó getur sýslunefnd eftir áskorun hreppsbúa í einum eða fleirum hreppum ákveðið aðra gangnadaga.

Nú kemur óveður er gangnamenn eru af stað komnir og göngur byrjaðar, svo þær verða að litlu gagni eða engu, getur þá hlutaðeigandi hreppsnefnd skipað fyrir um aðrar göngur þegar í stað, ef þurfa þykir. Hið sama gildir um vorsmölun.

19. gr.

Gangnaforingi skal jafnan vera í göngum, nema lögmæt forföll banni, og setur hann þá fullkominn mann í sinn stað. Skipar hann fyrir um það, hvernig göngum skuli haga. Óhlýðnist gangnamenn skipun gangnaforingja, varðar það sektum.

20. gr.

Gangnaforingjar skulu sjá um, að söfnin séu rekin tafarlaust og með reglu til rétta. Þegar á rétt er komið, skulu þeir kveðja til svo marga menn, sem með þarf til þess að gæta safnsins, þar til réttarstjóri eða fjallskilastjóri hefir tekið við því.

21. gr.

Ef fé festist í ógöngum, skal sá, er finnur það, tafarlaust skýra hlutaðeigandi gangnaforingja frá því, ef það er um fjárskilatíma, en afréttarbónda eða hlutaðeigandi hreppsnefnd að öðrum kosti. Er þeim skylt svo fljótt, sem unnt er, að gera tilraun að bjarga því. Kostnaður sá, er slík björgun hefir í för með sér, greiðist eftir mati hreppsnefndar af eiganda ef hann finnst, en annars úr sveitarsjóði.

Þyki einhverjum sér gerð ofmikil fjárskil, hefir hann rétt á að kæra það fyrir hreppsnefnd, er leggur úrskurð á kæru hans. Úrskurði hreppsnefndar má skjóta til sýslunefndar. Enginn getur, með því að kæra, skotið sér undan að inna af hendi þau fjárskil, er honum voru gerð.

VI. KAFLI

Um smölun heimalanda.

22. gr.

Hver búandi er skyldur að smala heimaland sitt á hverju hausti um leið og almenn fjárskil fara fram, eftir nánari fyrirmælum hreppsnefndar.

Auk þess getur hreppsnefnd skipað fyrir um almenna smölun heimalanda á hausti, þegar henni þykir nauðsyn til bera.

Nú liggja heimalönd tveggja eða fleiri hreppa saman, og skulu þá hlutaðeigandi hreppsnefndir koma sér saman um, hvernig smöluninni skuli hagað á því svæði.

23. gr.

Skyldir eru allir búendur, að hirða fé það, sem finnst í heimalöndum eftir

að fjárskilum er lokið og reka það tafarlaust til næsta bæjar, þá leið, sem það á að ganga. 35 16. apríl

Nú kemur fjárrekstur til manns bæ frá bæ, og er hann skyldur að reka hann tafarlaust þá leið, sem hann á að ganga, nema kvöld sé komið eða óveður, svo eigi þyki fært að reka féð bæja á milli. Skal þá beita fénu eða gefa hey ella, unz fært er að reka það. Sleppi nokkur fjárrekstri, sem á að ganga bæ frá bæ, varðar það sektum.

Hreppsnefnd er heimilt að gefa út nánari fyrirmæli um sauðfjárrekstra, sem ganga bæ frá bæ í hreppunum, sérstaklega um skipting þeirra, og er rétt við niðurjöfnun fjárskilakostnaðar, að taka tillit til þess, er sérstaklega mikill rekstrarþungi hvílir á einhverju býli eða búanda.

VII. KAFLI

Um réttir og réttahöld.

24. gr.

Aðalréttir og aukaréttir skulu vera þær sömu og nú eru. Nú þykir þörf á að fjölga fjárréttum eða færa þær af fyrri stöðvum á annan hentugri stað; skal þá hreppsnefnd sú er hlut á að máli bera það — á almennum sveitarfundi — undir atkvæði fjáreiganda í hreppnum og ræður meiri hluti atkvæða úrslitum. Sé um aðalrétt að ræða, skal auk þess leita samþykkis sýslunefndar. Skyldur er hver að leggja land til undir fjárrétt og hleðsluefni í hana, valdi það ekki skemmdum á yrktu landi. Sanngjarna þóknun úr sveitarsjóði ber landeiganda fyrir jarðrask og átroðning, eftir mati tveggja óvilhallra manna, sem sýslumaður útnefnir, ef samkomulag ekki næst.

25. gr.

Það er skylda allra fjáreiganda, að byggja fjárréttir og nægilega marga dilka í sameiningu og viðhalda þeim svo sem þörf er á.

Skulu þeir leggja þar til skylduvinnu eftir því, sem hlutaðeigandi hreppsnefnd ákveður. Ef einhver vinnur eigi þá skylduvinnu að fjárréttum og dilkum, er á hann skiftist, getur hreppsnefnd látið gera það á kostnað hans. Dilkrúm skal vanalega fylgja jörð þeirri, er það hefir fylgt, eins þó ábúendaskipti verði. Að öðru leyti ráði réttarstjóri dilkrúmi hvers eins.

26. gr.

Réttarstjóri skal vera kominn til réttar, svo snemma sem þörf gerist hvern réttardag. Skipar hann fyrir um hvernig fjárdrætti skal haga í réttinni og heldur mönnum til starfa. Hann bannar stranglega allt slark og óreglu, sem miðar til að hindra starf manna á réttinni.

27. gr.

Hver aukarétt heyrir undir einhverja aðalrétt, og skal þar jafnan réttað næsta dag á undan aðalrétt þeirri, sem hún heyrir undir. Skal úrtíningsfé úr

35 aukaréttum rekið til aðalréttar af mönnum sem hreppsnefndin hefir útnefnt til
16. apríl þess. Fjárskilastjóri kveður hæfilega marga menn til þess, að koma til aðalréttar, árdegis þann dag, sem úrtíningsfé er greitt sundur, þar skulu þeir í öllu vera háðir stjórn fjárskilastjóra.

Enginn má reka burtu úr rétt fyr en úrtíningur er upp dreginn, nema fjárskilastjóri leyfi. Fjárskilastjóri hefir einn öll umráð á réttar- og dilkrúmi aðalréttardaga. Öll óhlýðni og þrjóska við fjallskilastjóra varðar sektum.

28. gr.

Jafnan skal draga sundur fé í aðalréttum eftir markaskrá og í aukaréttum, þar sem þörf er á.

Í eða við almennar fjárréttir að hausti til, má enginn blóðmarka kind án samþykkis réttarstjóra.

Ómerkinga skal draga í sérstakan dilk undir eftirliti réttarstjóra, og skal öllum gefinn kostur á að leiða þangað lambamæður til að helga sér lamb sitt.

Ómerkinga þá, sem enginn finnst eigandi að, ber að fara með samkv. niðurlagi. 30. gr.

VIII. KAFLI

Um hirðing fjár í utanhreppsréttum.

29. gr.

Nokkru á undan fyrstu löggöngum á hausti hverju skal hreppsnefnd kveðja svo marga menn, sem þarf til þess að sækja fé hreppsbúa í utanhreppsréttir. Skulu sendi-menn þessir taka féð, reka það tafarlaust heim í hreppinn og ganga þar frá því samkvæmt ráðstöfun hreppsnefndar.

IX. KAFLI

Um óskilafé.

30. gr.

Fé það, sem kemur fyrir á haustinu og ekki finnst eigandi að, skal ganga til fjárskilastjóra og hirðir hann það sem sitt eigið fé til hausthreppaskila. Þar skal það seljast við uppboð þó með því skilyrði ef eigandi gefur sig fram innan hálfs mánaðar frá söludegi, sé honum heimilt að fá eign sína, ef hann borgar áfallinn kostnað. Fé því, sem þannig er selt, skal hreppstjóri lýsa með mörkum, lit, aldri og einkennum þegar eftir uppboðið og senda sýslumanni lýsingu til birtingar í „Lögbirtingablaðinu". Hafi enginn lýst sig eiganda að fénu áður 6 mánuðir eru liðnir frá prentun auglýsingarinnar, fellur verð þess í sveitarsjóð að frádregnum kostnaði.

Afeyrðar kindur, eða með svo skemmdum mörkum, að enginn geti helgað sér, skal farið með sem eigendalaust fé, og má bjóða það upp ásamt ómerkingum að afstöðnum réttum.

31. gr.

Í hreppi hverjum skal hreppstjóri útnefna tvo menn til að dæma um mörk á óskilafé, sem selt er. Verði ágreiningur um mörkin sker hreppstjóri úr.

Nú ætlar einhver að hann eigi kind, sem þannig er seld, skal þá dómnefndin úrskurða um eignarétt hans á kindinni.

Vilji hann ekki hlíta þeim úrskurði getur hann skotið honum til dómstólanna.

32. gr.

Gæslukaup fyrir kindur þær, sem ekki spyrjast uppi í þriðju göngum, má eigi hærra vera en 10 aurar um sólarhring hvern, talið frá þeim degi er fjallskilastjóri tók þær í gæzlu, eftir þriðju réttir, og borgist það þegar eigandi vitjar fjársins, eða það er selt, annars er gæzlumaður ekki skyldur að sleppa fénu, þó má fjallskilastjóri hækka gjald þetta fyrir fé úr öðrum sýslum til jafnaðar móts við samskonar gjöld í þeim.

X. KAFLI

Um eftirleitir.

33. gr.

Eigi síðar en viku eftir að löggöngum er lokið, skal hreppsnefndin láta gera eftirleit á afréttum hreppsins.

Þegar eftirleit þessari er lokið, skal hverjum heimilt að gera enn eftirleit, ef hreppsnefnd leyfir. Nú finnur einhver fé í eftirleit, skal hann þá fá 4 krónur fyrir hverja óheimta kind, og 2 kr. fyrir hverja þá kind, sem áður hefir verið heimt. Heimilt er þó hreppsnefndum að hækka fundarlaunin fyrir fé úr öðrum sýslum, þó eigi meira, en þar er tekið í fundarlaun. Fyrir fé sem finnst í heimalöndum, skal engin fundarlaun greiða.

Nú sést fé enn í afréttum, eftir að eftirleitum er lokið, skal þá tafarlaust skýra hlutaðeigandi hreppsnefnd frá því, og er henni þá skylt að sjá um, að fénu verði bjargað.

Heimt fé skal eigandi auðkenna á þann hátt er hreppsnefnd ákveður, svo eigi verði síðar á haustin um það villst hvort það er heimt eður eigi.

XI. KAFLI

Um fjármörk.

34. gr.

Hver maður skal auðkenna fé sitt með glöggu marki á eyrum, en ef það er soramarkað, þá brennimerkja það á hornum. Einnig skal brennimerkja sauðfé með hreppsbrennimörkum á vinstra horn og séu þau eins og gildandi markaskrá sýnir.

Enginn fjáreigandi má eiga fleiri mörk en tvö.

35 16. apríl

35. gr.

Sýslunefnd skal láta prenta markaskrá fyrir alla sýsluna fimmta hvert ár og útbýta eftir þörfum.

Nú flytur einhver inn í sýsluna, skal hann þá auglýsa mark sitt hreppsnefndum sýslunnar. Þeir, sem vanrækja að láta prenta mark sitt í markaskrá sýslunnar, mega búast við, að með fé þeirra verði farið sem óskilafé.

XII. KAFLI

Um sölu fjárrekstra.

36. gr.

Hverjum fjárrekstri, sem rekinn er til sölustaðar, skulu fylgja nægilega margir og dugandi menn.

Ávallt þegar rekstrarmenn eru fleiri en einn, skal einn vera yfirmaður þeirra, útnefndur af eigendum fjársins. Ber hann ábyrgð á því, að rekstur hans gangi að öllu leyti vel og reglulega, og ábyrgð gagnvart þeim, er kynnu að kæra til skaðabóta einhver afbrot rekstrarmanna, en hann á aftur aðgang að samrekstrarmönnum sínum, ef þeim er um að kenna. Þó hvílir ábyrgðin aðeins á hverjum einstökum rekstrarmanni, er brýtur, ef brotið er svo vaxið, að það heyri undir almenn hegningarlög.

37. gr.

Allt fé á sölurekstrum, skal vera merkt ákveðnum rekstrarmerkjum, er séu svo glögg að þau sjáist tilsýndar í björtu, og svo traust, að þau máist ekki af, þó að votviðri gangi.

Oddviti sýslunefndar ákveði rekstrarmerkin í samráði við kaupendur fjársins, þannig að hver kaupandi fær sitt ákveðna rekstrarmerki, sem allt fé hans skal merkt með, og öllum öðrum óheimilt að nota. Skal oddviti halda skrá yfir þá fjárkaupendur, sem hafa fengið löggilt rekstrarmerki, og ber þeim að gjalda kr. 5,00 árlega, er renni í sýslusjóð, á meðan merkið er notað. Skylt er oddvita að tilkynna öllum hreppsnefndum sýslunnar og bæjarstjórnum Akureyrar og Siglufjarðar hin lögskráðu merki svo tímanlega á hverju sumri, að þau geti orðið auglýst fyrir almenningi áður en slátrun byrjar.

Skulu rekstrarmenn gæta þess nákvæmlega, að engin kind, sem merkt er rekstrarmerki þeirra, glatist úr rekstrinum, og að engin kind með öðru merki eða ómerkt slæðist inn í hann.

Ef fé heldur sig meðfram vegi, þar sem sölurekstur fer um, mega rekstrarmenn ekki siga hundum á það, heldur aðeins beina því frá með gætni, þannig, að það styggist sem minnst.

Nú sannast það, að einhver hafi beðið tjón af sölurekstri, skal þá formaður rekstrar annast um skaðabætur til hlutaðeiganda, eftir mati tveggja dómkvaddra manna.

XIII. KAFLI

Um stóðhross og nautgripi.

38. gr.

Hver, sem á stóðhross eða trippi, er skyldur að reka þau á afrétt, ekki síðar en 8 vikur af sumri, nema ótíð og gróðurleysi banni og varðar sektum, ef út af er brugðið. Þó er búendum heimilt, að hafa veturgömul trippi sín í heimahögum, sem ganga undir mæðrum sínum, enda séu þær hafðar til brúkunar og í rækilegri gæzlu. Sömuleiðis er búendum heimilt, að hafa trippi sín heima á sumrum, þó eldri séu, ef þeir hafa þau í gripheldum girðingum. Reynist girðingin ótrygg, skal tafarlaust reka trippin til afréttar.

Eigandi eða umráðandi afrétta, sem hefir trippi á þeim, er skyldur að sjá um nægilega fyrirstöðu að viðlögðum sektum. Nú vanrækir hann þá skyldu sína, skal þá hreppsnefnd skyld að útvega nægilega fyrirstöðu á hans kostnað. Eigandi eða umráðamaður afréttar, skal senda hreppsnefndinni áður en tíu vikur eru af sumri, lýsingu af öllum þeim trippum, sem hann hefir undir höndum, með mörkum, lit, aldri og einkennum.

39. gr.

Nú ganga trippi samt á sumrum úr afréttum og í heimalönd manna, geta þá þeir, er fyrir ágangi verða, tekið þau í gæzlu og gert eigendum eða umráðamönnum afréttarins, eða þeim, sem fyrirstöðu hafa á hendi, aðvart, áður en 2 sólarhringar eru liðnir, um að útleysa þau gegn gæzlukaupi, allt að 50 aurum um sólarhringinn, fyrir hvert hross. Auk þess skal og borga ómakslaun fyrir tilkynning. Gjald þetta skal greitt um leið og hrossanna er vitjað, annars er gæzlumaður ekki skyldur að afhenda þau. Vitji eigendur eða umráðamenn eigi hrossa sinna innan þriggja sólarhringa frá tilkynning skal farið með þau sem annað óskilafé.

Gangi nú stóðhross af utansýsluafréttum á afrétti eða heimalönd sýslunnar, getur hreppsnefnd sú, sem hlut á að máli, kært yfir því til sýslunefndar eða oddvita hennar. Skal þá sýslunefndin eða oddviti hennar svo fljótt sem við verður komið, semja við nágrannasýsluna um, að áganginum verði afstýrt. Náist ekki slíkur samningur, eða sé hann brotinn, má taka ágangshrossin í hald, hvenær sem er að sumrinu og fara með þau samkvæmt 42. gr.

40. gr.

Ef trippi koma fyrir í heimalöndum á vorin eða sumrin, sem ekki finnst eigandi að, skal þá farið með þau sem annað óskilafé.

41. gr.

Hreppsnefndin í hverjum hreppi skal gera ráðstafanir til þess, að stóðhrossum sé smalað af afréttum og heimalöndum áður en löggöngum er lokið, og dregin sundur í réttum.

35
16. apríl

42. gr.

Með óskilahross og trippi, sem eftir verða við réttir og koma fyrir af fjalllöndum eða í byggðum eftir réttir, skal fara með sem annað óskilafé, nema hrossin skulu seljast með þriggja vikna auglýsingafresti fyrir söludag. Nú þarf að hafa þau í vöktun, og má þá vöktunargjald hvers um sig vera allt að 50 aurar um sólarhring, nema í húsi og heygjöf þurfi að vera.

43. gr.

Um lausagöngu graðhesta og graðneyta gilda ákvæði laga nr. 32, 14. ágúst 1931, um búfjárrækt.

XIV. KAFLI

Almenn ákvæði.

44. gr.

Sýslunefnd sker úr öllum ágreiningi milli hreppsnefnda út af fjárskilamálum. Ennfremur geta einstaka menn komið sér saman um, að leggja slík ágreiningsmál undir úrskurð sýslunefndar.

45. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 10 til 200 kr. eftir málavöxtum, og renna þær í sveitarsjóð þess hrepps þar sem brotið er framið.

46. gr.

Mál sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal fara með sem almenn lögreglumál.

47. gr.

Með reglugerð þessari er numin úr gildi reglugerð fyrir Eyjafjarðarsýslu um fjallgöngur og fjárskil frá 7. júní 1921 og reglugerð um viðbót við hana frá 19. sept. 1929.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, 31. maí 1927, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. maí 1934.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. apríl 1934.

Þorsteinn Briem.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

36
24. apríl

um kynblöndun á íslenzku sauðfé og karakúlfé.

Samkvæmt lögum nr. 27, 8. september 1931, er heimila ríkisstjórninni að flytja inn sauðfé til sláturfjárbóta og lögum nr. 9, 25. janúar 1934 um viðauka við þau lög, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Hver sem vill blanda saman íslenzku sauðfé og karakúlfé, í einn eða fleiri ættliði, skal sækja um leyfi til þess til atvinnumálaráðherra.

Í leyfisbeiðninni skal leyfisbeiðandi taka fram, hve langt hann hyggst að halda kynblönduninni áfram, og með hvaða takmarki fyrir augum.

Leyfisbeiðninni skulu fylgja meðmæli frá hlutaðeigandi hreppstjóra eða fulltrúa, er atvinnumálaráðherra skipar samkv. 16. gr. laga nr. 27, 8. september 1931. Þar sem enginn fulltrúi er skipaður kemur hreppstjóri í hans stað í öllum greinum.

2. gr.

Nú hefir atvinnumálaráðherra veitt leyfi til áframhaldandi kynblöndunar samkvæmt 1. gr. og er leyfishafa þá heimilt að ala upp til undaneldis gimbrarlömb, sem að meiru eða minna leyti eru karakúlkynblendingar, og nota þá til tímgunar með karakúlhrútum.

Karakúlkind kallast í reglugerð þessari hver sú kind sem er að 31/32 hluta eða meira af hreinu karakúlkyni.

3. gr.

Öll þau lömb, sem að nokkru eða öllu eru af karakúlkyni, og ekki er lógað innan 7 daga eftir að þau fæðast skal merkja með eyrnamerkjum, en Búnaðarfélag Íslands ákveði hvaða gerð eyrnamerkja skuli notuð. Á hverju merki skulu vera einn eða fleiri bókstafir, er sýni frá hvaða búi kindin er, og tölustafir er sýni hvaða einstaklingur kindin er á búinu.

4. gr.

Hver sem rekur blendingsrækt, samkvæmt 1. gr. skal færa ættbók yfir féð, eftir fyrirmynd frá atvinnumálaráðuneytinu. Fé það, sem fært er í ættbókina, sem sjálfstæðir einstaklingar, eru:

1. Karakúlhrútar.
2. Íslenzkar ær, sem notaðar eru til blöndunarinnar.
3. Allir kynblendingar, sem verða svo gamlir, að þeir hljóti ættbókartölu.

Til upplýsinga um hvern einstakling skal tekið fram:

a. Auðkennisstafir og ættbókartala hlutaðeigandi einstaklings.

36 b. Fæðingardagur og ár.
24. apríl c. Foreldrar, tilgreint með auðkennisstöfum og ættbókartölum.
d. Litur, svo og stutt lýsing er einkum sé miðuð við að skýra, til hvorrar ættarinnar einstaklingnum bregður meira.
e. Með hvaða kind einstaklingurinn blandar blóði og hvenær, og hvað afkomandi varð (kyn lambsins og ættbókartala eða söluverð skinnsins).
f. Ef kindin er seld, þá hverjum hún var seld og hvenær og við hvaða verði.
g. Ef kindin er ekki seld, þá hver urðu endalok hennar og hvenær.

Auk þessa færi fjáreigandi inn í ættbókina þær aðrar upplýsingar er til kunna að falla og hann telur máli skifta.

Útdrátt úr ættbókinni, eftir fyrirmynd frá atvinnumálaráðuneytinu, skal árlega senda Búnaðarfélagi Íslands. Á skýrslu þessa skal fulltrúi votta að ættbókin sé rétt færð og útdrátturinn sé réttur.

5. gr.

Hver kind skal bera það auðkenni sem hún hlaut lamb, á meðan hún lifir, ef ekki verða eigendaskipti að henni, en verði eigendaskipti fær kindin nýtt auðkenni, hjá síðari eigandanum, en getið skal þess í ættbókum beggja eigendanna, hvaða ættbókartölu hún hafði á hverjum stað.

Þegar kind er lógað, sem var auðkend sem að framan greinir, þá skal eigandi sýna fulltrúa eyrun með merkinu í, og skal þá fulltrúi fullvissa sig um, að skráð hafi verið í ættbókina um afdrif kindarinnar.

Um hver áramót skal fulltrúi rita í ættbókina vottorð um að hún hafi verið rétt færð og fullnægi kröfum Búnaðarfélags Íslands, en ef svo er ekki, þá skal hann tilfæra, hvað hann telji þar ófullnægjandi upplýst og hvað rangt. Afrit af vottorði þessu sendir hann Búnaðarfélagi Íslands.

6. gr.

Nú tapast merki úr karakúlkynblending eða kynblendingslamb tapast ómerkt, og skal þá eigandi tilkynna fulltrúa það, en jafnframt því skal hann geta þess í ættbókinni. Geti eigandi kindarinnar síðar sannað fyrir fulltrúa, hver kindin er, (hvaða ættbókartölu hún bar), þá skal merkja hana þeirri tölu aftur, eða tölu sem hún átti að hafa, ef um lamb er að ræða, og geta þess jafnframt í ættbókinni að þettað hafi verið gert.

Geti eigandi kindarinnar ekki sannað fyrir fulltrúa hvert sé hin rétta ættbókartala hennar, þá skal hún auðkend með nýrri tölu og má eigandi setja hana á vetur svo að hún eigi lömb, en lóga skal þeim þegar að vori, nema eigandi geti sannað það fyrir fulltrúa, svo að hann telji fullnægjandi, að kindin sé ekki ver ættuð en þær ær hans er hann má ala undan.

7. gr.

Enginn sem kynblöndun stundar samkvæmt reglugerð þessari má selja kynblendinga til lífs öðrum en þeim, sem sýna að þeir hafi fengið leyfi atvinnu-

málaráðherra til kynblöndunar. Skal þá skrá í ættbók seljanda, hvaða kindur hafi verið seldar og hverjum þær voru seldar, en í ættbók kaupanda skal skráð hvaða kindur hann keypti og hver var seljandi þeirra. Skylt er bæði seljanda og kaupanda að tilkynna fulltrúa viðskiptin tafarlaust.

8. gr.

Þegar kynblöndun er svo langt komið, að kynblendingslömbin eru að minnsta kosti að 31/32 hluta af hreinu karakúlkyni er heimilt að ala upp hrútlömb til tímgunar með íslenzkum ám, eða karakúlkynblendingum, og gilda um afkvæmi þess fjár hinar sömu reglur, sem að framan greinir.

9. gr.

Skylt er sérhverjum, er stundar kynblöndun með karakúlfé, hvort sem er einblendingsrækt eða áframhaldandi kynblöndun, að senda Búnaðarfélagi Íslands árlegar skýrslur um þá fjárrækt, á þeim tíma og þannig gerðar sem félagið áskilur enda lætur það gera skýrsluform í þessu skyni á kostnað ríkissjóðs og sendir þau hlutaðeigendum í tæka tíð.

10. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum til ríkissjóðs allt að 2000 krónum.

Verði einhver uppvís að óleyfilegri kynblöndun, eða öðru alvarlegu broti á þessari reglugerð skulu auk sekta, hrútar þeir, sem hann á af karakúlkyni, vera upptækir og eign ríkissjóðs. Auk þess skal svipta hann leyfi því sem um ræðir í 1. gr.

11. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 24. apríl 1934.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.

37 25. apríl **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir „Samkomuhússjóð Lifrarbræðslufélags Norðfirðinga“, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómsmálaráðherra 25. apríl 1934. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Samkomuhússjóð Lifrarbræðslufélags Norðfirðinga, Norðfirði.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Samkomuhússjóður Lifrarbræðslufélags Norðfirðinga.

2. gr.

Sjóðurinn er myndaður af Lifrarbræðslufélagi Norðfirðinga. Er stofnfé hans nú 1. jan. 1934 kr. 7825,57 — sjö þúsund átta hundruð tuttugu og fimm krónur og 57 aurar. Vextir skulu árlega lagðir við höfuðstól, sbr. þó 4. gr.

3. gr.

Allt að tveim þriðju af höfuðstól sjóðsins á hverjum tíma skal heimilt að lána til byggingar eða kaupa á samkomuhúsi í Neskaupstað, þó ekki yfir 6/10 — sex tíundu — af kaup- eða kostnaðarverði hússins, gegn fyrsta veðrétti í húsinu ásamt lóðarréttindum, enda sé húsið eign hins opinbera eða félags er árlega nýtur styrks af opinberu fé. Lánið eða lánin endurgreiðist með jöfnum afborgunum á tuttugu árum, ef húsið er timburhús, en á þrjátíu árum ef húsið er steinhús, ásamt ársvöxtum sem miðaðir skulu við sparisjóðs innlánsvexti á hverjum tíma.

Að öðru leyti skal sjóðurinn ávaxtaður í Sparisjóði Norðfjarðar. Hætti sú stofnun störfum skal fé sjóðsins ávaxtað í tryggri lánsstofnun er heimilisfang hefir innan núverandi takmarka Neskaupstaðar, ef slík lánsstofnun er til eða verður til. Starfi engin trygg lánsstofnun í Neskaupstað skal féð ávaxtað í tryggri lánsstofnun innan Austfirðingafjórðungs.

4. gr.

Þegar höfuðstóll sjóðsins er orðinn 15000,00 kr. — fimmtán þúsund krónur — skal heimilt að verja helmingi árlegra vaxta til þess að styrkja rekstur kvikmyndahúss í Neskaupstað, þó því aðeins að kvikmyndahúsið sé rekið af hinu opinbera eða félagi sem nýtur árlegs styrks af opinberu fé. Telji stjórn sjóðsins það heppilegra skal heimilt að verja vaxtahlutanum til styrktar íþróttaiðkana í Neskaupstað, enda standi slíkar íþróttaiðkanir undir eftirliti bæjarstjórnar og njóti styrks af opinberu fé. Þegar höfuðstóll sjóðsins er orðinn 50000.00 — fimmtíu þúsund krónur — skal heimilt að verja allt að ¾ vaxta í sama skyni.

5. gr.

Sjóðnum skal stjórnað af þriggja manna nefnd. Í henni eiga sæti: bæjarstjóri Neskaupstaðar, sjálfkjörinn, einn maður kosinn af bæjarstjórn og einn kosinn af aðalfundi Lifrarbræðslufélags Norðfirðinga, báðir til fjögra ára í senn. Hætti Lifrarbræðslufélagið störfum, eða leggist niður, kýs bæjarstjórn báða nefndarmennina. 37 25. apríl

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal stjórn sjóðsins ljúka reikningum í janúarmánuði ár hvert.

7. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Þannig samþykkt á aðalfundi Lifrarbræðslufélags Norðfirðinga 21. jan. 1934.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Sjúkrahússjóð Lifrarbræðslufélags Norðfirðinga", útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómsmálaráðherra 25. apríl 1934. Skipulagsskráin er þannig: 38 25. apríl

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sjúkrahússjóð Lifrarbræðslufélags Norðfirðinga, Norðfirði.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Sjúkrahússjóður Lifrarbræðslufélags Norðfirðinga.

2. gr.

Sjóðurinn er myndaður af Lifrarbræðslufélagi Norðfirðinga. Er stofnfé hans nú kr. 8028.66. Vextir skulu árlega lagðir við höfuðstól.

3. gr.

Sjóðnum skal varið til kaupa og viðhalds innanstokksmuna í sjúkrahús Neskaupstaðar, svo og áhalda og muna er sjúklingum getur að haldi komið og miða að fullkomnun stofnunarinnar sem sjúkrahúss, án þess að gangi í rekstur eða viðhald sjálfrar byggingarinnar. Loks má síðarmeir, þegar hérgreindum tilgangi þykir fullnægt svo að vel sé, veita úr sjóðnum styrk fátækum sjúklingum

38 er dvelja á sjúkrahúsinu og heimili eiga innan takmarka Neskaupstaðar, allt
25. apríl samkvæmt fyrirmælum 4. gr.

4. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 9000,00 — níu þúsund krónur — er heimilt að veita allt að 5000,00 kr. í einu til ráðstöfunar samkv. 3. gr. Eftir það má ekki skerða sjóðinn meir en svo að höfuðstóll verði ávallt 5000,00 kr. — fimm þúsund krónur — og aldrei veita minni upphæð í einu en kr. 500,00.

5. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í Sparisjóði Norðfjarðar. Hætti sú stofnun störfum á einn eða annan hátt, skal fé sjóðsins ávaxtast í tryggri lánsstofnun er heimili hefir innan núverandi takmarka Neskaupstaðar ef slík lánsstofnun er til eða verður til. Starfi engin slík lánsstofnun í Neskaupstað skal féð ávaxtað í tryggri lánsstofnun innan Austfirðingafjórðungs.

6. gr.

Sjóðnum skal stjórnað af þriggja manna nefnd. Í henni eiga sæti: Bæjarstjóri Neskaupstaðar, sjálfkjörinn, einn maður kosinn af bæjarstjórn Neskaupstaðar og einn kosinn af aðalfundi Lifrarbræðslufélags Norðfirðinga, báðir til 4 ára í senn. Hætti lifrarbræðslufélagið störfum eða leggist niður kýs bæjarstjórn báða mennina.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal stjórn sjóðsins ljúka reikningunum í janúarmánuði ár hvert.

8. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Þannig samþykkt á aðalfundi Lifrarbræðslufélags Norðfirðinga 21. jan. 1934.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Kristínar Hólmfríðar Tryggvadóttur", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 2. maí 1934. Skipulagsskráin er þannig: **39** 2. maí

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Kristínar Hólmfríðar Tryggvadóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Minningarsjóður Kristínar Hólmfríðar Tryggvadóttur" og er stofnaður í minningu um ungfrú Kristínu H. Tryggvadóttur, f. 28. febr. 1906, d. 28. maí 1926 í heilsuhælinu á Vífilsstöðum.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður á greftrunardegi hinnar látnu, 11. júní 1926, af Tryggva Kristinssyni frá Yztabæ. Er stofnfé kr. 500,00.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla kirkjusöng í Svarfaðardalshreppi.

4. gr.

Sjóðnum skal stjórnað af sveitarstjórn Svarfaðardalshrepps. Skal stjórnin á ári hverju semja reikning hans ásamt reikningum sveitarsjóðs og færa innstæðu hans á eignaskýrslu hreppsreiknings, en sýslunefnd endurskoðar reikninginn og úrskurðar.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má ávaxta í Sparisjóði Svarfdæla. Þó getur stjórn hans ef henni þurfa þykir, gert ráðstafanir til breytinga í þessu efni, en ætíð sjá um, að trygging fyrir geymslu sjóðsins og vöxtum sé nægileg og örugg. Allir vextir skulu lagðir við höfuðstólinn ásamt gjöfum og öðrum tekjum, er sjóðnum kann að hlotnast, þar til ársvextir sjóðsins nema minnst 250,00 krónum. Má þá verja 200 krónum til útborgunar á ári hverju. Eftir það skal að minnsta kosti leggja 50 krónur á ári við höfuðstólinn af vöxtum hans, unz ársvextir nema 2000 kr. Þá fyrst má verja þeim öllum til útborgunar, en höfuðstólinn má aldrei skerða.

6. gr.

Fé því, sem fellur til útborgunar úr sjóðnum, skal verja til þess að launa *einn* organleikara við þær kirkjur Svarfdæla, sem hafa meiri hluta allra sveitarmanna í söfnuðum sínum, gegn því, að söfnuðir þeir er hann starfar fyrir greiði honum að minnsta kosti 200 krónur í árslaun. Þegar samanlögð árslaun organleikara nema 1000 krónum, má verja því sem þá verður afgangs af útborgunar-

39 fé sjóðsins, annaðhvort til þóknunar handa söngflokki innan sveitar eða til
2. maí styrktar söngnámi. Engum organleikara má greiða laun af fé sjóðsins, nema hann með vottorði gefnu og undirrituðu af organleikara í Reykjavíkurdómkirkju sanni, að hann sé fullhæfur til þess að gegna organleikarastarfi, og hafi auk þess til að bera nokkra þekkingu og kunnáttu í hljómfræði. Skyldur skal og organleikarinn til þess, að halda opinbera samsöngva að minnsta kosti þrisvar sinnum á ári og skal ágóði af einum þeirra ætíð ganga til sjóðsins, og leggst þá við höfuðstól hans.

7. gr.

Úthlutun úr sjóðnum skal fara fram 28. febrúar ár hvert. Annast hana þrír menn. Sóknarpresturinn í Vallaprestakalli og tveir menn aðrir, sem kjörnir eru af sveitarbúum. Skulu menn þessir kosnir til þriggja ára í senn, en að öðru leyti fer um kjörgengi þeirra og kosningu sem til hreppsnefndar væri.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

p. t. Völlum í Svarfaðardal, 11. júní 1926.

Tryggvi Kristinsson
frá Yztabæ.

40 **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Jóhanns Jóns-
2. maí sonar frá Ytra-Hvarfi", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 2. maí 1934. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jóhanns Jónssonar frá Ytra-Hvarfi.

1. gr.

Sjóður þessi var stofnaður af Jóhanni Jónssyni, hreppstjóra á Ytra-Hvarfi, til verklegra framkvæmda í hreppnum með samskotum á þjóðhátíð, sem haldin var í Svarfaðardal árið 1874, að upphæð kr. 400.00 — fjögur hundruð krónur — sem nú eru kr. 1021.03. Hann skal heita: „Minningarsjóður Jóhanns Jónssonar frá Ytra-Hvarfi", fæddur 31. október 1836, dáinn 4. maí 1901.

2. gr.

Sjóðurinn er eign Svarfaðardalshrepps og stjórnað af hreppsnefnd. Árlega ber að semja reikning sjóðsins og innfæra hann í gerðabók hreppsins jafnhliða sveitarsjóðsreikningi. Skal innstæða hans færð inn á eignaskýrslu hreppsins og sendast til sýslunefndar með sveitarsjóðsreikningi til endurskoðunar og úrskurðar.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða; ber hreppsnefndinni að ávaxta hann á tryggan og öruggan hátt. Allir vextir skulu lagðir við höfuðstólinn, sem og tillög úr sveitarsjóði, gjafir og áheit, sem honum kann að hlotnast, unz hann er orðinn 10000 — tíu þúsund — krónur. Eftir það leggst 1/10 ársvaxta við höfuðstólinn, en 9/10 þeirra falla til útborgunar. 40 2. maí

4. gr.

Þeim hluta vaxtanna, sem falla til útborgunar, skal varið til skógræktar í Svarfaðardalshreppi. Ber hreppsnefndinni að hlutast til um það, að til framkvæmda komi með skógræktina. Er það á hennar valdi hvernig fénu er varið, hvort það er veitt einstökum mönnum, félögum eða hreppurinn sjálfur framkvæmir skógrækt, allt eftir því, sem hún álítur gefi beztan árangur. Ætíð skal þess gætt að útborgunarféð sé ekki fyrirfram bundið þegar hreppsnefndarkosningar fara fram.

5. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Dalvík, 8. apríl 1933.

Í hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps.

Jóh. Jóhannesson. *Gestur Vilhjálmsson.* *Jóh. Páll Jónsson.*
Helgi Símonarson. *Óskar Kr. Júlíusson.* *Þorsteinn Antonsson.*
Gamalíel Hjartarson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Styrktarsjóð Þórunnar ljósmóður Hjörleifsdóttur", útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómsmálaráðherra 2. maí 1934. Skipulagsskráin er þannig: 41 2. maí

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Þórunnar ljósmóður Hjörleifsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Þórunnar ljósmóður Hjörleifsdóttur. Stofnfé hans er 225,00 — tvö hundruð tuttugu og fimm — krónur, en er nú krónur 478,20. Fjárupphæð þessi var afhent Þórunni í samsæti, sem Svarfdælingar héldu henni haustið 1915, er hún hafði sagt af sér ljósmóðurstörfum.

41 2. gr.

2. maí Tilgangur sjóðsins er sá, að bæta úr brýnustu þörfum fátækra sængurkvenna í Svarfaðardalshreppi.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða eða það sem við hann er lagt og ber hreppsnefndinni að ávaxta hann á öruggan og góðan hátt. Allir vextir skulu lagðir við höfuðstólinn unz hann er orðinn 2000,00 — tvö þúsund — krónur. Eftir það leggst ¼ ársvaxtanna við höfuðstólinn, en ¾ þeirra falla til útborgunar. Verði eitthvert ár enginn styrkur veittur, leggjast allir vextirnir við höfuðstólinn.

4. gr.

Sjóðnum skal stjórnað af sveitarstjórn Svarfaðardalshrepps. Skal hreppsnefndin árlega semja reikning hans, ásamt sveitarsjóðsreikningi og færa innstæðu sjóðsins á eignaskýrslu hreppsreiknings, en sýslunefnd endurskoðar og úrskurðar reikninginn. Reikning sjóðsins ber að innfæra í dagbók hreppsins.

5. gr.

Úthlutun styrktarfjár úr sjóðnum hafa á hendi þrjár konur, sem kosnar eru meirihlutakosningu á lögmætum sveitarfundi til óákveðins tíma. Ætíð skal kosning fram fara, þegar sæti losnar í nefndinni í auða sætið.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

Dalvík, 1. maí 1933.

Stefán Kristinsson. *Jóh. Jóhannesson.*

42 **AUGLÝSING**

11. maí **um staðfestingu kirkjumálaráðuneytisins á reglugerð um barnavernd.**

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 76 frá 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 43 frá 1932, um barnavernd, er hér með staðfest eftirfarandi

REGLUGERÐ

um barnavernd.

1. gr.

Í umdæmi Barnaverndarnefndar Vestmannaeyja er bannað að selja börnum og unglingum innan 16 ára aldurs tóbak. Bannað er að gefa þeim það eða stuðla á nokkurn hátt að því, að þau neyti þess.

2. gr. 42

Bönnuð er sala á spítubrjóstsykri (sleikjum), svo og öðrum sælgætisvörum, 11. maí
sem að dómi barnaverndarnefndar eru óhollar börnum og unglingum.

3. gr.

Leiksýningar og aðrar opinberar skemmtanir, sem ætlast er til að börnum og unglingum innan 16 ára sé seldur aðgangur að skulu sýndar barnaverndarnefndinni áður, eða henni gefnar nákvæmar upplýsingar um þær, og getur nefndin, ef henni þykir ástæða til, bannað, að börn og unglingar fái aðgang að þeim.

4. gr.

Börn og unglingar innan 16 ára aldurs mega ekki selja blöð og bækur, nema að fengnu leyfi barnaverndarnefndar.

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum sem brot gegn barnaverndarlögum. Skal fara með mál vegna þeirra brota eins og segir um slík mál í barnaverndarlögunum.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. júní 1934.

Þetta er hérmeð birt öllum þeim, er hlut eiga að máli, til eftirbreytni.

Í kirkjumálaráðuneytinu, 11. maí 1934.

Þorsteinn Briem.

Gissur Bergsteinsson.

REGLUGERÐ 43

15. maí

um breyting á reglugerð um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Siglufjarðarkaupstað.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 3. gr. komi ný mgr. svohljóðandi:

Vatnsskattsskylda framleiðslu má eigi flytja burt af framleiðslustaðnum fyr en vatnsskattur af henni er greiddur, að viðlögðum sektum samkvæmt 16. gr. reglugerðarinnar, ef útaf bregður.

2. gr.

6. gr. reglugerðarinnar skal vera svohljóðandi:

Gjaldárið er almanaksárið. Gjalddagi vatnsskatts húsa er 1. júlí árlega, og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir líðandi ár. Vatnsskattur samkvæmt 1.

43 15. maí

mgr. 3. gr. fellur í gjalddaga um leið og varan er framleidd. Vatnsskattur samkvæmt 5. gr. fellur í gjalddaga þegar krafist er.

Reglugerð þessi staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. júní þ. á. og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. maí 1934.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

44 16. maí

SAMÞYKKT

um sýsluvegasjóð í Skagafjarðarsýslu.

1. gr.

Í Skagafjarðarsýslu skal vera sýsluvegasjóður. Kostnaður við þær vegabætur, sem að lögum hvíla á sýslufélaginu, greiðist úr sýsluvegasjóði.

2. gr.

Sýsluvegir eru þessir:

1. Skarðavegur frá Sauðárkróki á fjallveginn við Heiði í Gönguskörðum.
2. Laxárdalsvegur frá fjallveginum á Grímsáreyrum um Laxárdal að Selvík.
3. Skagavegur frá Selárbrú út efri leið að Hrauni á Skaga.
4. Reykjarstrandarvegur frá Gönguskarðsárbrú að Reykjum á Reykjarströnd.
5. Borgarvegur frá þjóðveginum austan og sunnan Sauðár að svonefndu Vatnsviki við Áshildarholtsvatn.
6. Sæmundarhlíðarvegur frá þjóðveginum hjá Geitagerði fram Sæmundarhlíð á þjóðveginn á Vatnsskarði.
7. Goðdalavegur frá þjóðveginum sunnan við Reykjarhól að Goðdölum.
8. Kjálkavegur í Akrahreppi frá Norðurá að Merkigili.
9. Blönduhlíðarvegur frá brúnni á austurkvísl Héraðsvatna eða þjóðveginum við hana fram Viðvíkursveit og Blönduhlíð á þjóðveginn utan við Dalsá.
10. Miðvegur frá þjóðveginum hjá Garði í Hegranesi um Ríp að Eyhildarholti.
11. Hólavegur frá Kolkuósi um Hóla, að Hofsá.
12. Kolbeinsdalsvegur frá Kolkubrú að Unastöðum í Kolbeinsdal.
13. Bæjarvegur frá Hofsósi að Bæ á Höfðaströnd.
14. Sléttuhlíðarvegur frá þjóðveginum við Tjarnir um Skálá að Heiði.
15. Flókadalsvegur frá þjóðveginum vestan Sandóss fram Flókadal vestan Flókadalsvatns að Krakavöllum.
16. Fljótavegur frá Fljótaárbrú austan Fljótaár að Þrasastöðum í Stíflu.
17. Unadalsvegur frá Hofsósi að Bjarnastöðum í Unadal.

18. Deildardalsvegur frá þjóðveginum norðan Grafaróss, að Kambi í Deildardal. 44
19. Hrolleifsdalsvegur frá Lónkoti fram Hrolleifsdal að Geirmundarhóli. 16. maí

3. gr.

Fjárframlögum sýsluvegasjóðs til vegagerða skal svo hagað, að sýsluvegirnir eru flokkaðir sem hér segir:

Í fyrsta flokki eru: Blönduhlíðarvegur, Fljótavegur, Goðdalavegur, Hólavegur, Laxárdalsvegur, Skarðavegur, Sæmundarhlíðarvegur, Unadalsvegur, Sléttuhlíðarvegur og Flókadalsvegur.

Í öðrum flokki eru allir aðrir sýsluvegir.

Þegar gerð veganna í fyrsta flokki er það langt komin, að ekki er eftir að fullgera nema sjö vegi, getur sýslunefnd með einfaldri samþykkt á aðalfundi sínum, flutt vegi úr öðrum flokki upp í fyrsta flokk, þó svo að aldrei séu fleiri en átta ófullgerðir vegir í þessum vegaflokki.

Til annars flokks vega verður ekki lagt meira fé úr sýsluvegasjóði en sem svarar því fé, er hlutaðeigandi hreppar leggja fram, auk árlegs vegaskatts, og tilsvarandi tillögum ríkissjóðs. Kostnaður af framkvæmdarstjórn vegagerðanna, rannsókn og mælingum vegastæða, eftirliti með vegum og lögboðinni slysatryggingu, skal þó greiddur af hinum árlega vegaskatti fyrir alla sýsluvegina.

4. gr.

Í sýsluvegasjóð skal árlega greiða vegaskatt af öllum fasteignum innan sýslunnar. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi, af ábúanda hverrar jarðar, en eiganda hverrar lóðar eða húseignar í kauptúnum. Sýslunefnd ákveður jafnan fyrir eitt ár í senn, hve hár skuli vera það ár vegaskattur af löndum og lóðum, en hann má ekki lægri vera en 2 af hverju þúsundi virðingarverðs samkvæmt fasteignamati, og ekki hærra en 6 af þúsundi, nema samþykki atvinnumálaráðherra komi til í hvert sinn. Vegaskattur af húseignum skal jafnan vera helmingi lægri að hlutfallstölu en ákveðið hefir verið af löndum og lóðum.

Þegar ákveðinn er vegaskattur, skal miðað við áætluð gjöld til vegabóta, að viðbættri eyðslu umfram áætlun undanfarið ár, en að frádregnu áætluðu tillagi ríkissjóðs, ef til þess kemur. Með gjöldum til vegabóta teljast vextir og afborganir af lánum, teknum til vegabóta, enda hafi ráðherra samþykkt lánskjörin, að fengnum tillögum vegamálastjóra.

5. gr.

Vegaskatt er hreppsfélagi heimilt að greiða úr sveitarsjóði að nokkru eða öllu leyti, sé það samþykkt með meiri hluta atkvæða á lögmætum sveitarfundi, og sé tilkynningin þar um komin til sýslumanns fyrir 1. apríl. Gildir sú skipun þar til fundarsamþykktin er úr gildi numin með sama hætti. Jafnar þá hreppsnefnd skattinn niður með útsvörum og skal hreppsnefndaroddviti greiða hann sýslumanni á gjalddaga. Nú á einhver fasteign í hreppi eða kauptúni, aðra en jörð í fastri ábúð, eða jarðarhluta, en er þar ekki útsvarsskyldur, eða greiðir þar

44 ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir, og er þá hreppsnefnd heimilt að krefja
16. maí eiganda um vegaskattinn sem þúsundgjald af eigninni, eftir því sem hann er ákveðinn að lögum. — Gjald þetta hefir lögtaksrétt.

6. gr.

Í verzlunarstöðum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skal hálfur vegaskatturinn renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til vegagerðar innanhrepps á því ári að minnsta kosti jafnmiklu fé úr sveitarsjóði, sem hálfum vegaskattinum nemur, auk hreppsvegagjaldsins, sem það hefir til umráða það ár, og hafi hreppsvegagjaldið þá verið ákveðið með hámarki þeirrar upphæðar á hvern verkfæran mann, sem lög heimila.

7. gr.

Heimilt er sýslunefnd að ákveða einstökum hreppum misjafnt hundraðsgjald, er miðist við þau afnot, sem hrepparnir hafa af vegakerfi sýslunnar. Hámark hundraðsgjalds í einstökum hreppi má ekki vera meira en 30% hærra en meðalgjald í sýslunni.

Nú er lagður akvegur í gegnum hreppinn, eða aðallega í þágu hreppsins, og heimilast þá sýslunefnd að setja sem skilyrði fyrir framlagi úr sýslusjóði, að hreppurinn sjái um, að lagt verði fé á móti, eftir nánari ákvæðum sýslunefndar í hvert sinn.

8. gr.

Undanskildar vegaskatti eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús og þinghús. Ráðherra er heimilt, eftir tillögum sýslunefndar, að undanþiggja skattgjaldi að einhverju leyti eyjajarðir ásamt húsum og lóðum á þeim, ennfremur að ívilna að einhverju leyti jörðum, sem eru í mjög háu mati vegna sjávarhlunninda.

Á sama hátt má einnig ívilna þeim kauptúnum, sem eru sérstakt hreppsfélag og hafa lítil not af vegakerfi sýslunnar.

9. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar, og gilda þar um sömu reglur, sem um sýslusjóðsreikninginn. Á sýslufundi skal semja áætlun um tekjur og gjöld sýsluvegasjóðsins yfirstandandi ár.

Afrit af sýsluvegareikningnum, ásamt áætluninni, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að afstöðnum sýslufundi.

10. gr.

Sýsluvegasjóðurinn skal fá tillög úr ríkissjóði, og fer jafnan um rétt hans til þeirra eftir því sem ákveðið er í gildandi lögum um samþykktir um sýsluvegasjóði.

11. gr. 44

Gjöld samkvæmt samþykkt þessari má taka lögtaki eftir lögum nr. 29, 16. des. 1885, sbr. 12. gr. laga nr. 102, 19. júní 1933. 16. maí

12. gr.

Fyrir brot gegn samþykkt þessari skal sá, er sekur verður, greiða 10—200 kr. sekt, er rennur í sýsluvegasjóð, og fer um mál út af slíkum brotum sem um almenn lögreglumál.

13. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt eru úr gildi numdar samþykkt nr. 14, 16. marz 1926, og samþykkt um breyting á þeirri samþykkt, nr. 86, 18. sept. 1930, og ennfremur samþykkt nr. 89, 19. sept. 1931 um viðauka við samþykkt nr. 86, 18. sept. 1930, allar um sýsluvegasjóð í Skagafjarðarsýslu.

Samþykkt þessi sem sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, staðfestist hérmeð til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. maí 1934.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.

SAMÞYKKT 45

fyrir Skagafjarðarsýslu um mat á heyi til sölu. 23. maí

1. gr.

Allt hey, sem selt er kaupanda utanhrepps, eða út úr sýslunni, skal metið og flokkað nema aðiljar séu á annað sáttir. Heymatsmenn skulu einnig hafa umsjón með geymslu heys á matsstað, útskipunarstað eða útflutningsstað eftir að mat fer fram, og með útskipun og meðferð þess, sé það flutt með skipum, og er seljendum eða útflytjendum heysins skylt að hlýða fyrirmælum þeirra um það.

Hverri heysendingu skal fylgja vottorð um að heyið sé skoðað og flokkað eftir réttum reglum og samrit af vottorðunum fylgja farmskránni ef heyið er sent með skipum. Skal sýslumaður eða hreppstjóri votta með undirskrift sinni, að löglega skipaður heymatsmaður hafi undirritað vottorðið í viðurvist hans. Sé hreppstjóri sjálfur seljandi heysins eða ekki búsettur á sölustaðnum eða útflutningsstaðnum, skipar sýslumaður til þess annan hæfan mann.

45 2. gr.

23. maí Heymatsmenn skulu vera á eftirgreindum stöðum: Selvík, Sauðárkróki, Kolkuósi, Hofsósi, Lónkotsmöl og Haganesvík. Þó skal heimilt að skipa heymatsmenn víðar ef þurfa þykir.

Heymat skal að jafnaði fara fram á útskipunar- eða útflutningshöfn, en sé um innanhéraðssölu að ræða, fari matið fram þar sem kaupandi og seljandi koma sér saman um.

3. gr.

Lögreglustjóri skipar heymatsmenn og setur þeim erindisbréf og skulu þeir undirrita drengskaparheit áður en þeir taka við starfi sínu, um að þeir vilji rækja það af alúð og samvizkusemi.

4. gr.

Allt hey skal flokkað eftir tegundum þannig: Taða, stör og fergin, annað úthey.

Hverri tegund skal ennfremur skipað í þrjá matsflokka eftir gæðum, svo sem hér segir:

I. Snemmslegið og vel verkað hey.

II. Snemmslegið miðurverkað hey og síðslegið velverkað hey.

III. Síðslegið miðurverkað hey og snemmslegið illaverkað hey.

Taða eða stör og fergin, sem blandað er öðrum heytegundum svo nokkru nemi, telst aldrei til fyrsta flokks.

5. gr.

Allt metið hey, sem flytja á út úr sýslunni, skal vírbundið eða umbúið á álíka tryggilegan hátt, og skal merkja hvern bagga sem hér segir:

Taða skal merkt eftir gæðum þannig: T. I, T. II og T. III.

Stör og fergin: S. F. I., S. F. II. og S. F. III.

Annað úthey: Ú. I., Ú. II. og Ú. III.

Heymatsmenn meta hvort hey er í fullnægjandi umbúðum og sjá um merkingu þess.

6. gr.

Matsmenn fá í kaup eina krónu um hverja klukkustund, sem þeir eru við vinnu, hvort sem það er við mat heys eða umsjón við geymslu og framskipun þess. Þurfi þeir að ferðast til matsstarfa ber þeim sama borgun fyrir þann tíma, sem þeir þurfa til ferðarinnar fram og aftur, svo og farkostur.

Sendandi annast um greiðslu matskostnaðar.

7. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 500 krónum, er renna í sýslusjóð.

Með mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

8. gr. 45

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. júní 1934 og gildir fyrir Skagafjarðarsýslu. 23. maí

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 21, 19. júní 1933, um samþykktir um mat á heyi til sölu, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. maí 1934.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.

AUGLÝSING 46

25. maí

um útflutning á verkuðum og óverkuðum saltfiski.

Samkvæmt heimild í bráðabirgðalögum, útgefnum í dag, skipar ríkisstjórnin svo fyrir, að viðlögðum sektum samkvæmt lögunum, að leyfi atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins þurfi til þess að mega selja eða flytja til útlanda verkaðan eða óverkaðan saltfisk.

Þetta birtist hérmeð hlutaðeigendum til leiðbeiningar og eftirbreytni.

Í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 25. maí 1934.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

SAMÞYKKT 47

28. maí

um lendingarsjóð í Súgandafirði.

1. gr.

Af bátum allt að 60 smálestum, er ganga til fiskveiða í Súgandafirði, skal greiða í lendingarsjóð 1 kr. 50 au. af hverjum vertíðarhlut.

2. gr.

Hreppsnefnd innheimtir gjald þetta; greiðir formaður það í peningum af óskiptum afla áður en vertíð er lokið í Súgandafirði. Innheimtumaður fær 2% í innheimtulaun. Taka má gjald þetta lögtaki, sé það eigi greitt á réttum tíma.

3. gr.

Hreppsnefndaroddviti semur skýrslu yfir alla þá, er gjald þetta eiga að greiða, og sendir hana oddvita sýslunefndar ásamt gjaldinu fyrir lok októbermánaðar ár hvert.

47 28. maí

4. gr.

Gjaldið skal ávaxtað í sérstökum sjóði, er kallast Lendingarsjóður Súgfirðinga. Annast sýslunefnd um að sjóðurinn sé ávaxtaður á sem tryggastan og haganlegastan hátt.

5. gr.

Fé sjóðsins skal varið til að bæta bátalegu eða lendingu á Suðureyri í Súgandafirði.

Sýslunefnd ákveður, hvenær byrja skal að veita fé úr sjóðnum til lendingarbóta.

Samþykkt þessi, sem sýslunefndin í Vestur-Ísafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 86, 14. nóvember 1917 til að öðlast gildi 15. júní þ. á. og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. maí 1934.

Magnús Guðmundsson.

Páll Pálmason.

48 29. maí

REGLUGERÐ

um fjallskil í Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

Norður-Múlasýsla og Seyðisfjarðarkaupstaður eru eitt fjallskilaumdæmi. Hver hreppur er deild út af fyrir sig og kaupstaðurinn ein. Sýslunefndin hefir yfirstjórn allra fjallskila sýslunnar, en hreppsnefnd framkvæmd þeirra í hverjum hreppi og bæjarstjórn yfirstjórn og framkvæmd í kaupstaðnum.

2. gr.

Sveitarstjórn í hverri deild hefir heimild til að annast um, að þeir fjáreigendur, sem ekki hafa nægilegt upprekstrarland fyrir sig, fái upprekstur annarsstaðar. Er hver fjáreigandi skyldur til að reka fé sitt á fjall samkvæmt því, sem sveitarstjórn kann að skipa fyrir, nema hann hafi útvegað sér upprekstrarland annarsstaðar. Sveitarstjórnin í hverri deild getur samið reglur um notkun upprekstrarlands. Hver fjáreigandi, sem eigi á afréttarland, skal skyldur að borga hagatoll, 6 aura fyrir hverja kind.

3. gr.

Hver fjáreigandi skal hafa eyrnamark á fé sínu, og ef hann vill, eða ef mark verður óglöggt, brennimark eða önnur skýlaus einkenni. Auk þess skal hann merkja allt fé sitt veturgamalt og eldra, sem hornótt er, framan á hægra horni

með brennimarki þeirrar deildar, sem hann verður heimilisfastur í í fardögum, og jafnframt afmá brennimark þeirrar deildar, er hann flutti úr. Sama eyrnamark má hann hafa á hestum sínum. Mark sitt skal hann hafa svo skýrt, að auðþekkt sé. Enginn má hafa tölustafi fyrir brennimark, nema bókstafur fylgi með. Hver deild skal hafa brennimark. Eyrnamark má hún og hafa. 48 29. maí

4. gr.

Brennimörk deildanna skulu vera þessi:

Í Skeggjastaðahreppi N 1, í Vopnafjarðarhreppi N 2, í Jökuldalshreppi N 3, í Hlíðarhreppi N 4, í Tunguhreppi N 5, í Fellahreppi N 6, í Fljótsdalshreppi N 7, í Hjaltastaðahreppi N 8, í Borgarfjarðarhreppi N 9, í Loðmundarfjarðarhreppi N 10, í Seyðisfjarðarhreppi N 11, í Seyðisfjarðarkaupstað N 12.

Hverjir sem kaupa fé til slátrunnar á haustum, skulu þegar merkja hverja kind þannig, að í hnakka hennar aftan við sneggjuna sé snoðklipptur blettur ekki minni en 3 cm. á lengd og 1 cm. á breidd. Auk þess skulu þeir merkja fé sitt með öðru skýru einkenni, anilínlit eða máli, þó ekki þannig, að hið klippta merki óskýrist.

5. gr.

Hver sveitarstjórn skal safna mörkum til nýrrar markaskrár að minnsta kosti 5. hvert ár eftir ákvörðun sýslunefndar. Skal hver markeigandi skýra greinilega frá mörkum sínum. Sýslunefndin sér um niðurröðun markanna og prentun markaskrár. Enginn hefir leyfi til að taka upp mörk þau, er standa í gildandi markaskrá umdæmisins. Sýslunefndin ákveður í hvert sinn, er mörkum er safnað, hvað borga skuli fyrir hvert mark. Hver markeigandi sendi borgun með marki sínu til þess, er mörkum safnar í hans sveitarfélagi, og rennur það gjald í sýslusjóð, en hann ber kostnað allan við söfnun markanna og prentun markaskrárinnar. Um leið og nýrri markaskrá er útbýtt, falla úr gildi gömlu markaskrárnar, sem sönnunargagn fyrir eignarrétti til fjár. Nýjum markaskrám skal útbýtt svo tímanlega, að þær séu komnar á hvert heimili fyrir fyrstu löggöngur á því ári, sem þær eiga að koma til notkunar. Sýslunefndin felur einum eða fleiri mönnum að ráða fram úr sammerkingum í samráði við þann, er mörkum raðar, þar til markadómur verður stofnaður.

6. gr.

Ef menn nota mörk, sem eigi eru prentuð í gildandi markaskrá sýslunnar og kaupstaðarins, t. d. þeir, sem flutzt hafa úr öðrum sýslum, þá skulu þeir lýsa mörkum sínum fyrir sveitarstjórn þar, sem þeir eru búsettir. Mörk þessi skal sveitarstjórnin skrifa upp og senda fyrir 1. júlí til sveitastjórna í nálægum sveitum, þar sem helzt eru fjársamgöngur. Ber hlutaðeigandi sveitarstjórn að sjá um ,að mörkin sé færð inn í gildandi markaskrár, sem notaðar eru við töfludrátt í lögréttum og við hreppaskil.

Eigi maður, sem flytur í fjallskilaumdæmið, sammerkt manni, sem fyrir er, og hagi svo til, að misdráttur geti stafað af, þá skal sá, sem aðfluttur er, breyta

48 marki sínu. Þeir sem vanrækja þetta, mega búast við, að farið verði með fé
29. maí þeirra sem vafafé.

7. gr.

Þrennar skulu vera löggöngur hvert haust með viku millibili eða því sem næst. Skal hin fyrsta byrja 21. september eða fyrsta virkan dag á eftir, ef hann ber upp á helgan dag. Þriðju göngu er heimilt að fresta, ef sérstök nauðsyn krefur.

Þyki sveitarstjórn ástæða til vegna óskyggilegs tíðarfars, fjárlógunar eða annara orsaka, getur hún skipað göngur fyr en ákveðið er, og skulu menn skyldir að hlýða því. Í löggöngum skal smala bæði afréttir og heimalönd.

Verði samkomulag milli sveitastjórna í fjórum hreppum af sjö vestan Lagarfljóts og þremur af fimm, þar með talinn Seyðisfjarðarkaupstaður, austan Lagarfljóts um frestun gangna eina viku, þá er það heimilt, enda tilkynni þær hinum sveitunum það fyrir 5. september. Fljótsdalshreppur er þó undanþeginn samkomulagi um frestun gangna, að því er snertir öræfin. Skipa má sveitarstjórn aukagöngur, þegar hún álítur nauðsynlegt.

8. gr.

Að því leyti sem sveitarstjórn ákveður ekki, að heimalönd sé smöluð með afréttum, skal hverjum ábúanda skylt án endurgjalds að smala heimaland sitt haust og vor svo oft, sem sveitarstjórn fyrirskipar, þótt hann eigi þar ekki fé sjálfur. Þá er og öllum skylt að gera skil á rekstrum.

9. gr.

Skipa mega sveitarstjórnir eina eða tvær löggöngur vor hvert, þegar safna þarf fé til rúnings, og skulu sveitastjórnir koma sér fyrirfram saman um göngudagana, þar sem samgöngur fjár eru sveita milli. Þá ber bændum að gera skil á rekstrum samkvæmt 11. og 25. gr.

10. gr.

Fjallskilaskyldur er hver fjáreigandi, hvort heldur er búandi eða búlaus. Skal hver fjáreigandi skyldur að gera fjallskil á þann hátt, er sveitarstjórn ákveður, enda tiltekur hún kaup göngumanna. Sveitarstjórn skal meta allan fjallskilakostnað til peningaverðs og jafna honum á alla sauðfjáreigendur þannig, að jafnt gjald komi fyrir hverja kind. Sveitarstjórn ræður menn auk þess til gangna, ef þörf gerist. Um smölun heimalanda og kostnað fer samkvæmt 8. gr.

11. gr.

Sveitarstjórn skal kveðja menn með gönguseðlum nógu snemma fyrirfram til hverra gangna, ákveða þar, hverjir leggja skuli menn á hvert gangnasvæði og kjósa gangnaforingja, eða fela það á hendur hverjum flokki gangnamanna. Þar skal og nefna til þá menn, er fara skulu í réttir næstu sveita til að sækja fé sinnar sveitar, sömuleiðis þá, er reka skulu fé til næstu sveita. Oddvitar þeirra sveita, er afréttarlönd eiga saman, skulu í tíma koma sér saman um tilhögun

á fjallskilum og fjárrekstrum milli sveitanna. Geti slíkt samkomulag ekki komist á um rekstra milli hreppa eftir göngur, skal hver hreppur reka fé sér til næsta hrepps, sem fé á. Sé ekki yfir fjallveg að fara, þá eru ábúendur jarða á hreppamörkum skyldir til að reka rekstra endurgjaldslaust til næstu sveitar eftir þeim boðleiðum, sem hlutaðeigandi sveitastjórnir koma sér saman um. Sama gildir, þótt yfir sýslumörk sé að fara. 48 29. maí

12. gr.

Sá sem rekur fé á utansveitarafrétt, tilkynni það sveitarstjórn fyrir 15. júlí ár hvert. Vanræki hann þetta, getur sveitarstjórn gert honum full fjárskil heima í sveitinni fyrir allt sitt fé. Sama gildir um þá menn, er rétt hafa til að taka utansveitarfé í afréttarland sitt, enda sé þeir skyldir að tilgreina tölu fjárins og annast öll skil á því.

13. gr.

Utan venjulegs ljósatíma er gæzlumanni heimilt að hafa vélar stöðvarinnar í gangi ef þess er óskað. Skal sá, sem þess óskar, greiða fyrir hverja klukkustund, eða brot úr klukkustund kr. 10,00.

Mælisleiga skal vera kr. 0,75 á mánuði.

3. gr.

Gjald fyrir rafmagn um mæli greiðist mánaðarlega um leið og lesið er af mælinum.

76 28. júní

Sé gjald fyrir rafmagn eigi greitt innan viku frá gjalddaga, má slíta sambandi við hlutaðeigandi notanda, þó ekki fyr en þrem dögum eftir að skrifleg tilkynning þess efnis er afhent honum, eða afhent í húsnæði því, sem lögnin er í.

Hver húseigandi ber ábyrgð á greiðslu fyrir rafmagn, sem notað er í húsi hans.

Gjöld öll fyrir rafmagn má taka lögtaki.

4. gr.

Með gjaldskrá þessari er numin úr gildi gjaldskrá nr. 10 7. marz 1928, fyrir rafmagn í Keflavíkurkauptúni.

Gjaldskrá þessi staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 83, 23. júní 1932 til að öðlast gildi 1. júlí þ. á., og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. júní 1934.

Þorsteinn Breim.

Vigfús Einarsson.

77 28. júní

REGLUGERÐ

um notkun og meðferð rafmagns í Keflavík.

1. gr.

Rafveitan er eign Keflavíkurhrepps og hefir hreppsnefndin yfirstjórn hennar. Hún kýs 2 menn í rafveitunefnd til þriggja ára í senn, en hreppsnefndaroddviti er sjálfkjörinn formaður nefndarinnar.

2. gr.

Rafveitan selur öllum rafmagn innan þess svæðis, sem taugar rafveitunnar ná yfir, að svo miklu leyti, sem afl stöðvarinnar nægir, samkvæmt reglugerð þessari.

3. gr.

Rafmagnið er eingöngu ætlað til lýsingar. Þó má hreppsnefnd selja til annara afnota afl það, sem stöðin getur framleitt umfram það, sem til ljósa þarf, ef það á engan hátt truflar rekstur stöðvarinnar til ljósa.

4. gr.

Reksturstími stöðvarinnar til ljósaframleiðslu er frá 15. ágúst til 15. maí, frá þeim tíma dags, sem ljósa er þörf og þar til á morgnana að vinnubjart er orðið.

5. gr.

Þann tíma, sem ljósa er þörf, sbr. 4. gr., má ekki taka strauminn af nema nauðsyn beri til, og svo stuttan tíma sem unnt er. 28. júní

6. gr.

Rafveitan lætur leggja heimtaugar frá aðallögnum inn fyrir húsvegg að stofnvari og eru heimtaugar eign hennar, en umsækjandi skal að verkinu loknu greiða tengingargjald, er hreppsnefnd ákveður. Umsækjandi skal láta einhvern löggiltan rafvirkja leggja húsveiturnar, en sjálfur stendur hann straum af kostnaðinum.

7. gr.

Hver, sem óskar að fá hús sitt raflagt, eða breytt eldri raflagningu, skal senda rafveitunefnd skriflega beiðni um það með upplýsingum um, hve mikið rafmagn hann óskar að fá, ásamt öðrum upplýsingum nauðsynlegum fyrir raflagninguna. Rafveitunefnd ákveður því næst, hvort raflagningin eða breytingin skuli leyfð og skal hún hafa tekið ákvörðun um það og tilkynnt umsækjanda innan þriggja vikna frá því að hún fekk umsóknina.

8. gr.

Nú hefir hús verið raflagt, áhöld sett í hús eða breytt eldri raflagningu, og má þá ekki taka húsveituna til afnota fyr en sá, er gætir stöðvarinnar, hefir skoðað og reynt hana og vottað, að hún sé fullnægjandi. Ef raflagningin reynist ófullnægjandi, skal hlutaðeigandi rafvirki laga hana þannig að hún sé fullnægjandi.

9. gr.

Allir rafmagnsnotendur skulu hafa straummæla, er rafveitan leggur til. Eru mælarnir eign rafveitunnar og leigir hún þá út fyrir ákveðið gjald. Þó er þeim, er nú eiga straummæla, heimilt að nota þá framvegis.

10. gr.

Enginn má, án leyfis rafveitunefndar, taka rafmagn úr taugakerfi rafveitunnar né aðhafast neitt það, er valdið geti skemmdum á raftaugum eða öðrum raftækjum, sem notuð eru í sambandi við taugarnar, hvort heldur er í húsi hans eða utan þess. Brjóti nokkur gegn ákvæði þessu skal hann greiða fullar skaðabætur og sæta sektum, sé verkið ekki þannig vaxið, að þyngri refsing liggi við því samkvæmt hegningarlögunum.

11. gr.

Notendur skulu sjá um, að tæki þeirra og lagnir séu ætíð í góðu lagi og skýra stöðvarstjóra frá sérhverri bilun, sem þeir verða varir við. Notendur skulu varast að taka sundur ljóstækin, straumsnerlana, tengihylkin o. s. frv.

12. gr.

Rafveitunefnd er heimilt að banna notkun gamalla lampa eða annara þeirra áhalda, er að hennar áliti eru ótrygg eða til tálmunar góðum rekstri.

77
28. júní

13. gr.

Starfsmenn rafveitunnar og meðlimir rafveitunefndar skulu ætíð hafa frjálsan aðgang til þess að skoða innlagnir og tæki þau, er notuð eru, til þess að ganga úr skugga um, hvort allt sé í góðu lagi. Ef gallar reynast á en þeir eru ekki bættir getur stöðvarstjóri rofið sambandið við húsið þar til aðgerð hefir farið fram.

14. gr.

Vanræki rafmagnsnotandi skyldur þær, sem á honum hvíla, samkvæmt reglugerð þessari, eða virði að vettugi fyrirskipanir rafveitustjóra, er rafveitustjóra heimilt að slíta sambandi við hann til bráðabirgða og að fullu með samþykki rafveitunefndar. Notandi ber fulla ábyrgð á öllum afleiðingum sem af vanrækslunni kunna að stafa.

15. gr.

Enginn má taka að sér að leggja raflagnir, utan húss eða innan, eða breyta eldri raflögnum eða framkvæma á sína ábyrgð nokkurt það verk, er snertir taugakerfi rafveitunnar, nema hann sé löggiltur af rafmagnseftirliti ríkisins til þess að framkvæma slík störf.

16. gr.

Rafveitan hefir einkasölu á rafmagnsperum og öryggjum á rafveitusvæðinu.

17. gr.

Hreppsnefnd ræður, að fengnum tillögum rafveitunefndar stöðvarstjóra og aðra starfsmenn rafveitunnar og ákveður laun þeirra.

Stöðvarstjóri á rétt á að sitja fundi rafmagnsnefndar og taka þátt í umræðum, en atkvæðisrétt hefir hann ekki nema hann sé í nefndinni.

18. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 200 krónum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

19. gr.

Með reglugerð þessari er numin úr gildi reglugerð nr. 100, 22. nóv. 1923, um notkun og meðferð rafmagns í Keflavík.

Reglugerð þessi staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 83, 23. júní 1932 til þess að öðlast gildi 1. júlí þ. á., og birtist til eftirbreytni öllum, þeim sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. júní 1934.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Barnasjóð Stafholtstungnahrepps“, útgefin á venjulegan hátt, ad mandatum af dómsmálaráðherra 30. júní 1934. Skipulagsskráin er þannig: **78** 30. júní

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir „Barnasjóð Stafholtstungnahrepps“.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Barnasjóður Stafholtstungnahrepps.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af gjöf Þuríðar Jónasdóttur frá Flóðatanga að upphæð kr. 5420.93 — fimm þúsund fjögur hundruð og tuttugu 93/100 — krónur og gjöf Ragnheiðar Magnúsdóttur, Vonarstræti 8, Reykjavík, að upphæð kr. 2994.83 — tvö þúsund níu hundruð níutíu og fjórar 83/100 — krónur.

3. gr.

Sjóðinn skal auka með því, sem hér segir:

a. ⅕ af árlegum vöxtum hans,
b. gjöfum og áheitum, sem honum kunna að áskotnast,
c. ágóða af skemmtunum eða öðru því, er hreppsnefndin eða aðrir kunna að gangast fyrir honum til styrktar.

Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 50000 — fimmtíu þúsund krónur — er þó ekki lengur skylt að leggja vextina við höfuðstólinn. Fjórir fimmtu vaxtanna koma árlega til úthlutunar, þó hefir hreppsnefndin heimild til að leggja þá við höfuðstólinn eitt og eitt ár í senn, ef meiri hluti hennar samþykkir það. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er: Að styrkja uppeldi og fræðslu efnalítilla barna í hreppnum allt að 18 ára aldri. Þyki ekki ástæða til að veita styrkinn að öllu eða nokkru leyti slíkum börnum, má veita hann fátækum gamalmennum, sem búsett eru í hreppnum og ekki hafa af sveit þegið, en fyrir sérstök veikindi eða óhöpp orðið ófær til að sjá fyrir sér sjálf.

5. gr.

Hreppsnefnd Stafholtstungnahrepps hefir alla stjórn sjóðsins á hendi. Skal hún ávaxta hann á tryggum stað, samkvæmt tillögum sýslunefndar, ef óskað er.

Ef harðindi eða fjárhagsörðugleika ber að höndum, eða hreppurinn leggur í dýr nytjafyrirtæki, hefir hann þó heimild til að ávaxta sjóðinn sjálfur, þó ekki

78 með lægri vöxtum en annarsstaðar fást, en greiða skal hann æfinlega aftur svo
30. júní fljótt sem verða má.

6. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Í hreppsnefnd Stafholtstungnahrepps.

P.t. Svarfhóli 28. okt. 1933.

Brynjólfur Guðbrandsson. Kristján F. Björnsson. Tómas Jónasson.
Jósef Björnsson.

AUGLÝSING

79 **um reglugerð um próf leikfimi- og íþróttakennara.**
11. júlí

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 24 frá 1932, um próf leikfimi- og íþróttakennara, er hérmeð sett eftirfarandi

REGLUGERÐ

um próf leikfimi- og íþróttakennara.

I. KAFLI

1. gr.

Hver sá, er fær fast starf eða er ráðinn sem leikfimi- eða íþróttakennari við ríkisskóla, eða skóla, sem ríkið styrkir, skal hafa lokið prófi eftir fyrirmælum þessarar reglugerðar.

2. gr.

Kennaraefni skulu prófuð í eftirtöldum greinum og sýna með prófinu, að þau hafi numið í hverri grein, það sem þar er til tekið.

a. Í íslenzku: Undirstöðuatriði málfræðinnar og sæmilega stafsetningu.
b. Í uppeldisfræði: Hið sama og kennt er í Kennaraskólanum.
c. Í líkamsfræði: Yfirlit um líkamsbyggingu mannsins svo sem beinagrind, beinatenging, vöðva, innyfli, hjarta, æðar, heila og taugakerfi, húð og skynfæri.
d. Í lífeðlisfræði: Starf helztu líffæra mannsins og áhrif íþrótta á það.
e. Í heilsufræði: Aðalatriði almennrar heilsufræði, svo og „Hjálp í viðlögum".
f. Í fimleikafræði: Flokkun fimleikaæfinga og áhrif þeirra, æfingaval fyrir börn, konur og karla.
g. Í fimleikaiðkunum: Æfingar við hæfi barna, unglinga og fullorðinna, bæði byrjenda og þeirra, sem lengra eru á veg komnir. Kunnáttu í að segja fyrir,

stjórna leikfimi og raða æfingum á stundaskrá. Ennfremur kennslu ýmissa leika, bæði úti og inni. 79 11. júlí

h. Í öðrum íþróttum, svo sem glímu, skíðaferðum, skautahlaupi, hlaupum, stökkum og köstum, eftir því sem til verður tekið síðar, þegar við verður komið.

II. KAFLI

3. gr.

Um kennarapróf í sundi, sem hægt er að taka sérstaklega, gilda þessar reglur:

Sundkennaraefnin verða að standast próf í þeim bóklegu greinum, sem taldar eru í 2. gr. a—e hér að framan.

Próftaki þarf ennfremur að geta leyst af hendi það, sem hér segir:

1. 1000 metra sund, frjáls aðferð, tímahámark 26 mín.
2. 100 metra bringusund, tímahámark 1 mín. og 55 sek.
3. 100 metra baksund, tímahámark 2 mín. 30 sek.
4. 50 metra skriðsund, tímahámark 50 sek.

   Við einkunnagjöf í ofangreindu skal, auk hraðans, taka fullt tillit til annara atriða, er sundleikni tilheyra.
5. 25 metra björgunarsund með mann, báðir klæddir venjulegum klæðnaði, synda með bjargþega með þrennskonar tökum á honum, leysa sig frá honum með þrem leysiaðferðum.

   Dómarar ákveða hvaða björgunartök og leysiaðferðir verða viðhafðar. Klæðnaður karla sé þannig:

   Sundbolur, nærskyrta, nærbuxur, sokkar, utanyfirbuxur, milliskyrta flibbi og bindi, stígvélaskór, vesti og jakki.

   Kvenfólk sé klætt í: Sundföt, skyrtu, mjaðmarbelti, sokka, stígvélaskó, kjól (eða pils og blússu).
6. Köfun frá yfirborði vatns eftir 5 kg. hlut á 2½—4 metra dýpi, ennfremur köfun eftir manni til botns á sama dýpi.
7. 25 metra kafsund, steypa má sér til kafsins.
8. Flot án hreyfingar í 1 mínútu.
9. Afklæðzt á sundi úr venjulegum klæðnaði og stígvélum.
10. Kunna að varpa sér til sunds, bæði af venjulegum vatnsbakka og úr 2½ m. hæð áfram.
11. Sýna munnlega og verklega að hann sé fullkomlega fær um að kenna ofangreindar sundaðferðir og önnur atriði sem prófið nær yfir, og einnig allar þekktustu björgunar- og leyfisaðferðir, meðferð á manni, sem legið hefir við drukknun og öndunaraðferðir Schäfers (endurlífgunartilraunir).

79 11. júlí

III. KAFLI

4. gr.

Prófnefnd þriggja manna, og skipar kennslumálaráðherra einn, fræðslumálastjóri annan og Íþróttasamband Íslands hinn þriðja, sér um próf þessi að öllu leyti og dæmir um kunnáttu, svo og um það, hvort áður fengin prófgögn séu fullnægjandi. Nefndin er skipuð til þriggja ára í senn. Prófnefndin getur kvatt sér til aðstoðar sérfróða menn, er henni þykir við þurfa, t. d. til þess að prófa og dæma um bóklegar greinar.

5. gr.

Prófið skal að jafnaði halda í Reykjavík að vorinu. Þó má halda próf annarsstaðar með leyfi ráðuneytisins.

6. gr.

Einstakir menn, sem íþróttapróf vilja taka, skulu sækja um það til prófnefndar. Ber henni þá að kynna sér, hvort umsækjandi hefir numið það, sem tilgreint er í reglugerð þessari. Ef þeim skilyrðum virðist fullnægt, kveður hún á um stað og stund til prófsins.

7. gr.

Í bóklegu greinunum mega prófin vera hvort sem vill skrifleg eða munnleg.

Einkunnir skulu gefnar frá 0—10 og eigi smærri brot en fjórðu partar, sérstök einkunn fyrir hverja grein. Gefa skal einnig sérstaka einkunn fyrir kennslu.

Í sundprófinu er gefin sérstök einkunn fyrir hvern töluliðanna í 3. gr.

8. gr.

Til þess að standast próf þarf að minnsta kosti 5 í aðaleinkunn og 5 í kennslueinkunn og ekki lægra en 3 í neinni grein.

9. gr.

Einkunnir upp að 5 teljast þriðja einkunn; 5 og upp í 7 önnur einkunn; 7 og upp að 9 fyrsta einkunn; 9 og upp í 10 ágætiseinkunn.

10. gr.

Sá, er staðizt hefir próf, fær um það skírteini, undirritað af prófnefnd.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. september næstkomandi.

Þetta er hérmeð birt til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í kennslumálaráðuneytinu, 11. júlí 1934.

Þorsteinn Briem.

Gissur Bergsteinsson.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1934.

Auglýsing um breyting á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, undirskrifuð af kirkjumálaráðherra 25. júlí 1934 (nr. 46).

Opið bréf, er stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar mánudaginn 1. október 1934, undirskrifað af konungi 5. september 1934 (nr. 47).

Konungsbréf um setning Alþingi, undirskrifað af konungi sama dag (nr. 48).

Bráðabirgðalög um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl., undirskrifuð af konungi 10. september 1934 (nr. 49).

Konungleg auglýsing um að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs, undirskrifuð af konungi 16. september 1934 (nr. 50).

Konungleg auglýsing um að konungur sé kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn, undirskrifuð af konungi 23. september 1934 (nr. 51).

Bráðabirgðalög um bann gegn útflutningi á síldarmjöli, undirskrifuð af konungi 26. september 1934 (nr. 52).

Auglýsing um breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, undirskrifuð af kennslumálaráðherra 8. október 1934 (nr. 53).

SAMÞYKKT

80
2. júlí

um breyting á samþykkt um lokunartíma rakarastofa og hárgreiðslustofa í Reykjavík.

1. gr.

Fyrirsögn samþykktarinnar verði: Samþykkt um lokunartíma rakarastofa, hárgreiðslustofa og ljósmyndastofa í Reykjavík.

2. gr.

Í stað orðanna „rakarastofum og hárgreiðslustofum“ í 1. gr. og 2. gr. samþykktarinnar komi: rakarastofum, hárgreiðslustofum og ljósmyndastofum.

3. gr.

Í stað orðanna „rakarastofur eða hárgreiðslustofur“ í 3. gr. og 4. gr. samþykktarinnar komi: rakarastofur, hárgreiðslustofur eða ljósmyndastofur.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar, samkvæmt lögum nr. 79, 14. nóvember 1917, um samþykktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum, sbr. lög nr. 9, 2. ágúst 1918 og lög nr. 12, 7. maí 1928 um viðauka við þau lög, er hérmeð staðfest til að öðlast gildi 15. júlí 1934.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 2. júlí 1934.

Þorsteinn Briem. *Vigfús Einarsson.*

22

8. dag októbermánaðar 1934. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

81
17. júlí

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir bátabryggjuna og bátauppsátrið á Blönduósi frá 30. ágúst 1932.

Stafliður c. í 2. tölulið 6. greinar reglugerðarinnar orðist svo:
Fyrir að ferma eða afferma bát við bryggjuna greiðist 6 — sex — krónur, sé báturinn eigi stærri en 5 smálestir, ella greiðist kr. 1,25 fyrir hverja fermda eða affermda smálest.

Reglugerð þessi staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. júlí 1934.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

82
19. júlí

REGLUGERÐ

fyrir Kennaraskólann í Reykjavík.

Samkvæmt lögum nr. 63 frá 22. nóvember 1907 um kennaraskóla í Reykjavík, er hérmeð sett eftirfarandi reglugerð fyrir skólann.

I. KAFLI

Markmið skólans og skipulag.

1. gr.
Það er markmið skólans að veita nemendum bæði almenna menntun og sérmenntun í því, sem snertir uppeldi barna og kennslu.

2. gr.
Í skólanum eru þrjár ársdeildir. Hann er jafnt fyrir konur sem karla.

II. KAFLI

Um inntöku nemenda í skólann.

3. gr.
Skólastjóri úrskurðar um inntöku nemenda í skólann.

4. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði:

Að nemandi, sem tekinn er í fyrsta bekk, sé fullra 18 ára um næstu áramót, en sá fullra 19, sem tekinn er í annan bekk.

Að nemandi hafi engan næman kvilla eða sjúkdóm, sem öðrum geti að meini orðið eða geri hann sjálfan óhæfan til kennarastarfa.

Að nemandi sé óspilltur að siðferði.

5. gr.

Til þess að komast í fyrsta bekk skólans verður nemandi að ganga undir inntökupróf er sýni, að hann hafi þá kunnáttu og þann þroska, sem hér segir:

1. Hann skal vera vel læs á gotneskt letur og latínuletur, hafa numið vandlega ágrip af íslenzkri málfræði, kunna a. m. k. 10 íslenzk kvæði og geta gert grein fyrir efni þeirra, vita nokkur skil á skáldum íslenzkum á síðustu öld og hafa lesið a. m. k. fimm Íslendingasögur svo vel, að hann geti gert grein fyrir aðalefni þeirra. Hann á að geta skrifað með hreinlegri og læsilegri rithönd og sæmilegri stafsetningu og greinarmerkjum stutta ritgerð um kunnugt efni.
2. Hann á að hafa lesið í dönsku a. m. k. 300 bls. af venjulegu léttu máli, vita aðalatriði danskrar beygingarfræði og geta snúið auðveldum setningum af íslenzku á dönsku og hafa gert a. m. k. 15 stíla. Í stað dönsku má gefa upp sænsku og þá samsvarandi mikið.
3. Hann á að hafa lesið í ensku a. m. k. 100 bls. í samfelldu léttu máli, auk byrjunaratriða, og undirstöðuatriði málfræðinnar. Í stað ensku má gefa upp þýzku og þá tilsvarandi mikið.
4. Hann skal hafa lesið og lært í stærðfræði það, sem hér segir: Fjórar höfuðgreinir reiknings með heilum tölum og brotum, hlutfallareikning, félagsreikning, keðjureglu, prósentureikning og rentureikning.
5. Hann skal hafa numið ítarlegt ágrip af biblíusögum.
6. Hann skal hafa numið ítarlegt ágrip af sögu Íslendinga. Í mannkynssögu skal hann hafa lesið vandlega um fornöldina í sæmilega stórri kennslubók.
7. Í náttúrufræði skal hann hafa lesið vandlega um hryggdýr og almenna grasafræði út að ættum.
8. Hann skal hafa lesið vandlega í landafræði um Ísland og Evrópu og kunna nokkur deili á hinum heimsálfunum og jarðeðlisfræði.

6. gr.

Til þess að verða tekinn í annan bekk verður nemandi að ganga undir próf í því, sem heimtað er til inntöku í fyrsta bekk, og því, sem þar er kennt. Gagnfræðingar með 1. einkunn úr þriggja ára skóla sleppa við próf nema í kristnum fræðum og skólasögu.

7. gr.

82 Inntaka í 3. bekk er ekki leyfð nema sérstakar ástæður þyki til. Til þess að
19. júlí slík undanþága sé veitt, verður nemandi að hafa gengt kennarastarfi að minnsta kosti tvo vetur. Ennfremur verður hann að standast próf inn í 3. bekk með annarsbekkingum.

III. KAFLI

Um kennsluna.

8. gr.

Í skólanum skal kenna þessar námsgreinar: Íslenzku, Norðurlandamál, ensku eða þýzku, kristinfræði, trúarbragðasögu, uppeldisfræði, kennslufræði, sögu og félagsfræði, landafræði, stærðfræði, náttúrufræði, eðlisfræði og efnafræði, heilsufræði, teiknun, handavinnu, söng, leikfimi, skrift, kennsluæfingar.

9. gr.

Skipta skal kennslustundum milli námsgreina sem hér segir:

	I. bekkur	II. bekkur	III. bekkur
Íslenzka	4 st.	5 st.	5 st.
Norðurlandamál	4 —	3 —	„
Enska eða þýzka	4 —	3 —	„
Kristinfræði	2 —	2 —	„
Trúarbragðasaga	„	„	1 —
Uppeldisfræði	1 —	2 —	4 —
Kennslufræði	„	2 —	3 —
Saga og félagsfræði	2 —	2 —	3 —
Landafræði	2 —	1 —	„
Stærðfræði	4 —	3 —	„
Náttúrufræði	4 —	3 —	„
Eðlisfræði og efnafræði	„	„	3 —
Heilsufræði	„	„	1 —
Teiknun	2 —	2 —	2 —
Handavinna	2 —	2 —	2 —
Söngur	3 —	2 —	3 —
Leikfimi	3 —	3 —	3 —
Skrift	1 —	1 —	„
Kennsluæfingar	1 —	3 —	7 —
Samtals	39 st.	39 st.	37 st.

10. gr.

Keppa skal að því marki í hverri námsgrein, sem hér segir:

1. **Íslenzka:** Nemandinn á að kunna rækilega beygingafræði málsins og ítar-

legt yfirlit um hljóðbreytingar, ennfremur ágrip af setningafræði; hann skal vita helztu reglur orðmyndunar, vita um skyldleika orða og uppruna, eftir því sem tök eru á, og kunna aðalatriði bragfræðinnar. Hann á einnig að þekkja aðaldrætti íslenzkrar bókmenntasögu frá fyrstu tímum og fram á vora daga; megináherzlu skal leggja á tímabilið eftir 1800 og á fornöldina. Í skólanum á nemandinn að hafa farið yfir úrval fornra og síðari tíma bókmennta með ítarlegum orða- og efnisskýringum. Til heimalesturs skal hafa a. m. k. eina af stærri Íslendingasögunum og aðalatriði norrænnar goðafræði, auk þess kafla úr síðari tíma bókmenntum eftir því sem tími vinnst til, og sé talað um efnið í kennslustundum. **82** 19. júlí

Í skriflegri íslenzku skal gera þær kröfur, að nemandi kunni sæmilega lögboðna stafsetningu og geti skrifað á hreinu máli og með réttri orðskipun ritgerð um í meðallagi þungt efni.

2. **Norðurlandamál:** Nemandinn á að geta lesið málið með sæmilegum framburði, kunna aðalatriði málfræðinnar og geta snúið á góða íslenzku venjulegu lesnu máli og léttu máli ólesnu. Hann skal einnig geta gert sig sæmilega vel skiljanlegan á málinu, bæði skriflega og munnlega.

3. **Enska eða þýzka:** Nemandinn á að geta lesið málið með sæmilegum framburði, kunna aðalatriði málfræðinnar og geta snúið á góða íslenzku venjulegu lesnu máli. Hann skal einnig geta gert sig sæmilega vel skiljanlegan á málinu.

Eftir því sem föng eru á, skal láta nemendur lesa á útlendum málum með aðstoð kennaranna bækur um uppeldismál og kennslu.

4. **Kristin fræði:** Nemendur skulu hafa yfirlit um bækur biblíunnar, en einkum Nýjatestamentisins, og vita um efni þeirra í aðaldráttum. Í framhaldi af postulasögunni skulu þeir vita höfuðdrætti um útbreiðslu kristindómsins. Þeir skulu hafa farið með skýringum yfir eitt guðspjall með hliðsjón af hinum.

5. **Trúarbragðasaga:** Þeir skulu vita deili á allra helztu mönnum, stefnum og atburðum í sögu kristninnar, og þó einkum á mismunandi trúarskoðunum nútímans innan kristninnar. Í sambandi við það skulu þeir hafa fengið stutt yfirlit um önnur helztu trúarbrögð í heiminum og vita hver er höfuðmunur þeirra og kristinnar trúar.

6. **Uppeldisfræði:** a) Í skólasögu skulu nemendur hafa allrækilegt yfirlit um tilhögun uppeldis og skólamála frá því á dögum Hellena og fram á okkar daga. Þeir skulu hafa kynnzt því, hvernig meginstraumar í menntun liggja frá einu tímabili til annars og frá landi til lands. Þeir skulu vita allglögg deili á þeim mönnum, sem mest koma við sögu uppeldismála.

Þeir skulu vita um helztu kenningar uppeldisfræðinnar og merkustu skólahreyfingar nútímans.

Loks skulu þeir hafa numið stutt ágrip af skólasögu Íslands.

b) Nemendur skulu hafa numið nokkurn veginn ítarlegt yfirlit um almenna sálarfræði, með sérstöku tilliti til sálarfræði barna, ásamt uppeldisfræðilegum og kennslufræðilegum ályktunum af helztu niðurstöðum hennar. Jafnframt skulu þeir hafa kynnzt höfuðaðferðum tilraunasálarfræðinnar.

82 19. júlí

7. **Kennslufræði:** Samhliða kennsluæfingunum skulu nemendur hafa kynnzt kennsluaðferðum og öðru því, er kennslu snertir, svo sem efnisvali og efnismeðferð eftir þroskastigum barnsins. Þeir skulu hafa numið yfirlit um kennslutilhögun í hverri námsgrein, sem kennd er í barnaskólum hér, og hafa kynnt sér helztu gildandi lög um kennslu og skólamál. Þeir skulu hafa kynnt sér helztu prófaðferðir og lært að semja skýrslur og halda bækur þær, sem í skólum tíðkast, og yfirleitt vera vel heima í öllu því, sem við kemur daglegum kennslustörfum.

8. **Saga og félagsfræði:** a) Nemendur skulu hafa numið hæfilega stórt ágrip af almennri mannkynssögu og tamið sér íhugun og skilning á sambandi orsaka og afleiðinga sögunnar. Þeir skulu hafa lagt megináherzlu á menningarsöguna.

b) Nemendur skulu hafa numið rækilegt ágrip af sögu Íslendinga, sérstaklega valda kafla, aftur má hraðlesa þá kafla, sem minna máli skipta.

c) Nemendur skulu vita deili á helztu stefnum í félagsmálum nútímans og höfuðkenningum hagfræðinnar. Þeir skulu einnig vita um helztu atriði stjórnskipulags á Íslandi og hafa nokkra þekkingu á löggjöf, landsstjórn og héraðsstjórn.

9. **Landafræði:** Nemendur skulu hafa ljóst yfirlit um landaskipun á jörðinni og aðalatriði landafræðinnar, einkum Íslands og nágrannalandanna. Þeir skulu vera leiknir í að rekja helztu orsakasambönd, er landafræðin fjallar um, þekkja helztu kenningar um eðli sjávar og lofts, vita um helztu auðlindir jarðarinnar, stærstu framleiðslustöðvar og helztu samgönguleiðir. Þeir skulu vera vel leiknir í að nota landabréf og hafa greinilega hugmynd um afstöðu jarðar og nálægustu hnatta í sólkerfinu.

10. **Stærðfræði:** Auk þess, sem heimtað er til inntökuprófs, skulu nemendur hafa lært fyrsta stigs jöfnur með bæði einni og fleiri þekktum stærðum, ennfremur flatarmáls- og rúmmálsreikning, og auk þess undirstöðuatriði bókstafareiknings (algebra) eða flatarmálsfræði (geometri).

11. **Náttúrufræði:** a) Nemendur eiga að þekkja til hlítar öll aðalatriðin í gerð plantna og vera leiknir í að skilgreina íslenzkar blómplöntur eftir Flóru Íslands. Þeir eiga að þekkja gerð og starfsemi plöntusellunnar og lífeðlisfræði plantnanna í aðaldráttum. Þeir skulu þekkja að minnsta kosti 75 tegundir íslenzkra plantna og hafa safnað um 50 plöntutegundum og ákvarðað þær rétt.

b) Nemendur eiga að hafa lesið og lært almenna dýrafræði og auk þess kynnt sér helztu atriðin í gerð dýrasellunnar og vefjum dýranna. Ennfremur eiga þeir að þekkja helztu íslenzk hryggdýr og vita um þann bókakost, sem til er á ýmsum málum um íslenzk dýr. Þeir eiga að hafa tileinkað sér skilning á skyldleikakerfi dýranna og sambandinu milli tegundanna og umhverfisins. Loks eiga þeir að hafa kynnt sér megindrög ættgengisfræðinnar og fósturfræðinnar. Í sambandi við þetta skulu þeir hafa lesið líkamsfræði mannsins.

c) Nemendur skulu, eftir því sem tími vinnst til, hafa numið stutt ágrip af jarðfræði og steinafræði.

12. **Eðlisfræði og efnafræði:** Nemendur skulu hafa lært greinilegt ágrip um alla helztu þætti eðlisfræðinnar, þó aðallega um þá þætti hennar, sem mest snerta menningar- og athafnalíf nútímans (svo sem rafmagn). Þeir skulu hafa

numið grundvallaratriði efnafræðinnar, og kynnzt einföldustu tilraunum í þessum greinum báðum. 82 19. júlí

13. **Heilsufræði:** Nemendur skulu hafa lesið og lært helztu atriði heilsufræðinnar með hliðsjón af því, sem við kemur hollustuháttum í skólum. Auk þess skulu þeir hafa lært og iðkað að nokkru hjálp í viðlögum.

14. **Teiknun:** Nemendur skulu hafa lært að teikna eftir flatarmyndum og margflötungum. Auk þess skulu þeir leiknir í að draga upp kritarteikningar á töflu, sem að gagni megi koma við kennslu.

15. **Handavinna:** Nemendur skulu hafa lært og iðkað þá tegund handavinnu, sem hæfust er til kennslu í barnaskólum á hverjum tíma.

16. **Söngur:** Þeir nemendur, sem hafa kennarapróf í söng, verða að geta sungið einföld lög í öllum algengum tóntegundum tónrétt og taktrétt eftir nótum, gert grein fyrir höfuðatriðum almennrar söngfræði og leikið á eitthvert hljóðfæri. Ennfremur skulu þeir geta stjórnað söng og skipað söngfólki í raddir.

17. **Leikfimi:** Þeir nemendur, sem kennarapróf taka í leikfimi, verða að geta leikið fyrir allar venjulegar æfingar, skipað fyrir, leiðrétt aðra og stjórnað þeim, og borið skyn á, hver tilhögun æfinga er hallkvæmust.

18. Skrift: Nemendur skulu hafa leikni í að skrifa skýra og læsilega snarhönd með sæmilegum hraða. Ennfremur skulu þeir hafa kynnzt helztu skriftaraðferðum, sem að gagni mega koma við skriftarkennslu.

11. gr.

Um kennsluæfingar.

Kennsluæfingar skulu fara fram í sérstökum barnaskóla, þegar þess er kostur. Eigi mega þar vera færri en þrjár deildir, og sé ein þeirra smábarnadeild, en hinar fyrir eldri börn. Sé þess kostur, skal fjölga deildum skólans, unz hann er orðinn fullkominn barnaskóli með öllum ársdeildum. Einn af æfingakennurum Kennaraskólans stjórnar skólanum og æfingunum, og er hann æfingastjóri.

Kennaraefni öll skulu sækja kennsluæfingar bæði í smábarnakennslu og kennslu eldri barna. Skólastjóri og æfingastjóri skipa niður kennslustundum þeim, sem ætlaðar eru til æfinganna. Þeim nemendum, sem þess óska, skal gefinn kostur á að leggja sérstaka stund á smábarnakennslu, en sækja verða þeir samt sem áður ⅔ þeirra stunda, sem ætlaðar eru til æfinga í eldri deildunum.

Í æfingastundunum skulu nemendur bæði hlusta á kennslu hjá æfingakennurum og einnig kenna sjálfir undir handleiðslu þeirra. Þeir skulu og vandir við að prófa börnin og gera ýmsar athuganir, sem að gagni mega koma við kennslu.

Auk æfingastundanna sjálfra skal hver nemandi þriðja bekkjar kenna og stjórna barnadeild upp á eigin spýtur að minnsta kosti eina stund á dag í hálfan

82 mánuð og skal hann fá til þess leyfi úr skólanum eftir því, sem nauðsyn
19. júlí krefur.

Umsjón með þeirri kennslu hafa æfingakennarar skólans og segja þeir kennaraefnum kost og löst á frammistöðu þeirra.

Ennfremur skal kennaraefnum gefinn kostur á, eftir því sem ástæður frekast leyfa, að heimsækja barnaskóla bæjarins og hlýða þar á kennslu og kynnast skólastarfseminni yfirleitt.

IV. KAFLI

Um próf og einkunnir.

12. gr.

Í skólanum skulu, auk inntökuprófs, vera árspróf og burtfararpróf, og nefnist það kennarapróf. Munnleg próf skulu vera í heyranda hljóði.

Til prófs skal að jafnaði hafa það, sem lesið hefir verið í hverri grein. Þó geta kennarar með samþykki skólastjóra leyft að sleppa köflum, sem minnstu máli skipta, sérstaklega í þeim greinum, sem prófað hefir verið í áður.

13. gr.

Kennarapróf fer fram í tvennu lagi, fyrri hlutinn við uppflutning úr II. bekk, síðari hlutinn við burtför úr III. bekk.

14. gr.

Til fyrra hlutans teljast þessar námsgreinar:

1. Norðurlandamál.
2. Enska eða þýzka.
3. Mannkynssaga.
4. Landafræði.
5. Stærðfræði.
6. Náttúrufræði.
7. Kristin fræði.
8. Skólasaga.
9. Skrift.

15. gr.

Til síðara hlutans teljast þessar námsgreinar:

1. Íslenzka.
2. Trúarbragðasaga.
3. Uppeldisfræði.
4. Kennslufræði.
5. Íslandssaga.
6. Eðlisfræði og efnafræði.

7. Heilsufræði.
8. Teiknun.
9. Handavinna.
10. Söngur.
11. Leikfimi.
12. Kennsluæfingar.

16. gr.

Svo skal prófum haga, að í íslenzku, dönsku og stærðfræði sé tvöfalt próf, bæði munnlegt og skriflegt, en einfalt í öðrum greinum. Verklegt próf skal vera í teiknun, söng, leikfimi, skrift og kennsluæfingum.

Í handavinnu skal ekkert próf vera, en hannyrðir vetrarins lagðar fram í þess stað.

Í kennslufræði skal vera skriflegt próf og skal því svo háttað: Nemendur velja sér sjálfir ritgerðarefni í samráði við æfingakennarana. Skulu þeir hafa valið sér efni eigi síðar en um nýár. Ritgerðina semja þeir síðan heima, og skal hún vera að minnsta kosti sem svarar 8 bls. prentuðum með venjulegu meginmálsletri í 8 blaða broti. Henni skal skilað eigi síðar en í febrúarlok. Ritgerðir þessar eru eign skólans, og skulu þær geymdar í bókasafni nemenda.

Í öðrum greinum skal vera annaðhvort munnlegt eða skriflegt próf, og skal um það tekin ályktun á kennarafundi eigi síðar en um miðjan vetur í hverjum greinum prófa skuli munnlega og í hverjum skriflega.

17. gr.

Kennarar skólans prófa, en yfirstjórn skólans kveður til prófdómara til að dæma með þeim um frammistöðu nemenda við kennaraprófið. Prófdómarar velja verkefnin í skriflegu prófi í samráði við hlutaðeigandi kennara. Í munnlegu prófi velja kennarar verkefni í samráði við prófdómara.

18. gr.

Kennarar skulu gefa nemendum tvær vetrareinkunnir hver í sínum kennslugreinum, aðra um miðjan vetur og hina þegar kennslu lýkur að vorinu. Einkunnir þessar skulu birtar nemendum. Meðaltal þeirrar prófseinkunnar, er prófdómandi gefur og kennari, og síðari vetrareinkunnar verður fullnaðareinkunn við prófið í hverri grein fyrir sig.

19. gr.

Í íslenzku skal gefa tvær einkunnir, aðra fyrir munnlega, hina fyrir skriflega íslenzku. Sömuleiðis skal gefa tvær einkunnir fyrir kennslu, aðra fyrir smábarnakennslu, hina fyrir kennslu eldri barna. Í öðrum greinum skal gefa eina einkunn. Í Norðurlandamáli og stærðfræði skal taka meðaltal af einkunn fyrir munnlegt próf og einkunn fyrir skriflegt próf. Í söng og leikfimi skal enga einkunn gefa öðrum en þeim, sem kennarapróf taka í þeim greinum.

82
19. júlí

20. gr.

Einkunnir skal gefa í heilum tölum og hálfum frá 0 og upp í 10. Við samanburð milli prófdómara og kennara og við annan útreikning, svo og við skrifleg próf, má einnig nota fjórðungsbrotin 0,25 og 0,75, en fylla skal upp ef smærri brot koma fyrir. Aðaleinkunn skal finna með því að taka meðaltal af einkunnum allra námsgreina, og skulu brot, sem út koma, látin haldast með tveimur tugastöfum.

Einkunnin 4,50—4,99 telst þriðja einkunn, 5—6,99 önnur einkunn, 7—8,99 fyrsta einkunn og 9—10 ágætiseinkunn.

21. gr.

Til þess að standast inntökupróf og árspróf þarf að minnsta kosti 4,50 í meðaleinkunn. Til þess að standast kennarapróf þarf meðaleinkunnina 5, og ekki lægri einkunn en 5 í íslenzku, munnlegri og skriflegri, uppeldisfræði, kennslufræði og kennslu. Enginn stenzt próf með 0 í einni grein, ekki heldur með 1 í fleiri en einni grein, 2 í fleiri en tveimur og 3 í fleiri en þremur greinum. Lágmarki meðaleinkunna, sem að ofan getur, verður að ná í bóklegum greinum og verklegum, hvorum fyrir sig.

22. gr.

Heimilt er nemendum að taka upp aftur fyrrihlutapróf í einstökum greinum, um leið og þeir taka síðari hlutann, en þó því aðeins, að þeir hafi ekki fengið hærra en aðra einkunn í þeim greinum.

23. gr.

Nemandi, sem fellur á prófi, fær ekki að taka sama próf upp aftur fyrr en ári síðar nema sjúkdómi sé um að kenna eða öðrum jafngildum forföllum. Falli nemandi tvisvar á samskonar prófi, á hann eigi afturkvæmt í skólann.

24. gr.

Hver sá nemandi, sem staðizt hefir kennarapróf, skal fá skírteini, er sýni aðaleinkunn hans og fullnaðareinkunn í hverri grein.

25. gr.

Stúdentum og kandidötum, sem fullnægja almennum inntökuskilyrðum skólans, skal heimilt að ná kennaraprófi með þeim kostum er hér greinir: Þeir skulu sækja tíma einn vetur í uppeldisfræði, kennslufræði, kennsluæfingum, kristnum fræðum og heilsufræði. Nú lýkur stúdent eða kandidat prófi í þessum fræðum að afloknu námi með sama hætti og nemendur skólans og hefir eigi lægri einkunnir í námsgreinum Kennaraskólans við stúdentspróf eða kennarapróf en segir í 21. gr., og telst þá próf hans fullkomið kennarapróf. Heimilt er einnig stúdentum og kandidötum að sækja kennslu í skólanum í söng, handavinnu og leikfimi og ljúka kennaraprófi í þeim greinum. Kandidatar í guðfræði eru undanþegnir prófi í kristnum fræðum.

V. KAFLI

Kennarar skólans.

26. gr.

Kennarar skólans eru skólastjóri, tveir fastir kennarar, einn fastur aukakennari og aðrir kennarar eftir þörfum. Skólastjóri hefir á hendi stjórn skólans með þeim takmörkum, er þessi reglugerð setur; hefir eftirlit með kennslu, reglu og aga í skólanum, skólahúsi og munum skólans og áhöldum.

27. gr.

Stundakennara setur ráðuneytið eftir tillögum skólastjóra og ákveður kaup þeirra.

28. gr.

Ráðuneytið ákveður kennslustundafjölda skólastjóra og kennaranna.

29. gr.

Skólastjóra ber að sjá um, að í skólanum séu þessar bækur og reglulega í þær ritað: Prófbók, bréfabók, áhaldabók, fundabók og námsskeiðsbók.

30. gr.

Skólastjóri boðar til kennarafundar, er honum þykir þurfa. Á kennarafundi eiga sæti fastir kennarar, en boðað getur skólastjóri einnig stundakennara á fund, einkum ef um störf þeirra er að ræða. Skólastjóri stýrir kennarafundi, og ræður atkvæði hans úrslitum, ef atkvæði eru jöfn.

31. gr.

Kennarafundur úrskurðar um uppflutning nemenda úr bekk, bókakaup og áhalda til skólans og burtvísun nemenda úr skóla. Á kennarafundi skal ræða um tilhögun kennslu og prófa, upptöku nýrra bóka, skiptingu námsgreina milli kennara og samvinnu þeirra og veitingu námsstyrks.

32. gr.

Gerðir kennarafundar skal rita í gerðabók, er lesa skal upp og samþykkja á hverjum fundi. Heimilt er hverjum fundarmanna að fá ágreiningsatkvæði sín bókuð.

33. gr.

Allir kennarar skólans eiga eftir fremsta megni að styðja að góðri reglu við skólann, og með kennslu sinni, viðbúð við nemendur og eftirdæmi sínu að leitast við að gera þá sem hæfasta kennara barna og unglinga.

VI. KAFLI

Um nemendur skólans.

34. gr.

Nemendur, sem geta ekki sótt skólann sakir sjúkleiks eða annara gildra ástæðna, eiga að senda skólastjóra tilkynningu um það, og grenslast hann þá eftir ástæðum, ef honum þykir þörf.

35. gr.

Valdi nemandi skemmdum á áhöldum eða munum skólans, skal hann bæta fullum bótum. Ef fullvíst er, að slíkar skemmdir hafi orðið af völdum nemanda í einhverjum ákveðnum bekk og enginn gengst við, skulu nemendur þess bekkjar bæta allir í félagi.

36. gr.

Ef nemandi hegðar sér ósæmilega, sýnir megna vanrækslu eða vist hans í skólanum er skaðleg fyrir skólann eða gagnslaus honum sjálfum að áliti skólastjóra og kennara, má vísa honum burt úr skólanum um stundarsakir, en telji kennarafundur nauðsynlegt að vísa honum úr skóla að fullu og öllu, skal til þess leita samþykkis yfirstjórnar skólans. Nemandi, sem vísað hefir verið úr skóla fyrir fullt og allt, getur ekki gengið undir kennarapróf.

VII. KAFLI

Um kennslutíma og leyfi.

37. gr.

Skólaárið byrjar 1. okt. og endar 30. sept.

38. gr.

Eigi skulu vera fleiri en 39 kennslustundir á viku í neinum bekk skólans. Hver kennslustund sé 50 mínútur, en 10 mínútna hlé á milli. Fyrir hvert skólaár semur skólastjóri stundaskrá, er yfirstjórn skólans samþykkir.

39. gr.

Þessi skulu vera leyfi ákveðin:

1. Fyrsti desember.
2. Jólaleyfi, er nær frá 23. degi des. til 2. dags janúarmánaðar að báðum dögum meðtöldum.
3. Páskaleyfi, er nær frá miðvikudegi fyrir skírdag til þriðja í páskum, að báðum þeim dögum meðtöldum.

4. Sumardagurinn fyrsti.
5. Sumarleyfi, er nær frá 1. degi maímánaðar til 30. dags septembermánaðar. Auk þess má skólastjóri gefa leyfi einn dag í mánuði hverjum.

82
19. júlí

VIII. KAFLI

Um vornámsskeið.

40. gr.

Vornámsskeið fyrir barnakennara skal halda, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum og nægar umsóknir eru fyrir hendi. Námsskeiðið skal standa í mánuð að minnsta kosti. Rétt til aðgangs að því hafa þeir barnakennarar, sem skipaðir hafa verið eða settir að lögum, en veita má skólastjóri einnig öðrum aðgang, ef rúm leyfir.

41. gr.

Skólastjóri stjórnar námsskeiðinu og ræður tilhögun þess í samráði við aðra kennara skólans, og skal að því stefnt, að nemendur sæki þangað ekki einungis aukna þekkingu í þeim fræðigreinum, er þeir óska helzt og nauðsynlegar má telja fyrir stöðu þeirra, heldur einnig verklega æfingu í kennslustarfinu og nýtt fjör og hressingu eftir vetrarvinnuna.

42. gr.

Fastlaunaðir kennarar skólans hafa kennsluna á hendi svo sem þeir hrökkva til, en leita má aðstoðar annara, ef þurfa þykir og föng eru á.

Yfirstjórn skólans ákveður borgun fyrir aðstoð við námsskeiðið.

43. gr.

Rétt til styrks, ef veittur er, hafa eigi aðrir en löglega ráðnir barnakennarar og því aðeins, að þeir sæki nám kostgæfilega. Við styrkveitingu skal taka hæfilegt tillit til ferðakostnaðar.

44. gr.

Skólastjóri skal auglýsa námsskeiðið eigi síðar en um áramót, og skulu umsóknir um það vera komnar til hans fyrir lok marzmánaðar. Rétt er, að umsækjandi geti þess, ef hann óskar sérstaklega kennslu eða hjálpar í einni eða fleiri kennslugreinum.

Nú eru færri en 10 umsóknir komnar til skólastjóra 1. apríl, og ferst þá námskeið fyrir í það sinn.

45. gr.

Skólastjóri skal halda bók yfir nemendur námsskeiðsins og störf þess.

82 19. júlí

46. gr.

Reglugerð fyrir Kennaraskólann í Reykjavík, frá 24. september 1924, er hér með felld úr gildi og þar með önnur ákvæði, sem brjóta í bág við reglugerð þessa.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. september 1934.

Þetta birtist öllum þeim, er hlut eiga að máli, til leiðbeiningar.

Í kennslumálaráðuneytinu, 19. júlí 1934.

Þorsteinn Briem.

Gissur Bergsteinsson.

83 25. júlí

AUGLÝSING

um staðfesting kirkjumálaráðuneytisins á reglugerð um kirkjugarða.

Samkvæmt 38. gr. laga nr. 64 frá 23. júní 1932, um kirkjugarða er hérmeð staðfest eftirrituð

REGLUGERÐ UM KIRKJUGARÐA

I. Um kirkjugarða almennt.

1. gr.

Í hverri kirkjusókn skal vera vígður grafreitur fyrir hlutaðeigandi sókn til greftrunar látnum sóknarmönnum og þeim öðrum, sem þar ber að jarða eða hafa óskað sér látnum leg þar. Utan sóknarkirkjugarðs má ekki lík jarða, nema þar sem með leyfi réttra stjórnarvalda hefir verið tekinn upp grafreitur fyrir ákveðinn söfnuð utan þjóðkirkju eða heimagrafreitur fyrir ákveðna fjölskyldu.

2. gr.

Sóknargrafreitir og allir grafreitir aðrir eru friðhelgir, svo og legstaðir þeirra, sem þar eru jarðsettir. Má þar engan hávaða gera eða neitt fara fram innangarðs, sem raskar helgi grafreits og grafarfriði og ótilhlýðilegt er talið á friðhelgum stað.

3. gr.

Vígja skal sóknargrafreiti svo og heimagrafreiti og grafreiti utanþjóðkirkjumanna, þar sem þeir hafa verið teknir upp, áður en þar er jarðsett í fyrsta sinni, og framkvæmir hlutaðeigandi prestur þá athöfn samkvæmt (tilsettum) reglum löggiltrar helgisiðabókar þjóðkirkjunnar.

4. gr.

Allir grafreitir skulu vera vandlega girtir fjárheldri girðingu úr steinsteypu, velhlöðnu grjóti eða öðru því efni, sem að dómi prófasts telst sæmilegt. Í girðingu grafreita skal vera steinlímt hlið með vandaðri grind úr járni eða tré, sem hægt er að tvílæsa.

5. gr.

Séu grafreitir, hvort heldur er þjóðkirkjusafnaða eða utanþjóðkirkju, svo fjarri kirkju, að ekki heyrist þangað líkhringing frá turni kirkjunnar, skal þar reist líkhús eða að minnsta kosti klukkustöpull með sæmilegum umbúnaði til líkhringingar.

6. gr.

Nú er sóknargrafreitur útgrafinn svo að stækka verður eða taka upp nýjan grafreit handa sókninni. Heyrir það mál undir lögmætan safnaðarfund. Verði safnaðarfundur, sem boðað hefir verið til í því skyni, ólögmætur, skal að mánaðarfresti boða til nýs safnaðarfundar, og er söfnuður ályktunarfær og getur tekið fullnaðarákvarðanir um málið, þótt ekki hafi meiri hluti atkvæðisbærra manna sótt fundinn. Þó er samþykkt safnaðarfundar varðandi stækkun eða upptöku nýs grafreits því aðeins gild, að prófastur sé henni samþykkur.

Sýni söfnuður vanrækslu í þessu efni, þá getur prófastur skipað fyrir um stækkun eða flutning kirkjugarðs án samþykkis safnaðarfundar og er þá sóknarnefnd skylt að láta framkvæmd verða á því verki. Þó er heimilt að skjóta slíkum fyrirmælum prófasts til biskups.

7. gr.

Þær kvaðir, sem þegar eru á jörðum eða lóðum, þar sem kirkjugarðar standa, um hæfilegt, ókeypis kirkjugarðsstæði, haldast óbreyttar. Að öðrum kosti er sveitar- eða bæjarfélagi því, er liggur innan sóknar, skylt að leggja til ókeypis hæfilegt kirkjugarðsstæði svo og hleðslu, eða steypuefni (sand og möl) í girðingu. Eins er sveitar- eða bæjarfélagi skylt, ef þörf gerist, að kosta framræslu eða uppfyllingu lands, sem hún ávísar undir grafreit, svo að unnt sé að taka nægilega djúpar og þurrar grafir. Loks annast sveitar- eða bæjarfélag um lagningu og viðhald akfærs vegar frá kirkju til kirkjugarðs, þar sem kirkja er ekki í kirkjugarði, og leggur til ókeypis hæfilegan ofaníburð í götur og gangstíga innan girðingar grafreitsins. Eigi fleiri sveitar- eða bæjarfélög í hlut, skal skipta kostnaðinum niður eftir mannfjölda hvers þeirra.

II. Um skipulag kirkjugarða.

8. gr.

Þegar gera á nýjan kirkjugarð eða stækka gamlan, að fengnu vottorði héraðslæknis um að kirkjugarðsstæði sé valið samkvæmt lögákveðnum heilbrigðisreglum, skal gera uppdrátt í 3 eintökum að fyrirhuguðum nýjum grafreit eða

83 25. júlí viðbót við eldri grafreit, þar sem markaðir eru aðalgangstígar og hliðargangstígar, svo og einstök leiði, sem gert er ráð fyrir. Mælikvarði uppdráttar skal vera 1 á móti 200. Aðalgangstígar mega ekki vera mjórri en 1½ m., en hliðargangstígar ekki mjórri en 1¼ m. En hverju leiði skal ætlaður flötur er sé 2½ m. á lengd og 1¼ m. á breidd. Dýpt grafa skal vera, þar sem landslag leyfir, minnst 2 m. eða frá yfirborði líkkistu upp að grafarbarmi minnst 1¼ m.

Uppdrættina sendir sóknarnefnd, ásamt vottorði héraðslæknis og umsögn sóknarprests og prófasts, biskupi til staðfestingar.

9. gr.

Ekki er heimilt að taka gröf í grafreit nema þar sem sóknarnefnd eða umsjónarmaður kirkjugarðs leyfir, og skulu leiðin jafnóðum og grafið er mörkuð á uppdrætti sóknarnefndar og tölusett, en nafn hins greftraða og greftrunardag skal setja í legstaðaskrá, er uppdrættinum fylgir.

10. gr.

Nú æskir einhver að fá útmældan grafreit til legstaða handa sér og ættmennum sínum og skal það heimilt látið, ef sóknarnefnd þykir ástæður leyfa, gegn því að legstaðareigandi greiði hærra legkaup en hið venjulega, eftir því er sóknarnefnd ákveður.

11. gr.

Grafkapellur í kirkjugörðum getur sóknarnefnd bannað nema í sérstökum röðum, og gegn gjaldi eins og síðar segir. Skulu grafkapellur settar í sérstakri röð í útjaðri og vera gerðar samkvæmt teikningu, sem sóknarnefnd hefir samþykkt, úr steini eða steinsteypu og mega aldrei vera hærri en ½ m. ofanjarðar. Fyrir leyfi til að setja grafkapellur í kirkjugarði greiðir hlutaðeigandi 500 kr. og rennur gjaldið í kirkjugarðssjóð. Einnig er leyfishafa skylt að leggja fram allt að 250 kr. upphæð eitt skipti fyrir öll í legstaðasjóð til viðhalds kapellunni.

12. gr.

Nú er í kirkjugarði kapella, sem þar hefir verið reist áður, en hefir ekki verið haldið við sem skyldi. Ber sóknarnefnd eða skipuðum umsjónarmanni að aðvara hlutaðeigandi um viðhaldið, en sé aðvöruninni ekki sinnt eða sé enginn á lífi, er beri skylda til að annast viðhaldið, er sóknarnefnd heimilt að láta rífa kapelluna til grunna og hylja moldu á venjulegan hátt líkkistur þær, sem þar kunna að geymast.

III. Um umsjón kirkjugarða.

13. gr.

Sóknarnefnd hefir á hendi umsjón kirkjugarða. Þó getur bæjarstjórn eða hreppsnefnd, að fengnu leyfi réttra stjórnarvalda, tekið að sér umsjón og fjárhald kirkjugarðsins. Einnig getur sóknarnefnd með samþykki lögmæts safnaðar-

fundar ráðið sérstakan umsjónarmann til eftirlits og umsjónar undir yfirum- 83
sjón sóknarnefndar, launaðan af sjóði kirkjugarðsins, og á sama hátt getur bæj- 25. júlí
arstjórn eða hreppsnefnd, er tekið hafa kirkjugarð í umsjón sína, ráðið sérstak-
an mann til hins sama gegn þóknun úr bæjar- eða hreppssjóði.

14. gr.

Sóknarnefnd ber að sjá um, að kirkjugarður sé vel hirtur, að gangstígar séu snyrtilegir, að kirkjugarðurinn sé sleginn á hverju sumri og að vandlega sé um hann gengið, svo að skepnur komist ekki inn í hann. Einnig ber sóknarnefnd eða skipuðum umsjónarmanni að sjá um, að legstaðir sé vel hirtir af hlutaðeigendum, og að girðingum og legsteinum á leiðum sé vel við haldið. Loks ber sóknarnefnd eða umsjónarmanni að hvetja hlutaðeigendur til að prýða legstaði framliðinna ástvina með blómum.

Vanræki hlutaðeigendur skyldur sínar varðandi hirðingu legstaða eða við-hald girðinga um þá og legsteina á þeim, ber sóknarnefnd eða umsjónarmanni að gera hlutaðeigendum aðvart um það og ef ekki stoðar, þá að láta vinna verkið á kostnað þeirra. Sé hins vegar ókunnugt um aðstandendur, en nefnd mannvirki brotin eða fúin og til óprýði í kirkjugarðinum, þá er sóknarnefnd eða fulltrúa hennar við umsjónina heimilt að flytja þau burt úr garðinum og selja kirkjugarðssjóði til hagnaðar, hafi enginn leitt sig að þeim með hæfilegum fresti, en slétta yfir legstaðinn. En legsteina (ef heilir eru) skal setja í skipulega röð á þeim stað í garðinum, sem prófastur telur bezt fara á.

15. gr.

Þegar girðing um grafreit þarfnast endurbótar eða girða skal viðbót við gamlan garð, sér sóknarnefnd um framkvæmd verksins. Greiðist kostnaður við það af sjóði kirkjugarðsins það, sem hann hrekkur til, en því, sem á vantar, skal jafnað niður á útsvarsgreiðendur sem hundraðsgjaldi af útsvörum þeirra, þó ekki yfir 2%, nema safnaðarfundur leyfi.

Þegar tekinn er upp nýr kirkjugarður þar, sem enginn kirkjugarður er fyrir, og enginn kirkjugarðssjóður er fyrir hendi, er sóknarnefnd heimilt að jafna stofn-kostnaðinum niður að hálfu með hundraðsgjaldi af útsvörum sóknarmanna.

16. gr.

Sóknarnefnd eða ráðinn umsjónarmaður annast um að greftrun sé hagað samkvæmt hinum staðfesta uppdrætti. Einnig er sóknarnefnd heimilt að fela um-sjónarmanni að taka allar grafir í garðinum gegn ákveðnu gjaldi.

Láti aðstandendur hins látna sjálfir taka gröfina, er þeim skylt, svo fljótt sem því verður við komið, að ganga vel frá legstaðnum og færa burt úr garðin-um grjót og mold, sem eftir hefir orðið þegar gröfin var fyllt. Vanræki aðstand-endur þetta, lætur sóknarnefnd eða umsjónarmaður garðsins framkvæma verkið á kostnað þeirra.

83 17. gr.

25. júlí Þyki ástæða til að reisa líkhús í kirkjugarði sökum fjarlægðar hans frá sóknarkirkju, skal sóknarnefnd leggja málið fyrir safnaðarfund. Að fengnu samþykki safnaðarfundar, er málið afgreitt til prófasts, en hann tilkynnir kirkjustjórn vilja og óskir safnaðarins þar að lútandi og segir álit sitt um hvort þörfin sé brýn.

Um efni, sem líkhús er byggt úr, fer eftir því, sem til er tekið í kirkjugarðslögum. En sóknarnefnd sér um framkvæmd verksins, að það sé gert eftir hinum staðfesta uppdrætti.

Kostnaður af líkhúsbyggingu, og eins af verkamannaskýli, þar sem þörf þykir að koma því upp, greiðist úr kirkjugarðssjóði.

18. gr.

Sóknarnefndir skulu láta gera uppdrætti af kirkjugörðum þeim, sem nota má til nokkurrar frambúðar að áliti prófasts. Kallar prófastur eftir uppdráttunum í tæka tíð og sendir biskupi. En kirkjustjórn lætur sérfróðan mann gera tillögur um, hvernig megi skipuleggja þessa kirkjugarða og gera uppdrætti þar að lútandi.

Fyrirmynd af kirkjugarðsuppdrætti fylgir reglugerð þessari.

19. gr.

Kirkjugarður, sem lagður hefir verið niður með samþykki lögmæts eða ályktunarfærs safnaðarfundar og að fengnu samþykki prófasts og biskups, er áfram í umsjón sóknarnefndar. Lætur sóknarnefnd gera um hann griphelda girðingu og heldur henni við á kostnað kirkjugarðssjóðs. En þegar liðin eru 20 ár frá niðurlagningu, má með samþykki safnaðarfundar slétta yfir garðinn og gera að grasreit. Þó komi einnig til samþykki ráðuneytis að fengnum tillögum biskups og fornminjavarðar.

20. gr.

Næstu 20 ár eftir að kirkjugarður hefir verið lagður niður má þó jarða þar einstaka menn, ef rúm leyfir og klukka er þar til hringingar. En skylt er þeim, er lætur grafa, að setja trausta girðingu um legstaðinn og leggja minnst 50 kr. í legstaðasjóð honum til viðhalds.

21. gr.

Þegar sléttað hefir verið yfir niðurlagðan grafreit, eru öll minnismerki (legsteinar, krossar o. s. frv.) á ábyrgð vandamanna hins látna, en heimilt skal þeim að halda slíkum legstöðum óhöggnuðum, ef þeir halda þar við sómasamlegri girðingu, eða gera ráðstafanir til þess, að það verði gert, með því að leggja ákveðna upphæð í legstaðasjóð.

22. gr.

Ekki má nota niðurlagðan grafreit til neins þess, er óviðurkvæmilegt telst að dómi prófasts. Og ekki má þar neitt jarðrask gera fyr en liðin eru 100 ár

frá því er síðast var jarðað þar, nema með leyfi ráðuneytis að fengnum tillögum biskups, og þó aldrei fyr en liðin eru 60 ár. **83** 25. júlí

23. gr.

Prófastar skulu á kirkjuskoðunarferðum sínum og við önnur tækifæri líta eftir, að nákvæmlega sé farið eftir ákvæðum gildandi laga um kirkjugarða og reglugerðar þessarar, að því er varðar alla hirðingu og viðhald kirkjugarða. Nær sú skylda prófasts einnig til grafreita utan þjóðkirkjumanna, þar sem þeir eru.

Einnig skulu prófastar á eftirlitsferðum sínum líta eftir heimagrafreitum í prófastsdæmi sínu. Fyrir það greiðir leyfishafi heimagrafreits prófastti hálf vísitazíulaun.

IV. Fjárhagur kirkjugarða.

24. gr.

Kirkjugarðar eru sjálfseignarstofnanir með sérstöku fjárhaldi í umsjón og ábyrgð hlutaðeigandi safnaðar- eða hrepps- og bæjarfélags, þar sem hrepps- eða bæjarfélag hefir tekið kirkjugarðinn í sína umsjón (sbr. 13. gr.), — undir yfirstjórn biskups.

Fjármál kirkjugarða eru fjármálum kirkna með öllu óviðkomandi.

25. gr.

Umsjón og fjárhald kirkjugarða er í höndum sóknarnefnda, nema bæjarfélag eða hreppsfélag hafi tekið kirkjugarðinn að sér. Skipar þá bæjarstjórn eða hreppsnefnd sérstaka nefnd til þess að annast allt það, er að kirkjugörðum lýtur.

26. gr.

Heimilt er að taka upp legkaup til tekna fyrir kirkjugarðssjóð, að fengnu samþykki safnaðar og héraðsfundar, staðfestu af ráðuneyti.

27. gr.

Einnig er heimilt að stofna legstaðasjóði í hverri sókn, þar sem menn óska að leggja fram ákveðna upphæð, er ávaxtast til viðhalds og endurnýjunar ákveðins legstaðar, samkvæmt fyrirmælum þess, er fé leggur fram. Minnsta upphæð, sem fram er lögð í þessu skyni, er 50 kr. fyrir hvern legstað. Sóknarnefnd hefir á hendi stjórn sjóðanna undir yfirstjórn prófasts, og ávaxtast sjóðirnar í Söfnunarsjóði Íslands þannig, að hver legstaðasjóður hefir sína viðskiptabók.

28. gr.

Tekjur kirkjugarðs eru þessar:

1. Legkaup, þar sem þau hafa verið tekin upp.
2. Leyfisbréfa-gjöld og ársgreiðslur fyrir útmælda ættargrafreiti og fyrir grafkapellur, þar sem þær hafa verið leyfðar.

83 **Fyrirmynd af kirkjugarðsuppdrætti.**

25. júlí





1:200

3. Hundraðsgjöld af útsvörum manna, þegar aðrar tekjur hrökkva ekki fyrir útgjöldum. **83** 25. júlí

Eindagi hundraðsgjalds er hinn sami sem á útsvörum.

Fyrir innheimtu gjalda þessara greiðist 6% í innheimtulaun þeim, er hefir innheimtuna á hendi.

Lögtaksréttur fylgir öllum þessum gjöldum.

29. gr.

Sóknarnefnd gerir árleg reikningsskil fyrir tekjum og útgjöldum kirkjugarða- og legstaðasjóða eftir fyrirmynd frá biskupi. Skal reikningurinn sendur prófasti fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert ásamt fylgiskjölum.

Fyrir hver áramót skal sóknarnefnd gera fjárhagsáætlun fyrir kirkjugarðinn næsta ár.

30. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. október 1934.

Þetta birtist hérmeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í kennslumálaráðuneytinu, 25. júlí 1934.

Þorsteinn Briem.

Gissur Bergsteinsson.

AUGLÝSING

84 26. júlí

um staðfesting ráðuneytisins á erindisbréfi fyrir héraðslækna.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 44, frá 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, er hér með staðfest eftirfarandi erindisbréf, sem samið er af landlækni.

ERINDISBRÉF HÉRAÐSLÆKNA

1. gr.

Embættisstörf héraðslækna.

Héraðslæknar hafa, hver innan síns héraðs eftirlit með heilbrigðismálum og annast þar framkvæmdir opinberra heilbrigðisráðstafana samkvæmt lögum og fyrirmælum ráðherra, undir eftirliti og samkvæmt nánari leiðbeiningum landlæknis.

84
26. júlí

2. gr.

Héraðslæknar stunda almennar lækningar. Gegningarskylda héraðslækna.

Héraðslæknar stunda almennar lækningar í héraði sínu og gegna hverjum þeim, sem leitar þeirra í lækniserindum. Aðkallandi sjúkravitjunum eru þeir skyldir til að gegna hvenær sem eftir því er leitað, að nóttu sem degi (sbr. þó 4. gr.), nema þeir séu hindraðir af öðrum embættisverkum, sem eru meira aðkallandi, eða sjálfir sjúkir.

Ef annar læknir hefir sjúkling til meðferðar.

Héraðslæknir verður þó ekki skyldaður til að vitja sjúklings, sem annar læknir hefir til meðferðar, nema eftir ósk þess læknis eða í brýnni nauðsyn, ef ekki næst til læknis sjúklingsins.

3. gr.

Héraðslækni er heimilt að hafa ákveðna viðtalstíma.

Héraðslækni er heimilt að auglýsa viðtalstíma, þó eigi styttri en 1½ klukkustund á hverjum degi, og eiga þá þeir, sem búsettir eru á sama stað og héraðslæknirinn (í sama kaupstað eða kauptúni eða í svipuðu nágrenni) ekki heimtingu á afgreiðslu heima hjá honum utan þess tíma nema í aðkallandi nauðsyn.

Á helgidögum og almennum frídögum eiga aðkomumenn ekki heldur heimtingu á afgreiðslu heima hjá héraðslækni utan hins auglýsta viðtalstíma nema í aðkallandi nauðsyn.

Héraðslæknum er heimilt að auglýsa að um sjúkravitjun skuli beðið í tæka tíð.

Á sama hátt er héraðslækni heimilt að auglýsa, að fyrir ákveðinn tíma dags, er eigi sé þó fyr á degi en kl. 4 síðdegis, skuli beðið um sjúkravitjanir í nágrennið. Nú æskja þeir, sem auglýsingin nær til, síðar á degi læknisvitjunar, og eiga þeir þá ekki heimtingu á henni fyr en næsta dag, nema í aðkallandi nauðsyn.

4. gr.

Þátttaka héraðslæknis í læknaverði.

Þar sem fleiri læknar en héraðslæknir eru búsettir, er héraðslækni heimilt að taka þátt í samkomulagi um, að læknarnir skipti með sér að gegna sjúkravitjunum á nóttum, á helgidögum og almennum frídögum, eftir nánari reglum, er landlæknir staðfestir.

5. gr.

Skylda héraðslæknis að gegna utanhéraðssjúklingum.

Nú er héraðslæknis vitjað úr öðru læknishéraði en sínu til konu í barnsnauð eða í annari mjög brýnni nauðsyn, fyrir þá sök, að hægara er að ná til

hans en viðkomandi læknis, og hefir hann þá sömu skyldur til að vitja sjúklingsins sem héraðsbúi hans ætti í hlut. **84** 26. júlí

Nú vitjar sjúklingur, búsettur utanhéraðs, héraðslæknis á heimili hans eða annarsstaðar, þar sem hann er staddur innanhéraðs, og hefir hann þá sömu skyldur til að sinna honum sem héraðsbúi hans ætti í hlut.

6. gr.

Ef margir vitja héraðslæknis í senn.

Ef tveir eða fleiri vitja héraðslæknis í senn eða annað embættisstarf kallar að á sama tíma, sem hans er vitjað, metur hann, að fengnum upplýsingum, hver nauðsyn kallar að í hverju tilfelli, og gegnir jafnan fyrst því erindinu, sem bráðastrar afgreiðslu þarfnast. Þó má hann áður ljúka hinum smærri erindum, ef þeim er svo fljótt lokið, að töfin ekki sakar.

7. gr.

Héraðslæknar annast lyfjasölu, þar sem ekki eru sérstakar lyfjabúðir.

Í héruðum, þar sem ekki eru sérstakar lyfjabúðir, hafa héraðslæknar á hendi lyfjasölu.

Lyfjaverð.

Lyfjaverðið fer eftir lyfjagjaldskrá.

8. gr.

Húsakynni og áhöld héraðslækna til lyfjasölu.

Héraðslæknar, sem hafa á hendi lyfjasölu, skulu hafa til hennar viðunandi húsakynni og áhöld eftir stærð héraðsins og samkvæmt nánari fyrirmælum landlæknis.

Lyfjabirgðir héraðslækna.

Héraðslæknir er skyldur til að hafa í lyfjabúð sinni nægar birgðir af fyrirskipuðum lyfjum og endurnýja þau eftir þörfum, svo að þau séu jafnan óskemmd. Hann skal og jafnan hafa nægar birgðir nauðsynlegra umbúða.

Héraðslæknar afgreiða lyf gegn lyfjaávísunum.

Héraðslækni er skylt að láta úti fyrirskipuð lyf einnig eftir ávísunum annara lækna.

Ef starfandi læknir hefir aðsetur í nágrenni við héraðslækni, svo að búast má við, að mjög mikið af lyfseðlum berist héraðslækninum, verður héraðslæknir þó ekki skyldaður til að afgreiða lyfseðla hins starfandi læknis að staðaldri, nema að svo miklu leyti sem samningar takast um það þeirra á milli.

84 **Lausasala lyfja og lyfjavarnings.**

26. júlí Þau fyrirskipuð lyf og lyfjavarning, sem afgreiða má án læknisávísana, lætur héraðslæknir úti eftir sömu reglum, sem þar um gilda, er í hlut eiga sérstakar lyfjabúðir.

9. gr.

Lyfjagreiðsla héraðslækna.

Héraðslæknar sinna lyfjaafgreiðslu á sama hátt sem segir um aðra læknishjálp í 2.—6. gr.

Takmörkuð afgreiðsla lausasölulyfja.

Nú hefir héraðslæknir opna lyfjabúð sína til afgreiðslu lengur en viðtalstímanum nemur (sbr. 3. gr.) og skal hann þá auglýsa það nægilega. Utan hins auglýsta tíma er honum ekki skylt að afgreiða lausasölulyf eða lyfjavarning, nema í aðkallandi nauðsyn eða gegn læknisávísun.

Aðstoð við lyfjaafgreiðslu.

Héraðslæknir má ekki fela aðstoðarmanni lyfjaafgreiðslu fyrir sig nema með samþykki landlæknis, og þá innan þeirra takmarka, er landlæknir setur.

10. gr.

Eftirlit héraðslækna með lyfjabúðum.

Þar sem eru sérstakar lyfjabúðir, skulu héraðslæknar gera sér far um að fylgjast sem bezt með daglegum störfum þeirra og rekstri, og ef þeir verða þess varir, að á það skorti, að lyfsalar hafi nægar og óskemmdar birgðir fyrirskipaðra og nauðsynlegra lyfja, umbúða og sjúkragagna, skulu þeir gera landlækni viðvart, svo og ef rekstrinum er að öðru leyti á einhvern hátt ábótavant.

11. gr.

Læknisáhöld héraðslækna.

Héraðslæknar skulu hafa öll áhöld og viðunandi húsakynni til almennra læknisstarfa, svo og nauðsynleg áhöld til stærri aðgerða, er bráðan kunna að að bera, allt eftir nánari fyrirmælum landlæknis.

Áhöld sín skulu héraðslæknar geyma í snyrtilegum verkfæraskáp og halda þeim svo við, að þau séu jafnan í nothæfu standi.

12. gr.

Borgun fyrir störf héraðslækna.

Um borgun fyrir störf héraðslækna og ferðir þeirra fer eftir gjaldskrá, er landlæknir semur og ráðherra staðfestir.

Héraðslæknar mega ekki skorast undan að lána til bráðabirgða nauðsynleg læknishjálp og lyf. 84 26. júlí

Héraðslæknir má ekki synja sjúklingi um nauðsynlega læknishjálp, þó að greiðsla geti ekki farið fram samstundis, né heldur þó að fullnægjandi trygging fyrir greiðslu sé ekki þegar fyrir hendi.

Héraðslæknir, sem annast lyfjasölu, má ekki skorast undan að lána til bráðabirgða lyf handa sjúklingi sínum í brýnni nauðsyn.

Slík bráðabirgðalán eru þegar gjaldkræf.

Ókeypis lyfjaávísanir handa ljósmæðrum.

Héraðslæknar láta starfandi ljósmæðrum í héruðum sínum ókeypis í té nauðsynlegar ávísanir á fyrirskipuð ljósmæðralyf.

13. gr.

Aðstoðarlæknar héraðslækna.

Héraðslækni er heimilt að ráða sér aðstoðarlækni um lengri eða skemmri tíma, og má hann með samþykki landlæknis fela honum að gegna embættisstörfunum með sér að meira eða minna leyti.

Héraðslækni, sem er orðinn ófær til starfa, verður ekki leyft að láta annan lækni gegna embættinu fyrir sig.

Nú er héraðslæknir fyrir elli sakir eða vanheilsu orðinn ófær til að gegna héraðslæknisstörfum á viðunandi hátt, og verður honum þá ekki heimilað að fela aðstoðarlækni að gegna embættinu nema um stundarsakir, ef um sjúkdómstilfelli er að ræða.

14. gr.

Héraðslækni er skylt að láta vita, hvar hann sé.

Héraðslæknir skal jafnan leitast við að sjá um, að sem auðveldast sé að komast að því, hvar hann er staddur á hverjum tíma, fyrir þá, sem þurfa að leita hans í lækniserindum.

15. gr.

Fjarvistir héraðslækna.

Héraðslæknir má ekki án leyfis landlæknis eða ráðherra fara út úr héraði sínu til að verða fjarverandi lengur en 2 sólarhringa í einu nema í embættiserindum (sbr. 5. gr.).

16. gr.

Ef héraðslæknir er forfallaður frá störfum.

Jafnan þegar héraðslæknir er á einhvern hátt forfallaður frá störfum, og þó að um stuttan tíma sé, skal hann leitast við, ef unnt er, að fá aðra lækna til að

84 gegna fyrir sig á meðan, þá, sem búsettir eru á sama stað sem hann, ef um það
26. júlí er að ræða, en annars nágrannalækna.

17. gr.

Leyfi til fjarvistar héraðslæknis, mánuð eða skemur.

Héraðslæknir, sem óskar að víkja frá héraði sínu í mánuð eða um skemmri tíma til dvalar eða ferðalaga innanlands, leitar samþykkis landlæknis. Brottfararleyfið veitist aðeins með því skilyrði, að héraðslæknir sjái héraðinu fyrir viðunandi læknisþjónustu, að dómi landlæknis, á meðan hann er fjarverandi.

Leyfi til fjarvistar héraðslæknis lengur en mánuð og til utanfarar.

Héraðslæknir, sem óskar að víkja frá héraði sínu um lengri tíma en mánuð eða til utanfarar, leitar samþykkis ráðherra. Slíkt brottfararleyfi veitist aðeins með því skilyrði, að héraðslæknir sjái héraðinu fyrir þjónustu læknis, er landlæknir tekur gildan á meðan hann er fjarverandi.

18. gr.

Réttur héraðslækna til leyfa.

Héraðslæknar eiga kröfu á allt að mánaðarleyfi frá héraðslæknisstörfum á hverju ári, gegn því að þeir sjái héraðinu fyrir þjónustu læknis, er landlæknir tekur gildan, á meðan þeir eru fjarverandi.

19. gr.

Bann við launuðum aukastörfum héraðslækna.

Héraðslæknum er óheimilt nema með sérstöku leyfi ráðherra að takast á hendur önnur föst, launuð störf en þau, sem við koma læknisstarfi þeirra.

Bann við of víðtækum sjúkrahússtörfum héraðslæknis.

Héraðslæknir má veita forstöðu eða starfa við almennt sjúkrahús við hæfi héraðs síns, en víðtækari sjúkrahússtörfum má hann ekki gegna nema með sérstöku leyfi ráðherra.

20. gr.

Skylda héraðslæknis að gegna nágrannahéraði.

Héraðslækni er skylt að taka við skipun um að annast þjónustu nágrannahéraðs gegn hálfum byrjunarlaunum þess héraðs.

21. gr.

Skylda héraðslækna að gæta ráðdeildar fyrir hönd ríkissjóðs.

Héraðslæknum er skylt að gæta fyrir hönd ríkissjóðs ýtrustu sparsemi og ráðdeildar við framkvæmd opinberra heilbrigðisráðstafana. Þeir gera sér ekki

ferðir til slíkra framkvæmda eða eftirlits nema í brýnni þörf og, þegar unnt er, í samráði við landlækni. **84** 26. júlí

Fyrirskipað eða nauðsynlegt eftirlit, sem unnt er að framkvæma við tækifæri, leitast héraðslæknir við að leysa af hendi, er hann á ferð þar um, er eftirlitsins er þörf, en gerir sér ekki sérstaka ferð til þess, nema annað sé óhjákvæmilegt.

22. gr.

Sérstök ákvæði um héraðslækni í Reykjavík.

Héraðslæknir í Reykjavík er undanþeginn að sinna sjúkravitjunum nema eftir sérstökum fyrirmælum ráðherra.

Hann aðstoðar stjórnarvöld við millilandasóttvarnir og veitir forstöðu sóttvarnarhúsi ríkisins án sérstaks endurgjalds.

Honum er heimilt að vera yfirlæknir við farsóttahús Reykjavíkur eða tilsvarandi stofnun, en óheimilt að gegna víðtækari sjúkrahússtörfum.

Þetta er hérmeð birt til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 26. júlí 1934.

Magnús Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.

AUGLÝSING **85**

31. júlí

um útflutning á léttverkaðri saltsíld.

Samkvæmt heimild í bráðabirgðalögum, útgefnum í dag, skipar ríkisstjórnin svo fyrir, að viðlögðum sektum, að leyfi atvinnumálaráðuneytisins þurfi til þess að selja eða flytja til útlanda léttverkaða saltsíld.

Þetta birtist hérmeð hlutaðeigendum til leiðbeiningar.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. júlí 1934.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

86
2. ágúst

REGLUGERÐ
fyrir rafveitu Patrekshrepps.

1. gr.

Rafveita Patrekshrepps er fyrirtæki, sem stofnað er til á kostnað hreppsins, í þeim tilgangi að veita íbúum Patrekshrepps raforku til ljósa og annara þarfa, eftir því, sem tök eru á.

2. gr.

Yfirstjórn rafveitunnar er í höndum hreppsnefndarinnar, en framkvæmdastjórn skal falin einum manni, sem hreppsnefnd ræður til þess starfa. Einnig ræður hreppsnefnd stöðvarstjóra og setur honum erindisbréf.

3. gr.

Framkvæmdastjóri skal hafa eftirlit með daglegum rekstri rafveitunnar. Einnig annast hann alla innheimtu og reikningsskil. Skal hann halda glögga bók yfir tekjur og gjöld rafveitunnar, svo og eignir og skuldir, semja ársreikning fyrir 20. janúar ár hvert og senda hann hreppsnefndinni, sem láti endurskoða hann af tveim mönnum, er hún kýs til þess.

Framkvæmdarstjóri skal einnig annast um kaup á efni til rafveitunnar að fengnum tillögum stöðvarstjóra, og sjá um að ekki vanti nauðsynlega hluti. Einnig geri hann tillögur um framkvæmdir og breytingar, er snerta rafveituna og leggi þær fyrir hreppsnefnd.

4. gr.

Stöðvarstjóri annast gæzlu orkuvéla og annað það, sem hreppsnefnd ákveður í erindisbréfi hans.

5. gr.

Daglegur starfstími stöðvarinnar er allan sólarhringinn á tímabilinu frá 1. september til 1. apríl. Yfir mánuðina apríl og ágúst skal starfstíminn vera frá kl. 6 að morgni til kl. 1 að nóttu, en yfir mánuðina maí, júní og júlí frá kl. 6 að morgni til kl. 12 á miðnætti. Á öðrum tíma má ekki stöðva vélarnar eða taka strauminn af, nema brýn nauðsyn beri til, og þá sem stytzt að unnt er.

6. gr.

Heimtaugar að íbúðarhúsum leggur rafveitan á sinn kostnað, allt að 35 metra frá aðalálmu að húsvegg. Sé lögnin lengri kostar húseigandi það, sem framyfir er.

Raftaugar að útihúsum, bryggjum og öðrum stöðum í þágu einstakra manna kosta hlutaðeigendur sjálfir frá aðalálmu rafveitunnar.

7. gr.

Rafmagn skal að mestu selt um mæli. Þó getur hreppsnefnd að fengnum tillögum framkvæmdarstjóra, selt rafmagn eftir öðrum ákvæðum, t. d. í útihús eða þar sem sérstaklega stendur á.

Rafveitan leggur til mæla gegn ákveðinni leigu.

8. gr.

Enginn má aðhafast neitt það, er valdið geti skemmdum eða truflunum á raftaugum eða öðrum tækjum, sem notuð eru í sambandi við rafveituna. Enginn má heldur taka orku úr leiðslum rafveitunnar nema hafa fengið leyfi framkvæmdarstjóra.

9. gr.

Hver sem óskar eftir að fá raforku, skal senda um það skriflega beiðni til framkvæmdarstjóra rafveitunnar, með nákvæmum upplýsingum um lögnina, eða hve mikla orku hann býst við að nota.

Framkvæmdarstjóri veitir þá leyfið svo fljótt sem unnt er, eða neitar því.

Verði ágreiningur milli notanda eða umsækjanda og framkvæmdarstjóra, sker hreppsnefnd úr um deiluatriðin.

10. gr.

Nú hafa raftaugar eða áhöld verið sett í hús, eða breyting gerð á eldri lögum, og má þá ekki taka lögnina eða áhöldin til notkunar fyrr en stöðvarstjóri hefir athugað hana og vottað að hún væri fullnægjandi.

11. gr.

Hverjum rafmagnsnotanda ber skylda til að sjá um það eftir mætti, að rafmagnstæki hans og leiðslur séu ætíð í góðu lagi. Komi ólag á þau, skal hann tafarlaust láta taka þau úr sambandi við rafveituna og ekki tengja þau við aftur fyrr en lagfærð hafa verið.

12. gr.

Framkvæmdastjóra er heimilt að banna að nota í sambandi við rafveituna áhöld, sem að áliti hans eða stöðvarstjóra eru ótrygg eða til tálmunar góðum rekstri stöðvarinnar.

13. gr.

Framkvæmdarstjóri og stöðvarstjóri rafveitunnar skulu ætíð hafa frjálsan aðgang að rafleiðslum eða áhöldum, sem notuð eru í sambandi við afltaugar rafstöðvarinnar, til þess að rannsaka hvert allt sé í góðu lagi.

14. gr.

Nú vanrækir rafmagnsnotandi skyldur þær, sem hann hefir samkvæmt reglugerð þessari, eða virðir að vettugi hann eða fyrirskipanir framkvæmda-

86 stjóra, skal þá framkvæmdarstjóra heimilt að slíta sambandi við hann til bráða-
2. ágúst birgða, og að fullu með samþykki hreppsnefndarinnar.

Notandi ber fulla ábyrgð á öllum afleiðingum, sem af vanrækslunni kunna að stafa.

15. gr.

Hreppsnefnd semur gjaldskrá fyrir notkun rafmagnsins og leitar samþykkis stjórnarráðsins á henni.

16. gr.

Sé gjald fyrir rafmagn ekki greitt á réttum gjalddaga, er framkvæmdastjóra heimilt að láta slíta rafmagnssambandi við hlutaðeigandi notanda, en þó ekki fyr en viku eftir að skrifleg tilkynning þess efnis er afhent honum eða á heimili hans.

Gjöld fyrir rafmagn og leigu á mælum má taka lögtaki.

17. gr.

Reikningsár rafveitunnar er almanaksárið.

18. gr.

Brot gegn reglugerð þessari, eða gegn reglugerðum eða reglum, sem settar verða samkvæmt henni, varða sektum allt að 1000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum, og skal farið með mál útaf þeim sem almenn lögreglumál. Ef brot veldur skemmdum á eignum rafveitunnar, skal hinn brotlegi auk þess bæta skaðann.

19. gr.

Með reglugerð þessari er numin úr gildi reglugerð um notkun og meðferð rafmagns á Patreksfirði frá 10. september 1926.

Reglugerð þessi er hérmeð sett samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 til þess að öðlast gildi 15. ágúst þ. á., og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 2. ágúst 1934.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

GJALDSKRÁ

87
2. ágúst

fyrir rafveitu Patrekshrepps.

1. gr.

Gjald fyrir rafmagn til ljósa og útvarpstækja eingöngu skal vera kr. 1.00 fyrir kílówattsstund allt árið.

2. gr.

Frá 1. apríl til 31. ágúst er heimilt að nota hitunartæki eftir því sem orka stöðvarinnar hrekkur til. Slík tæki skulu skráð af framkvæmdastjóra og mega notendur aldrei setja við raftaugar stærri tæki í einu en skráð hafa verið.

Gjald fyrir rafmagn hjá þeim, sem hafa látið skrá slík tæki, skal vera kr. 0.20 kwst. yfir mánuðina apríl og ágúst, en kr. 0.10 á kwst. yfir mánuðina maí, júní og júlí. Þó skal þeim skylt að greiða yfir tímabilið apríl til ágúst lágmarksgjald, sem nemi einum eyri á watt í hinu skráða hitunartæki, á hverjum mánuði, þó aldrei lægra en fjórar krónur á mánuði.

3. gr.

Leiga fyrir mæla skal vera í íbúðarhúsum kr. 0.60 á mánuði, í öðrum húsum kr. 0.80. Þó skal ekki greiða leigu þann eða þá mánuði, sem rafmagn er ekki notað.

4. gr.

Framangreind gjöld hefir hreppsnefnd heimild til að hækka eða lækka um allt að 25%.

5. gr.

Verð á rafmagni til ljóslækninga fer eftir sérstökum samningi. Verð fyrir rafmagn til götulýsingar ákveður hreppsnefndin.

6. gr.

Gjöld fyrir rafmagn um mæli og leiga mæla, greiðist annan hvern mánuð eftir á um leið og lesið er á mæla. Gjald fyrir rafmagn, sem selt er eftir sérstökum samningi, greiðist á þeim gjalddaga, sem tiltekinn er í samningnum. Öll rafmagnsgjöld má taka lögtaki.

7. gr.

Með gjaldskrá þessari er úr gildi numin gjaldskrá fyrir rafveitu Patrekshrepps frá 10. september 1926.

Gjaldskrá þessi er hérmeð sett samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 til þess að öðlast gildi 15. ágúst þ. á., og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 2. ágúst 1934.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

88
3. ágúst

FISKVEIÐASAMÞYKKT

fyrir Ytri-Akraneshrepp í Borgarfjarðarsýslu.

1. gr.

Vélbátar, sem fiskveiðar stunda frá Akranesi og eru að stærð 6 smálestir brúttó og þar yfir, allt að 60 smálestum, mega ekki leggja af stað í fiskiróður, fyrr en svo sem segir hér á eftir:

Á tímabilinu frá	1. janúar	til	14. febrúar	kl.	1	eftir	miðnætti
— —	— 15. febr.	—	28. —	—	12	á	miðnætti
— —	— 1. marz	—	15. marz	—	10½	fyrir	miðnætti
— —	— 16. —	—	31. —	—	9	—	—
— —	— 1. apríl	—	20. apríl	—	8	—	—
— —	— 21. —	—	15. maí	—	7	—	—

2. gr.

Á framannefndum róðrartíma skal gefa ljósmerki í landi, eða eftir að ljósmerki sjást ekki úr landi, skal bátur, sem lögreglustjóri tiltekur, gefa ljósmerkið.

Fyr en slíkt ljósmerki hefir verið gefið, er öllum óheimilt að leggja af stað í róður. Þó skal öllum heimilt að fara út fyrir „Sundin", en þó ekki norðar en að Vestra-Sunds-merkin beri saman, og ekki vestar en að Flasarvitann á Akranesi beri í miðjan Berjadal.

3. gr.

Lögreglustjóri skipar í byrjun hverrar vetrarvertíðar formenn þriggja báta til þess að líta eftir því, að samþykkt þessari sé fylgt, svo og til að ákveða mið þau, sem ekki má fara út fyrir, fyr en merki hefir verið gefið, samkvæmt 2. gr. Eftirlitsbátar þessir skulu hafa uppi ljós á stag, auk skylduljósa, og má enginn bátur fara út fyrir þá, fyr en ljósmerki hefir verið gefið, samkvæmt 2. gr.

4. gr.

Samþykkt þessi nær ekki til útilegubáta, né til báta, sem fara á aðra slóð en hina svonefndu vetrarslóð. Vetrarslóð er hér reiknuð allt að 30 sjómílur frá Akranesi.

5. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 25 til 500 krónum. Sektir þessar skulu renna í hafnarsjóð Akraness.

6. gr.

Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu hefir gert, staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 86, 14. nóvember 1917 til þess að öðlast gildi 15.

ágúst 1934, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi fallin bráðabirgðasamþykkt um sama efni frá 3. janúar 1934. **88** 3. ágúst

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. ágúst 1934.

Haraldur Guðmundsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ **89** 7. ágúst

um bryggju í Grafarnesi við Grundarfjörð.

1. gr.

Hreppsnefnd Eyrarsveitar hefir alla yfirumsjón með bryggjunni og tækjum hennar. Ræður hún bryggjuvörð og semur um borgun fyrir störf hans.

2. gr.

Bryggjuvörður hefir umsjón með bryggjunni, tækjum hennar og allri notkun. Skal hann í öllu fara eftir fyrirmælum reglugerðar þessarar og ákvörðun hreppsnefndar. Eru allir, sem bryggjuna nota, skyldir til að hlýða fyrirmælum hans um notkunina.

3. gr.

Bátar og skip hafa rétt til að nota bryggjuna, gegn því að greiða lögmælt gjald og hlíta ákvæðum bryggjuvarðar um notkunina. Njóta þau réttar síns í þeirri röð, sem þau koma að bryggjunni. Þó skulu bátar og skip, sem flytja póst, hafa rétt til að leggja að bryggjunni tafarlaust til þess að afhenda póstinn.

Í lífsnauðsyn mega allir nota bryggjuna án endurgjalds.

4. gr.

Allar skemmdir, er bryggjan verður fyrir og áhöld hennar, skal bæta að fullu eftir mati óvilhallra manna, af umráðamanni þess báts (skips), er skemmdirnar hljótast af.

5. gr.

Óheimilt er að láta vörur liggja á bryggjunni lengur en nauðsyn krefur. Sé þess ekki gætt af hlutaðeigendum, er bryggjuverði heimilt að láta flytja vörurnar burtu á kostnað eiganda. Hann getur og bannað alla ónauðsynlega umferð um bryggjuna.

6. gr.

Allir, sem bryggjuna nota, eru skyldir til að ganga hreinlega um hana, og ræsta hana og tæki hennar þegar eftir notkunina. Sé það ekki gert svo að full-

89 nægjandi sé, að dómi bryggjuvarðar eða hreppsnefndar, annast bryggjuvörður
7. ágúst ræsting á kostnað hlutaðeiganda.

7. gr.

Þeir hreifilbátar, sem stunda fiskveiðar frá Grafarneslandi yfir lengri eða skemmri tíma, greiði einu sinni á ári gjald í bryggjusjóð Grafarness, sem hér segir án tillits til þess, hvort þeir nota bryggjuna eða ekki:

1.	Bátar yfir 20 rúml.	kr. 50.00
2.	— milli 10 og 20 rúml.	— 25.00
3.	— milli 5 og 10 rúml.	— 10.00
4.	— undir 5 rúml.	— 5.00

Róðrarbátar greiða ekkert gjald.

8. gr.

Af öllum vörum, innlendum sem útlendum, sem fluttar eru í land í Grafarnesslandi eða á skipsfjöl þaðan, hvort heldur eftir bryggjunni eða annarsstaðar, skal greiða það gjald er hér segir:

1. Fyrir hverja smálest af kolum, sementi og salti 50 aura.
2. — hver 50 kg. af saltfiski, verkuðum sem óverkuðum 5 aura.
3. — hverja tunnu af kjöti, salti, olíu og lýsi 20 aura.
4. — hvert ten.fet af timbri 4 aura.
5. — hver 100 kg. af öllum öðrum vörum 20 aura.

Brot af gjaldeiningu stærra heldur en ½ er reiknað sem heill, en minna er sleppt.

Nú er gjaldskyld vara flutt aftur á skipsfjöl eða í land, hvort heldur eftir bryggjunni eða annarsstaðar til eða frá Grafarnesslandi sjóleið, og er þá samt ekki reiknað gjald nema einu sinni.

9. gr.

Undanþegin vörugjaldi eru veiðarfæri, olía og tæki, sem tilheyra bátum, er stunda veiðar frá Grafarnesi, svo framarlega sem bátarnir hafa þau sjálfir meðferðis. Ennfremur póstur og farþegaflutningur.

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð innheimtir bryggjuvörður og afhendir þau hreppsnefndaroddvita mánaðarlega. Bátagjöldin falla í gjalddaga fyrir heimabáta 1. apríl ár hvert, fyrir aðkomubáta við komu þeirra til Grafarness, en vörugjöldin um leið og vörurnar koma á bryggjuna. Vörurnar má ekki afhenda né láta í skip fyr en gjaldið er greitt. Afgreiðslumenn strandferðaskipanna láta bryggjuverði í té skrá yfir vörur, sem koma eða fara um bryggjuna eða annarsstaðar um strandlengju Grafarnesslands, og bera þeir ábyrgð á að vörur verði ekki afgreiddar nema gjaldið sé greitt.

11. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari renna í sérstakan sjóð, er nefnist Bryggjusjóður Grafarness við Grundarfjörð. Er hann undir umsjón hreppsnefndar Eyrarsveitar, en í vörzlum oddvita ,og ber honum að sjá um, að fé sjóðsins sé ávaxtað á tryggilegan hátt, en féð má ekki nota til annars en til viðhalds og endurbóta bryggjunnar og tækja hennar eftir ákvörðun hreppsnefndar og með samþykki sýslumanns. Sjóðurinn skal ætíð vera handbær til afnota í þarfir bryggjunnar.

Reikningur bryggjusjóðs skal endurskoðaður og úrskurðaður á sama hátt og reikningur hreppssjóðs. Afrit af reikningnum skal senda atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

12. gr.

Brot gegn reglugerð þesari varða sektum allt að 100 kr., og fer með mál út af þeim sem almenn lögreglumál. Sektir renna í bryggjusjóð.

Reglugerð þessi staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917 til þess að öðlast gildi 15. ágúst þ. á, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. ágúst 1934.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

89
7. ágúst

REGLUGERÐ

um sölu og útflutning á léttverkaðri saltsíld.

90
8. ágúst

Samkvæmt bráðabirgðalögum 31. júlí 1934, um heimild fyrir ríkisstjórnina til íhlutunar um sölu og útflutning á léttverkaðri saltsíld, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði.

1. gr.

Skylt er hverjum þeim, sem óskar að selja eða flytja til útlanda léttverkaða saltsíld af framleiðslu ársins 1934, svo sem hún er skilgreind í 1. gr. téðra bráðabirgðalaga, að snúa sér þegar í því efni til stjórnar Samlags íslenzkra matjessíldarframleiðenda á Siglufirði, sem með heimild í 2. gr. laganna er skipuð sem nefnd til þess að starfa sem sölumiðstöð fyrir alla léttverkaða saltsíld, sem seld er til útlanda og til þess að sjá um úthlutun útflutningsleyfa (framleiðsluleyfa). Má engin sala á slíkri síld fara fram nema fyrir milligöngu téðrar nefndar og samkvæmt útflutningsleyfum, sem hún veitir.

90 2. gr.

8. ágúst Nefndin skal starfa með það fyrir augum að tryggja hagsmuni bæði framleiðenda og kaupenda í markaðslöndunum, með því að halda útfluttri léttverkaðri saltsíld í eðlilegu verði, miðað við framleiðslukostnað og kaupgetu í neyzlulöndunum, sem og að koma í veg fyrir óeðlilegar verðsveiflur á nefndri vöru, svo að innflytjendur í viðskiptalöndunum geti keypt vöruna ákveðnu verði, án þess að eiga á hættu óeðlileg undirboð.

Nefndin skal, eftir því sem við verður komið, leiðbeina framleiðendum um það að takmarka framleiðslu léttverkaðrar saltsíldar í samræmi við sölumöguleika og söluhorfur.

3. gr.

Við sölu og úthlutun útflutningsleyfa (framleiðsluleyfa), skal nefndin láta síldarútgerðarmenn og síldarframleiðendur hér á landi, sem eru utan Samlags íslenzkra matjessíldarframleiðenda, njóta jafnréttis við samlagsmenn um framleiðslu og sölu léttverkaðrar saltsíldar, og sé í því sambandi tekið tillit til fyrri framleiðslu og veiði- og verkunaraðstöðu á yfirstandandi síldveiðatímabili að svo miklu leyti, sem því verður við komið.

4. gr.

Nefndin getur sett þær takmarkanir og þau skilyrði fyrir veitingu útflutningsleyfa (framleiðsluleyfa) og sölu úr landi, sem henni þykir þurfa vegna markaðarins í viðskiptalöndunum, og til þess að tryggja að útflutningurinn komi sem jafnast niður, en taka skal hún tillit til eldri viðskiptasambanda og fyrirfram gerðra samninga, að svo miklu leyti sem slíkt er unnt án þess að spilla fyrir útflutnings- eða sölumöguleikum eða verði eða mismuna útflytjendum. Meðal annars getur nefndin sett það skilyrði fyrir útflutningi, að framleiðendur hlíti ákvæðum, sem hún setur um jafnaðarverð á síld, sömu tegundar og sömu gæða.

5. gr.

Nefndin setur reglur um merkingu síldar frá hverjum einstökum framleiðanda og er það skilyrði fyrir útflutningsleyfi, að fylgt sé reglum hennar um það efni. Veiting útflutningsleyfis innifelur það í sér, að framleiðandi ber ábyrgð á þeirri síld, sem hann selur fyrir milligöngu nefndarinnar og verði um skaðabótaskyldu að ræða til kaupanda vegna skemmda á síldinni eða af öðrum ástæðum, á kaupandi aðgang að framleiðanda um bætur, sem seljanda.

6. gr.

Heimilt er nefndinni að halda eftir allt að 4% af fob-verði síldar, er hún selur fyrir utansamlagsmenn til að standast kostnað af starfsemi nefndarinnar þeirra vegna. Ef ástæður leyfa, má nefndin verja einhverjum hluta þessarar fjárhæðar til að greiða bætur, sem á kunna að falla út af síldarsölu utansamlagsmanna af ástæðum, sem þeim verður ekki gefin sök á. Verði afgangur af þessu fé að starfs-

tíma nefndarinnar loknum, þegar allur kostnaður af starfi hennar hefir verið greiddur, skal skipta honum mill þeirra utansamlagsmanna, sem selt hafa síld fyrir milligöngu nefndarinnar í réttu hlutfalli við andvirði þeirrar síldar, er þeir þannig hafa selt. **90** 8. ágúst

Öll sala fyrir utansamlagsmenn og útflutningsleyfi til þeirra eru bundin því skilyrði, að leyfishafar hlíti ákvæðum þessarar greinar, sem er í samræmi við tilsvarandi ákvæði um síld samlagsmanna.

7. gr.

Atvinnumálaráðherra getur skipað tilsjónarmenn, einn eða tvo, að fengnum tillögum Alþýðusambands Íslands, til þess að fylgjast með störfum téðrar nefndar og Samlags íslenzkra matjessíldarframleiðenda, og hafa þeir aðgang að skjölum og reikningum nefndarinnar og samlagsins og rétt til að sitja á stjórnarfundum þess.

Þóknun tilsjónarmanna ákveður atvinnumálaráðherra og telst hún með kostnaði við störf nefndarinnar og greiðist af þeim 4% af andvirði allrar útfluttrar matjessíldar, sem um ræðir í 6. gr.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum allt að 25 kr. fyrir hverja heila tunnu léttverkaðrar saltsíldar, sem út er flutt eða seld úr landi án heimildar.

Með brot gegn reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. ágúst 1934.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ **91**

um slátrun sauðfjár og verzlun með sauðfjárafurðir. 13. ágúst

Samkvæmt heimild í bráðabirgðalögum um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim, útgefnum 9. ágúst 1934, eru hérmeð sett eftirfarandi ákvæði.

1. gr.

Kjötverðlagsnefnd getur ráðið fulltrúa, annaðhvort úr sínum hópi eða utan nefndar, til þess að annast dagleg störf. Kostnaður við skrifstofuhald svo og annar kostnaður við starf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

91 13. ágúst

Þóknun fyrir nefndarstörf má ekki fara fram úr 1000 krónum á ári til hvers nefndarmanns.

2. gr.

Landið skiptist í eftirfarandi verðlagssvæði:

1. Reykjavík, Hafnarfjörður, Gullbringu- og Kjósarsýsla, Rangárvallasýsla, Árnessýsla, Mýra- og Borgarfjarðarsýsla, Vestmannaeyjar.

2. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla, Dalasýsla, Strandasýsla innan Bitrufjarðar, Vestur- og Austur-Húnavatnssýsla.

3. Barðastrandarsýsla, Vestur- og Norður-Ísafjarðarsýsla, Ísafjörður, Strandasýsla norðan Bitrufjarðar.

4. Skagafjarðarsýsla, Eyjafjarðarsýsla, Akureyri, Siglufjörður, Suður- og Norður-Þingeyjarsýsla.

5. Norður- og Suður-Múlasýsla, Seyðisfjörður, Neskaupstaður, Austur- og Vestur-Skaftafellssýsla.

3. gr.

Kjötverðlagsnefnd ákveður verð á sauðakjöti á innlendum markaði í heildsölu og smásölu, með tilliti til framleiðslukostnaðar og markaðsmöguleika. Nefndin getur og gert sömu ráðstafanir um nautakjöt. Verðskráning þessi skal gerð svo oft sem þörf krefur og birt opinberlega.

Heildsala telst sala á kjöti í heilum skrokkum og í tunnum. Sé um mikil viðskipti að ræða, má nefndin ákveða lækkun frá heildsöluverði, samkvæmt reglum, sem hún setur.

Útsöluverð kjöts skal vera sem jafnast á hverju verðlagssvæði fyrir sig, eftir því sem við verður komið. Ef mismunandi verð er ákveðið eftir verðlagssvæðum og innan verðlagssvæða, skal verðmunurinn aðallega miðaður við kostnað við það að koma kjötinu til helztu markaðsstaða innanlands og möguleika til þess.

4. gr.

Umsóknir um leyfi til slátrunar skulu sendar kjötverðlagsnefnd hæfilegum tíma fyrir sláturtíð, eftir nánari ákvörðun nefndarinnar.

Í umsókn skal tekið fram, hvernig gert er ráð fyrir að kjötið verði verkað og hve mikið af því er ætlað til útflutnings og hve mikið til sölu á innlendum markaði.

Umsókn skal fylgja skýrsla um það, hve mörgu fé umsækjandi hefir slátrað undanfarið ár og hvernig kjötinu hafi verið ráðstafað.

5. gr.

Kjötverðlagsnefnd felur eftirlitsnefndum eða trúnaðarmönnum þau dagleg störf, sem vinna þarf á slátrunar- eða kjötsölustað, svo sem skýrslusöfnun, eftirlit með því að lögum og reglugerð þessari sé hlýtt o. s. frv.

Þóknun fyrir slík störf telst kostnaður við starf nefndarinnar.

6. gr.

Í sláturhúsum skal daglega, jafnóðum og slátrun fer fram, gera skýrslu um tölu sauðfjár, sem slátrað er, kjötþyngd og flokkun eftir gæðum. Kjötmatsmaður skal votta, að skýrslan sé rétt. Skýrslur þessar skulu afhentar trúnaðarmanni kjötverðlagsnefndar jafnóðum og slátrun fer fram, ef nefndin telur þess þörf.

7. gr.

Þegar lægra nettó-verð fæst fyrir útflutt kjöt, en kjöt selt innanlands af framleiðslu sama árs, getur kjötverðlagsnefnd greitt verðuppbót úr verðjöfnunarsjóði á útflutta kjötið, samkvæmt ákvæðum 6. gr. laga 9. ágúst 1934 um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim. Við úthlutun verðuppbótar skal nefndin gæta þess, að nettó-verð fyrir útflutt kjöt verði ekki vegna verðuppbótarinnar eins hátt og nettó-verð fyrir kjöt sömu tegundar, sem selt er á aðalmarkaðsstöðunum innanlands. Ennfremur skal nefndin gæta þess að nettó-verð á útfluttu saltkjöti verði ekki vegna verðuppbótarinnar eins hátt og nettó-verð á útfluttu freðkjöti.

Nettó-verð er það verð, sem endanlega er greitt til framleiðenda á slátrunarstað.

8. gr.

Verðuppbótin skal greidd útflytjendum kjötsins, en þeir eru skyldir að greiða hana að fullu til framleiðenda. Hafi fé verið keypt á fæti, skal kjötverðlagsnefnd ekki greiða verðuppbót á kjöt af því, nema kaupandi sanni fyrir henni, frá hverjum hann hafi keypt féð, svo og kjötmagn hverrar tegundar frá hverjum manni.

Verðuppbót samkvæmt síðustu málsgrein 6. gr. laganna skal greidd sömu aðiljum og greiða verðjöfnunartillag. Gilda um hana sömu ákvæði og um verðuppbót af útfluttu kjöti.

Nú telur framleiðandi sig misrétti beittan við greiðslu verðuppbótar samkvæmt þessari grein og getur hann kært það fyrir kjötverðlagsnefnd. Komi það í ljós, að réttum reglum hafi ekki verið fylgt, skal nefndin eftir föngum aðstoða hlutaðeiganda til að ná rétti sínum.

9. gr.

Ef kjötverðlagsnefnd virðist of mikið kjöt vera ætlað til sölu á einhverjum markaðsstað innanlands, svo að hætta sé á að það seljist ekki, er henni heimilt að takmarka flutning á kjöti þangað. Álíti nefndin, að of lítið sé á einhverjum markaðsstað, getur hún og gert ráðstafanir til að flytja kjöt þangað.

10. gr.

Brot á reglugerð þessari eða ráðstöfunum, sem kjötverðlagsnefnd gerir samkvæmt heimild í henni, varða sektum allt að 1000 krónum.

Sektirnar renna í verðjöfnunarsjóð.

91
13. ágúst

11. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til leiðbeiningar og eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu og samgöngumálaráðuneytið, 13. ágúst 1934.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

92
14. ágúst

REGLUGERÐ

um breytingu á bráðabirgðareglugerð um Kreppulánasjóð, nr. 108 2. okt. 1933.

1. gr.

Þau lán, sem Kreppulánasjóður veitir eftir staðfestingu reglugerðar þessarar, skulu ávaxtast og endurgreiðast með jöfnum ársgreiðslum allan lánstímann. Heimilt er þó stjórn sjóðsins að veita lán með þeim afborgunarskilmálum, sem ákveðnir eru í 27. gr. bráðabirgðareglugerðar nr. 108, 2. október 1933, um Kreppulánasjóð, ef lántakendur óska.

Um öll lán Kreppulánasjóðs gilda að öðru leyti ákvæði bráðabirgðareglugerðar um Kreppulánasjóð nr. 108 frá 2. október 1933.

2. gr.

Stjórn Kreppulánasjóðs er heimilt að breyta afborgunarskilmálum þeirra lána, sem veitt hafa verið úr Kreppulánasjóði fyrir staðfestingu þessarar reglugerðar, til samræmis við ákvæði 1. greinar, enda æski skuldunautar þeirrar breytingar.

Fjármálaráðuneytið, 14. ágúst 1934.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Pálínu G. Þórarinsdóttur og Benedikts H. Sigmundssonar", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 14. ágúst 1934. Skipulagsskráin er þannig: **93** 14. ágúst

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Pálínu G. Þórarinsdóttur og Benedikts H. Sigmundssonar.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með gjafabréfi, dags. 4. júní 1934, af Ingibjörgu Benediktsdóttur, dóttur og stjúpdóttur ofangreindra hjóna, til styrktar fátækum, efnilegum nemendum, við Tónlistarskólann í Reykjavík.

Nafn sjóðsins skal vera „Minningarsjóður Pálínu G. Þórarinsdóttur og Benedikts H. Sigmundssonar".

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 5000.00, samkvæmt skuldabréfi, útgefnu 7. febr. þ. á., af Andrési G. Þormar, tryggt með 2. veðrétti í húseigninni nr. 114 við Hringbraut hér í bæ, og á það að greiðast að fullu á árunum 1934—1942, með 6% ársvöxtum eftir á.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fátæka, en — að dómi skólastjórnar Tónlistarskólans — efnilega nemendur við þann skóla til tónlistarnáms, eftir nánari ákvæðum gjafabréfsins og skipulagsskrár þessarar. Styrkurinn á fyrst og fremst að ganga til greiðslu skólagjalds við skólann, en að því greiddu, vera til frjálsra afnota fyrir styrkþega. Þar til sjóðurinn er orðinn kr. 50.000.00, má árlegur styrkur til eins nemanda eigi fara fram úr kr. 250.00. Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 50.000.00, má árlegur styrkur til eins nemanda verða allt að kr. 500.00 og þegar hann er orðinn kr. 100.000.00 kr. 1000.00, en aldrei hærri. Nemendur úr Hafnarfirði ganga fyrir til styrks, að öðru jöfnu.

Þegar útborgaðir vextir samkvæmt því, er segir hér á eftir, eru orðnir kr. 10.000.00 eða meira á ári, má verja því af þeim, er eigi kynni að ganga til nemenda samkvæmt ofanrituðu, til styrktar tónlistinni í landinu á annan hátt, samkvæmt ákvörðun stjórnar sjóðsins.

4. gr.

Vextir af sjóðnum skulu lagðir við höfuðstól í næstu 10 ár, frá 4. júní 1934 að telja. Frá þeim tíma, þar til sjóðurinn er orðinn kr. 100.000.00, má verja ½ vöxtunum til styrkveitinga samkvæmt framansögðu. Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 100.000.00 og úr því, má verja allt að ⅗ af vöxtunum til styrkveitingar.

93
14. ágúst

5. gr.

Verði skóli sá, er nú starfar hér í bænum lagður niður, eða annar skóli stofnaður í hans stað eða jafnframt honum, sem styrktur verður af ríkinu, skal sjóðurinn renna til þess skóla, með sömu skilmálum og að ofan greinir. En verði Tónlistarskólinn lagður niður og komi enginn skóli í stað hans, er ríkisstyrks nýtur, skal vöxtunum af honum samkvæmt ofanrituðu varið til styrktar fátækum og efnilegum tónlistarnemendum til náms, hérlendis eða erlendis, eftir nánari ákvæðum kennslumálaráðuneytis Íslands.

6. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í Söfnunarsjóði Íslands, eftir því sem skuldabréfið innheimtist og úr því.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skulu skipa skrifstofustjórinn í kennslumálaráðuneytinu, skólastjóri Tónlistarskólans, eða þess skóla er taka kynni við sjóðnum af honum, og formaður Söfnunarsjóðs Íslands. Verði Tónlistarskólinn lagður niður, án þess að nokkur skóli taki við af honum, er geti tekið við sjóðnum samkvæmt framanrituðu, skal í stað skólastjórans koma maður í stjórnina, er hún sjálf velur, áður en hann lætur af stjórn sjóðsins. Stjórnin skiptir sjálf með sér störfum, hún ræður styrkveitingum úr sjóðnum, innan þeirra takmarka, er getur í skipulagsskrá þessari, en farið skal eftir tillögum stjórnar skólans svo sem unnt er eftir atvikum.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 5. júní 1934.

Ingibjörg Benediktsdóttir.

94
17. ágúst

SAMÞYKKT

um takmörkun á vinnutíma sendisveina, er starfa hjá verzlunar- og iðnaðarfyrirtækjum eða skrifstofum í Reykjavík..

1. gr.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 60 frá 19. júní 1933, um viðauka við lög nr. 79 14. nóvember 1917, um samþykktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum, skal vinnutími sendisveina, er starfa hjá hverskonar verzlunar- eða iðnaðarfyrirtækjum eða skrifstofum í Reykjavík, eigi vera lengri á degi hverjum en hér segir:

Fyrir sendisveina á aldrinum 12—14 ára ..... 8 klukkustundir.

— — — — 14 — og eldri 9½ —

2. gr.

Útsending á vörum, bréfaburði og innheimtu, er sendisveinar starfa að, skal lokið eigi síðar en einni klukkustund eftir lokunartíma sölubúðanna, verkstæðanna eða skrifstofanna, og daginn fyrir almennan frídag eigi síðar en tveim klukkustundum eftir lokunartíma.

94
17. ágúst

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar samkvæmt lögum nr. 60, 19. júní 1933, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. ágúst 1934.

Haraldur Guðmundsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

um útflutning á saltsíld.

95
17. ágúst

Samkvæmt heimild í bráðabirgðalögum, útgefnum í dag, sbr. bráðabirgðalög 31. júlí 1934, og með skírskotun til auglýsingar ráðuneytisins, dags 31. f. m., og tilkynningar, dags. 3. þ. m., sem og reglugerðar 8. þ. m., um sölu og útflutning á léttverkaðri saltsíld, auglýsist hér með hlutaðeigendum til leiðbeiningar og eftirbreytni, að ríkistjórnin hefir ákveðið, að fyrirmæli framangreindra laga, auglýsinga og reglugerðar um léttverkaða saltsíld, taki einnig til allrar tálgntekinnar og slógdreginnar saltsíldar, þó hún sé söltuð meira en nemur 22 kg. salts í 120 lítra tunnu eða tilsvarandi í minna ílát.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. ágúst 1934.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Lánssjóð Bændafélagsins Vonin", útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómsmálaráðherra 18. ágúst 1934. Skipulagsskráin er þannig:

96
18. ágúst

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Lánssjóð Bændafélagsins Vonin.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Lánssjóður Bændafélagsins Vonin".

2. gr.

Sjóðurinn er til orðinn á þann hátt, að árlegur tekjuafgangur Bændafélagsins Vonin, sem stofnað var 4. marz 1894, hefir gengið til sjóðmyndunarinnar,

96 Er sú upphæð nú kr. 1842.60 — átján hundruð fjörutíu og tvær krónur og sextíu
18. ágúst aurar —. Skal svo og verða, að árlegur tekjuafgangur félagsins ásamt gjöfum og áheitum, sem sjóðnum kynni að áskotnast, ganga til eflingar honum, auk árlegra vaxta.

3. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja félagsmenn með lánum:

1. Til búnaðarframkvæmda.
2. Til eflingar sjávarútvegi.
3. Ungu fólki til menntunar.

Lán þessi skulu veitt eftir þeim útlánsreglum, sem aðalfundur félagsins setur fyrir sjóðinn.

4. gr.

Sjóðurinn skal vera í umsjá Bændafélagsins Vonin. Reikningsár hans sé almanaksárið og skulu reikningar endurskoðaðir af tveimur mönnum kjörnum af aðalfundi félagsins.

Það af fé sjóðsins, sem ekki er í útlánum, skal ávaxta þar sem hentast þykir, að öðru jöfnu þó í Sparisjóði Önundarfjarðar, á meðan ekki er kominn tryggur sparisjóður innan Mosvallahrepps.

5. gr.

Fækki meðlimum Bændafélagsins Vonin, svo að ekki verði eftir 10, skal það teljast hætt störfum, og skal þá hreppsnefnd Mosvallahrepps taka sjóðinn í sína umsjá og verja til styrktar hreppsbúum á sama hátt og að framan greinir.

26. janúar 1934.

Hólmgeir Jensson	*Stefán Pálsson*	*Guðmundur Bjarnason*
(formaður).	(ritari).	(féhirðir).

97
27. ágúst

REGLUGERÐ

um bann við dragnótaveiði í landhelgi á svæðinu frá Gerpisflös að Vattarnestanga í Suður-Múlasýslu.

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 55 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Enginn má nota neina tegund dragnóta, þar á meðal kolanætur (Snurrevod), til fiskveiða í landhelgi fyrir innan línu frá Vattarnestanga til Gerpisflasar á tímabilinu frá 1. september til 30. nóvember 1934. Bann þetta nær jafnt

til allra skipa og báta, sem slík veiðarfæri nota. Þó skal eigendum og nothöfum jarða þeirra, er að sjó liggja á bannsvæðinu, heimilt að nota ádráttarnætur og draga þær á land. **97** 27. ágúst

2. gr.

Lögreglustjóra og skipum þeim, er hafa á hendi landhelgisgæzlu, ber að annast um að bannákvæðum reglugerðar þessarar sé hlýtt.

3. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða þeim sektum og viðurlögum, sem ákveðin eru í framangreindum lögum.

Reglugerð þessi gengur í gildi 1. september 1934, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. ágúst 1934.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

AUGLÝSING **98**

30. ágúst

um meðalmeðgjöf af hálfu barnsfeðra með óskilgetnum börnum til 14. maí 1937, samkvæmt lögum nr. 15 31. maí 1927.

1. Reykjavíkurkaupstaður:

Til	fullra	4	ára	aldurs	kr.	480.00	á	ári.
—	—	9	—	—	—	400.00	–	—
—	—	14	—	—	—	480.00	–	—
—	—	16	—	—	—	300.00	–	—

2. Hafnarfjarðarkaupstaður:

Til	fullra	4	ára	aldurs	kr.	400.00	á	ári.
—	—	9	—	—	—	320.00	–	—
—	—	14	—	—	—	400.00	–	—
—	—	16	—	—	—	200.00	–	—

3. Gullbringusýsla:

Til	fullra	4	ára	aldurs	kr.	400.00	á	ári.
—	—	9	—	—	—	320.00	–	—
—	—	14	—	—	—	400.00	–	—
—	—	16	—	—	—	200.00	–	—

98
30. ágúst

4. Kjósarsýsla:

Til fullra 4 ára aldurs kr. 300.00 á ári.
— — 9 — — — 250.00 — —
— — 14 — — — 300.00 — —
— — 16 — — — 150.00 — —

5. Borgarfjarðarsýsla:

Til fullra 4 ára aldurs kr. 250.00 á ári.
— — 9 — — — 200.00 — —
— — 14 — — — 250.00 — —
— — 16 — — — 125.00 — —

6. Mýrasýsla:

Til fullra 4 ára aldurs kr. 250.00 á ári.
— — 9 — — — 200.00 — —
— — 14 — — — 250.00 — —
— — 16 — — — 125.00 — —

7. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla:

Til fullra 4 ára aldurs kr. 250.00 á ári.
— — 9 — — — 200.00 — —
— — 14 — — — 250.00 — —
— — 16 — — — 125.00 — —

8. Dalasýsla:

Til fullra 4 ára aldurs kr. 250.00 á ári.
— — 9 — — — 200.00 — —
— — 14 — — — 250.00 — —
— — 16 — — — 125.00 — —

9. Austur-Barðastrandarsýsla:

Til fullra 4 ára aldurs kr. 250.00 á ári.
— — 9 — — — 200.00 — —
— — 14 — — — 250.00 — —
— — 16 — — — 125.00 — —

10. Vestur-Barðastrandarsýsla:

Til fullra 4 ára aldurs kr. 250.00 á ári.
— — 9 — — — 200.00 — —
— — 14 — — — 250.00 — —
— — 16 — — — 125.00 — —

98
30. ágúst

11. Norður-Ísafjarðarsýsla:

Til fullra 4 ára aldurs kr. 250.00 á ári.
— — 9 — — — 200.00 — —
— — 14 — — — 250.00 — —
— — 16 — — — 125.00 — —

12. Vestur-Ísafjarðarsýsla:

Til fullra 4 ára aldurs kr. 250.00 á ári.
— — 9 — — — 200.00 — —
— — 14 — — — 250.00 — —
— — 16 — — — 125.00 — —

13. Ísafjarðarkaupstaður:

Til fullra 4 ára aldurs kr. 400.00 á ári.
— — 9 — — — 320.00 — —
— — 14 — — — 400.00 — —
— — 16 — — — 200.00 — —

14. Strandasýsla:

Til fullra 4 ára aldurs kr. 250.00 á ári.
— — 9 — — — 200.00 — —
— — 14 — — — 250.00 — —
— — 16 — — — 125.00 — —

15. Vestur-Húnavatnssýsla:

Til fullra 4 ára aldurs kr. 250.00 á ári.
— — 9 — — — 200.00 — —
— — 14 — — — 250.00 — —
— — 16 — — — 125.00 — —

16. Austur-Húnavatnssýsla:

Til fullra 4 ára aldurs kr. 250.00 á ári.
— — 9 — — — 200.00 — —
— — 14 — — — 250.00 — —
— — 16 — — — 125.00 — —

17. Skagafjarðarsýsla:

Til fullra 4 ára aldurs kr. 250.00 á ári.
— — 9 — — — 200.00 — —
— — 14 — — — 250.00 — —
— — 16 — — — 125.00 — —

98
30. ágúst

18. Eyjafjarðarsýsla:

Til fullra 4 ára aldurs kr. 250.00 á ári.
— — 9 — — — 200.00 — —
— — 14 — — — 250.00 — —
— — 16 — — — 125.00 — —

19. Akureyrarkaupstaður:

Til fullra 4 ára aldurs kr. 300.00 á ári.
— — 9 — — — 250.00 — —
— — 14 — — — 300.00 — —
— — 16 — — — 150.00 — —

20. Siglufjarðarkaupstaður:

Til fullra 4 ára aldurs kr. 400.00 á ári.
— — 9 — — — 320.00 — —
— — 14 — — — 400.00 — —
— — 16 — — — 200.00 — —

21. Norður-Þingeyjarsýsla:

Til fullra 4 ára aldurs kr. 250.00 á ári.
— — 9 — — — 200.00 — —
— — 14 — — — 250.00 — —
— — 16 — — — 125.00 — —

22. Suður-Þingeyjarsýsla:

Til fullra 4 ára aldurs kr. 250.00 á ári.
— — 9 — — — 200.00 — —
— — 14 — — — 250.00 — —
— — 16 — — — 125.00 — —

23. Norður-Múlasýsla:

Til fullra 4 ára aldurs kr. 300.00 á ári.
— — 9 — — — 250.00 — —
— — 14 — — — 300.00 — —
— — 16 — — — 150.00 — —

24. Seyðisfjarðarkaupstaður:

Til fullra 4 ára aldurs kr. 300.00 á ári.
— — 9 — — — 250.00 — —
— — 14 — — — 300.00 — —
— — 16 — — — 150.00 — —

98
30. ágúst

25. Suður-Múlasýsla:

Til fullra 4 ára aldurs kr. 300.00 á ári.
— — 9 — — — 250.00 — —
— — 14 — — — 300.00 — —
— — 16 — — — 150.00 — —

26. Neskaupstaður:

Til fullra 4 ára aldurs kr. 300.00 á ári.
— — 9 — — — 250.00 — —
— — 14 — — — 300.00 — —
— — 16 — — — 150.00 — —

27. Austur-Skaftafellssýsla:

Til fullra 4 ára aldurs kr. 250.00 á ári.
— — 9 — — — 200.00 — —
— — 14 — — — 250.00 — —
— — 16 — — — 125.00 — —

28. Vestur-Skaftafellssýsla:

Til fullra 4 ára aldurs kr. 250.00 á ári.
— — 9 — — — 200.00 — —
— — 14 — — — 250.00 — —
— — 16 — — — 125.00 — —

29. Rangárvallasýsla:

Til fullra 4 ára aldurs kr. 250.00 á ári.
— — 9 — — — 200.00 — —
— — 14 — — — 250.00 — —
— — 16 — — — 125.00 — —

30. Vestmannaeyjakaupstaður:

Til fullra 4 ára aldurs kr. 400.00 á ári.
— — 9 — — — 320.00 — —
— — 14 — — — 400.00 — —
— — 16 — — — 200.00 — —

31. Árnessýsla:

Til fullra 4 ára aldurs kr. 250.00 á ári.
— — 9 — — — 200.00 — —
— — 14 — — — 250.00 — —
— — 16 — — — 125.00 — —

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. ágúst 1934.

Haraldur Guðmundsson.

Páll Pálmason.

99
4. sept.

REGLUGERÐ

um bann við dragnótaveiði í landhelgi á Arnarfirði.

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 55 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Enginn má nota neina tegund dragnóta, þar á meðal kolanætur (Snurrevod), til fiskveiða í landhelgi innan línu frá Sléttunestá norðan Arnarfjarðar og í Kópaflögu sunnan við fjörðinn á tímabilinu frá 1. september til 30. nóvember ár hvert.

Bann þetta nær jafnt til allra skipa og báta, sem slík veiðarfæri nota, þó skal eigendum og nothöfum jarða þeirra, er að sjó liggja á bannsvæðinu, heimilt að nota ádráttarnætur og draga þær á land.

2. gr.

Lögreglustjóra og skipum þeim, er hafa á hendi landhelgisgæzlu, ber að annast um að bannákvæðum reglugerðar þessarar sé hlýtt.

3. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða þeim sektum og viðurlögum, sem ákvæðin eru í framangreindum lögum.

Reglugerð þessi gengur í gildi 1. október 1934 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 4. september 1934.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

SAMÞYKKT

100
10. sept.

um sýsluveginn Mýrahreppsveg.

1. gr.

Mýrahreppsvegur er í samþykkt þessari nefndur sýsluvegurinn, er liggur útfrá þjóðveginum að Gemlufalli; út að Núpi og inn að Höfða.

2. gr.

Samþykkt þessi nær yfir allan Mýrahrepp.

3. gr.

Mýrahreppsveg skal gera akfæran vögnum og bifreiðum hið fyrsta, að tekjur þessa vegafélags leyfa. Skal hann lagður samkvæmt fyrirmælum vegamálastjóra.

4. gr.

Vegafélag Mýrahrepps greiðir minnst ⅔ hluta þess vegakostnaðar, er ekki fæst greiddur úr ríkissjóði. ⅓ hluti greiðist af sýslusjóði Vestur-Ísafjarðarsýslu, þó ekki yfir 300 kr. á ári, nema sérstakt samþykki sýslunefndar komi til.

Viðhald vegarins skal greiða úr vegasjóði, að því leyti sem það ekki verður greitt úr sýslusjóði.

5. gr.

Árlegar tekjur vegafélagsins eru:

a. Af skuldlausum eignum, sem nema 500 kr. eða meira, samkvæmt síðasta skattframtali, greiðir hver gjaldþegn 1‰ — einn af hverju þúsundi.

b. Fyrir hvern verkfæran mann, á svæðinu frá Höfða að Alviðru — að báðum bæjum meðtöldum — greiðir hver húsráðandi 10 krónur. En fyrir hvern verkfæran mann heimilisfastan á bæjunum Arnarnesi, Gerðhömrum, Næfranesi og Lambadölum, 5 krónur. Rétt á húsráðandi á endurgjaldi frá hlutaðeigendum. Gjald þetta má greiða í vinnu við veginn. Er hver vinnustund þá metin til verðs, eins og samtímis er greitt fyrir vegavinnu ríkissjóðs innan sýslunnar, eða þá vinnu, sem að öllu leyti er framkvæmd á vegum sýslusjóðs. Ingjaldssandur er undanþeginn þessu gjaldi.

c. Úr sveitarsjóði Mýrahrepps sé árlegt gjald til vegafélagsins minnst 100 kr.

Stjórn félagsins hefir heimild til — með samþykki aðalfundar — að hækka eða lækka þessar tekjum, allt að ⅓ hluta fyrir 1 ár í senn. Til hækkunarinnar þarf samþykki sýslufundar.

6. gr.

Allir, sem gjalda til vegarins, samkvæmt 5. gr. a. og b., mynda félag, er nefnist vegafélag Mýrahrepps. Það skal eiga með sér aðalfund í febrúar eða marz ár hvert. Á fundi þeim, er samþykkt þessi verður löglega samþykkt, skal

100 10. sept.

kjósa 5 manna stjórn fyrir félagið. Eftir 2 ár ganga 2 menn úr stjórninni eftir hlutkesti og kýs aðalfundur 2 menn í þeirra stað til 4 ára. Hinn hluti stjórnarinnar fer frá eftir að hafa setið 4 ár og gilda sömu reglur um kosningu hans.

Á aðalfundi skulu félagsmál rædd og ályktanir teknar um þau; endurskoðaðir félagsreikningar fyrir s. l. ár, lagðir fram og atkvæði greidd um samþykkt þeirra, kosin stjórn svo sem áður er sagt og 2 endurskoðendur félagsreikninganna, og annað það tekið fyrir, sem fram er borið og félagið varðar. Aðalfundur sé boðaður með minnst viku fyrirvara. Er hann lögmætur ef minnst 10 félagsmenn mæta. Þó því aðeins, að ekki sé um almenn forföll að ræða, er hamlað hafi fundarsókn, svo sem veikindi eða ófært veður.

7. gr.

Stjórn félagsins kýs sér formann. Boðar hann til aðalfundar og gengst fyrir kosningu fundarstjóra. Stjórnin annast allar framkvæmdir vegafélagsins og gefur aðalfundi glögga skýrslu um þær fyrir s. l. ár. Stjórnarkostnað má greiða af tekjum félagsins.

8. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

9. gr.

Séu tekjur félagsins, samkvæmt 4. gr. b., greiddar með vinnu, ákveður stjórn félagsins, með minnst 14 daga fyrirvara, hvenær og hvar vinnan fer fram. Að öðru leyti er gjalddagi árstekna hinn sami og útsvara og má taka þær lögtaki.

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 200 kr. Renna þær í félagssjóð. Með mál út af slíkum brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt, staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 38, 28. nóvember 1919 til þess að öðlast gildi 1. október 1934, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. september 1934.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

101
10. sept.

um skipun slökkviliðs og brunamála í Akureyrarkaupstað.

I. KAFLI

Um skipun brunamálanefndar og verksvið hennar.

1. gr.

Brunamálanefnd er skipuð 4 bæjarfulltrúum og slökkviliðsstjóra. Auk þess á bæjarstjóri sæti í nefndinni, og er hann formaður. Um kosningu nefndarinnar fer með sama hætti og annara fastra nefnda bæjarstjórnar, og skal hún kosin til sama tíma.

Brunamálanefnd hefir á hendi, undir umsjón bæjarstjórnar, stjórn brunamála kaupstaðarins, að svo miklu leyti sem starfið heyrir ekki beinlínis undir slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra. Hún skal hafa eftirlit með því, að ákvæðum brunamálalaganna og reglugerðar þessarar sé í öllu framfylgt.

II. KAFLI

Hver slökkvitæki kaupstaðurinn skuli eiga og viðhald þeirra.

2. gr.

Akureyrarkaupstað er skylt, auk slökkvistöðvar, að eiga í nothæfu ástandi, að minnsta kosti þessi slökkvitæki og áhöld: 1 bil (1-tons), með útbúnaði fyrir slökkviáhöld, 1 véldælu, sem dælir minnst 1000 mínútulítra, 1000 metra slöngur með tilheyrandi tengslum og stútum, björgunarstiga, 8 m. langan, 2 áhalda- og slönguvagna, 50 ferm. eldvarnarsegl, 4 reykgrímur, 40 hjálma, 2 krókstjaka, ásamt öðrum smærri áhöldum. Áhöldum þessum skal á kostnað bæjarsjóðs haldið vel við, svo að þau séu ávallt í nothæfu standi.

Ef brunamálanefnd þykir ástæða til að fjölga eða fullkomna slökkvitækin, skal hún leggja það til við bæjarstjórn, að svo verði gert.

Öll slökkvitæki skulu geymd í slökkvistöðinni, að undanskildum einum vagni með slöngum og nokkrum smærri áhöldum, sem ávallt sé geymt í innbænum. Lykill að slökkvistöðinni skal vera í vörzlum slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra og svo margra úr slökkviliðinu, sem slökkviliðsstjóri álítur nægilegt. Slökkvistöðinni skal haldið vel við á kostnað bæjarsjóðs.

3. gr.

Slökkviliðsstjóri hefir, undir umsjón brunamálanefndar, eftirlit með slökkvitækjunum, og ber hann ábyrgð á því, að þau séu fyrir hendi, og að þeim sé vel við haldið. Við árslok hver sendir slökkviliðsstjóri brunamálanefnd skrá yfir

101 slökkvitæki þau, sem til eru, og skal þess jafnframt getið, hver slökkvitæki hafi
10. sept. verið keypt á árinu og hver hafi gengið úr sér.

III. KAFLI

Hver slökkvitæki húseigandi skuli útvega sér, og láta fylgja húsi sínu.

4. gr.

Hverju timburhúsi þar sem íbúðarherbergi eru á 2 eða 3 hæðum ofan kjallara skal fylgja traustur stigi, er sé svo langur að hann nái upp í glugga á efsta íbúðarherbergi hússins. Skal stiginn geymdur á tilteknum stað, er sé aðgengilegur fyrir slökkviliðið.

5. gr.

Brunamálanefnd getur, að fengnu samþykki bæjarstjórnar, látið setja í sérhverju húsi, þar sem óvenjuleg eldhætta er (samkomuhús, kvikmyndahús, verksmiðjur, smíðastofur), slökkvitæki í sambandi við vatnsveitu hússins á kostnað hússeiganda, og er hann skyldur að viðhalda slíkum slökkvitækjum og endurnýja þau og má ekki nota þau til neins annars en slökkviráðstafana. Skulu þau geymd á þeim stað er slökkviliðsstjóri ákveður. Brunamálanefnd getur skyldað húseigendur, þar sem óvenjuleg brunahætta er, til þess að útvega á eiginn kostnað og hafa á tilteknum stað í húsinu slökkviáhöld, af þeirri gerð er Brunabótafélag Íslands tekur gild.

IV. KAFLI

Skylda borgaranna til þess að gegna slökkviliðsstörfum og skipun slökkviliðs.

6. gr.

Slökkviliðsstjórinn, og í forföllum hans varaslökkviliðsstjórinn, er yfirmaður og stjórnandi alls slökkviliðsins. Auglýsa skal í janúar ár hvert í blaði, sem gefið er út í kaupstaðnum, hver sé slökkviliðsstjóri, hvar hann býr, hverjir séu honum næstir yfirmenn í slökkviliðinu og hvernig tilkynna skuli eldsvoða. Slökkviliðsstjóri og varaslökkviliðsstjóri mega aldrei vera fjarverandi úr bænum báðir í senn, nema sérstaklega standi á og þó því aðeins að bæjarstjóri samþykki og slökkviliðsstjóri setji mann í sinn stað.

7. gr.

Allir verkfærir karlmenn 20—60 ára að aldri, sem heimilisfastir eru í kaupstaðnum, að undanskildum þeim, sem með læknisvottorð sanna, að þeir fyrir heilsubilun séu ekki færir til vinnu, eru skyldir til þjónustu í slökkviliðinu.

8. gr.

Í slökkviliði kaupstaðarins skulu að minnsta kosti vera fastráðnir þessir menn: Slökkviliðsstjóri, varaslökkviliðsstjóri, 10 liðsmenn og 4 brunaboðar.

9. gr.

Bæjarstjórn skipar slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra eftir tillögum brunamálanefndar, en brunamálanefnd ræður aðra starfsmenn slökkviliðsins eftir tillögum slökkviliðsstjóra. Slökkviliðsstjóri getur sagt upp liðsmönnum slökkviliðsins án nokkurs fyrirvara, ef hann finnur ástæðu til, og ráðið aðra í þeirra stað til bráðabirgða. Allir liðsmenn í slökkviliðinu eru skyldir til að tilkynna slökkviliðsstjóra með viku fyrirvara, ef þeir af gildum ástæðum geta ekki sinnt starfi sínu í slökkviliðinu.

Flokksstjórar skulu skyldir til að tilkynna slökkviliðsstjóra, ef þeir fara burt úr kaupstaðnum daglangt, og liggur sekt við, ef út af er brugðið.

10. gr.

Slökkviliðsstjóri og varaslökkviliðsstjóri hafa föst laun fyrir starfa sinn, eftir nánari ákvörðun bæjarstjórnar. Aðrir liðsmenn slökkviliðsins fá greiðslu fyrir hverja klukkustund, er þeir vinna í þjónustu þess við æfingar, við að slökkva eld, eða við varðstöðu, eftir gjaldskrá, er bæjarstjórn setur í janúar ár hvert.

Þeir, sem skemma föt sín í þágu slökkviliðsins, eiga rétt á því, að fá skemmdirnar endurgoldnar úr bæjarsjóði, eftir mati eða samkomulagi.

11. gr.

Slökkviliðsstjóri stjórnar æfingum slökkviliðsins og ber ábyrgð á, að ávallt séu nógu margir í slökkviliðinu og að það sé vel æft. Þegar eldsvoða ber að höndum ákveður hann hvernig slökkviliðinu skuli fyrir komið, og allt hvað gera skuli til þess að slökkva eldinn og varna útbreiðslu hans. Þó má hann ekki rífa niður hús til varnar útbreiðslu elds, nema samþykki lögreglustjóra komi til, eða þess er fer með umboð hans við eldsvoðann. Ef slökkviliðsstjóri er forfallaður, gengur varaslökkviliðsstjóri í hans stað og sé hann heldur ekki viðstaddur, þá hefir yfirstjórn á hendi sá af liðsmönnum, sem slökkviliðsstjóri hefir fyrirfram ákveðið til þess.

12. gr.

Sérhver slökkviliðsmaður er, að viðlagðri sekt, skyldur til að mæta til æfinga og til þess að slökkva eld, þegar hann er til þess kallaður, hvar sem er innan lögsagnarumdæmis kaupstaðarins, og hlýða þá í öllum atriðum öllu því, er yfirmaður hans skipar honum. Enginn má heldur án leyfis yfirmanna, yfirgefa eldsvoða áður en slökkt er, né slökkviliðsæfingu áður en henni er lokið.

13. gr.

Lögreglustjóri er yfirmaður lögreglusveitar þeirrar, er viðhalda skal góðri reglu við eldsvoða og slökkviliðsæfingar. Auk hans eru í lögreglusveitinni lögregluþjónar kaupstaðarins, dagverðir og næturverðir, og ennfremur menn, er lögreglustjóri kveður til þess úr flokki þeirra, er skyldir eru til þess að vera í slökkviliðinu. Lögreglustjóri ákveður skipulag lögreglusveitarinnar og starfsvið

101 hvers einstaks í henni. Skylt er lögreglusveitinni að halda uppi góðri reglu við
10. sept. eldsvoða og æfingar, sjá slökkviliðsmönnum fyrir greiðum gangi að eldinum og annast um að engir aðrir en slökkviliðsmenn gangi of nærri húsi því er brennur, eða flytji þaðan neitt burt, nema með leyfi slökkviliðsstjóra.

Ennfremur sér lögreglusveitin um bjargaða muni, annast brottflutning og aðhjúkrun þeirra er verða fyrir slysum, vísar burtu og tekur fasta þá, er sekir verða um brot og kærir þá.

Umferð má banna um götur, þar sem þess þarf.

V. KAFLI

Um vatnstöku o. fl.

14. gr.

Vatn til að slökkva eld, sem og til æfinga, skal tekið úr brunahönum bæjarins. Það er á ábyrgð umsjónarmanns vatnsveitunnar og slökkviliðsstjóra, að allir brunahanar séu óskemmdir og ávallt í nothæfu standi, hvenær sem vatn þarf að taka úr þeim. Sé þess vandlega gætt að moka snjó frá þeim þegar þá fennir í kaf og á tímabilinu frá 1. október til 1. júní skal einu sinni á mánuði sannprófa að þeir séu óskemmdir. Enginn má taka vatn úr brunahönum né hreyfa við þeim að nokkru leyti, nema hann hafi til þess fengið leyfi slökkviliðsstjóra og umsjónarmanns vatnsveitunnar.

15. gr.

Skylt er sérhverjum húseiganda að leyfa að vatn sé tekið úr vatnshönum í húsi hans til að slökkva með eld, gegn fullu endurgjaldi úr bæjarsjóði fyrir skemmdir á húsi og öðrum fjármunum, sem af því hlýzt og má enginn, sem í húsinu er, leggja tálmanir fyrir að slökkviliðið hafi greiðan aðgang að vatnshönum í húsinu. Meðan verið er að slökkva eldsvoða, eru bæjarbúar skyldir að takmarka vatnsnotkun sína svo, að þeir noti vatn aðeins til nauðsynlegustu heimilisþarfa.

16. gr.

Ef hús brennur þar sem vatnsveita liggur ekki að, eða vatn úr brunahönum nægir ekki, er sérhverjum skylt að lána þau tæki er hann hefir, til að flytja í vatn og leyfa að vatn sé tekið úr vatnsbólum þeim, sem á lóð hans eru, eða hann hefir umráð yfir. Ef tæki, sem lánað hefir verið, skemmist eða týnist, skal fullt endurgjald koma fyrir úr bæjarsjóði.

17. gr.

Það er skylda hvers og eins, sem viðstaddur er eldsvoða, hvort sem hann er í slökkviliðinu eða ekki, að láta í té alla þá aðstoð sem hann getur, ef slökkviliðsstjórinn krefst þess, og hlýða í öllu fyrirskipunum slökkviliðsstjóra.

VI. KAFLI

Um skoðun eldfæra og reykháfa.

18. gr.

Reykháfa alla skal hreinsa fjórum sinnum á ári. Brunamálanefnd skal eftir fyrirmælum bæjarstjórnar, í október eða nóvember ár hvert, láta skoða eldfæri og reykháfa í öllum húsum kaupstaðarins, og líta eftir að þau séu útbúin lögum samkvæmt, og að reykháfar hafi verið nægilega hreinsaðir, svo og að aðgæta hvort púðurbirgðir, sprengiefni og önnur eldfim og hættuleg efni séu geymd, sem vera ber samkvæmt lögum um brunamál og samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar. Skoðunarmenn skulu og líta eftir, hvort stigar eru nothæfir og geymdir þar sem þeir eiga að vera. Á sama hátt skal líta eftir sérstökum slökkvitækjum, ef þau eiga að vera í húsinu. Skoðunarmenn skulu gera skýrslu um skoðunina, er afhendist brunamálanefnd.

Komi það í ljós við skoðunina, að einhverju sé ábótavant í þessu efni, skal það tafarlaust bætt, ef hægt er. Ella má veita húseiganda stuttan frest til að lagfæra gallana, skal þá að frestinum liðnum ný skoðun fara fram. Komi þá í ljós, við hina síðari skoðun, að enn sé ekki búið að bæta úr því, sem að var fundið, skal tafarlaust kæra hlutaðeiganda fyrir lögreglustjóra, er kemur fram ábyrgð á hendur þeim brotlega og lætur á hans kostnað færa í lag það er lagfæra þarf.

VII. KAFLI

Um brunaboðun.

19. gr.

Það er skylda hvers eins, er verður var við eldsvoða, að tilkynna það slökkviliðinu þegar í stað. Næturverðir skulu á göngum sínum um kaupstaðinn hafa sérstakt eftirlit með því, hvort eldur er að kvikna í húsum og tilkynna það þegar í stað slökkviliðsstjóra, brunaboðum og öðrum úr slökkviliðinu, lögreglustjóra og símastjóra. Að öðru leyti skal, þar til önnur skipun verður gerð, slökkviliðið kallað saman með því að hefja brunakall um kaupstaðinn með brunalúðrum.

VIII. KAFLI

Ýmsar almennar varúðarreglur til að fyrirbyggja eldsvoða.

20. gr.

Á götum, stakkstæðum, torgum eða almannafæri, eða milli húsa eða í görðum, má ekki setja lausar eldstór eða hlóðir, nema leyfi sé veitt til þess af slökkviliðsstjóra og ákveður hann þá hvernig eldstæðið skuli búið út og hverra varúðarreglna skuli gætt. Þegar slíkt er leyft skulu menn alltaf vera við eldinn, meðan

101 10. sept.

logandi er í hlóðunum. Hið sama er um lýsisbræðslu, tjörugerð og bikgerð og bikun á veiðarfærum. Milli húsa eða úti við, má ekki bera eldsglæður nema í lokuðum málmkössum. Á kaupstaðarlóðinni má ekki kveikja bál eða halda brennur, nema leyfi lögreglustjóra komi til.

21. gr.

Eldivið, steinkol, mó og annað eldsneyti má ekki leggja fyrir utan hús, nema með samþykki brunamálanefndar og veitir brunamálanefnd því aðeins samþykki til þess, að ekki geti stafað af því eldshætta að marki. Mikið af trjám og borðviði má því aðeins hafa fyrir utan hús, að brunamálanefnd leyfi. Ákveður hún um leið og hún veitir leyfið, hversu stór trjástafli megi vera og hversu langt bil skuli vera á milli þeirra, og minnstu fjarlægð frá næsta húsi, sem þó má aldrei vera minni en 6 metrar. Það skal yfirleitt ekki leyft að hafa viðarstafla hærri en 4 metra og ekki stærri að flatarmáli en 40 metra, enda standi þá staflarnir ekki nær hver öðrum en svo, að tveggja metra bil sé á milli þeirra og ekki nær næsta húsi en 6 metra. Birgðir af steinolíu, bensíni, terpentínu, eða öðrum eldfimum vökvum, skulu ætíð geymdar í húsum inni, eða í mannheldum girðingum og hvergi nema þar sem bæjarstjórn samþykkir. Þó má ekki geyma birgðir af vökvum þessum, nema í steinhúsum með steinsteypuloftum eða steinsteyptum kjöllurum með steinloftum og steingólfum. Um undanþágu frá þessu fer samkv. lögum um brunamál. Hafi einhver sett birgðir af slíkum eldfimum vökvum á bersvæði eða annarstaðar, í óleyfi bæjarstjórnar, má lögreglustjóri láta flytja þær burtu á kostnað eiganda.

22. gr.

Þar sem geymdar eru birgðir af steinolíu, terpintínu, benzíni eða áþekkum, eldfimum vökvum, skal eftirfarandi varúðarreglum fylgt:

a. Séu birgðirnar meiri en 800 lítrar af steinolíu eða 175 lítrar af benzíni eða álíka eldfimum vökvum, má hvorki bera um geymslustaðinn eld eða ljós, enda þótt það sé byrgt í ljóskeri, ekki kveikja á eldspítu né reykja þar tóbak. Þar mega heldur ekki vera eldstór, reykháfar eða hitaleiðslur, sem eldhætta getur stafað af.

b. Séu birgðirnar ekki meira en 800 lítrar af steinolíu eða 175 lítrar af benzíni eða öðrum álíka eldfimum vökvum og þær geymdar utanhúss í görðum eða portum, þar sem ekkert hús er nær en 6 metra, má því aðeins bera þar inn ljós, að það sé í lokuðu ljóskeri, en eld má ekki kveikja þar eða bera. Ekki má heldur taka þar ljósvökva úr tunnu eða stærra íláti við ljós, nema ljósið sé í lokuðu ljóskeri og það látið hanga í a. m. k. 2 metra fjarlægð.

Séu slíkar birgðir geymdar innanhúss skal gæta sömu varúðar og undir a-lið.

c. Birgðir, allt að 200 lítrum af steinolíu eða 10 lítrum af benzíni eða álíka eldfimum vökvum má geyma í sölu- eða smíðahúsum, en þá skulu þær

geymdar á afviknum stað í málmíláti eða lokuðum flöskum. Skal þá gætt sömu varúðar og undir a-lið. 101 10. sept.

d. Í húsum eða herbergjum þar sem farið er með eld eða ljós, má ekki taka úr íláti neinn ljósvökva með blossamarki undir 40 stiga hita hundraðsmælis (Celsius).

e. Þar sem ljósvökvi er geymdur, hvort heldur er úti eða inni, í sölubúðum eða smíðahúsum, skal gætt allrar varúðar. Fari ljósvökvi niður á gólf í húsi, skal hann þerraður upp þegar í stað, svo vel sem hægt er. Í húsinu má ekki geyma eldfima hluti nálægt ljósvökvanum, nema yfir þeim sé höfð ábreiða, sem ekki er eldfim. Þar sem geymdir eru meira en 200 lítrar af steinolíu eða 40 lítrar af benzíni eða álíka eldfimum vökvum, má engin vinna fara fram, nema undir eftirliti fullorðins manns, er þar sé ávallt staddur. Ella skal geymslustaðnum lokað, svo óviðkomandi komist þar ekki inn.

f. Benzíngeyma má hvergi setja upp meðfram götum kaupstaðarins, nema samkvæmt fyrirmælum bæjarstjórnar, að fengnum tillögum brunamálanefndar. Hvergi má setja þá nær steinhúsum en 15 metra og ekki nær timburhúsum en 25 metra og skal frágangur allur vera svo rammbyggilegur, að sem minnst eldhætta stafi af. Tóbaksreikningar mega ekki fara fram í nánd við geymana. Tæmdar benzíntunnur skal jafnharðan flytja burtu.

g. Landflutningur eða uppskipun á benzíni og olíu í stærri stíl, svo og fylling benzín- og olíugeyma, má ekki fara fram, nema undir eftirliti, sem framkvæmt er eftir fyrirmælum slökkviliðsstjóra og skal það kostað af eiganda eða farmsmóttakanda, samkvæmt taxta brunamálanefndar.

h. Í hverjum geymslustað skal prentað eintak af reglum þessum hanga á vegg, þar sem það er auðvelt til aflestrar.

23. gr.

Í smíðahúsum handiðnaðarmanna, sem fást við trésmíðar, skal gætt þessara varúðarreglna:

a. Eld má ekki fara með nema í eldstæðum eða ofninum og tóbaksreikningar skulu bannaðar. Fyrir framan hverja ofnhurð skal vera kassi úr málmi, er sé að minnsta kosti 50 cm. á hæð og sé hann þannig áfastur ofninum, að allar glæður og eldur úr honum detti í kassann.

b. Þegar límpotturinn er tekinn af eldstæðinu, skal setja hann á málmplötu, er nái að minnsta kosti 8 cm. út fyrir pottinn á alla vegu. Brún málmplötunnar skal beygð upp á við.

c. Þar sem ekki er rafmagnsljós má eingöngu nota steinolíuvegglampa eða lokað ljósker, en hvorki borðlampa eða kertaljós.

d. Ekki má fleygja eldspítu á gólfið, þegar kveikt hefir verið á henni, heldur skal fleygja henni í ofninn, eða leggja hana á málmplötu eða annan stað, þar sem vissa er fyrir að hún geti ekki kveikt eld frá sér.

e. Tréspænir, hey, eða aðrir slíkir eldfimir hlutir, mega ekki liggja dreifðir um smíðahússgólfið, dag frá degi. Á hverjum degi, að endaðri vinnu, skal

101 10. sept.

þeim sópað saman og þeir bornir úr smíðahúsinu, eða þeim komið fyrir á sérstökum stað í smíðahúsinu sem ætlaður er fyrir þá. Miklar birgðir af tréspónum skal geyma í lokuðum klefa, þar sem engin sérstök eldhætta getur stafað af.

f. Miklar birgðir af trésmíðaefni mega ekki liggja í göngum eða stigum og heldur ekki utan við smíðahúsið, nema sérstakt leyfi brunamálanefndar komi til. Handiðnaðarmenn, sem fást við trésmíði eða járnsmíði, mega ekki geyma meira viðarsmíðaefni í járn- og trésmiðju sinni, en þarf til að vinnan verði innt af hendi viðstöðu- og tafarlaust.

g. Þegar vinnu er lokið að kvöldi, og áður en smiðirnir fara úr smíðahúsinu, skal slökkva allan eld og ljós og loka húsinu, svo að óviðkomandi menn komist ekki í það.

h. Í sérhverju smíðahúsi, þar sem vatnsveita er, skal vera sérstakur vatnskrani með viðfestri slöngu. Ennfremur getur brunamálanefnd fyrirskipað eiganda að hafa þar önnur slökkvitæki ef hún sér nauðsyn til.

i. Í sérhverju smíðahúsi skal vera prentað eintak af reglum þessum fest á vegg, þar sem auðvelt er að lesa það. Forstöðumaður smíðahússins skal sjá um, að reglum þessum sé hlýtt og hinnar mestu varúðar gætt, í meðferð á eldi og ljósi.

IX. KAFLI

Um slökkviliðið.

24. gr.

Fastir starfsmenn í slökkviliðinu skiptast þannig niður:

Til björgunar	16	menn
Við vatnsslöngur	16	—
Við dælur	4	—
Við brunahana	4	—
Brunaboðar	4	—

Slökkviliðsstjóri skiptir liðinu niður í flokka og skipar flokksstjóra eftir þörfum. Hann skal og árlega semja skrá yfir alla sem skyldir eru að mæta samkvæmt 8. gr., og skal hverjum tilkynnt í hvaða flokki hann skuli vera. Að lokinni æfingu eða eldsvoða skal merkja á skránni við alla þá sem hafa mætt.

25. gr.

a. Fjórum ákveðnum mönnum úr björgunarflokknum, er skylt að mæta, þá er eldsvoða ber að höndum, á brunastaðnum, svo fljótt sem unnt er. Hinir sjá um flutning stiga og annara björgunartækja á brunastaðinn. Fyrsta verk björgunarflokksins skal vera að bjarga fólki, þá lifandi skepnum, og síðan öllum dauðum munum, hverju nafni sem nefnast undantekningarlaust. Allt sem hann bjargar, skal hann fara vel með. Enga björgun má hann fram-

kvæma, að undanskildu fólki og skepnum, nema eftir fyrirskipun slökkvi- **101**
liðsstjóra eða annars, sem gengur í hans stað. Slökkviliðsstjóri skipar úr 10. sept.
flokki þessum flokksstjóra, sem hann getur snúið sér til með skipanir sín-
ar, sem og til hinna annara flokksstjóra sem skipaðir kunna að verða.

b. Húsrifsflokkur skal hafa á hendi að rífa það, sem þurfa þykir, eftir skipun slökkviliðsstjóra. Skal hann ávallt vera með sín ákveðnu verkfæri á brunastaðnum, og aðstoða björgunarflokkinn eftir fyrirmælum slökkviliðsstjóra.

c. Vatnsslönguflokkur skal sjá um, að allar slöngur og tilheyrandi áhöld komi á brunastaðinn, og skal hann koma slöngunum þannig fyrir, að þægilegt sé að drepa eldinn. Síðan skal flokkurinn starfa sem bunustjórar eftir fyrirmælum yfirmanna.

d. Dæluflokkur skal mæta við slökkvistöðina svo fljótt sem unnt er, þegar eldsvoða ber að höndum, og hafa dælurnar í góðu standi, flytja þær þangað sem slökkviliðsstjóri skipar fyrir, setja véldælurnar í gang og láta þær dæla. Einnig skulu þeir aðstoða vatnsslönguflokkinn við samsetningu slangnanna.

e. Brunahanaflokkur skal tengja slöngurnar við brunahanana eftir fyrirskipunum yfirmanna slönguliðs.

f. Brunaboðar skulu, þá er eldsvoða verður vart, gera slökkviliðinu aðvart með því að blása í lúðra, eða á annan hátt, sem fyrirskipað er af brunamálanefnd. Ekki mega þeir tala við nokkurn mann, nema segja götu og hústölu, þar sem eldurinn er. Skulu þeir að afloknu brunakalli skyldir til að mæta á brunastaðnum, og vinna þar það, sem slökkviliðsstjóri leggur fyrir þá. Loks skulu þeir skyldir til að tilkynna slökkviliðsæfingar eftir fyrirskipun slökkviliðsstjóra.

26. gr.

Allir liðsmenn skulu, þá er þeir eru að verki, forðast allan óþarfa hávaða eða tal, og gera sér far um að taka öllu með gætni og stillingu, og vera skjótir og liðugir að framkvæma skipanir yfirmanna sinna.

27. gr.

Allir liðsmenn skulu, ef þeir verða varir við að óvarlega er farið með eld, eða á annan hátt brotið á móti reglugerð kaupstaðarins, vanda um við þá sem gera sig seka í því, og ef þeir hlýða ekki aðvörun þeirra, gera slökkviliðsstjóra aðvart svo fljótt sem unnt er.

28. gr.

Allir liðsmenn eru skyldir til þess að mæta á slökkvistöðinni þá er liðið er kallað saman, að undanskildum 4 mönnum úr björgunarliðinu (sbr. 25. gr.), nema þeir séu þess fullvissir, að öll áhöld séu komin á brunastaðinn í nothæfu ástandi .Engin forföll eru tekin gild önnur en veikindi eða fjarvera úr lögsagnarumdæminu.

101 10. sept.

29. gr.

Allir slökkviliðsmenn, eða aðrir þeir, sem vinna að slökkvitilraunum, æfingum eða björgun við eldsvoða skulu slysatryggðir á kostnað bæjarsjóðs. Verði slökkviliðsmaður fyrir slysi skal fyrir allt að 10 daga greiða úr bæjarsjóði bætur eftir sömu reglum og slysatryggingin greiðir eftir þann tíma.

X. KAFLI

Sektarákvæði o. fl.

30. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal fara sem opinber lögreglumál og greiði hinn seki allt að 100 kr. sekt fyrir afbrot sitt, er renni í bæjarsjóð Akureyrarkaupstaðar.

31. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi felld reglugerð um skipun slökkviliðs og brunamála í Akureyrarkaupstað frá 26. september 1919.

Reglugerð þessi staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 85, 22. nóvember 1907, til þess að öðlast gildi 1. október 1934, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. september 1934.

Haraldur Guðmundsson.

Páll Pálmason.

102 12. sept.

SAMÞYKKT

um sýsluveginn í Mosvallahreppi.

1. gr.

Sýsluvegurinn í Mosvallahreppi er í samþykkt þessari vegurinn frá Mosvöllum að Hjarðardal ytri og frá Breiðadalsá að þjóðveginum hjá Veðrará.

2. gr.

Samþykkt þessi nær yfir allan Mosvallahrepp.

3. gr.

Sýsluveg þenna skal gera akfæran vögnum og bifreiðum svo fljótt sem unnt er, og skal hann lagður eftir fyrirmælum og umsjón vegamálastjóra.

4. gr. **102**

Sá hluti vegakostnaðarins, er ekki fæst greiddur úr ríkissjóði, greiðist 12. sept.
þannig:

a. Sveitarsjóður Mosvallahrepps greiði að minnsta kosti ⅔ — tvo þriðju — hluta hans.
b. ⅓ — einn þriðja — greiði sýslusjóður Vestur-Ísafjarðarsýslu, þó ekki yfir kr. 300.00 á ári, nema sérstakt samþykki sýslunefndar komi til.

5. gr.

Tillag Mosvallahrepps til sýsluvegarins, skal sveitarstjórn taka upp á fjárhagsáætlun hreppsins, þegar hún jafnar niður sveitarútsvörum. Ákveður hún þá hve mikið skuli leggja til vegarins ár hvert.

6. gr.

Skylt er hreppsnefnd Mosvallahrepps, að annast framkvæmdir á vegalagningunni, ef annað er ekki tilskilið af vegamálastjóra.

Verkakaup í vinnu við veginn greiðir Mosvallahreppur eftir þeim kauptaxta er gildir um vegavinnu ríkissjóðs, ef ekki er öðruvísi um samið.

7. gr.

Hreppsnefndin skal árlega leggja fram reikning með fylgiskjölum yfir allar greiðslur til sýsluvegarins, svo og kvittanir fyrir innborgunum þeim ,er 4. gr. samþykktar þessarar áskilur. Skal reikningurinn síðan endurskoðaður með hreppsreikningunum og lagður fyrir sýslunefnd til samþykktar.

8. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum allt að kr. 200.00, sem renna í sveitarsjóð. Með mál útaf samþykkt þessari skal farið sem opinbert lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt samkvæmt lögum nr. 38, 28. nóvember 1919, staðfestist hérmeð til þess að öðlast gildi 1. október 1934 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. september 1934.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

103
12. sept.

SAMÞYKKT

um sýsluveginn í Þingeyrarhreppi.

1. gr.

Sýsluvegurinn í Þingeyrarhreppi er í samþykkt þessari nefndur sýsluvegurinn, er liggur frá þjóðveginum til Hrafnseyrar að Hvammi, og frá svo nefndum Byggðarenda í Þingeyrarkauptúni til Haukadals.

2. gr.

Samþykkt þessi nær yfir allan Þingeyrarhrepp.

3. gr.

Sýsluveg þennan skal gera akfæran vögnum og bifreiðum hið fyrsta að unnt er. Það, sem ekki er þegar fullgert af veginum, skal lagt eftir fyrirmælum vegamálastjóra.

4. gr.

Sá hluti vegakostnaðarins, sem ekki fæst greiddur úr ríkissjóði, greiðist þannig:

a. Sveitarsjóður Þingeyrarhrepps greiði að minnsta kosti ⅔ hluta hans.
b. ⅓ hluti greiðist úr sýslusjóði, þó ekki yfir 400 kr. á ári, nema sérstakt samþykki sýslunefndar komi til.

5. gr.

Tillag Þingeyrarhrepps til sýsluvegarins skal sveitarstjórnin taka upp í fjárhagsáætlun hreppsins, þegar hún jafnar sveitarútsvörum niður. Ákveður hún þá, hve mikið skuli leggja til vegarins ár hvert.

6. gr.

Skylt er hreppsnefnd Þingeyrarhrepps, að annast um framkvæmdir á vegalagningunni, ef ekki er annað til skilið af vegamálastjóra. Verkakaup í vinnunni við veginn greiðir Þingeyrarhreppur samkvæmt þeim kauptaxta, er gildir um vegavinnu ríkissjóðs, ef ekki er öðruvísi um samið.

7. gr.

Hreppsnefndin skal árlega leggja fram reikning með fylgiskjölum yfir allar greiðslur til sýsluvegarins, svo og kvittanir fyrir innborgunum þeim, er 4. gr. samþykktar þessarar áskilur. Skal reikningurinn síðan endurskoðaður með hreppsreikningnum og lagður fyrir sýslunefnd til samþykktar.

8. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum allt að 200 kr., sem renna í sveitarsjóð. Með mál út af samþykkt þessari skal farið sem opinbert lögreglumál.

103
12. sept.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt samkvæmt lögum nr. 38, 28. nóvember 1919, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. október 1934 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. september 1934.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

SAMÞYKKT

104
12. sept.

um sýsluveginn „Suðureyrarveg" í Suðureyrarhreppi.

1. gr.

Suðureyrarvegur í Suðureyrarhreppi nær frá 10 m. innan við Suðureyrarkauptún að þjóðveginum á Dagverðardal (Breiðadalsheiðarvegi).

2. gr.

Samþykkt þessi nær yfir allan Suðureyrarhrepp.

3. gr.

Suðureyrarveg skal gera akfæran vögnum og bifreiðum svo fljótt, sem unnt er, og skal hann gerður undir umsjón og eftir fyrirmælum vegamálastjóra.

4. gr.

Sá hluti vegarkostnaðarins, sem ekki fæst greiddur úr ríkissjóði, greiðist þannig:

a. Sveitarsjóður Suðureyrarhrepps greiði að minnsta kosti ⅔ hluta hans.
b. ⅓ hluti greiðist úr sýslusjóði, þó ekki yfir 400 kr. á ári, nema sérstakt samþykki sýslunefndar komi til. Auk þess skal áætla sérstakt framlag úr sýslusjóði er til vegaframkvæmda kemur á Botnsheiði eða í Botnsdal.

5. gr.

Tillag Suðureyrarhrepps til vegarins skal sveitarstjórn taka upp í fjárhagsáætlun hreppsins þegar hún jafnar niður sveitarútsvörum. Ákveður hún þá hve mikið skuli leggja til vegarins ár hvert.

6. gr.

Skylt er hreppsnefnd Suðureyrarhrepps að annast um framkvæmdir á vegalagningunni, ef ekki er annað tilskilið af vegamálastjóra.

104 12. sept. Verkakaup í vinnunni við veginn greiðir Suðureyrarhreppur samkvæmt þeim kauptaxta, er gildir um vegavinnu ríkissjóðs, ef ekki er öðruvísi um samið.

7. gr.

Hreppsnefndin skal árlega leggja fram reikning með fylgiskjölum yfir allar greiðslur til vegarins, svo og kvittanir fyrir innborgunum þeim, er 4. gr. samþykktar þessarar áskilur. Skal reikningurinn síðan endurskoðaður og lagður fyrir sýslunefnd til samþykktar.

8. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum allt að kr. 200.00, sem renna í sveitarsjóð.

Með mál út af samþykkt þessari skal farið sem opinber lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt samkvæmt lögum nr. 38, 28. nóvember 1919, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. október 1934, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. september 1934.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

105 12. sept.

SAMÞYKKT

um sýsluveginn í Flateyrarhreppi.

1. gr.

Sýsluvegurinn í Flateyrarhreppi er í samþykkt þessari nefndur sýsluvegurinn frá Breiðadalsá að verzlunarlóð Flateyrarkauptúns.

2. gr.

Samþykkt þessi nær yfir allan Flateyrarhrepp.

3. gr.

Sýsluveg þennan skal gera akfæran vögnum og bifreiðum svo fljótt sem unnt er, og skal hann gerður eftir fyrirmælum vegamálastjóra.

4. gr.

Sá hluti vegarkostnaðarins, sem ekki fæst úr ríkissjóði, greiðist þannig:

a. Sveitarsjóður Flateyrarhrepps greiði að minnsta kosti ⅔ hluta hans.
b. ⅓ hluti greiðist úr sýslusjóði Vestur-Ísafjarðarsýslu, þó ekki yfir 400 kr. á ári, nema sérstakt samþykki sýslunefndar komi til.

105
12. sept.

5. gr.

Tillag Flateyrarhrepps til sýsluvegarins skal sveitarstjórnin taka upp á fjárhagsáætlun hreppsins, þegar hún jafnar niður sveitarútsvörum. Ákveður hún þá, hve mikið skal leggja til vegarins ár hvert.

6. gr.

Skylt er hreppsnefnd Flateyrarhrepps að annast framkvæmdir á vegalagningunni, ef annað er ekki tilskilið af vegamálastjóra.

Verkakaup í vinnu við veginn greiðir Flateyrarhreppur eftir kauptaxta þeim, er gildir um vegavinnu ríkissjóðs, ef öðruvísi verður ekki um samið.

7. gr.

Hreppsnefndin skal árlega leggja fram glöggan reikning með fylgiskjölum yfir allar greiðslur til sýsluvegarins, svo og kvittanir fyrir innborgunum þeim, er 4. gr. samþykktar þessarar áskilur. Skal reikningurinn því næst endurskoðaður, ásamt hreppsreikningnum og lagður fyrir sýslunefnd til samþykktar.

8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 200 kr., er renni í sveitarsjóð. Með mál út af slíkum brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt samkvæmt lögum nr. 38, 28. nóvember 1919, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. október 1934 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. september 1934.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

106
13. sept.

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð frá 16. janúar 1934, um útflutning á fiski til Bretlands.

Með því að ljóst er að íslenzkir fiskútflytjendur geta ekki, vegna viðskiptasamningsins við brezku ríkisstjórnina, flutt til Bretlands allan þann fisk, sem þeir óska á þessu ári, verður að takmarka sem mest útflutning á mjög verðlitlum fiski, og hefir atvinnumálaráðuneytið því sett eftirfarandi reglugerð:

1. gr.

Þau íslenzk veiðiskip, sem flytja nýjan og frystan fisk til Bretlands mega ekki leggja þar á land meira af eftirtöldum fisktegundum:

106 13. sept. ufsa, karfa, keilu, háfi og steinbít, en sem svarar samanlögðu 10% — tíu af hundraði — af þunga aflans.

2. gr.

Atvinnumálaráðherra getur veitt undanþágu frá ákvæðum 1. gr. þegar á-stæður mæla með.

3. gr.

Brot gegn 1. gr. reglugerðar þessarar varðar sektum frá 1000 til 10000 kr.

4. gr.

Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 88, 19. júní 1933, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. september 1934.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

107 15. sept.

FJALLSKILAREGLUGERÐ

fyrir hreppana milli Þjórsár og Hvítár (Ölfusár) og þær jarðir í Biskupstungna-hreppi, er liggja sunnan Hvítár í Árnessýslu.

I. KAFLI

Um afrétti og heimildir fyrir notkun þeirra.

1. gr.

Um afrétti.

Þeir eiga afrétt, sem að fornu hafa átt. Afréttur Hrunamannahrepps er milli Hvítár og Stóru-Laxár, afréttur Flóa- og Skeiðamanna milli Stóru-Laxár og Fossár, afréttur Gnúpverja milli Fossár og Þjórsár. Að öðru leyti fara mörk afréttanna eftir landamerkjaskrám og fornri venju. Austasti hluti af afrétti Flóa- og Skeiðahreppa er sérstaklega nefndur Skeiðamannaafréttur.

2. gr.

Um upprekstrarskyldu.

Þeir, sem nægilegt afréttarland eiga fyrir þann búpening sinn, er þeir þurfa ekki að hafa heima á sumrum, eða geta fengið leigðan afrétt fyrir hann, skulu reka til afréttar geldfé sitt, lömb og dilkær, svo og stóðhross, nema þeir hafi

sauðhelda girðing, að dómi hreppsnefndar, fyrir þennan fénað sinn, eða fái leyfi hlutaðeigandi hreppsnefndar til þess að hafa hann í heimahögum. **107** 15. sept.

3. gr.

Um upprekstrarbann.

Eigi má reka hross á afrétt Flóa- og Skeiðamanna fyrir innan Dalsá, nema með samkomulagi við hreppsnefnd Gnúpverjahrepps.

Enginn má reka sauðfé annara manna inn fyrir afréttargirðinguna án leyfis eiganda, nema alrúið sé og markað, og hross alls ekki.

4. gr.

Um ítölu.

Enginn má ljá öðrum ítölu sína í afrétti nema með leyfi hlutaðeigandi hreppsnefndar, enda sé afréttarland viðurkennt nægilegt.

Enginn má heldur leyfa öðrum sumarbeit fyrir afréttarfé í heimalandi sínu, án leyfis allra nágranna sinna og hreppsnefndar, nema í sauðheldri girðingu sé.

5. gr.

Um yrkingu afrétta.

Enginn má yrkja eða nota afréttarlönd til annars en beitar að sumrinu, nema með leyfi hreppsnefnda þeirra sveita, er afréttinn eiga.

II. KAFLI

Um upprekstra til afrétta.

6. gr.

Um rekstrartíma.

Í öllum hreppum má reka til afréttar þegar hlutaðeigandi hreppsnefndir leyfa.

7. gr.

Um rekstrarstaði.

Á Hrunamanna- og Gnúpverjaafrétti skal reka í þá staði, sem hreppsnefndir þeirra hreppa ákveða með ráði hreppsbænda. Á Flóamannaafrétt skal reka á þessa rekstrarstaði: Sandvíkurhreppur í Kamb, Hraungerðishreppur í Kiljansfitjar, Villingaholtshreppur innst í Hestfjallaver, Gaulverjabæjarhreppur í Kinnarver, Stokkseyrarhreppur í Kinn, Skeiðahreppur í Fossárdal.

Eyrarbakkahreppur telst hér með Stokkseyrarhreppi svo sem þeir væri 1 hreppur. Svo er og hvarvetna annarsstaðar í reglugerð þessari.

107
15. sept.

8. gr.

Um rekstrarmenn.

Hverjum rekstri fylgi nægilega margir menn, eftir því sem hreppsnefndir ákveða, sömuleiðis nægilega útbúnir að hundum, hestum og öðru.

9. gr.

Um rekstrarforingja.

Einn sé foringi fyrir hverjum rekstri. Hann skipar fyrir um alla nánari tilhögun á rekstri þeim, sem honum er trúað fyrir, og sér um, að reglum þessum sé hlýtt og ber ábyrgð á því. Sérstaklega ber honum að sjá um, að rekstrunum sé haganlega dreift, og ær látnar taka lömb sín.

10. gr.

Um reksturinn.

Reka skal hægt og gætilega og æja svo oft, sem þörf gerist. Eigi má að óþörfu reka yfir engjar og aldrei æja í slægjulöndum. Eigi má skilja fé eftir í heimalöndum, sem um er farið, nema brýn nauðsyn sé til sökum þess, að fé sýkist á leiðinni, en þá skal látið vita um það og beðið fyrir það á næstu bæjum. Eigi má heldur hleypa óviðkomandi fé saman við rekstra. Fari fé saman við reksturinn, og rekstrarmenn geti ekki skilið það frá, skal leita aðstoðar af næstu bæjum, ef í byggð er, og er öllum skylt að veita rekstrarmönnum slíkt lið ókeypis, ef unnt er.

11. gr.

Um eftirskilið fé í heimalöndum.

Ef rekstrarmenn skilja fé eftir af rekstrinum í heimalöndum án ráðstöfunar, taka hlutaðeigandi bændur það til gæzlu og tilkynna það jafnframt hreppsnefnd sinni. Ráðstafar hún þá fénu. Rétt er að hún láti reka féð á réttan afrétt á kostnað þeirra, er féð skildu eftir, ef það hefir verið skilið eftir að nauðsynjalausu. Liggur sá reikningur undir úrskurð sýslumanns, og heimtar hann endurgjaldið af hlutaðeigendum, svo og ákveður sekt, ef þurfa þykir.

III. KAFLI

Um fjallskil.

12. gr.

Um skyldur til fjallskila.

Öllum, sem jörð hafa til ábúðar eða umráða, og öllum, sem hafa sauðfé undir höndum og hross, sem rekin eru til afréttar, er skylt að taka þátt í fjallskilum, eftir því sem hreppsnefndir skipa fyrir um. Leggja skal að minnsta

kosti ⅓ alls fjallskilakostnaðar á jarðir, miðað við landverð þeirra eftir gild- **107**
andi fasteignamati, eins þótt ábúandi þeirra eða umráðandi noti ekki afréttinn. 15. sept.
Þó er hreppsnefnd heimilt að undanskilja fjallskilum það, sem jarðir hafa hækkað í verði fyrir hlunnindi eða lóðarsölu.

Fjallskil skal leggja á sauðfé og afréttarhross eftir tölu við fóðurskoðun, þar sem það er fóðrað að vetrinum, nema það sé haft heima í sauðheldum girðingum, sem að dómi hreppsnefndar þykja fullgildar, eða rekið á annan afrétt, og fjallskil gerð af því þar. Þó skal ávallt gera af því ⅓ fjallskila.

Heimilt er hverjum þeim, sem fjallskilum er jafnað á, að bera upp við hlutaðeigandi hreppsnefnd aðfinningar um hvernig fjallskilunum er jafnað á aðra eða sjálfan hann, eða einhverjum hafi verið ranglega sleppt. Sú kæra skal koma bréflega til oddvita innan 4 vikna frá fjallskilafundi (sbr. 13. gr.). Hreppsnefnd leggur síðan úrskurð á kæruna og sendir kæranda eftirrit af úrskurðinum. Úrskurði hreppsnefndar um fjallskilakæruna má skjóta til sýslunefndar, og skal það gera skriflega innan ársloka. Sýslunefndin leggur síðan á næsta fundi fullnaðarúrskurð á málið.

Eindagi fjallskila er 30. september.

Enginn sá, er fjallskil eru lögð á, getur komizt hjá að greiða þau á eindaga, þótt hann hafi kært yfir fjallskilaupphæðinni, og lagt það mál undir úrskurð sýslunefndar. Ef sýslunefndin lækkar fjallskilin, skal endurgjalda gjaldþegni það, er hann hafði greitt fram yfir upphæð þá, er sýslunefndin gerði honum að greiða.

13. gr.

Um undirbúning fjallskila.

Hver hreppsnefnd heldur almennan fjallskilafund í sveit sinni, að minnsta kosti viku áður en fjallleitir byrja. Til fundar þessa sé boðað með nægum fyrirvara, ef ekki er fastákveðinn fundardagur í þessu skyni. Á fundi þessum birtir hreppsnefndin alla sérstaka tilhögun, sem höfð verður við fjallsöfnun í það sinn.

Oddvitar allra hreppsnefnda í Flóa og á Skeiðum komi saman á afréttarmálafund í ágústmánuði ár hvert. Í stað oddvita má þó senda annan mann, er hlutaðeigandi hreppsnefnd kýs. Oddviti Hraungerðishrepps boðar til fundarins og ákveður stund og stað.

14. gr.

Um fjallkonga.

Hreppsnefndir ráða fjallkonga, eða umsjónarmenn aðalleitanna, einn eða fleiri, eftir því sem hagar á hverjum stað, og getur enginn, sem til þess er fær, skorazt undan slíkum starfa. Fjallkongar fara eftir fyrirskipunum hreppsnefndanna, það er þær ná, en í afrétti hafa þeir öll ráð og umsjón á hendi um allt, er að leitunum lýtur. Þeir skipa í leitir og stjórna leitum og rekstri fjárins til rétta. Þeir hafa og, með ráði hreppsnefndar og hreppstjóra umsjón við réttahöldin í aðalréttum. Ef menn sýkjast í fjallleitum, ef slys verða, ef óvenjulegar hættur

107 koma fyrir eða einhvern vanda ber að höndum, ráða fjallkongar hvað til bragðs
15. sept. skuli taka, með ráði þeirra fjallmanna, sem þeir treysta bezt. En eigi bera fjallkongar ábyrgð á ráðstöfunum sínum nema varði við lög. Rétt er að fjallkongar fái þóknun af sveitarsjóði eða fjallskilasjóði. Hreppsnefndir eða fjallkongar ráða aðra umsjónarmenn við fjallasöfn, eftir því sem á stendur, og hafa þeir sömu skyldur og völd sem fjallkongar, það, sem þeirra verkahringur nær. Ef fjallkongur eða leitarforingi fatlast, svo að hann getur ekki aðstaðið, þá kjósa leitarmenn annan í hans stað. Ef ágreiningur verður, þá ræður afl atkvæða, og er sá rétt kjörinn, sem fær flest atkvæði.

15. gr.

Um fjallmenn.

Sérhver maður, sem sendur er í fjallleitir, þarf að vera með fullri heilsu og verkgreind og vel útbúinn að öllu leyti. Á fjallskilafundinum eða fyrir fjallferð skulu allir þeir, sem menn eiga að leggja til fjallleita, segja til hvern mann þeir láti fara. Segir þá fjallkongur til, ef sá maður þykir eigi gildur, en hreppsnefnd sker úr ef á greinir. Vilji viðkomandi ekki láta duglegri mann, ef kostur er á að fá hann, þá kaupir hreppsnefndin fjallmann á hans kostnað.

16. gr.

Um skyldur fjallmanna.

Skylt er hverjum fjallmanni að vera þar í göngu sem fjallkongur skipar honum, sé hann til þess fær, og smala vandlega svæði það er hann skal leita. Skylt er fjallmönnum að sýna fjallkongi sínum, og öðrum þeim, sem yfir þá eru skipaðir, tregðulausa hlýðni í öllu því er þeir geta. Geri þeir sig seka í óhlýðni eða einhverju ósæmilegu framferði, þá getur fjallkongur, með ráði fjallmanna sinna, gert þá ræka. Er þá svo á að líta sem hlutaðeigandi bóndi hafi engin fjallskil gert. Komi þetta fyrir í aðalfjallsafni, borgi sá, er slíkan mann hefir sent, fjallskilin fullu verði.

Vanti menn í eftirsafn eða eftirleit, eða sé gerður rækur áður en farið er úr byggð, þá skal kaupa annan mann í hans stað, á kostnað þess er manninn átti að láta.

IV. KAFLI

Um fjallleitir.

17. gr.

Um skyldu til fjallleita.

Skylt er hverjum hreppi að láta þrísmala sinn afrétt á hausti hverju og oftar, ef þurfa þykir.

18. gr.

Um tilhögun á fjallleitum.

Svo skal haga til um leitir sem venja hefir verið, nema hlutaðeigandi hreppsnefndum þyki ástæða til að breyta því, en þó mega þær breytingar eigi koma í bág við reglugerð þessa né við hagsmuni annara sveitarfélaga. — Svo skal leitum haga, þar sem því verður við komið, að sem minnstar misgöngur verði afrétta á milli.

19. gr.

Um leitartímann.

Leita skal á þeim tímum sem venja hefir verið og fara svo snemma, að leitarmenn, að öllu stórforfallalausu, verði komnir í aðalréttir og skilaréttir á þeim tíma, þá er þær á að halda.

20. gr.

Um leitarstaði.

Þá staði skal leita sem að fornu hefir verið, en þó má leita víðar, ef hlutaðeigandi hreppsnefndir telja þess þörf, og er enda skylt ef víðar er von kindastöðva.

21. gr.

Um fjölda leitarmanna.

Landið fyrir innan Fjórðungssand smali 8 menn, 4 úr Gnúpverjahreppi og 4 úr Flóa og Skeiðum. Skulu þessir menn sérstaklega vel valdir.

Í norðurleitina milli Dalsár og Fjórðungssands senda Skeiða- og Flóahreppar sína 2 menn hvor, en Gnúpverjahreppur 5.

Afréttinn smali svo margir menn í aðalleit sem hlutaðeigandi hreppsnefndir telja þörf á.

Í eftirsafn senda Skeiða- og Flóahreppar 3 menn hver, Gnúpverjahreppur 6, en Hrunamannahreppur 12.

Í þriðju leit (eftirleit) fara á afrétt Hrunamannahrepps 4 menn, á afrétt Gnúpverjahrepps 3 menn og á afrétt Flóa- og Skeiðamanna 3 menn.

Tölu leitarmanna í annari og þriðju leit má þó breyta, ef hlutaðeigandi hreppsnefndum þykir þess þörf.

22. gr.

Um tölu fjallkonga.

Á Hrunamannaafrétti og Gnúpverjaafrétti, hvorum um sig, er 1 fjallkongur í aðalleit, en á Flóamannaafrétti 3 fjallkongar í þeirri leit: Einn í Vesturleit, annar í Austurleit og þriðji í Skeiðamannaleit. Foringja í Norðurleit fyrir innan Fjórðungssand tiltekur hreppsnefnd Gnúpverjahrepps. Hún ákveður og foringja í norðurleitina milli Dalsár og Kisu. Foringja í norðurleit Flóamanna fyrir

107 framan Fjórðungssand kjósa leitarmenn sér sjálfir úr sínum flokki. — Í eftir-
15. sept. safni er 1 leitarforingi á hverjum afrétti. Á afréttum Gnúpverja- og Hruna-manna séu þeir tilteknir af hreppsnefndunum, en á Flóamannaafrétti kosinn af leitarmönnum.

23. gr.

Um norðurleitarmenn.

Af leitarmönnum fyrir innan Fjórðungssand gangi leitarmenn Gnúpverja í leit með sveitungum sínum, þá er kemur fram yfir Kisu. Af leitarmönnum Flóa og Skeiða í sömu leit, skulu 2 lausir við þá leit við Kisu og 2 við Dalsá. Þeir 2, sem lausir eru við Kisu, verða úr því norðurleitarmenn. Allt það fé, sem finnst fyrir innan Dalsá, taka Gnúpverjar og Skeiðamenn og reka það fram afrétt Gnúpverja og ganga úr því í leit með Gnúpverjum, undir forustu fjallkongs þeirra. Norðurleitarmenn Flóamanna, þeir er fara inn að Kisu, smala aftur örræfin inn af afrétti Flóa- og Skeiðamanna, undir stjórn þess manns, sem þeir kjósa sér sjálfir. Að þeirri leit lokinni hitta þeir Flóamenn á Fit og ganga síðan í lið með þeim.

24. gr.

Um aðstoðarleitarmenn.

Til aðstoðar Gnúpverjum í aðalleit inn að Dalsá leggja Flóa- og Skeiðamenn 2 menn duglega og vel útbúna. Sömuleiðis fá Gnúpverjar í eftirsafni til aðstoðar 2 af eftirsafnsmönnum Flóamanna. Ennfremur leggja Flóa- og Skeiðamenn til 1 valinn mann í þriðju leit (eftirleit) á afrétt Gnúpverjahrepps. Á meðan fé má óhindrað renna af Flóa- og Skeiðaafrétti á Hrunamannaafrétt, leggur hver Flóahreppanna, svo og Skeiðahreppur, til Hrunamannahrepps leitarstyrk 40 meðalálnir, er borgist í Reykjarétt ár hvert með peningum.

25. gr.

Um meðferð á annkrömuðu fé.

Þá er veikt fé eða annkrama finnst í fjallleitum, skulu þeir, er fjallkongur ákveður, koma því lifandi til byggða, ef unnt er, án þess að ganga mjög nærri því. Að öðrum kosti skal slátra því þegar í stað og flytja það af því, sem nýtilegt er, á trússhestum til rétta.

26. gr.

Um mörkun dilka á afréttum.

Þá er komið er saman fjársafnið úr leitum á afrétti, skulu fjallkongar láta marka ómarkaða dilka undir ám, þar sem því verður við komið, með sama marki sem ærnar hafa.

27. gr.

Um eftirleitartolla.

Eftirleitartollar eru: Í fyrstu eftirleit: af fullorðnu fé ⅓ verðs, af lömbum ½ verðs, af veturgömlum tryppum og móðurlausum folöldum ¼ verðs, af eldri hrossum ⅛ verðs. Í annari eftirleit: af fullorðnu fé ½ verðs, af lömbum ⅔ verðs, af veturgömlum tryppum og móðurlausum folöldum ⅓ verðs, af eldri hrossum ⅙ verðs. Hryssur með folöldum teljast ásamt folöldunum sem eldri hross. Ekki hækka eftirleitartollar úr því, þótt fleiri eftirleitir séu farnar. Af heimtum fénaði skal goldinn hálfur tollur. Verð fénaðar skulu meta 2 óvilhallir matsmenn, sem hreppsnefndir tilnefna, en heimilt er bæði eftirleitarmanni og greiðanda tollsins að áfrýja mati þeirra til 4 yfirmatsmanna, er sýslumaður kveður. Matsmenn og yfirmatsmenn skulu tilteknir fyrirfram og starfa kauplaust að því sem öðrum fjallskilum. Eftirleitartollar greiðast af andvirði skepnunnar ef eigandi spyrst ekki uppi, en ella sem annar fjallskilakostnaður af sveit eiganda. Svo er og um kostnað við hirðing fénaðar, er finnst eftir allar fyrirskipaðar leitir.

Fé úr eftirleitum skal vera tolllaust til allra þeirra, er búa á svæði því, sem reglugerð þessi nær yfir.

28. gr.

Um björgun og bjarglaun.

Skylt er sérhverjum, sem verður var við að fé sé komið í svelti í hömrum í landareign hans eða annarsstaðar, á hverjum tíma árs sem er, að sjá um, ef eigi næst til eiganda eða hann þekkist ekki, að því sé bjargað, ef unnt er, og ber þeim, er bjargar, borgun fyrir það af eiganda eða andvirði skepnunnar eftir mati hreppsnefndar í þeim hreppi er björgun fer fram í, og sé það í afrétti, þá í þeim hreppi sem næstur er.

29. gr.

Um sæluhús.

Svo skulu vera mörg sæluhús til skýlis eftirleitarmönnum á afrétti hverjum og svo útbúin sem vanir eftirleitarmenn og aðrir kunnugir menn álíta nauðsynlegt. Hreppsnefndir annast um byggingu og viðhald þeirra, og skal sá kostnaður, sem af því leiðir, annaðhvort borgast með fjallskilum eða vera tekinn úr sveitarsjóði þeirra hreppa, er afréttinn eiga. Sérhver sá, sem þess verður var, að sæluhús þurfi aðgerðar, geri hlutaðeigandi hreppsnefnd aðvart um það. Eftirsafnsmenn skulu á haustum viða að sæluhúsum hrísi eða lurkum, ef hægt er. Hver sem um sæluhús gengur skal jafnan læsa því er hann fer þaðan. Ef það verður sannað á einhvern, að hann hafi gengið hirðulauslega um sæluhús, eða skemmt það á einhvern hátt, án brýnna nauðsynja, skal sá hinn sami bæta það að fullu. Hafi það verið gert af keksni eða öðrum illum hvötum, varðar það auk þess sektum, nema þyngri hegning liggi við.

107
15. sept.

V. KAFLI

Um réttir og réttahöld.

30. gr.

Um skiptingu á réttum.

Réttir (lögréttir) eru þrennskonar: 1. aðalréttir, 2. skilaréttir og 3. aukaréttir. Aðalréttir eru þær, sem rekin eru til fjallsöfn úr fyrstu leit. Skilaréttir eru þær, sem rekin eru til eftirsöfn eða fjársöfn úr fleiri hreppum. Aukaréttir eru þær, sem rekin eru til fjársöfn úr smölunum í hverri sveit.

31. gr.

Um aðalréttir.

Aðalréttir eru: Fyrir Hrunamannahrepp hjá Reykjadalskoti, fyrir Gnúpverjahrepp hjá Skaptholti (Skaptholtsrétt), fyrir Skeiða- og Flóahreppa hjá Reykjum (Reykjarétt).

32. gr.

Um skilaréttir.

Skilaréttir eru: Fyrir Hrunamannahrepp í aðalrétt þess hrepps, fyrir Gnúpverjahrepp í Skaptholtsrétt, fyrir Skeiða- og Flóahreppa í Dælarétt í Villingaholtshreppi.

33. gr.

Um aukaréttir.

Aukaréttir eru: Fyrir Hrunamannahrepp í aðalrétt þess hrepps, fyrir Gnúpverjahrepp í Skaptholtsrétt, fyrir Skeiðahrepp á Hlemmiskeiði, fyrir Villingaholtshrepp í Þingdal, fyrir Gaulverjabæjarhrepp Vallarrétt, fyrir Hraungerðishrepp að Skeggjastöðum, fyrir Sandvíkurhrepp í Litlu-Sandvík, fyrir Stokkseyrarhrepp í Keldnakoti.

34. gr.

Um viðhald á réttum.

Viðhald á öllum réttum hvílir á þeim, er þá rétt sækja, eftir réttri tiltölu. Skal sýslunefndin hafa umsjón með Reykjarétt og Dælarétt, en hreppsnefndirnar í hinum hreppunum, hver með þeirri rétt sem þar er. Þó má kæra það fyrir sýslunefnd ef þeim er ekki vel við haldið, og heldur hún þá hlutaðeigendum til þess. Til þess að réttir sé í góðu standi heyrir það, að þær sé nægilega rúmgóðar og lögulegar, veggir vel stæðilegir og nægilega háir, og að ekki standi vatn í þeim, þótt rigningar gangi, sér í lagi ekki í almenningsréttinni, svo og að þar sé í nánd nothæft vatnsból. Dilkar sé einnig í sama standi. Grind sé í almenningsdyrum og hurð á öllum dilkdyrum. Við hverjar aðalréttir og skilaréttir skulu utansveitarhreppar, þeir er þar eiga fjárvon, eiga dilka, rúmgóða og vel úr garði gerða. Skulu hlutaðeigendur sjálfir annast um viðhald þeirra

eftir fyrirsögn hreppsnefndar í þeim hreppi er réttin stendur í. Þeir sem leigðan fá afrétt annarsstaðar en á sínum afrétti, sjái sér sjálfir fyrir nægilegu dilkrúmi, en hreppsnefnd í þeim hreppi, sem réttin er í, vísar á stað ef byggja þarf nýjan dilk, eða réttarbóndi fyrir hennar hönd, sömuleiðis hvar taka má byggingarefni. Réttarbóndi hefir, að því leyti sem unnt er, eftirlit með því, að réttir sé ekki að óþörfu skemmdar. Skemmdir á réttum varða bótum og sektum. **107** 15. sept.

35. gr.

Um réttafærslu.

Þar skulu réttir vera sem nú eru, nema meiri hluti þeirra búenda, er rétt eiga að sækja, vilji flytja hana. Þó má ekki flytja aðalréttir fjær afrétti en nú eru þær, svo að neinu verulegu muni. Til réttarflutnings þarf og samþykki landeiganda þess, er byggja á hjá, svo og sýslunefndar, ef um aðalréttir eða skilaréttir er að ræða.

36. gr.

Um réttatímann.

Aðalréttir Hrunamannahrepps og Gnúpverjahrepps eru haldnar fimmtudaginn í 23. viku sumars, en aðalréttir Skeiða- og Flóamanna daginn eftir. Skilaréttir Hrunamannahrepps og Gnúpverjahrepps eru haldnar laugardaginn í 24. viku sumars. Dælaréttir eru tvennar: Fyrri Dælarétt mánudaginn í 24. viku sumars, en síðari Dælarétt síðasta sumardag, en þá er sumarauki er, réttri viku fyr. Aukaréttir eru haldnar þá er hlutaðeigandi hreppsnefndir fyrirskipa.

Heimilt er að reka fé fram af afréttum fyr en hér er sagt, ef nauðsyn ber til að dómi hlutaðeigandi hreppsnefnda, sökum náttúruviðburða, svo sem öskufalls, snjóa eða annara harðinda.

37. gr.

Um smölun til rétta.

Smala skal vandlega heimalönd allra jarða fyrir allar skilaréttir og reka úrgangsfé til rétta. Smölun fer fram:

1. Til skilarétta í Hreppunum: daginn fyrir þær.
2. Til fyrri Dælaréttar: um allann Flóa og Skeið laugardaginn næstan á undan henni.
3. Til síðari Dælaréttar: í öllum hreppum milli Þjórsár og Hvítár (Ölfusár) miðvikudaginn næstan á undan henni.

38. gr.

Um réttun afréttarfjár og byggðasafna.

Undir eins og fé kemur af afrétti skal rétta því:

1. Aðalsafni að afrétti Gnúpverjahrepps í rétt þess hrepps ásamt safni Skeiðamanna og safni úr austurleit Flóamanna. Þó má réttun austurleitarsafnsins ekki taka lengri tíma en 2 klst.

107 2. Aðalsafni af Flóamannaafrétti í Reykjaréttum.
15. sept. 3. Aðalsafni af afrétti Hrunamannahrepps í rétt þess hrepps.
4. Eftirsafni af afrétti Hrunamannahrepps í rétt þess hrepps.
5. Eftirsmölun af afréttum Gnúpverja-, Flóa- og Skeiðahreppa, ásamt byggðarsafni Gnúpverjahrepps, fyrst í Skaptholtsrétt, þá í Reykjarétt og síðast í Dælarétt.

Á sama hátt rétta því fé, sem sótt kynni að vera til afrétta fyr en á venjulegum tíma, sbr. 36. gr.

Austurleit Flóamanna er áskilin rekstrarleið fyrir fjallsafnið niður með Þverá um Fossanes á þjóðveginn, þar sem skemmst er og minnst til baga.

39. gr.

Um dráttarskyldu í réttum.

Skylt er hverjum fjáreiganda, eða þeim sem á fjárvon í réttum, að hafa þar nægilega marga menn til að draga fé sitt, bæði í aðalréttum og skilaréttum, þar á meðal báðum Dælaréttum, og hirða þar að loknum réttum það fé er þeir eiga. Öllum sem afréttarnot kaupa er skylt að láta draga fé sitt í aðalrétt hlutaðeigandi sveitar, og óheimilt er þeim að láta það ganga ódregið í úrgangi til annarar réttar.

40. gr.

Um lögreglu í réttum.

Allir, sem til þess eru kvaddir að sjá um að draga og hirða fé í réttum, skulu vinna að því verki trúlega og kappsamlega, en ekki mega þeir draga meðan inn er rekið. Allir, sem í réttir koma skulu hegða sér þar siðsamlega á allan hátt og engar óspektir gera, svo og varast að tefja þá sem þar eiga að starfa að því að hirða féð, nema brýna nauðsyn beri til. Fjallkongar í aðalréttum og hreppsnefndir, eða þeir hreppsnefndarmenn, sem sérstaklega hafa slíkt á hendi, í öllum réttum, skulu sjá um, að allt fari fram með reglu, er lýtur að hirðing fjárins, en önnur lögregla hvílir á sýslumanni og hreppstjórum. Skylt er sýslumanni að vera í aðalrétt Flóamanna, til að halda þar reglu. En geti hann það ekki vegna embættisanna eða annara lögmætra hindrana, setur hann annan mann í sinn stað og tilkynnir það í tíma viðkomandi hreppsnefndum eða birtir það almenningi. Í öllum öðrum réttum ber hreppstjórum að halda lögreglu, nema sýslumaður hafi í tíma kvatt til þess annan og tilkynnt það í tíma hlutaðeigendum.

41. gr.

Um úrgangsfé úr réttum.

Úrgangsfé úr öllum réttum, nema 2. og 3. Skaptholtsrétt, selja hlutaðeigandi hreppstjórar þegar að afloknum réttum.

Úrgangsfé úr skilarétt Gnúpverjahrepps reka eftirsafnsmenn Flóa- og Skeiðamanna til fyrri Dælaréttar.

42. gr.

Um ómarkað sauðfé í réttum.

Ómerkinga alla, er koma af afréttum, eða sem koma fyrir í byggð, skal reka til allra lögrétta. Þar skal vera til sérstök rétt til þess að draga þá í. Réttarbændur skulu gæta þeirra á meðan á réttum stendur, nema öðruvísi sé um samið. Gera skal þar, með umsjón hreppstjóra, tilraunir til þess að lambamæður helgi sér ómarkaða dilka. Þá ómerkinga, eldri og yngri, sem enginn getur helgað sér eða sannað eignarrétt sinn á með óbrigðulum einkennum, eignast réttabændur í réttarlok, nema á annan veg sé ráðstafað af þeim. Um kalineyrt fé fer sem annað óskilafé, og sömuleiðis um ómerkinga, er koma fyrir eftir veturnætur.

VI. KAFLI

Um fjármörk og marklýsingar á óskilafénaði.

43. gr.

Um fjármörk.

Til þess að geta sannað eignarrétt sinn á fénaði þurfa eigendur að hafa lögheimil mörk á honum. Fjármörk eru: eyrnamörk, hornmörk og brennimörk. Eyrnamörk skulu vera á öllu fé, en hornmörk og eigin brennimörk því aðeins að eigendur vilji. Ekki mega menn eiga námerkt frekar en þörf gerist, og hefir sýslunefnd rétt til að kveða á um hversu námerkt má vera. Sá sem tekur upp mark eða flytur inn í sveit með mark sem er náið öðrum í sama afréttarfélagi, skal breyta marki sínu. Erfðamark ræður meira en nýupptekið mark, að öðru jöfnu. Öll eyrnamörk í sýslunni skal rita á skrá og prenta hana að minnsta kosti á 10 ára fresti. Annast sýslunefnd um það og tekur borgun fyrir hvert mark, er hún telur að nægja muni fyrir útgáfukostnaði. Rennur það í sýslusjóð, en hann ber kostnaðinn af prentun skrárinnar. Eigi má prenta í markabók neitt mark sem er afeyrt. Allir fjáreigendur skulu hafa sýslubrennimark og hreppsbrennimark á fé sínu, eftir því sem sýslunefnd segir fyrir um, og lætur hún prenta þau í markaskránni. Skal hver fjáreigandi hafa brennimerkt hverja þá kind sem er með hornum, áður en henni er sleppt eftir hinn fyrsta vetur, sem hún er fóðruð, með brennimarki þess hrepps, sem hann býr í. Varðar það sektum til hlutaðeigandi sveitarsjóðs, 10 aura fyrir hverja kind, ef út af er brugðið. Þau mörk, sem tekin eru upp, eða mörk þeirra sem flytja inn í sýsluna milli þess að markaskrár eru prentaðar, skal prenta í Lögbirtingablaðinu, en jafnframt senda þau sýslumanni, er árlega fyrir réttir sendir þau öllum hreppstjórum, en þeir auglýsa þau sveitungum sínum til þess að þeir geti ritað þau á eyðublöð aftan við markaskrár sínar.

Skylt er að marka hross glöggu marki.

107
15. sept.

44. gr.

Um markalýsingar.

Allir hreppstjórar rita markalista yfir það óskilafé sem þeir selja, og senda þá til birtingar í alla hreppa milli Þjórsár og Hvítár (Ölfusár), svo og í Grímsnes- og Biskupstungnahreppa.

Yfir allt það fé, er hreppstjórar fyr eða síðar á haustin hafa selt við almenn uppboð, og ekki hefir spurzt eigandi að, semja þeir markalista og senda þá einum manni, er sýslunefnd hefir tilnefnt, eigi síðar en fyrir árslok, en hann annast um að öll mörkin, ásamt samkynja mörkum úr ytra hluta sýslunnar, verði prentuð í einu lagi og í réttri röð í Lögbirtingablaðinu, eigi síðar en fyrir lok næsta febrúarmánaðar.

45. gr.

Um borgun fyrir marklýsingar.

Fyrir að semja og senda markalista skal greiða hreppstjórunum í Hrunamanna-, Gnúpverja-, Skeiða- og Villingaholts hreppum borgun eftir reikningi, er sýslumaður samþykkir. Aðrir hreppstjórar semja sína markalista borgunarlaust. Fyrir samningu aðalmarkalistans á óskilafé, sem prentaður er í Lögbirtingablaðinu, má borga á sama hátt. Kostnað þennan, ásamt prentunarkostnaði aðalmarkalistans, skal taka af andvirði hins selda fjár, ef nokkuð verður, en ella af sýslusjóði. Allir reikningar hér að lútandi skulu lagðir fyrir sýslunefndina.

46. gr.

Um meðferð á óskilahrossum.

Óskilahross skal reka til aðalrétta og skilarétta. Þau hross sem ekki ganga þar út skal hreppsnefnd koma í gæzlu gegn hæfilegri þóknun, er greiðist af eiganda þeirra eða andvirði. Hreppstjóri skal þegar skrifa upp mörk á þeim og senda í þá hreppa, sem helzt geta verið líkur til að hrossin sé úr. Verði þau ekki gengin út eftir 3 vikur, skal hreppstjóri selja þau við almennt uppboð, er auglýst sé í þeirri sveit og næstu sveitum með nægilegum fyrirvara. Síðan lýsir hreppstjóri þeim í Lögbirtingablaðinu með lit, auðkennum og marki, ef mörkuð eru. Þau óskilahross, sem finnast kunna á öðrum tíma árs, og eigandi þekkist ekki að eða býr utan hrepps, þótt þekktur sé, má afhenda hreppsnefndinni til ráðstöfunar, og lætur hún, ef henni svo sýnist, fara með þau sem önnur óskilahross. Hreppsnefndum er heimilt að láta halda hrossarétt haust og vor, þá er þeim þykir þurfa.

Andvirði óskilahrossa sem enginn getur helgað sér, innan þess tímatakmarks sem ákveðið er í 47. gr., rennur í sveitarsjóð þar sem gripirnir koma fyrir.

47. gr.

Um útlausnarrétt og andvirðisgreiðslu óskilafjár.

Missiris útlausnarfrestur er á seldum hrossum, en enginn á sauðfé. Hross falla eiganda meðan útlausnarfresturinn stendur yfir. Andvirði seldra kinda og

gripa fá eigendur allt til septembermánaðarloka árið eftir að selt er, að frá- **107**
dregnum öllum kostnaði. 15. sept.

48. gr.

Um ómarkað fé og illa markað.

Eigi þarf að lýsa ómerkingum þeim, sem fyrir koma eftir aðalréttir og skilaréttir, né heldur því fé, sem er svo kalineyrt, eða brunnið á eyrum, soramarkað eða að öðru leyti svo illa markað, að markglöggir menn geta ekki gert úr markinu, og skal það allt selja sem óskilafé. En gefi eigandi sig fram og geti glögglega sannað eign sína, fær hann hana eða andvirði hennar að kostnaði frádregnum. Sama gildir um ómörkuð eða illa mörkuð hross sem sauðfé.

49. gr.

Um leifar andvirðis óskilafjár.

Andvirði þess óskilafjár, sem kemur úr eftirleitum og ekki gengur út, rennur óskipt til þeirra hreppa, er eftirleitir annast. En það af andvirði annars óskilafjár, sem enginn getur helgað sér innan hins ákveðna tíma og eigi hefir gengið í markalýsingakostnað, rennur í sveitasjóði hreppanna þannig, að Hrunamannahreppur og Gnúpverjahreppur fá óskipt andvirði óskilafjár, sem þar er selt, en andvirði þess sem selt er í öðrum hreppum á svæði því, er reglugerð þessi nær yfir, skiptist milli þeirra eftir fjárframtali. Skulu hreppstjórar í þeim hreppum senda peningana sýslumanni eigi síðar en fyrir árslok næst eftir að greiðslufresturinn er útrunninn (sbr. 47. gr.), en hann skiptir þeim og stendur hlutaðeigandi sveitarsjóðum skil á andvirðinu, eigi síðar en á næstu manntalsþingum. Með samþykki sýslunefndar má verja meiru eða minna af fé þessu óskiptu til að greiða einhvern þann kostnað, er stafar af fjárskilum og varðar alla hlutaðeigandi hreppa.

VII. KAFLI

Um almenningssmalanir og millirekstra.

50. gr.

Um vorsmalanir.

Tvisvar á vori hverju skal smala allan Flóa og Skeið á sama tíma, föstudagana í 5. og 8. viku sumars, og skulu hlutaðeigandi hreppsnefndir skipa fyrir um hvernig fé skuli rekið á milli og komið sem bezt til skila. Réttahöld geta þær og fyrirskipað, ef það þykir henta, og ráða þá allri tilhögun þeirra. Í hreppunum skal svo oft smalað og rekið á milli sem hreppsnefndirnar fyrir skipa, og réttir geta þær á sama hátt látið halda, ef ástæða þykir til.

107
15. sept.

51. gr.

Um óskilafé á vorin.

Óskilafé sem kemur fyrir í síðustu vorsmölun skal reka til rétta. Innansveitarmenn hirða sitt fé, en utansveitarfé skal hlutaðeigandi hreppsnefnd láta ganga til eiganda eða reka til afréttar. Sé það fé í ull, skal það rúið, og ómörkuð lömb mörkuð, svo sem við verður komið. Kostnað við rúning og mörkun borga eigendur, og skal hreppsnefndum skylt að sjá um innheimtu þess, en kostnað við skil á fénu eða upprekstur skal telja með fjallskilakostnaði þess hrepps, er upp lætur reka.

52. gr.

Um haustsmalanir.

Eftir veturnætur skal almenn smölun fara fram í öllum hreppum annan hvern þriðjudag, þar til er fé er tekið á gjöf, og jafnframt daginn áður á öllum fjallajörðum. Skal þá hver bóndi halda öllu því sauðfé og hrossum, sem aðrir eiga í landi hans, til réttarinnar í hreppnum, og því réttað þar smaladagana í Skeiða- og Flóa hreppum, en daginn eftir í Hrunamanna- og Gnúpverja hreppum.

Fyrsta smölun eftir veturnætur fari fram þriðjudaginn annan í vetri.

53. gr.

Um skil á fénaði.

Hverjum bónda ber að hreinsa vel heimalönd sín af öllum óskilum við hverja almenningssmölun vor og haust, og halda öllu fé annara sem bezt til skila. Bregðist fyrirskipuð smölun hjá einhverjum, án þess að lögmæt forföll komi til, varðar það sektum. Verði einhver ber að því að smala illa heimalönd sín við almenningssmölun, hefir hreppsnefnd vald til að setja tilsjónarmann við smölun hans, eða þá að láta framkvæma hana, hvorttveggja á hans kostnað. Sé einhver svo mannfár, að hann geti ekki af eigin rammleik smalað heimaland sitt, þá er boðið er, ber hreppsnefnd að útvega honum styrk til þess, ef fáanlegur er, á hans kostnað, nema því aðeins að sveitarfélagið vilji styrkja til þess ókeypis. Öll vísvitandi vanskil á fénaði varða sektum, nema þau sé svo vaxin, að þyngri refsing liggi við.

54. gr.

Um meðferð á fénaði.

Þess skal jafnan vandlega gæta, hvenær sem fé er smalað eða rekið á milli, réttað eða geymt, að fara svo vel með féð sem framast er unnt: eigi handleika það eða kvola meir en þörf gerist, eigi láta það standa inni í svelti nema sem skemmst, eigi láta vera of þröngt um það né fara svo með það á annan hátt, sem getur hrjáð það fram yfir þörf. Allar slíkar óþarfapyndingar ber að meta sem illa meðferð á skepnum.

55. gr.

Um óþrif á fénaði.

Ef vart verður við einhver iskyggileg óþrif í fénaði, skal þegar taka það frá öðrum fénaði og tafarlaust tilkynna það hreppstjóra, er þá lætur rannsaka það og segir sýslumanni til, ef hætta þykir á ferðum.

VIII. KAFLI

Um rekstra á sölufé.

56. gr.

Um rekstrarmenn.

Hverjum rekstri skulu fylgja nægilega margir menn, vandaðir, duglegir og vel útbúnir. En það telst nægileg tala ef 2 menn reka allt að 100 fjár, 3 menn allt að 200 fjár og 4 menn allt að 400 fjár, og svo fleiri menn eftir líkri tiltölu ef fleira fé er rekið í einum rekstri, en ekki mega þeir jafnframt hafa annað á hendi, ef ekki er betur mennt. Ekki mega að jafnaði vera færri en 2 rekstrarmenn hversu fátt sem rekið er. Þó má einn maður reka, ef ekki eru reknar nema 15 kindur, þó aðeins með samþykki hreppstjóra þess hrepps sem rekstur er úr, og þarf sá er rekur að geta sýnt leyfi frá honum, ef krafizt verður.

57. gr.

Um rekstrarforingja.

Hvort sem rekstrarmenn eru fleiri eða færri, skal ávalt einn vera yfirmaður, er annist um að þessum rekstrarreglum sé hlýtt, og ber hann ábyrgð á því gagnvart þeim er kynnu að kæra, en aðgöngu á hann aftur að samrekstrarmönnum sínum, ef þeim er um að kenna. Þó hvílir ábyrgðin aðeins á hverjum einstökum rekstrarmanni er brýtur, er brotið er svo vaxið, að það á undir almenn hegningarlög.

58. gr.

Um rekstrarmark.

Allt fé í sölurekstrum skal vera auðkennt með ákveðnu rekstrarmarki, er sé svo glöggt, að það sjáist tilsýndar í björtu, og svo traust, að það máist ekki af þótt votviðri gangi, og sé samskonar rekstrarmark á öllum kindum í sama rekstri.

59. gr.

Um áning og áfanga.

Reka skal hægt og gætilega, æja nógu oft og hafa áfanga eigi of langa. Eigi má æja í slægjulöndum meðan heyannir standa yfir, en úr því má æja hvar sem vill, hvort heldur í byggð eða óbyggð.

107
15. sept.

60. gr.

Um vörn við því, að tjón verði af rekstrum.

Svo skal rekstrum haga, að sem minnstur bagi verði að, þeim er þau lönd eiga, sem um er rekið. Varast skal, að rekstrum lendi saman við annað fé, ef hjá því verður komizt. Eigi má halda áfram með rekstra úr því farið er að skyggja til muna, nema brýna nauðsyn beri til að ná í áfanga, og aldrei úr því dimmt er orðið. Svo má aldrei leggja upp með rekstra fyr en markljóst er orðið.

61. gr.

Um rannsókn á rekstrum.

Nú ber svo til að öðru fé lendir saman við rekstur, og skal þá stöðva reksturinn, ef á ferð er, en ella halda kyrru fyrir og eigi leggja aftur af stað með hann, ef í byggð er, fyr en búið er að rannsaka hann af 2 tilkvöddum skilríkum mönnum. Getur enginn skorazt undan slíkri rannsókn, sem til þess er fær, og ber að gera það ókeypis, ef það tekur ekki yfir 2 klukkustundir, ella ber rekstrarmönnum að greiða þóknun fyrir, eftir úrskurði sýslumanns, ef á greinir, en aðgöngu eiga rekstrarmenn með þá borgun að eigendum fjárins, ef þeim hefir ekki verið sjálfum um að kenna.

62. gr.

Um talning á rekstrinum.

Telja skal féð í rekstrinum hvenær sem viðstaða verður svo, að féð dreifi sér nokkuð til muna, bæði þegar staðar er numið og haldið af stað aftur. Vanti þá fé í reksturinn, skal gera aðvart um það á næsta bæ sem að er komið og biðja fyrir það, sem vantar. En ef fleira fé er komið í reksturinn en honum á að fylgja, skal á næsta bæ sem að er komið rétta reksturinn og skilja það frá, sem að hefir komið, og sjá til að það komist í átthaga sína, eigendum að skaðlausu.

63. gr.

Um óleyfilega fjártöku í rekstra.

Verði einhver sannur að því að hafa tekið fé annara í rekstur heimildarlaust, skal hann bæta það eigendum að fullu eftir samkomulagi, eða eftir mati óvilhallra manna, er sýslumaður tilnefnir, ef með þarf. Sannist það, að slíkt hafi verið gert af skeytingarleysi, varðar það sektum að auki, 1—5 kr. fyrir hverja kind sem þannig er tekin, til sveitarsjóðs þess hrepps, sem land á þar sem brotið er framið, nema því aðeins, að brotið eigi undir almenn hegningarlög.

IX. KAFLI
Almenn ákvæði.

64. gr.
Um úrskurðarvald.

Í öllum þeim atriðum, sem eigi er minnst á í þessari reglugerð, en eru samkyns eða skyld að efni, skulu hreppsnefndir ráða því, er snertir þeirra eigin sveitir, þó svo, að það komi ekki í bág við landslög né reglugerð þessa, né skerði skýlausan rétt annara sveitarfélaga. Bera skulu hreppsnefndir þau atriði, er að þessu lúta, og þær hafa ástæðu til að ætla, að almenning varði, undir sveitunga sína, og ber þeim að taka sem mest tillit til óska almennings, ef þær eru á rökum byggðar, en skera verða hreppsnefndir úr sjálfar, ef á greinir. Sýslunefnd ræður í þeim atriðum, er hagsmunir tveggja hreppa eða fleiri í sýslunni koma í bág hverir við aðra. Þá getur hún veitt leyfi til, að hér að lútandi mál, sem að lögum bera undir hana, séu lögð í gerð. Stjórnarráðið ræður, ef í málum þessum greinir á við aðrar sýslur.

65. gr.
Um sektir og málssóknir.

Brot gegn reglugerð þessari varða 1—100 kr. sektum, sbr. þó 43. og 63. gr. Uppljóstrarmenn eiga heimting á fjórðungi sektar, en hinn hlutinn rennur í sveitarsjóð eða fjallskilasjóð þess hrepps, sem brot er framið í. Ef brotið er framið í afrétti, skal svo líta á sem brotið sé í þeirri sveit, sem næst liggur þeim afrétti, sbr. þó 16. gr.

66. gr.
Um ógildingu eldri ákvæða.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin fjárskilareglugerð 22. júlí 1916 fyrir hreppana milli Þjórsár og Hvítár (Ölfusár) í Árnessýslu, svo og reglugerðir 10. september 1917 og 20. maí 1919 um breytingar á þeirri reglugerð.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Árnessýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna nr. 12, 1927, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. september 1934.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

108

REIKNINGUR

Styrktarsjóðs Hjálmars kaupmanns Jónssonar fyrir reikningsárið 1. sept. 1933 til 31. ágúst 1934.

Tekjur:

1. Eign í byrjun reikningsárs:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	20500.00	
b. Innstæða í sparisjóði Landsbankans	—	2319.74	
c. Innstæða í hlaupareikningi	—	29.64	
			kr. 22849.38
2. Vextir á árinu:			
a. Af veðdeildarbréfum	kr.	972.50	
b. — sparisjóðsinnstæðu	—	102.38	
c. — hlaupareikningsinnstæðu	—	2.93	
			— 1077.81
3. Gróði á bréfaskiptum			— 210.00
			Kr. 24137.19

Gjöld:

1. Styrkur veittur á reikningsárinu			kr. 770.00
2. Eign í lok reikningsársins:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	20500.00	
b. Innstæða í sparisjóði	—	2834.62	
c. Innstæða í hlaupareikningi	—	32.57	
			— 23367.19
			Kr. 24137.19

Reykjavík, 8. október 1934.

Jón Helgason. *Páll Einarsson.* *Björn Þórðarson.*

Reikningur þessi samþykkist hér með.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. október 1934.

F. h. r.
Vigfús Einarsson.

Jón Gunnlaugsson.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1934.

Lög um breyting á lögum nr. 29 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis, undirskrifuð af konungi 14. nóvember 1934 (nr. 54).

Lög um tekju- og eignarskattsauka, undirskrifuð af konungi 24. október 1934 (nr. 55).

Lög um breyting á lögum nr. 44 10. nóv. 1913, um forðagæzlu, undirskrifuð af konungi 15. nóvember 1934 (nr. 56).

Lög um að verja útflutningsgjaldi af síld til hlutaruppbótar sjómönnum, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 57).

Lög um breytingar á lögum nr. 59 frá 14. júní 1929, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða, undirskrifuð af konungi 23. nóvember 1934 (nr. 58).

Konungleg auglýsing um að ríkisstjórn sé falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs undirskrifuð af konungi 24. nóvember 1934 (nr. 59).

Konungleg auglýsing um að konungur sé kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn, undirskrifuð af konungi 1. desember 1934 (nr. 60).

Lög um framlenging á gildi laga nr. 11 2. júní 1933, um bráðabirgðaverðtoll, undirskrifuð af konungi 10. desember 1934 (nr. 61).

Lög um framlenging á gildi laga um verðtoll, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 62).

Lög um breyting á lögum nr. 69 7. maí 1928, um einkasölu á áfengi, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 63).

Lög um viðauka við lög nr. 29 8. nóvember 1895, um hagfræðiskýrslur, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 64).

Lög um einkasölu á eldspýtum og vindlingapappír, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 65).

Konungsbréf um þingsuppsögn, undirskrifað af konungi 17. desember 1934 (nr. 67).

Lög um útvarpsrekstur ríkisins, undirskrifuð af konungi 28. desember 1934 (nr. 68).

Lög um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 69).

Lög um breyting á lögum nr. 50 31. maí 1927, um gjald af innlendum tollvörutegundum, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 70).

28. dag desembermánaðar 1934. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

109
12. nóv.

REGLUGERÐ
um skipun slökkviliðs og brunamála í Ytri-Akraneshreppi.

I. KAFLI
Um skipun brunamálanefndar og verksvið hennar.

1. gr.

Yfirstjórn brunamála í Ytri-Akraneshreppi skal falin 3 manna nefnd, og eiga sæti í henni oddviti hreppsnefndar, sem formaður nefndarinnar, slökkviliðsstjóri og einn maður, er hreppsnefnd kýs til 3 ára í senn.

Brunamálanefnd skal hafa á hendi, undir umsjón hreppsnefndar, eftirlit með, að fyrirmælum laga um brunamál og reglugerðar þessarar sé í einu og öllu framfylgt, nema sérstaklega heyri beinlínis undir verksvið lögreglustjóra eða slökkviliðsstjóra.

II. KAFLI
Hver slökkvitæki hreppurinn skuli eiga og viðhald þeirra.

2. gr.

Ytri-Akraneshreppi er skylt að eiga í nothæfu ástandi að minnsta kosti þessi slökkvitæki og áhöld:

Véldæla með slöngum og tenglum, minnst 50 vatnsfötur, rafknúinn brunalúður, áhaldakerru, brunasegl og björgunarsegl, auk annara minni áhalda.

Áhöldum öllum skal á kostnað sveitarsjóðs haldið vel við. Skal smyrja vélar og vagna svo oft sem þess er þörf og reyna dælur ekki sjaldnar en einu sinni á mánuði. Ef brunamálanefnd þykir ástæða til að auka slökkvitækin eða endurnýja þau, skal hún senda hreppsnefnd skriflega tillögu þar um. Áður en hreppsnefnd tekur ákvörðun um tillöguna skal leitað umsagnar Brunabótafélags Íslands.

3. gr.

Öll tæki til brunavarna skulu geymd í slökkvistöðinni. Skal þeim haganlega fyrir komið, svo greiður verði aðgangur að þeim, er á þarf að halda. Lykill að slökkvistöðinni skal vera í vörzlum slökkviliðsstjóra, og svo margra úr slökkviliðinu, sem þurfa þykir. Brunamálanefnd getur ákveðið að geyma 1 lykil í smáskáp með glerloki fyrir, er hangi utan á slökkvistöðinni. Slökkvistöðinni skal haldið við á kostnað sveitarsjóðs.

4. gr.

Hreppsnefnd ræður, eftir tillögum brunamálanefndar, mann eða menn til að hirða eða hafa umsjón með slökkvitækjunum, og ber hann eða þeir ábyrgð á því, að þau séu fyrir hendi, og að þeim sé vel við haldið.

5. gr.

Við árslok hver sendir slökkviliðsstjóri brunamálanefnd skrá yfir slökkvitæki þau, sem til eru, og skal þess jafnframt getið, hver slökkvitæki hafi verið keypt á árinu og hver hafi gengið úr sér.

III. KAFLI

Hver slökkvitæki húseigandi skuli útvega sér og láta fylgja húsi sínu.

6. gr.

Slökkviliðsstjóri skal tryggja slökkviliðinu afnot lausastiga á hæfilega mörgum stöðum víðsvegar í kauptúninu er eldsvoða ber að höndum.

Hverju timburhúsi, þar sem íbúðarherbergi eru á 2. og 3. hæð, ofan kjallara, skal fylgja nægilega langur krókstjaki og traustur stigi, er sé svo langur, að hann nái upp í glugga á efsta íbúðarherbergi hússins. Skal stiginn og krókstjakinn geymdur á tilteknum stað, er sé aðgengilegur fyrir slökkviliðið.

7. gr.

Brunamálanefnd getur, að fengnu samþykki hreppsnefndar, látið setja í sérhverju húsi, þar sem óvenjuleg eldhætta er (samkomuhús, kvikmyndahús, smíðastofur þar sem eldfim efni eru), slökkvitæki í sambandi við vatnsveitu hússins. Húseigandi er skyldur að viðhalda slíkum slökkvitækjum og endurnýja þau, og ekki má nota þau til neins annars en þess að verjast eldsvoða eða slökkva eld.

Brunamálanefnd getur skyldað húseigendur, þar sem óvenjuleg brunahætta er, til þess að útvega á eiginn kostnað, og hafa á tilteknum stað í húsinu, slökkviáhöld af þeirri gerð, er Brunabótafélag Íslands tekur gild.

IV. KAFLI

Skylda borgaranna til þess að gegna slökkviliðsstörfum og skipun slökkviliðs.

8. gr.

Slökkviliðsstjórinn, og í forföllum hans, vara-slökkviliðsstjórinn, er yfirmaður og stjórnandi alls slökkviliðsins. Auglýsa skal tvisvar árlega (í marz og september) á stað þar sem festar eru upp aðrar sveitarstjórnarauglýsingar, hver sé slökkviliðsstjóri, hvar hann býr og hverjir séu honum næstir yfirmenn í slökkviliðinu.

Slökkviliðsstjóri og vara-slökkviliðsstjóri mega aldrei vera báðir burtu úr hreppnum í senn, nema alveg sérstaklega standi á, og þó því aðeins, að þeir

109 tilkynni brottför sína tímanlega, og settur sé slökkviliðsstjóri í þeirra stað á
12. nóv. meðan í samráði við brunamálanefnd.

9. gr.

Allir verkfærir karlmenn 20—60 ára að aldri, sem heimilisfastir eru í hreppnum, að undanskildum presti, læknum, lyfsala og símastjóra, og þeim mönnum, sem með læknisvottorði sanna, að þeir fyrir heilsubilun séu ekki færir til vinnu, eru skyldir til þjónustu í slökkviliðinu. Mæti svo margir við æfingar eða eldsvoða, að eigi sé þörf fyrir alla, skulu þeir elztu ganga fyrir með hvíld.

10. gr.

Í slökkviliði hreppsins skulu að minnsta kosti vera fastráðnir þessir menn: Slökkviliðsstjóri, varaslökkviliðsstjóri, 18 liðsmenn og 2 brunaboðar.

11. gr.

Hreppsnefnd skipar slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra, eftir tillögum brunamálanefndar, en brunamálanefnd ræður aðra starfsmenn slökkviliðsins, eftir tillögum slökkviliðsstjóra. Slökkviliðsstjóri getur sagt upp liðsmönnum slökkviliðsins án nokkurs fyrirvara, ef hann finnur ástæðu til þess, og ráðið aðra menn í þeirra stað til bráðabirgða, en þó skal hann gera brunamálanefnd grein fyrir brottrekstrinum, og ræður hún síðan menn í stað þeirra, sem vikið hefir verið úr liðinu. Allir liðsmenn úr slökkviliðinu eru skyldir að tilkynna slökkviliðsstjóra með viku fyrirvara, ef þeir af gildum ástæðum ekki geta gegnt starfi sínu í slökkviliðinu. Flokksstjórar skulu skyldir til að tilkynna slökkviliðsstjóra, ef þeir fara burt úr hreppnum daglangt, og liggur sekt við, ef út af er brugðið.

12. gr.

Slökkviliðsstjóri og varaslökkviliðsstjóri hafa fasta þóknun fyrir starfa sinn, eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar. Aðrir liðsmenn slökkviliðsins fá greiðslur fyrir starf það, er þeir vinna í þjónustu þess við að slökkva eld, eftir gjaldskrá, er hreppsnefnd setur í janúarmánuði ár hvert.

Þeir, sem skemma föt sín í þágu slökkviliðsins, eiga rétt á því að fá skemmdirnar endurgoldnar úr sveitarsjóði eftir mati, nema öðruvísi semjist um.

13. gr.

Hreppsnefnd ákveður, eftir tillögum brunamálanefndar, hver einkenni slökkviliðið skal bera þegar það er að starfi sínu.

14. gr.

Slökkviliðsstjóri stjórnar æfingum slökkviliðsins og ber ábyrgð á, að ávallt séu nægilega margir í slökkviliðinu og að það sé vel æft.

Þegar eldsvoða ber að höndum ákveður hann, hvernig slökkviliðinu skuli fyrir komið og allt hvað gera skuli til þess að slökkva eldinn og varna útbreiðslu hans. Þó má ekki rífa niður hús til varnar útbreiðslu elds, nema samþykki lögreglustjóra komi til, eða þess, sem fer með umboð hans við eldsvoðann. Ef

slökkviliðsstjóri er forfallaður, gengur varaslökkviliðsstjóri í hans stað, og sé hann heldur ekki viðstaddur, þá hefir yfirstjórn á hendi sá af liðsmönnunum, sem slökkviliðsstjóri, í samráði við brunamálanefnd, hefir fyrirfram ákveðið til þess. 109 12. nóv.

15. gr.

Sérhver slökkviliðsmaður er, að viðlagðri sekt, skyldur til að mæta til æfinga og til þess að slökkva eld, þegar hann er til þess kallaður, hvar sem er innan hreppsins, og hlýða þá í öllum atriðum öllu því, er yfirmaður hans skipar honum. Enginn má heldur án leyfis yfirmanns yfirgefa eldsvoða áður en slökkt er, né slökkviliðsæfingu áður en henni er lokið.

16. gr.

Lögreglustjóri er yfirmaður lögreglusveitar þeirrar, er viðhalda skal góðri reglu við eldsvoða og slökkviliðsæfingar. Brunamálanefnd kveður í flokk þennan, eftir tillögum lögreglustjóra, hæfilega marga menn meðal þeirra, er skyldir eru til þess að vera í slökkviliðinu. Lögreglustjóri ákveður, í samráði við slökkviliðsstjóra, skipulag lögreglusveitarinnar og starfssvið hvers einstaks í henni. Skylt er lögreglusveitinni að halda uppi góðri reglu við eldsvoða og æfingar, sjá slökkviliðsmönnum fyrir greiðum gangi að eldinum og annast um, að engir óviðkomandi menn gangi of nærri húsi því, sem brennur, eða flytji þaðan neitt burtu.

Ennfremur sér lögreglusveitin um bjargaða muni, annast brottflutning og aðhjúkrun þeirra, er verða fyrir slysum, vísar burtu eða tekur fasta þá, er sekir verða um brot, og kærir þá.

Umferð má banna um götur, þar sem þess þarf með.

V. KAFLI

Um vatnstöku, vatnsburð o. fl.

17. gr.

Heimilt er að taka vatn, til þess að slökkva eld og til æfinga, úr brunnum og vatnsbólum hvar sem er. Skylt er sérhverjum húseiganda að leyfa að vatn sé tekið úr vatnshönum í húsi hans til að slökkva eld, og má enginn, sem í húsinu er, leggja tálmanir fyrir, að slökkviliðið hafi greiðan aðgang að vatnshönum í húsinu.

Þegar verið er að slökkva eld er sérhverjum húseiganda skylt að leyfa slökkviliðinu tálmunarlaust aðgang og umferð um lóð sína, en fullt endurgjald komi fyrir skemmdir, ef einhverjar verða.

Ef hús brennur er sérhverjum skylt að lána þau tæki, er hann hefir, til þess að flytja vatn og tæki slökkviliðsins. Ef tæki, sem lánað hefir verið, skemmist eða týnist, skal fullt endurgjald koma fyrir það úr sveitarsjóði.

Meðan verið er að slökkva eld eru hreppsbúar, er vatn taka úr sömu vatnsveitu eða brunnum, skyldir að takmarka vatnsnotkun sína sem mest má verða.

109 18. gr.

12. nóv. Það er skylda allra, sem viðstaddir eru eldsvoða, hvort sem þeir eru í slökkviliðinu eða ekki, að láta í té alla þá aðstoð, sem þeir geta, ef slökkviliðsstjórinn krefst þess, og hlýða í öllu fyrirskipunum slökkviliðsstjóra.

VI. KAFLI

Um skoðun eldfæra og reykháfa.

19. gr.

Reykháfa alla skal hreinsa tvisvar á ári af manni, sem hreppsnefnd ræður til þess starfa. Þó getur hreppsnefnd, eftir tillögum brunamálanefndar, ákveðið að hreinsun skuli fara fram oftar, ef sérstakar ástæður eru til. Brunamálanefnd skal, eftir fyrirmælum hreppsnefndar, einu sinni á ári hverju láta skoða eldfæri og reykháfa í öllum húsum í hreppnum, og líta eftir að þau séu lögum samkvæmt, og að reykháfar hafi verið nægilega hreinsaðir, svo og aðgæta, hvort púðurbirgðir, sprengiefni og önnur eldfim og hættuleg efni séu geymd sem vera ber samkvæmt lögum um brunamál og ákvæðum reglugerðar þessarar. Skoðunarmenn skulu og líta eftir, hvort stigar og krókstjakar eru nothæfir og geymdir þar sem þeir eiga að vera. Á sama hátt skal líta eftir sérstökum slökkvitækjum, ef þau eiga að vera í húsinu. Skoðunarmenn skulu gera skýrslu um skoðunina, er afhendist brunamálanefnd og sendist Brunabótafélagi Íslands, ef óskað er.

Komi það í ljós við skoðunina, að einhverju sé ábótavant í þessu efni, skal það tafarlaust bætt, ef hægt er. Ella má veita húseiganda stuttan frest til þess að lagfæra gallana. Skal þá að frestinum liðnum ný skoðun fara fram. Komi þá í ljós við hina síðari skoðun, að enn sé ekki búið að bæta úr því, sem að var fundið, skal tafarlaust kæra hlutaðeiganda fyrir lögreglustjóra, er kemur fram ábyrgð á hendur hinum brotlega og lætur á hans kostnað færa í lag það er lagfæra þarf. Auk þess greiðir hinn brotlegi allan kostnað við síðari skoðunina.

VII. KAFLI

Um brunaboðun.

20. gr.

Það er skylda hvers eins, er verður var við eldsvoða, að tilkynna það slökkviliðinu þegar í stað. Næturverðir, ef nokkrir eru, skulu á göngum sínum um kauptúnið hafa sérstakt eftirlit með því, hvort eldur er að kvikna í húsum, og tilkynna það þegar í stað slökkviliðsstjóra, brunboðum og öðrum úr slökkviliðinu, lögreglustjóra og símastjóra. Að öðru leyti skal, þar til önnur skipun verður gerð, slökkviliðið kallað saman með því að hefja brunakall um kauptúnið með brunalúðrum.

VIII. KAFLI

Ýmsar almennar varúðarreglur til að fyrirbyggja eldsvoða.

21. gr.

Á götum, stakkstæðum, torgum eða á almannfæri, eða milli húsa eða í görðum, má ekki setja lausar eldstór eða hlóðir, nema leyfi sè veitt til þess af slökkviliðsstjóra, og ákveður hann þá hvernig eldstæðið skuli útbúið og hverra varúðarreglna skuli gætt. Þegar slíkt er leyft skulu menn alltaf vera við eldinn meðan logandi er í hlóðunum. Hið sama skal einnig gilda um lýsisbræðslu, tjörugerð og bikgerð og bikun á veiðarfærum. Milli húsa eða úti við má ekki bera eldsglæður nema í lokuðum málmkössum. Á kauptúnslóðunum má ekki kveikja bál eða halda brennu nema leyfi lögreglustjóra komi til.

22. gr.

Eldiviður, steinkol, mór eða annað eldsneyti má ekki liggja fyrir utan hús nema með samþykki brunamálanefndar, og veitir brunamálanefnd aðeins samþykki til þess, að ekki geti stafað af því eldshætta að marki. Mikið af trjám og borðvið má því aðeins hafa utanhúss, að brunamálanefnd leyfi. Ákveður hún um leið og hún veitir leyfið, hversu stór trjástaflinn megi vera, hve langt bil skuli vera á milli þeirra, og minnstu fjarlægð frá næsta húsi, sem þó má aldrei vera minni en 6 metrar.

Það skal yfirleitt ekki leyft að hafa viðarstafla hærri en 4 metra og ekki stærri að flatarmáli en 40 fermetra, enda standi þá staflarnir ekki nær hver öðrum en svo, að 2 metra bil sé á milli þeirra, og ekki nær húsi en 6 metra. Birgðir af steinolíu, benzíni, terpintínu og öðrum eldfimum vökvum skulu ætíð geymdar í húsum inni eða í mannheldum girðingum, og hvergi nema þar sem hreppsnefnd samþykkir. Þó má ekki geyma birgðir af vökvum þessum nema í steinhúsum með steinsteyptum loftum eða steinsteyptum kjöllurum með steinloftum og steingólfum. Um undanþágu frá þessu fer samkvæmt lögum um brunamál.

Hafi einhver sett birgðir af slíkum eldfimum vökvum á bersvæði eða annarsstaðar í óleyfi hreppsnefndar, má lögreglustjóri láta flytja þær í burtu á kostnað eiganda.

23. gr.

Þar sem geymdar eru birgðir af steinolíu, terpintínu, benzíni eða áþekkum eldfimum vökvum skal eftirfarandi varúðarreglum fylgt:

a. Séu birgðirnar meir en 800 lítrar af steinolíu eða 175 lítrar af benzíni eða álíka eldfimum vökvum, má hvorki bera um geymslustaðinn eld eða ljós, enda þótt það sé birgt í ljóskeri, ekki kveikja á eldspítum né reykja þar tóbak. Þar mega heldur ekki vera eldstór, reykháfar eða hitaleiðslur, sem eldhætta getur stafað af.

b. Séu birgðirnar ekki meiri en 800 lítrar af steinolíu eða 175 lítrar af benzíni eða álíka eldfimum vökvum, og þær geymdar utanhúss, í görðum eða portum þar sem ekkert hús er nær en 6 metrar, má því aðeins bera þar um ljós,

109 12. nóv.

að það sé í lokuðu ljóskeri, en eld má ekki kveikja né bera. Ekki má heldur taka þar ljósvökva úr tunnu eða stærra íláti við ljós, nema ljósið sé í lokuðu ljóskeri og það látið hanga í a. m. k. 2 metra fjarlægð. Séu slíkar birgðir geymdar innanhúss, skal gæta sömu varúðar og undir a.-lið.

c. Birgðir allt að 200 lítrum af steinolíu eða 10 lítrum af benzíni eða álíka eldfimum vökvum má geyma í sölu- og smíðahúsum, en þá skulu þær geymdar á afviknum stað í málmíláti eða lokuðum flöskum. Skal þó gætt sömu varúðar og undir a.-lið.

d. Í húsum eða herbergjum, þar sem farið er með eld eða ljós, má ekki taka úr íláti neinn ljósvökva með blossamarki undir 40 stiga hita hundraðsmælis (Celsius), t. d. benzín.

e. Þar sem ljósvökvi er geymdur, hvort heldur úti eða inni, í sölustöðum eða smíðahúsum, skal gætt allrar varúðar. Fari ljósvökvi niður á gólf í húsi skal hann þurrkaður upp þegar í stað svo vel sem hægt er. Í húsum má aldrei geyma eldfima hluti nálægt ljósvökvanum, nema yfir þeim sé ábreiða, sem ekki er eldfim. Þar sem geymdir eru meira en 200 lítrar af steinolíu eða 40 lítrar af benzíni eða álíka eldfimum vökvum, má engin vinna fara fram nema undir eftirliti fullorðins manns, er þar sé ávallt staddur. Ella skal geymslustaðnum lokað, svo óviðkomandi komist þar ekki inn.

f. Benzíngeyma má hvergi setja upp meðfram götum kauptúnsins, nema samkvæmt fyrirlagi lögreglustjóra að fengnum tillögum brunamálanefndar. Hvergi má setja þá nær steinhúsum en 15 metra og ekki nær timburhúsum en 25 metra, og skal frágangur allur vera svo rammbyggilegur, að sem minnst eldhætta stafi af. Tóbaksreykingar mega ekki fara fram í nánd við geymana. Tæmdar benzíntunnur skal jafnharðan flytja í burtu.

g. Landflutningur á benzíni og olíu í stærri stíl, svo og fylling benzín- og olíugeyma má ekki fara fram nema undir eftirliti, sem framkvæmt er eftir fyrirmælum brunamálanefndar, og skal það kostað af eiganda eða farmsmóttakanda.

h. Í hverjum geymslustað skal prentað eintak af reglum þessum hanga á vegg þar sem það er auðvelt til aflestrar.

24. gr.

Í smíðahúsum handiðnaðarmanna, sem fást við trésmíði, skal gæta þessara varúðarreglna:

a. Eld má ekki fara með, nema í eldstæðum eða ofnum, og tóbaksreykingar skulu bannaðar. Fyrir framan hverja ofnhurð skal vera kassi úr málmi, er sé að minnsta kosti 50 cm. á hæð, og sé hann þannig áfastur ofninum, að allar glæður og eldur úr ofninum detti í kassann.

b. Þegar límpottur er tekinn af eldstæðinu, skal setja hann á málmplötu, er nái a. m. k. 8 cm. út fyrir pottinn á alla vegu. Brún málmplötunnar skal beygð upp á við.

c. Þar sem ekki er rafmagnsljós má eingöngu nota steinolíuvegglampa eða lokað ljósker, en hvorki borðlampa né kertaljós. **109** 12. nóv.

d. Ekki má fleygja eldspýtu á gólfið, þegar kveikt hefir verið á henni, heldur skal fleygja henni í ofninn eða leggja hana á málmplötu eða á annan stað þar sem vissa er fyrir, að hún geti ekki kveikt eld frá sér.

e. Tréspænir, hey eða aðrir slíkir eldfimir hlutir mega ekki liggja dreifðir um smíðahúsgólfið dag frá degi. Á hverjum degi að endaðri vinnu skal þeim sópað saman og þeir bornir úr smíðahúsinu, eða þeim komið fyrir á sérstökum stað í smíðahúsinu, sem ætlaður er fyrir þá. Miklar birgðir af tréspónum skal geyma í lokuðum klefa, þar sem engin sérstök eldhætta getur stafað af.

f. Miklar birgðir af trésmíðaefni mega ekki liggja í göngum eða stigum, og heldur ekki utan við smíðahúsið, nema sérstakt leyfi brunamálanefndar komi til. Handiðnaðarmenn, sem fást við trésmíði og járnsmíði, mega ekki geyma meira viðarsmíðaefni í járn- og trésmiðju sinni en þarf til þess að vinnan verði innt af hendi viðstöðu- og tafarlaust.

g. Þegar vinnunni er lokið að kveldi, og áður en smiðirnir fara úr smíðahúsinu, skal slökkva allan eld og ljós og loka húsinu svo að óviðkomandi menn komist ekki í það.

h. Í sérhverju smíðahúsi, þar sem vatnsveita er, skal vera sérstakur vatnskrani með viðfestri slöngu, ella skal vera þar slökkvitæki með slökkvivökva, af þeirri gerð, er Brunabótafélag Íslands tekur gilda. Brunamálanefnd getur veitt undanþágu frá þessum ákvæðum fyrir verkstæði, þar sem vinna að jafnaði aðeins 1—2 menn.

i. Í sérhverju smíðahúsi skal vera prentað eintak af reglum þessum fest upp á vegg, þar sem auðvelt er að lesa það. Forstöðumaður smíðahússins skal sjá um að reglum þessum sé hlýtt og hinnar mestu varúðar sé að öllu leyti gætt í meðferð á eldi og ljósi.

IX. KAFLI

Um slökkviliðið.

25. gr.

Fastir starfsmenn slökkviliðsins (sbr. 10. gr.) skulu skipa þessa flokka:

1. Björgunarflokkur	4	liðsmenn
2. Húsrifsflokkur	2	—
3. Vatnsslönguflokkur	6	—
4. Dæluflokkur	4	—
5. Stigaflokkur	4	—
6. Brunaboðar	2	—

Slökkviliðsstjóri skipar flokksstjóra fyrir flokkana. Hann skal og árlega semja skrá yfir alla, sem skyldir eru að mæta samkvæmt 9. gr., og skal hverjum

109 tilkynnt í hvaða flokki hann skuli vera. Að lokinni æfingu eða eldsvoða skal
12. nóv. merkja á skránni við alla þá, sem hafa mætt.

26. gr.

a. Fjórum ákveðnum mönnum úr björgunarflokknum er skylt að mæta, þá er eldsvoða ber að höndum, á brunastaðnum, svo fljótt sem unnt er. Hinir sjá um flutning stiga og annara björgunartækja á brunastaðinn. Fyrsta verk björgunarflokksins skal vera að bjarga fólki, þá lifandi skepnum, og síðast öllum dauðum munum, hverju nafni sem nefnast undantekningarlaust. Allt sem hann bjargar skal fara vel með og koma því á svo óhultan stað sem unnt er. Enga björgun má framkvæma, að undanskildu fólki og skepnum, nema eftir fyrirskipun slökkviliðsstjóra eða annars, sem gengur í hans stað. Slökkviliðsstjóri skipar einn úr flokki þessum sem flokksstjóra, sem hann getur sérstaklega snúið sér til með skipanir sínar, sem og til hinna annara flokksstjóra, er skipaðir kunna að verða.

b. Húsrifsflokkur skal hafa á hendi að rífa það sem þurfa þykir, eftir skipun slökkviliðsstjóra. Skal hann ávallt vera með sín ákveðnu verkfæri á brunastaðnum, og aðstoða björgunarflokkinn eftir fyrirmælum slökkviliðsstjóra.

c. Vatnsslönguflokkur skal sjá um, að allar slöngur og vatnsgeymar komi á brunastaðinn, jafnframt dælunum, og skal hann koma slöngunum svo fyrir að þægilegt sé að drepa eldinn. Síðan skal flokkurinn starfa sem bunustjórar eftir fyrirskipunum yfirmanna.

d. Dæluflokkur skal mæta við slökkvistöðina svo fljótt sem unnt er, þegar eldsvoða ber að höndum, og hafa dælurnar í góðu standi, flytja þær þangað sem slökkviliðsstjóri skipar fyrir, setja véldælurnar í gang og láta þær dæla, og knýja handdæluna, verði hún notuð. Einnig skulu þeir aðstoða vatnsslönguflokkinn í samsetningu slangnanna.

e. Brunaboðar skulu, þá er eldsvoða verður vart, gera slökkviliðinu aðvart með því að blása í lúðra, eða á annan hátt, sem fyrirskipað er af brunamálanefnd. Sé það á næturþeli, skulu þeir blása í lúður við hús hvers liðsmanns, þar til hann verður var við þá, og skal liðsmaður þegar gefa þeim merki um að hann hafi orðið þeirra var. Ekki mega þeir tala við nokkurn mann, nema segja götu og hústölu þar sem eldurinn er. Skulu þeir að afloknu brunakalli skyldir til að mæta á brunastaðnum og vinna þar það sem slökkviliðsstjóri leggur fyrir þá. Loks skulu þeir skyldir til að tilkynna slökkviliðsæfingar eftir fyrirskipun slökkviliðsstjóra.

f. Stigaflokkur skal sjá um að koma stigum þeim, sem slökkvitækjunum fylgja og sem aðfengnir kunna að vera, á brunastaðinn og koma þeim þar fyrir, sem slökkviliðsstjóri ákveður. Skulu þeir jafnframt vera skyldir til að vinna þau verk önnur, er slökkviliðsstjóri kann að skipa þeim að vinna á brunastaðnum.

g. Loks má slökkviliðsstjóri í samráði við brunamálanefnd skipa vatnsburðarflokk, svo marga menn sem honum þykir við þurfa. Fyrirliðar flokksins geta skipað hverjum sem er úr flokknum að aðstoða sig eftir þörfum

með flutning á vatnsfötum til og frá slökkvistöðinni, og til að bera vatn að brunastaðnum. **109** 12. nóv.

27. gr.

Árlega skal halda minnst 3 æfingar, og er liðsmönnum öllum (sbr. 10. gr.) skylt að mæta þar eins og við eldsvoða, sömuleiðis þeim mönnum öðrum úr skylduliðinu (sbr. 9. gr.), er slökkviliðsstjóri gerir aðvart. Slökkviliðsstjóri ákveður hvenær æfingar skuli haldnar, en gæta skal um það hagræðis liðsmanna. Skal halda skýrslu um æfingar og senda hana í byrjun hvers árs til Brunabótafélags Íslands til athugunar.

28. gr.

Allir liðsmenn skulu, þegar þeir eru að verki, forðast allan óþarfa hávaða og tal, og gera sér far um að taka öllu með gætni og stillingu og vera fljótir og liðugir að framkvæma skipanir yfirmanna sinna.

29. gr.

Allir liðsmenn skulu, ef þeir verða varir við að óvarlega er farið með eld eða á annan hátt brotið á móti brunareglugerð hreppsins, vanda um við þá sem gera sig seka í því, og ef þeir hlýða ekki aðvörun þeirra, gera slökkviliðsstjóra aðvart svo fljótt sem unnt er.

30. gr.

Allir liðsmenn eru skyldir til að mæta á slökkvistöðinni, að undanskildum nokkrum hluta björgunarliðs, sbr. 26. gr., nema þeir séu þess fullvissir, að öll áhöld séu komin á brunastaðinn, og ber þeim öllum skylda til að sjá um, að þau komist á brunastaðinn í nothæfu ástandi. Enginn má fara af brunastaðnum, nema með leyfi slökkviliðsstjóra. Engin forföll eru tekin gild, önnur en veikindi eða fjarvera úr hreppnum.

X. KAFLI

Sektarákvæði o. fl.

31. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal fara sem opinber lögreglumál, og greiði hinn seki allt að 100 kr. sekt fyrir brot sitt, er renni í sveitarsjóð Ytri-Akraneshrepps.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 85, 22. nóvember 1907, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. nóvember 1934.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

110

REIKNINGUR

Styrktarsjóðsins Vinaminning 1933.

Tekjur:

Eign frá fyrra ári	kr. 5991.16	
Gjafir	— 109.00	
Vextir	— 246.40	
		kr. 6346.56
		Kr. 6346.56

Gjöld:

Veittur styrkur	kr. 250.00	
Eign í árslok	— 6096.56	
		kr. 6346.56
		Kr. 6346.56

Eyrarbakka, 31. desember 1933.

Gísli Skúlason. *Gísli Pétursson.* *Ásta Jónsdóttir.*

111

REIKNINGUR

sjóðsins Dýrleifarminning árin 1932 og 1933.

Tekjur:

1. Sjóður við árslok 1931 (Stj.tíð. 1932 B. bls. 441):		
a. Í Söfnunarsjóði	kr. 1962.88	
b. Hjá forstöðunefnd Dýrleifarminningar	— 32.92	
		kr. 1995.80
2. Vextir 1932	kr. 115.28	
Vextir 1933	— 122.10	
		— 237.38
		Kr. 2233.18

Gjöld:

1. Varið samkv. skipulagsskránni 1932	kr. 32.92	
Varið samkv. skipulagsskránni 1933	— 34.32	
		kr. 67.24
2. Eign við árslok 1933:		
a. Í Söfnunarsjóði	kr. 2130.02	
b. Hjá forstöðunefnd Dýrleifarminningar	— 35.92	
		— 2165.94
		Kr. 2233.18

Í forstöðunefnd Dýrleifarminningar.

Skútustöðum, 20. apríl 1934.

Kristín Sigurðardóttir. *Kristín Jónsdóttir.* *Kristjana Hallgrímsdóttir.*

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1934.

Auglýsing um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Spánar, undirskrifuð af ráðherra 12. desember 1934 (nr. 66).

Lög um gengisviðauka, undirskrifuð af konungi 29. desember 1934 (nr. 71).

Fjárlög fyrir árið 1935, undirskrifuð af konungi 28. desember 1934 (nr. 72).

Lög um breyting á lögum nr. 41 27. júní 1921, um breyting á 1. gr. tolllaga, nr. 54 11. júlí 1911, undirskrifuð af konungi 29. desember 1934 (nr. 73).

Lög um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl., undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 74).

Lög um markaðs- og verðjöfnunarsjóð, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 75).

Lög um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 76).

Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu, **um takmörkun verzlunarlóðarinnar á Hesteyri.** 112 22. okt.

Með bréfi, dags. 8. f. m., hafið þér, herra sýslumaður, sent hingað tillögur sýslunefndarinnar í Norður-Ísafjarðarsýslu viðvíkjandi takmörkun verzlunarlóðarinnar á Hesteyri ásamt uppdrætti af hinni fyrirhuguðu verzlunarlóð.

Út af þessu er hér með samkvæmt lögum nr. 61 10. nóvember 1905, takmörk svæðis þess, sem reisa má á verzlunarhús á Hesteyri sett eftir framangreindum tillögum og uppdrætti svo sem hér segir:

Að utan leigulóð Ketilríðar Veturliðadóttur. Að innan Hnausabakkalækur. Að ofan lína 20 faðmar upp frá stórstraumsflæðarmáli frá ytri takmörkum inn að ytri kvísl Hesteyrarár, þaðan lína 150 faðmar upp frá stórstraumsflæðarmáli að innri takmörkum.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti verði geymt við skjöl hlutaðeigandi hrepps og að hreppsnefndin láti setja og halda við á hreppssjóðs kostnað glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar þar sem takmörkin eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.

35

113 28. sept. **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir „Sjúkrasjóð Súgfirðinga", útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómsmálaráðherra 28. sept. 1934. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjúkrasjóð Súgfirðinga.

1. gr.

Sjóður þessi, sem nefnist „Sjúkrasjóður Súgfirðinga", er stofnaður með gjöf til minningar um hjónin Jóhannes Hannesson og Guðrúnu Ólafsdóttur og dóttur þeirra Hansínu, og er að upphæð kr. 400.00 — fjögur hundruð krónur.

2. gr.

Sjóðurinn er eign Suðureyrarhrepps, en hagnýta má hann þó aðeins á þann hátt, sem skipulagsskrá þessi mælir fyrir um.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnalitið fólk í Suðureyrarhreppi, í sjúkdómstilfellum.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þannig: Tveimur konum úr stjórn kvenfélagsins Ársól á Suðureyri, kosnum á aðalfundi þess, og einum manni kosnum af hreppsnefnd Suðureyrarhrepps í febrúar árlega. Stjórn sjóðsins hefir á hendi umsjón hans og reikningshald, og annast um að hann sé á vöxtum í tryggum opinberum sjóði. Hún skal einnig hafa á hendi úthlutun úr sjóðnum og bóka, í þar til gerða bók, ályktanir sínar um allt það, er starf hennar varðar. Tveir endurskoðendur skulu yfirfara reikninga sjóðsins. Er annar kosinn af kvenfélaginu Ársól, á aðalfundi þess, en hinn af hreppsbúum, á sama fundi er kýs endurskoðanda hreppsreikninganna. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

5. gr.

Tekjum sjóðsins, vöxtum, gjöfum og tillögum, skal stjórn sjóðsins ráðstafa við hver árslok, samkvæmt tilgangi hans, þó þannig, að aldrei leggist minna en hálfir vextirnir við höfuðstól sjóðsins, sem aldrei má skerða.

6. gr.

Hætti kvenfélagið Ársól að starfa, skal sveitarstjórn Suðureyrarhrepps sjá sjóðnum fyrir stjórn.

Suðureyri, 28. febrúar 1933.

Sigríður H. Jóhannesdóttir.

AUGLÝSING

114
11. okt.

um breyting á gjaldskrá fyrir rafveituna á Akranesi, nr. 89 frá 21. sept. 1926.

1. málsgrein 2. greinar gjaldskrárinnar orðist svo:
Verð á rafmagni skal fyrst um sinn vera sem hér segir: Til ljósa 60 aurar fyrir hverja kílówattstund, til iðnaðar 40 aurar fyrir hverja kílówattstund, og 50 aurar á mánuði fyrir hvern rafmagnsmæli yfir starfstímann.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum um raforkuvirki nr. 83 frá 1932, sbr. vatnalög nr. 15 frá 1923, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 11. október 1934.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

AUGLÝSING

115
23. okt.

um staðfesting ráðuneytisins á lögreglusamþykkt fyrir Keflavíkurhrepp í Gullbringusýslu.

Samkvæmt lögum nr. 26 frá 8. sept. 1931, um breyting á lögum nr. 18 frá 20. október 1905, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, er hérmeð staðfest eftirrituð lögreglusamþykkt fyrir Keflavíkurhrepp í Gullbringusýslu:

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Keflavíkurhrepp í Gullbringusýslu.

I. KAFLI

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Á almannafæri mega uppþot og óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn þyrpast saman á almannafæri svo að til tálma sé fyrir umferðina. Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða er ætlað til almenningsafnota, svo sem leikvellir, torg, bryggjur, bólvirki o. s. frv.

115 23. okt.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkna, sölubúða, leikhúsa eða annara samkomuhúsa, eða annarsstaðar þar sem almenningur kemur saman, skulu menn haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan setur til þess að varðveita góða reglu.

3. gr.

Allir, sem fara um götur kauptúnsins utan gangstétta, hvort heldur eru gangandi, ríðandi, á vagni, í bifreið, á hjólum, eða öðrum farkosti, skulu, þá er þeir mæta einhverjum, eða einhver vill komast fram fyrir þá, halda sér, gripum sínum og farartækjum á vinstra helmingi akbrautarinnar eingöngu og svo nærri götubrún eða gangstéttarbrún, sem auðið er. Sá, sem vill komast fram fyrir vegfarendur, skal víkja til hægri handar, þó ekki meira en nauðsyn krefur. Við vegamót skal, ef þörf gerist, sá bíða, sem hefir farartæki á vinstri hönd. Þeir, sem fara um gangstéttir skulu jafnan víkja til vinstri handar, en eru þó ekki skyldir til að víkja út á akbraut, sé hún til vinstri handar.

4. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, æpa, kalla, blístra, syngja hátt, eða hafa í frammi annan hávaða eða ofsalegt eða móðgandi athæfi, sem raskar allsherjarreglu, eða ónáðar vegfarendur eða þá, sem búa í nágrenninu.

5. gr.

Bannað er að hafast nokkuð það að, sem raskar næturró manna, og enginn má að ástæðulausu berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum eða aðhafast neitt það, er ónáðar eða móðgar húsbúendur.

6. gr.

Á fjölförnum götum, eða þar sem hætta getur af stafað, má ekki leika knattleik, paradís, feluleik, „stikk“ eða „klink“, ekki gera rennibrautir, renna sér á skautum eða sleðum, eða hafa um hönd aðrar skemmtanir eða leiki, sem hindra umferðina. Sömuleiðis er bannað að hanga utan á vögnum, sleðum eða bifreiðum, sem eru á ferð um götumar, eða festa við þá sleða, handvagna eða annað, sem til óþæginda getur orðið.

7. gr.

Ekki má skjóta úr byssu, riffli eða skammbyssu, af boga eða öðrum skotvopnum, yfir götu eða á götu né á svæði, sem almenningur fer um eða ætlað er til almenningsnota, né heldur kveikja í púðri, olíu, benzíni eða öðrum eldfimum efnum eða sprengiefnum, og ekki kasta frá sér steinum, glerbrotum, snjókögglum, slori, vatni eða öðru, er tjóni getur valdið eða óþægindum þeim, er um fara. Nauðsynlegar sprengingar má aðeins gera við götur, torg eða á almannafæri, með leyfi lögreglustjóra, og skal ætíð, þegar sótt er um leyfi til slíks, til-

greina, hver framkvæmi verkið og ber bæði verkstjóri og sá, sem verkið er unnið fyrir, ábyrgð á að allrar varúðar sé gætt. Sprengiefni og önnur slík eldfim efni má hvorki geyma í íbúðarhúsum né annarsstaðar, þar, sem hætta stafar af. **115** 23. okt.

8. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri, nema hann sé á leið af eða á grímudansleik eða álfadans. Ekki heldur í búningi, sem misbýður velsæmi eða raskar almennri reglu. Einnig er bannað að sýna af sér hneykslanlegt athæfi á almannafæri, svo sem með ósæmilegum orðum eða látbragði, með því að fletta sig klæðum eða gera þarfir sínar á hneykslanlegan hátt.

9. gr.

Drukknum mönnum, sem finnast ósjálfbjarga eða eru með óspektir á almannafæri, skal ráðstafa á tryggilegan hátt, þar til þeir eru komnir til sjálfs sín aftur. Þeim mönnum, sem sökum ölæðis hafa í frammi hávaða eða ósæmilegt athæfi eða látbragð á almannafæri, skal ráðstafa á sama hátt, þar til þeir koma til sjálfs sín aftur, og skulu þeir þá ennfremur sæta sektum eftir samþykkt þessari fyrir röskun á allsherjarfriði og reglu, er þeir kunna að hafa valdið með drykkjuskap sínum og ólátum.

10. gr.

Enginn má baða sig eða synda nakinn við bryggju kauptúnsins eða annarsstaðar svo nærri landi eða skipum á höfninni, að hneyksli valdi.

11. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur að segja til nafns síns og heimilis, ef lögreglan krefst þess.

12. gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögregluvaldsins. Ef nauðsyn ber til getur lögregluvaldið krafið sér til aðstoðar hvern fullfíða karlmann, sem viðstaddur er, til þess að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri, en heimtingu eiga slíkir menn á fullum bótum úr hreppssjóði fyrir tjón, er þeir kunna að bíða við það á fatnaði eða limum, en hreppssjóður á aðgang að hinum seka.

II. KAFLI

Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.

13. gr.

Enginn maður má ótilkvaddur slökkva eða kveikja á götuljóskerum kauptúnsins, eða snerta á brunaboðum, nema hann þurfi að gera vart við eldsvoða,

115 23. okt.

14. gr.

Án leyfis lögreglustjóra má enginn setjast að á almannafæri til að selja vörur eða reka aðra atvinnu. Börn yngri en 14 ára mega alls ekki selja vörur á almannafæri. Þó skal börnum, 8 ára eða eldri, heimilað að selja dagblöð og fréttablöð og sömuleiðis aðgöngumiða að íþróttasýningum, dagskrár og merki, er gilda fyrir sérstaka hátíðisdaga.

15. gr.

Enginn má, án leyfis hlutaðeigandi umráðamanns, láta fyrirberast í umgirtu svæði eða öðrum stöðum, þar sem gengið er inn í hús eða garða, né fara inn í hús manna í óleyfi.

16. gr.

Stéttir meðfram götum skulu eingöngu ætlaðar gangandi mönnum. Ljái, gaddhrífur, skotvopn og aðra hluti, sem tjón getur hlotizt af, má aðeins flytja eftir götunni sjálfri og skal svo um þá búið, að engin hætta stafi af þeim. Hlaðnar byssur má ekki bera á götunum eða annarsstaðar á almannafæri. Byssur skal ávallt bera þannig að opið viti upp.

17. gr.

Á almannafæri má ekki leggja eða setja neitt það, er tálmar umferðinni frekar en nauðsynlegt er vegna vöruflutninga og skal þess ætíð gætt að það geri sem minnstan farartálma. Að flutningi loknum skal vandlega hreinsa svæðið, sem notað var. Bifreiðar, vagnar, hjólbörur og sleðar mega ekki standa á götunni lengur en nauðsynlegt er til að fylla þá eða tæma og aldrei mega þeir standa á gangstéttum. Hreppsnefnd ákveður í samráði við lögreglustjóra hvar á götum eða torgum vagnar eða bifreiðar megi standa og setur sérstakar reglur þar að lútandi.

18. gr.

Á almannafæri má ekki vinna neina vinnu, sem tálmar umferð manna eða gerir hana hættulega, svo sem höggva eða sprengja grjót, telgja tré, járna hesta eða því um líkt. Bannað er að hrista gólfábreiður, viðra sængurföt, eða hengja til þerris á götu, torgi eða öðru almannafæri þvott eða annað.

19. gr.

Ekkert má það hafa í opnum glugga við götu, sem niður getur fallið og valdið skaða þeim, er um fara, og ekki má heldur leggja eða hengja neitt það upp á hús eða hafa laust á húsum uppi, er skaða getur valdið vegfarendum, og bera eigendur og umráðamenn húsanna ábyrgð á þeim skaða, er stafar af hirðuleysi þeirra í þessu efni.

20. gr.

Enginn má gera skurði í götur eða torg hreppsins né raska þeim á nokkurn hátt, nema hann hafi til þess leyfi hreppsnefndar. Fáist slíkt leyfi, skal verkið

unnið þannig, að sem minnstur farartálmi sé að, og ætíð skal þess gætt, að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmann með nægilega greinilegum ljósum, frá því að fer að skyggja að kveldi og þar til albjart er orðið að morgni. Að öðru leyti gerir hreppsnefnd og lögreglustjóri þær ráðstafanir, er þurfa þykir til þess að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Ef slík verk dragast úr hófi fram, getur hreppsnefnd eða lögreglustjóri, eða bæði í sameiningu, látið ljúka verkinu og sett götur eða torg í samt lag aftur, á kostnað þess, er verkið átti að framkvæma. 115 23. okt.

21. gr.

Þegar hús eru byggð að nýju eða eldri hús rifin og byggð upp að nokkru eða öllu leyti, skal eigandanum, ef húsið liggur við götu eða svæði, sem almenningur fer um, skylt að skýra lögreglustjóra frá, áður en verkið byrjar, og sanna fyrir honum heimild sína til verksins. Hann skal haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglustjóri setur til að afstýra hættu, farartálma eða óþægindum fyrir vegfarendur. Verkfæri og verkefni má ekki leggja frá sér á almannafæri, nema þar sem lögreglustjóri leyfir, og má ekki liggja þar lengur en nauðsyn krefur. Mold, möl, leifar af verkefni og annað, sem af byggingunni stafar, skal eigandinn færa burtu þegar húsgerðinni er svo langt komið, eða verki því, sem unnið er að, að því verði við komið.

Nú brennur hús eða mannvirki, eða það er flutt í burtu, án þess að annað sé gert í staðinn, og er þá eiganda eða umboðsmanni hans skylt að ganga svo frá rústunum, að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óprýði af.

22. gr.

Palla, stoðir og annan útbúnað við húsasmíðar eða önnur mannvirki, eða viðgerðir á þeim, skal gera nægilega traust. Heimilt er lögreglunni að gera ráðstafanir hér að lútandi. Lausir stigar, sem notaðir eru við aðgerðir á húsum, málun, gluggaþvott eða þesskonar, skulu vera nægilega traustir og kjálkarnir búnir járngöddum að neðan, ef stiginn er meira en 4 metrar langur. Lausir stigar mega ekki standa við húsvegg á almannafæri eftir að dimmt er orðið. Brot gegn ákvæðum þessarar greinar, eða fyrirskipunum lögreglunnar, hér að lútandi, eru á ábyrgð þess, er verkið vinnur eða annast, eða ef hann er ekki tilgreindur, þá á ábyrgð eiganda eða umráðamanns.

23. gr.

Nú er hús svo hrörlegt, að hætt er við að það hrynji eða einhver hluti þess, og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið og lagt fyrir eigandann að rífa það eða endurbæta það svo sem þörf gerist til þess að afstýra hættu, innan tiltekins tíma. Ennfremur getur lögreglustjóri á kostnað eigandans gert aðrar ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar til þess að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra. Ákvæði þetta nær einnig til þess, þegar steinvegg, trévegg eða annari girðingu liggur við falli eða hruni.

Nú er bryggjum, pöllum eða öðrum mannvirkjum svo áfátt, að hætta getur af því stafað fyrir þá, sem um fara, t. d. þegar göt eru á pöllum eða mann-

115 virki fúin, og getur lögreglustjóri þá krafizt þess af eigendum mannvirkjanna,
23. okt. að þeir gangi svo frá þeim að hættulaust sé.

24. gr.

Áhöld, sem notuð eru til að hefja upp eða renna niður vörum eða öðru við bryggjur eða hús, sem liggja við alfaraveg, skulu vera nægilega traust, og þeir, sem þau nota, skulu vera gætnir og áreiðanlegir menn. Sama ábyrgð hvílir á eigendum, umráðamönnum og þeim, er verkið framkvæma, og á brotum gegn 22. gr.

25. gr.

Sporbrautir, sem liggja eftir götu endilangt eða yfir, skulu því aðeins leyfðar að þær að dómi hreppsnefndar séu nauðsynlegar. Skulu allar slíkar sporbrautir falla ofan í veginn þannig, að þær valdi ekki vegfarendum farartálma, þar sem sporbrautir liggja yfir götu eða eftir, skulu þeir, sem með vagnana fara, gæta þess, að ekki hljótist tjón af, enda er slíkt á ábyrgð eiganda eða umráðamanna og þeirra, sem með fara, þá er slys ber að höndum. Geti sá, er með vagninn fer, ekki bætt tjónið, ber eiganda eða umráðamanni að gera það.

III. KAFLI

Um reið, lestaflutning og akstur.

26. gr.

Þeir, sem ríða eða aka um götur eða stræti, skulu viðhafa alla varúð, og er öllum bannað að ríða nema fót fyrir fót fram hjá húsdyrum og fyrir götuhorn eða út og inn um port eða garðshlið. Svo er og stranglega bannað, að ríða hraðara en hægt brokk á götum kauptúnsins, og eru þeir, sem ríða og aka, skyldir til að gera fótgangandi mönnum, sem á undan þeim eru, viðvart í tæka tíð. Fælna hesta má ekki nota fyrir vagni eða sleða. Hvorki fælna eða slæga hesta má reka lausa um götur kauptúnsins. Vagnar eða sleðar með hesti fyrir mega aldrei standa á götu eða á almannafæri í hreppnum, nema ökumaður eða annar vel hæfur maður gæti hestsins.

27. gr.

Ríðandi mönnum, lestamönnum og öðrum, er farangur flytja á áburðarhestum, er skylt að víkja úr vegi og jafnvel út af götum fyrir vögnum, er þeir mæta, ef vagninn kemst ekki leiðar sinnar að öðrum kosti. Með áburðarhesta má ekki hafa lengri viðdvöl á götunum en nauðsynlegt er til að taka ofan eða láta upp klyfjar.

28. gr.

Það er bannað að ríða eða aka á móti skrúðgöngum og líkfylgdum eða fram hjá þeim. Skal víkja úr vegi fyrir þeim, ef unnt er, eða nema staðar meðan þær fara fram hjá.

29. gr.

Lausa hesta skal jafnan reka hægt og gætilega um götur kauptúnsins og aldrei má siga hundum á skepnur nærri götu. Hestar í kauptúninu, ef þeir eru þar staddir, skulu ætíð hýstir um nætur á veturna.

30. gr.

Með vagna og hesta skal fara svo nærri vegarbrún eða gangstétt til vinstri handar, sem auðið er. Um götuhorn skal ekið í kröppum boga, ef snúið er til vinstri handar, en í löngum boga, ef snúið er til hægri. Á götuhornum og gatnamótum er bannað að aka fram fyrir vagn eða hest, sem á undan fer. Sömuleiðis er bannað að nema staðar með hest eða vagn á gatnamótum eða fast við þau eða nema staðar þar sem hestur eða vagn heldur kyrru fyrir beint á móti hinu megin á götunni.

31. gr.

Slökkviliðið er undanskilið framanskráðum ákvæðum um vagna. Allir eru skyldir að víkja úr vegi fyrir því svo fljótt sem auðið er. Sama gildir um sjúkravagna.

32. gr.

Um bifreiðar og gerð þeirra fer eftir lögum um notkun bifreiða, nr. 70, 8. sept. 1931, eða lögum þeim og reglugerðum, sem þar um gilda á hverjum tíma.

33. gr.

Lögreglustjóri eða hreppsnefnd getur takmarkað eða bannað umferð bifreiða á einstökum götum, ef slík umferð álizt hættuleg eða til sérlegra óþæginda fyrir aðra umferð. Sömuleiðis getur lögreglustjóri eða hreppsnefnd takmarkað bifreiðaferðir innanbæjar að næturlagi.

34. gr.

Bifreiðar mega því aðeins fara um götur kauptúnsins, að aftan á þeim séu skrásetningarmerki, þar sem eigandinn er búsettur og ekkert annað merki.

35. gr.

Ökuhraða bifreiða skal ávallt tempra svo að komizt verði hjá slysum og þannig, að umferð um götuna sé ekki trufluð, og má ökuhraðinn aldrei vera meiri en 20 kílómetrar á klukkustund. Þar sem bifreiðarstjóri sér skammt frá sér, í kröppum bugðum, við húsdyr, horn eða gatnamót, þar sem vegur er sleipur og þar sem mikil umferð er, skal gæta sérstakrar varúðar, og má þar aldrei aka hraðar en svo að stöðva megi bifreiðina þegar í stað. Sé for eða bleyta á götu skal aka svo að ekki slettist á aðra vegfarendur eða á gangstéttina.

36. gr.

Ef bifreið mætir vögnum og vegfarendum á stað, þar sem hvorugir komast fram hjá öðrum, skal bifreiðin aka til baka og nema staðar þar sem hinir komast fram hjá henni.

115 37. gr.

23. okt. Bifreiðarstjóri skal gefa hljóðmerki með horni sínu í tæka tíð þegar hætt er við árekstri og ávallt áður en farið er fyrir götuhorn eða yfir gatnamót og er hann ekur bifreiðinni aftur á bak. Hætta skal hann að gefa hljóðmerki ef hestar hræðast eða verða óróir og ekki má gefa hljóðmerki um leið og bifreiðin fer fram hjá hestum.

Bifreiðarstjórar skulu gæta þess, einkum að næturlagi, að gera eigi hávaða um nauðsyn fram með hljóðmerkjum. Þeir bera og ábyrgð á því að farþegar í vögnum þeirra hafi ekki í frammi hávaða eða söng.

38. gr.

Ef slys vill til, sem stafar af eða stendur í sambandi við notkun bifreiða, skal bifreiðarstjóri þegar stöðva bifreiðina, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi, ef þess er krafizt, og hjálpa þeim, sem slasazt hefir, ef þörf gerist.

Ef hestur fælist eða verður órór, skal bifreiðarstjóri þegar í stað stöðva bifreið sína og gangvél hennar.

Bifreiðarstjóri skal ætíð stöðva bifreið sína ef lögreglan gefur honum merki um að nema staðar.

39. gr.

Ljós skal tendra á bifreiðum þegar skyggja fer, en ekki seinna en á þeim tíma, sem ákveðinn er til tendrunar á götuljóskerum.

40. gr.

Á hverju reiðhjóli, sem notað er, skal vera bjalla, sem gefur hvellt hljóð og skulu hjólreiðarmenn láta til hennar heyra ef hætt er við árekstri og ætíð áður en þeir fara fyrir húsdyr, horn eða gatnamót. Skylt er þeim að hafa ljósker á reiðhjólunum og hafa þau tendruð er þeir eru á ferð, frá því að skyggja tekur að kvöldi og þangað til bjart er orðið að morgni.

Ökuhraði reiðhjóla má aldrei vera meiri en 20 kílómetrar á klukkustund. Þar sem gæta þarf sérstakrar varúðar má aldrei aka hraðar en svo að stöðva megi hjólin þegar í stað. Á hjólum mega aldrei vera fleiri menn en hjólin eru gerð fyrir.

Ef slys vill til, sem stafar af eða stendur í sambandi við notkun hjóla, skal hjólreiðarmaður þegar nema staðar, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi, ef þess er krafizt, og hjálpa þeim, sem slasazt hefir, ef þörf gerist. Hjólreiðarmaður skal þegar nema staðar, ef lögreglan gefur honum merki um það. Eigandi hjóla ber ábyrgð á brotum á samþykkt þessari, ef hann lánar þau þeim, sem er yngri en 15 ára.

IV. KAFLI

Um skepnuhald o. fl.

41. gr.

Alifugla má ekki hafa í kauptúninu frá 1. maí til 15. sept., nema þeir séu í afgirtu svæði eða öruggri vörzlu.

42. gr.

Sauðfénaður og geitfé má ekki ganga laust inni í sjálfu kauptúninu frekar en nauðsyn krefur, t. d. þegar það er rekið úr og í haga. Þeir, sem sauðfé eiga, eru skyldir til að annast fjallskil eftir fyrirmælum hreppsnefndar.

Eigi má láta hesta eða nautgripi ganga lausa um götur kauptúnsins frekar en nauðsyn krefur. Fælnir og hrekkjóttir hestar mega aldrei ganga lausir á götum í kauptúninu. Ekki má láta hesta standa á eða við götur í kauptúninu heldur skulu þeir látnir í réttir eða geymdir að húsabaki. Hestaeigendur eru skyldir að eiga hús fyrir hesta sína og hýsa þá í vondum veðrum.

43. gr.

Um hundahald í Keflavíkurkauptúni fer eftir reglugerð nr. 1, 19. jan. 1925, eða öðrum þeim reglugerðum, er í hennar stað kunna að koma.

V. KAFLI

Um friðun almenningseigna.

44. gr.

Enginn má skemma, lýta eða óhreinka, né á annan hátt spilla eignum hreppsins, hvort heldur það eru vegir, vatnsból, byggingar, rafáhöld, rafþræðir, götuljósker, símar eða annað, sem ætlað er til almenningsnota. Sama gildir um víðvarpsútbúnað einstakra manna.

45. gr.

Enginn má rita, rispa, tjarga, teikna né mála á hús manna eða girðingar neitt það, sem hneyksli getur valdið, skemmdum eða óprýði. Enginn má heldur skemma girðingar þær, er standa um afgirta garða, reiti, tún eða önnur mannvirki. Það er bannað að klifra yfir þær eða fara í gegnum þær, nema með leyfi eiganda eða umráðamanna. Enginn má á nokkurn hátt vísvitandi spilla nokkrum eignum hreppsbúa. Komi slíkt fyrir, skal sá, er veldur, bæta fullum bótum þann skaða, sem hann gerir.

46. gr.

Enginn má skemma, troða eða spilla á annan hátt ræktuðum blettum, matjurtagörðum eða skrúðgörðum manna, hvort sem girt er eða ógirt. Ekki má

115 heldur skemma plöntur né á nokkurn hátt spilla neinu í grafreit hreppsins eða
23. okt. saurga hann á nokkurn hátt.

47. gr.

Auglýsingar má ekki festa á íbúðarhús manna án þeirra leyfis. Bannað er að festa upp auglýsingar með járnnöglum eða öðrum nöglum á síma- eða rafmagnsstaura og aðrar opinberar eignir, eða eignir einstakra manna, nema með leyfi hlutaðeigenda. Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður þegar þær hafa náð tilgangi sínum. Opinberar auglýsingar má enginn taka niður í óleyfi, né skemma þær eða gera ólæsilegar á nokkurn hátt.

VI. KAFLI

Um reglu á veitingastöðum og almennum skemmtistöðum.

48. gr.

Allir staðir, þar sem höfð er á hendi almenn veitingasala matar og drykkjar eða gististaðir fyrir almenning, skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjóra og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við veitingarnar. Á öllum gistihúsum skal haldin nákvæm gestaskrá.

49. gr.

Hverjum, sem hefir veitingasölu, hverju nafni sem nefnist, er skylt að gera allt, sem í hans valdi stendur til að afstýra því, að nokkuð það fari fram í húsi hans, sem kemur í bága við velsæmi og góða reglu.

50. gr.

Á veitingastað má enginn sýna af sér ofsalegt athæfi eða látbragð, hávaða eða nokkra ósæmilega hegðun, eða hafa áhættuspil um hönd.

51. gr.

Allir almennir veitingastaðir og samkomustaðir skulu vera lokaðir frá kl. 11½ að kvöldi til kl. 6 að morgni og allir gestir, sem ekki hafa náttstað þar, skulu hafa farið út, ekki síðar en ½ stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er. Heimilt er félögum að halda samkvæmi, dansleiki og aðrar skemmtanir, sem ekki eru bundnar við neinn vissan lokunartíma, ef ekki taka þátt í þeim aðrir en félagsmenn og gestir þeirra. Sama gildir um brúðkaup og samsæti einstakra tiltekinna manna.

52. gr.

Enginn má fyrir borgun halda opinberar skemmtanir án leyfis lögreglustjóra og greiði eftir ákvæðum hans í hvert sinn gjald í sveitarsjóð, 5—50 kr. Leyfishafi skal ennfremur skyldur að hlýða þeim fyrirskipunum, er lögregluvaldið kann að setja til þess, að varðveita góða reglu, velsæmi og hreinlæti.

Leyfishafa er og skylt að hlýða fyrirmælum heilbrigðisnefndar um ræsting og hreinlæti í húsrúminu, enda skal það ætíð nýræst þá er samkoma byrjar og nægileg hrákaílát til staðar. 115 23. okt.

53. gr.

Við hvert veitingahús eða almennt samkomuhús skal eigandinn láta gera náðhús og salerni, sem gestum er heimill aðgangur að. Skal veitingamaður eða húsráðandi sjá um, að því sé ávallt haldið vel hreinu.

54. gr.

Sérhverjum, er sjúkling hefir á heimili sínu, er heimilt að fá bannað, að almennar samkomur, sem háreysti geta valdið, séu haldnar svo nærri húsi hans, að hætta geti stafað af fyrir ónæði.

55. gr.

Föst kvikmyndahús má ekki starfrækja í hreppnum nema með leyfi hreppsnefndar og lögreglustjóra, og með þeim skilyrðum, að því er útbúnað og loftrými snertir, sem hún tiltekur. Hreppsnefnd ákveður hve mikið gjald skuli greiða í sveitarsjóð fyrir leyfið annaðhvort árlega eða fyrir hverja sýningu.

Lögreglustjóri getur veitt leyfi til að halda einstakar kvikmyndasýningar og ákveður hann þá gjaldið í sveitarsjóð.

56. gr.

Ef sýndar eru myndir, sem að dómi lögreglustjóra eru siðspillandi, hvort sem það eru skuggamyndir eða kvikmyndir, getur lögreglustjóri bannað að sýna þær. Hann getur og bannað, ef honum sýnist ástæða til, að láta börn horfa á myndir, sem geta haft vond áhrif á þau.

VII. KAFLI

Um samgöngur við skip.

57. gr.

Lögreglustjóri hefir heimild til, ef hann telur þess þörf til tryggingar góðri reglu og velsæmi, að gefa út fyrirskipanir um og bönn gegn samgöngum við skip, er koma frá útlöndum, eða eru útlend, en skýra skal hann þegar í stað stjórnarráðinu frá slíkum fyrirskipunum og bönnum.

VIII. KAFLI

Um börn á götum kauptúnsins.

58. gr.

Foreldrum og öðrum hlutaðeigendum er skylt að annast um, að tilhlýðilegt eftirlit sé haft með óstálpuðum börnum, sem eru á þeirra vegum, þegar þau

115 23. okt. eru á almannafæri. Börn yngri en 12 ára mega ekki vera á almannafæri síðar en kl. 9 á kvöldin á tímabilinu frá 1. október til 31. janúar, ekki seinna en kl. 10 frá 1. febrúar til 30. apríl, og ekki seinna en kl. 11 frá 1. maí til 30. september, nema þau séu í fylgd með fullorðnum. Lögreglan getur bannað börnum, sem ekki ganga þar til vinnu né eiga erindi, að vera á bryggjum kauptúnsins eða við fisk- og pakkhúsin þegar verið er við fiskvinnu eða upp- og útskipun.

IX. KAFLI

Um almennt hreinlæti og þrifnað.

59. gr.

Heilbrigðisnefndin hefir eftirlit með öllu því, sem að almennum þrifnaði lýtur. Fer um þetta efni eftir heilbrigðissamþykkt fyrir Keflavíkurkauptún nr. 12, 6. febr. 1913, eða þeim heilbrigðissamþykktum, sem síðar kunna að verða settar fyrir hreppinn.

X. KAFLI

Um staðgildi samþykktarinnar, hegningarákvæði o. fl.

60. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir Keflavíkurhrepp í Gullbringusýslu.

61. gr.

Brot gegn lögreglusamþykkt þessari varðar sektum allt að 500 krónum, ef ekki liggur þyngri hegning við að lögum.

Ef kenna má yfirsjón, sem barn drýgir, skort á hæfilegri umsjón foreldra eða umráðamanna, er ganga þeim í foreldra stað, skal refsa þeim fyrir yfirsjónina, en ekki barninu.

62. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem skylda hans er samkvæmt samþykkt þessari eða fyrirskipun lögreglustjóra samkvæmt henni, getur lögreglustjóri látið gera það. Kostnað við þetta og yfirleitt kostnaður sá, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, er lögreglustjóri gerir eða lætur gera til þess að hindra brot gegn því, sem bannað er í samþykkt þessari, greiðist af þeim, sem brýtur. Ef hlutaðeigandi reynist ekki fær um að greiða kostnaðinn, greiðist hann úr sveitarsjóði.

63. gr.

Kostnaður sá, sem að öðru leyti leiðir af samþykkt þessari og ekki verður krafinn af einstökum mönnum, greiðist úr sveitarsjóði.

64. gr. 115

Mál, sem rísa kunna út af samþykkt þessari, skal farið með sem almenn 23. okt.
lögreglumál og skulu allar sektir fyrir brot á henni renna í sveitarsjóð.

Samþykktin öðlast gildi 1. nóvember 1934.

Þetta birtist hérmeð til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 23. október 1934.

Hermann Jónasson.

Gissur Bergsteinsson.

AUGLÝSING 116

29. okt.

um staðfesting heilbrigðismálaráðuneytisins á heilbrigðissamþykkt fyrir Hríseyjarhrepp í Eyjafjarðarsýslu.

Samkvæmt lögum nr. 64 frá 10. nóvember 1905, um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfélög, er hér með staðfest eftirfarandi heilbrigðissamþykkt fyrir Hríseyjarhrepp, sem sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefir samþykkt eftir tillögum hreppsnefndar.

HEILBRIGÐISSAMÞYKKT

fyrir Hríseyjarhrepp í Eyjafjarðarsýslu.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþykkt þessi gildi fyrir Hríseyjarkauptún í Syðstabæjarlandi í Hrísey.

2. gr.

Hreppstjóri er formaður heilbrigðisnefndar. Auk hans eiga sæti í nefndinni einn maður er hreppsnefnd kýs til 3 ára og annar er sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu kýs af íbúum kauptúnsins til jafnlangs tíma.

3. gr.

Formaður kveður nefnd á fund þá er honum þykir ástæða til eða hinir 2 nefndarmenn héraðslæknir eða hreppsnefnd óska. — Þó eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Hann ákveður fundarstað og tíma, ritar í gerðabók nefndarinnar allar fundarályktanir, annast bréfaskriftir og gengur eftir að fyrirskipunum nefndarinnar sé hlýtt.

116 29. okt.

Rísi ágreiningur milli nefndarmanna má skjóta ágreiningsefninu undir úrskurð sýslumanns.

Héraðslæknir og sýslumaður eiga heimtingu á að sitja fundi nefndarmanna og taka þátt í umræðum en ekki í atkvæðagreiðslu. Í málum er almenning varða og verulega fjárhagsþýðingu hafa, svo sem fráræslu og vatnsveitumál, skal nefndin boða til almenns fundar til umræðu um málin.

Ritfangakostnað skal greiða úr hreppssjóði.

4. gr.

Heilbrigðisnefnd hefir gætur á að reglugerð þessari sé hlýtt. Henni er heimilt að rannsaka, eða láta rannsaka, allt það er um ræðir í reglugerð þessari og þýðingu hefir fyrir heilbrigði manna, hvort heldur er á almannafæri eða einstakra manna eign.

Einu sinni á ári skal nefndin skoða allar eignir, sem samþykktin nær yfir, og er henni heimilt að skipta þessu starfi milli nefndarmanna. Engum er heimilt að neita skoðun nefndarmanna á húsum og eignum, og er öllum skylt að færa í lag það sem ábótavant reynist um þrifnað utan húss eða innan.

5. gr.

Ef heilbrigðisnefnd telur nauðsynlega einhverja þrifnaðarbót, sem hefir kostnað í för með sér, skal hún leggja málið fyrir hreppsnefnd og fara fram á að fé sé veitt úr hreppsjóði að öllu eða nokkru leyti mót einstökum mönnum sem hlut eiga að máli. Neiti hreppsnefnd slíkri fjárveitingu er heimilt að skjóta málinu til sýslunefndar.

II. Um íbúðarhús.

6. gr.

Öll hús er notuð eru til íbúðar skulu vera svo gerð að unnt sé að halda þeim hreinum. Loftræsting sé og nægileg og gluggar á hjörum nægilega margir að áliti heilbrigðisnefndar. Hún getur heimtað af leigjanda eða eiganda húss að ræstuð sé herbergi, er svo eru óhrein að nefndin áliti húsbúum hættu búna.

7. gr.

Nú er íbúðarhús svo illa gert, hrörlegt eða þröngt, að heilbrigðisnefnd álítur heilsu manna hættu búna af íbúðinni og getur þá nefndin bannað íbúðina. Skal hún tilkynna eiganda eða leigjanda hússins bannið skriflega og færa rök fyrir og flytji þá fólkið úr húsinu áður en 2 mánuðir líða, nema húsið sé bætt á þeim tíma. Húseigandi má þá innan 8 daga skjóta úrskurði nefndar til sýslumanns, en hann leitar álits héraðslæknis og leggur síðan úrskurð á málið.

8. gr.

Kjallara, sem eru niðurgrafnir, má ekki nota til íbúðar án leyfis heilbrigðisnefndar.

III. Um skóla.

9. gr.

Heilbrigðisnefnd skal skoða skólastofur, hvort heldur er opinber eign eða einstakra manna að minnsta kosti tvisvar á ári. Hver sá, sem tekur til kennslu 5 nemendur eða fleiri, er skyldur að tilkynna það heilbrigðisnefnd og fá samþykki hennar um kennslustofu. Hver kennslustofa hafi að minnsta kosti 80 rúmfet á nemanda hvern. Hiti í kennslustofu má ekki vera minni að jafnaði en 20 gr. cels. Gólf í kennslustofu skal þvo daglega.

10. gr.

Verði heilbrigðisnefnd þess vör, að nemendur eða kennarar hafi einhvern næman sjúkdóm, skal hún tilkynna það héraðslækni. Álíti hann að um sóttnæmishættu sé að ræða getur heilbrigðisnefnd bannað að kennari eða nemendur komi í skólann meðan svo er.

IV. Um bökunarhús.

11. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa eftirlit með bökunarstofum í kauptúninu og gæta þess stranglega að þar sé gætt þrifnaðar um meðferð húss og áhalda.

Þeir menn mega ekki vinna við brauðgerð, er nokkurn næman sjúkdóm hafa, eða hafa sár eða útbrot á höndum eða handleggjum. Deig má ekki hnoða með fótum. Öll tóbaksnautn er bönnuð í bakarastofum.

V. Um verzlunarbúðir.

12. gr.

Verzlunarbúðir, fundarhús og hús, sem notuð eru til skemmtana, skulu þvegin hátt og lágt að minnsta kosti einu sinni á ári, og gólf í þeim húsum á hverjum morgni ef þau eiga að notast að deginum. Í verzlunarbúðum, skólum og kirkjum skulu vera hrákadallar, er hreinsast í hvert sinn sem húsin eru notuð. Í þeim húsum skal loftræsting vera svo góð sem heilbrigðisnefnd ákveður.

VI. Um fráræslu.

13. gr.

Eldhússkólp, þvottaskólp og hreingerninga, fiskþvotta-vatn eða önnur óhreinindi, má ekki láta síga í jörð niður svo nærri íbúðarhúsum að hætta sé á að jarðvegur saurgist. Skal veita öllu skólpi í opnum eða lokuðum ræsum burt

116 29. okt. frá húsinu svo langt sem heilbrigðisnefnd þykir nægilegt. Opin ræsi má þó engin nota án leyfis nefndarinnar.

Öll skólpræsi, hvort heldur á almannafæri eða einstakra manna eign, skulu vera svo víð og hallajöfn að hvergi standi í þeim pollar eða flói út úr þeim og skal hreinsa þau svo oft sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa. Undantekning frá ræsagerð má heilbrigðisnefnd gera fyrir hús sem ekki standa við aðalgötu, ef viðkomendur kjósa að bera skólp svo langt burt sem nefndin telur hættulaust.

14. gr.

Ef ræsi eru gerð á opinberan kostnað að nokkru eða öllu leyti, skulu þeir er hús eiga þar nærri, skyldir að gera hver frá sínu húsi út í það ræsi, og skulu þau ekki síður gerð en aðalræsið. Skyldir skulu eigendur síldarstöðva, lýsisbræðsluhúsa og fiskverkunarstöðva að gera ræsi frá húsum þess, ef heilbrigðisnefnd álítur þess þörf.

VII. Um vatnsból.

15. gr.

Öll vatnsból skal verja hverskonar óhreinindum. Er bannað að láta í þau fara eða að þeim koma rennsli úr skólpræsum, forum, haugstæðum, salernum, peningshúsum, fiskþvotta eða síldarstöðvum. Má ekki láta þau fara eða nærri þeim koma neinskonar saurindi, sorp, slor eða hræ, ekki þvo í þeim eða fast við þau, hvorki fatnað, fisk, ull né neitt annað, er getur óhreinkað vatnið. Bannað er að leggja húðir eða matvæli í bleyti í vatnsból eða nærri þeim.

16. gr.

Brunn má ekki hafa nær haugum, forum, salernum eða peningshúsum en svo að bilið sé 12 metrar. Engan brunn má grafa nema í samráði við heilbrigðisnefnd. Hún getur bannað að taka vatn úr brunnum um stundarsakir ef hún álítur vatnið óheilnæmt og skipa fyrir að fylla brunn, sem ekki verður talinn nothæfur. Brunnar skulu vera lokaðir, og vatn tekið með dælu.

17. gr.

Heilbrigðisnefnd skipar fyrir um uppaustur og hreinsun á brunnum og vatnsþróm, svo oft sem þörf gerist. Hún skal hafa umsjón með vatnslagningum þeim sem nú eru og síðar kunna að verða lagðar og sjá um að hreinlega og tryggilega sú búið um vatnsþrær og aðrennsli að þeim.

VIII. Um peningshús, áburð o. fl.

116
29. okt.

18. gr.

Stórgripi eða sauðfé má ekki hafa í íbúðarhúsum.

19. gr.

Vilji einhver byggja peningshús eða gera for eða áburðarhús skal hann gera heilbrigðisnefnd aðvart áður en hann byrjar verkið. Áburðar- eða sorphaug er bannað að hafa fram með alfaravegi. Heilbrigðisnefnd sjái um að peningshús sé ekki byggð nær vatnsbóli en 12 metrum.

Fjós má því aðeins byggjast fast við íbúðarhús að steinsteyptir veggir sé milli og áburður fluttur burt daglega eða geymdur í lokuðu húsi. Forarveggir skulu ná ¼ m. yfir jörð og forir lokaðar með hlerum.

20. gr.

Síldarstöðvar, fiskverkunar og aðgerðarstöðvar, lýsisbræðslur og verksmiðjur skulu daglega hreinsa aðgerðarpláss sín, og flytja slor, fiskúrgang, lifur o. fl. í sjó fram eða hirða í safngryfjur eða flytja burtu. Safngryfjur skulu byggðar og notaðar með eftirliti og umsjón heilbrigðisnefndar. Ílát með lifur eða fiskúrgangi má ekki geyma fram með vegum eða á þeim, heldur flytja jafnóðum burtu. Flutningur slors og áburðar um vegi þorpsins fari svo hreinlega fram, að engin óþrif verði að og bera hlutaðeigendum ábyrgð á að því ákvæði sé stranglega fylgt.

21. gr.

Valdi peningshús, haugar, haugstæði eða forir sem eldri eru en þessi samþykkt miklum óþrifnaði, getur heilbrigðisnefnd skipað fyrir um burtflutning eða færslu þeirra. Skjóta má þó þeim úrskurði til sýslumanns, er að fengnu áliti héraðslæknis leggur úrskurð á málið.

IX. Um salerni.

22. gr.

Hverju íbúðarhúsi — þar með talinn fisk- og síldarhús sem búið er í um tíma, — skal fylgja salerni er sett sé á þeim stað sem heilbrigðisnefnd ákveður í hverju einstöku tilfelli. Umbúnaður um sæti og saurílát skal vera eftir fyrirmælum nefndarinnar. Hafa má salerni innan húss í sérstökum klefa ef loftsúgur er nægilegur í klefanum.

23. gr.

Í salernunum skal seta, veggir og gólf jafnan vera vel hrein og saurílát tæmd jafnóðum og fyllast. Heilbrigðisnefnd segir fyrir um hvert flytja skuli saur úr salernum.

116 24. gr.

29. okt. Ef engin salerni fylgja húsum, sem eldri eru en samþykkt þessi, eða þau eru illa gerð og óþrifaleg, getur heilbrigðisnefnd heimtað af húseigendunum að þeir geri þau að nýju.

Heimilt er heilbrigðisnefnd að láta byggja salerni, eitt eða fleiri, til almenningsnota á vertíðum. Kostnaður við byggingu þeirra og hirðingu greiðist úr sveitarsjóði. Síldarstöðvar og fiskveiðaúthöld greiða þó kostnaðinn hver fyrir verkfólk sitt.

X. Um sorp og óhreinindi.

25. gr.

Sorphauga eða sorpgryfjur má ekki gera nærri íbúðarhúsum. Ösku og öðru sorpi frá húsum skal safna í laus málmílát, er skulu tæmd og sorpið flutt burtu jafnóðum og full eru ílátin.

Heilbrigðisnefnd skipar fyrir um hvert flutt skuli sorpið. Hún má og með ráði hreppsnefndar ráða sérstakan sorphreinsunarmann. Kostnaðurinn greiðist þá úr sveitarsjóði.

26. gr.

Ef óhreinindi safnast fyrir svo fýlulykt verði að, eða daunillt rennsli fer út á alfaravegi eða með þeim, eða inn á eignir þeirra er næstir búa, getur heilbrigðisnefnd skipað þeim er óþrifnaðinum veldur að ráða tafarlaust bót á því.

27. gr.

Hver sá iðnaður, sem óþrifnaður fylgir eða óhollasta, svo sem lýsisbræðsla, fiskþvottur, síldarverkun, skal vera háður fyrirmælum og eftirliti heilbrigðisnefndar að því er hreinlæti snertir, bæði utan húss og innan.

XI. Um slátrun.

28. gr.

Slátrun á sauðfé og stórgripum fari fram á afviknum stöðum og með eftirliti heilbrigðisnefndar. Á blóðvelli skal hafa sérstakt ílát fyrir sulli, sem skulu brendir að kvöldi hvers slátrunardags. Eigendur sláturfjár eru skyldir að hreinsa vel blóðvöll hvenær sem slátrað er.

XII. Um matvöru.

29. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa eftirlit með verkun á fiskifangi til matvæla og sölu. Hún sér um að ekki sé höfð á boðstólum matvara, innlend eða útlend, er

sé svikin, skemmd eða skaðleg heilsu manna. Skal nefndinni heimilt að kaupa sýnishorn af hverri matvöru er hún telur að skemmd sé og láta rannsaka hana á kostnað sveitarsjóðs. Leiði sú rannsókn í ljós að varan sé skaðleg má hún banna seljanda að hafa vöruna á boðstólum. 116 29. okt.

30. gr.

Brot móti reglugerð þessari varða sektum frá 25 til 300 kr., er renna í sveitarsjóð.

Heilbrigðissamþykkt þessi öðlast gildi 1. desember 1934.

Þetta tilkynnist öllum þeim, sem hlut eiga að máli, til eftirbreytni.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 29. október 1934.

Haraldur Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.

AUGLÝSING

117 10. nóv.

um staðfesting heilbrigðismálaráðuneytisins á breytingu á heilbrigðissamþykkt fyrir Ytri-Akraneshrepp í Borgarfjarðarsýslu nr. 65 frá 1929.

Samkvæmt lögum nr. 64 frá 10. nóvember 1905, um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfélög, er hér með staðfest eftirfarandi breyting á heilbrigðissamþykkt fyrir Ytri-Akraneshrepp, nr. 65 4. júlí 1929, sem sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu hefir samþykkt eftir tillögum hreppsnefndar.

1. gr.

36. gr. heilbrigðissamþykktarinnar hljóði svo:

„Öll mjólkursala skal háð eftirliti heilbrigðisnefndar og er óheimilt að selja mjólk annarsstaðar en í mjólkurbúðum, sem uppfylla þau skilyrði, sem heilbrigðisnefnd setur á hverjum tíma um heilbrigðisráðstafanir og hreinlæti í allri meðferð mjólkurinnar.

Heilbrigðisnefnd getur bannað að höfð sé á boðstólum mjólk frá heimilum, þar sem næmir sjúkdómar ganga eða ef kýrnar eru haldnar af smitandi sjúkdómi.

Berklaveikar manneskjur mega ekki hafa á hendi kúahirðingu, mjólka eða fara með mjólk, sem ætluð er til sölu.

Heilbrigðisnefndin getur og bannað mjólkursölu ef óþrifalega er farið með mjólkina, eða hreinlæti í fjósum og hirðing kúnna er í svo löku standi, að erfitt verði að forðast að mjólkin óhreinkist.

117 10. nóv.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hérmeð til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 10. nóvember 1934.

Haraldur Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.

118 15. nóv.

REGLUR

um eftirlit með smjörlíkisgerðum.

Samkvæmt lögum nr. 32, 19. júní 1933, um tilbúning og verzlun með smjörlíki o. fl., eru hérmeð settar eftirfarandi reglur:

1. gr.

Eftirlit með smjörlíkisgerðum, þ. e. verksmiðjum, sem framleiða smjörlíki eða aðrar eftirlíkingar mjólkurafurða, hefir þar til hæfur sérfróður maður, er atvinnumálaráðuneytað skipar. Hann annast í samráði við hlutaðeigandi lögreglustjóra eftirlit með framleiðslu þessara vörutegunda og með verzlun með þær hér á landi og er jafnframt ráðunautur atvinnumálaráðuneytisins um allt, er að iðju þessari lýtur.

Eftirlitsmaður undirritar eiðstaf um, að hann vilji með alúð og kostgæfni rækja skyldur þær, sem á hann eru lagðar með reglum þessum.

2. gr.

Enga smjörlíkisgerð má setja á stofn án þess að það sé tilkynnt atvinnumálaráðuneytinu með tveggja mánaða fyrirvara, enda séu húsakynni og öll áhöld hæf til fullnustu og næg kunnátta fyrir hendi til þessa iðjureksturs að dómi eftirlitsmanns.

Fá skal samþykki eftirlitsmanns til allra breytinga á húsakynnum og áhöldum smjörlíkisgerða, svo og ef skipta skal um kunnáttumenn, er annast framleiðsluna.

Þær smjörlíkisgerðir, sem eru starfandi þegar reglur þessar ganga í gildi, skulu skoðaðar af eftirlitsmanni og bætt úr því sem hann telur áfátt.

3. gr.

Eftirlitsmaður á jafnan aðgang að hverri smjörlíkisgerð. Honum er heimilt að taka eða láta taka sýnishorn af framleiðsluvörunum, svo og af öllum þeim hráefnum, sem í þær eru notaðar. Honum er og heimill aðgangur að bókum

og reikningum hverrar smjörlíkisgerðar og skulu bækur svo færðar, að hægt sé að fylgjast nákvæmlega með framleiðslunni og sölunni og því, hver hráefni eru notuð til framleiðslunnar sem og hve mikið er notað af hverri tegund og öðru því er eftirlitsmanni þykir máli skipta. 118 15. nóv.

Hver smjörlíkisgerð skal semja skýrslu um framleiðslu sína eftir fyrirmælum eftirlitsmanns.

4. gr.

Eftirlitsmaður skal leitast við að fylgjast með því, að smjörlíkisgerðir hagi jafnan framleiðslu sinni að öllu leyti á fyrirskipaðan hátt, samkvæmt lögum og reglugerðum. Í þessu skyni skal hann athuga smjörlíkisgerðir í Reykjavík, svo oft, sem þörf er á og ekki sjaldnar en annan hvern mánuð, en smjörlíkisgerðir úti um land að minnsta kosti einu sinni á ári.

Auk þess sem eftirlitsmaður tekur við og við sýnishorn af hráefnum og framleiðsluvörum í öllum smjörlíkisgerðum, skal hann við og við kaupa víðsvegar í verzlunum allar tegundir smjörlíkis og annara eftirlíkinga mjólkurafurða, ef til eru, og rannsaka hvort efnasamsetning vörunnar svarar til gildandi fyrirmæla.

5. gr.

Eftirlitsmaður skal sérstaklega gefa því gaum, að smjörlíkisgerðir fylgi í hvívetna fyllstu þrifnaðar og heilbrigðiskröfum og skulu héraðslæknar hver á sínum stað aðstoða hann við heilbrigðiseftirlitið.

Enginn má vinna að framleiðslu smjörlíkis eða annara eftirlíkinga mjólkurafurða, nema hann sanni með læknisvottorði, að hann sé ekki haldinn af berklaveiki, öðrum næmum sóttum eða kvillum, er heilbrigðishætta geti stafað af. Vottorð þetta skal endurnýja svo oft sem eftirlitsmaður eða héraðslæknir krefst.

6. gr.

Eftirlitsmaður hefir þagnarskyldu um allt, sem lýtur að framleiðslu og rekstri smjörlíkisgerða, og má ekki sjálfur notfæra sér eða láta öðrum í té upplýsingar, sem hann kann að fá um sérstakan útbúnað eða aðferðir hverrar verksmiðju.

7. gr.

Um erlent smjörlíki eða aðrar erlendar eftirlíkingar mjólkurafurða og eftirlit með þeim vörum hér á landi, fer eftir reglum þessum, eftir því, sem við getur átt.

8. gr.

Eftirlitsmaður semur ársskýrslu um allar smjörlíkisgerðir og verzlun með smjörlíki hér á landi, svo og um eftirlitsstörf sín, og sendir atvinnumálaráðuneytinu hverja ársskýrslu eigi síðar en 1. júlí næsta ár á eftir. Skýrslu um framleiðslumagn hverrar smjörlíkisgerðar skal hann þó hafa afgreitt til ráðuneytisins fyrir lok marzmánaðar ár hvert.

118 9. gr.

15. nóv. Til að standast kostnað við eftirlitið skulu smjörlíkisgerðir greiða árlega í ríkissjóð kr. 5,00 fyrir hverja smálest smjörlíkis eða brot úr smálest, sem þær framleiða á árinu samkvæmt skýrslu eftirlitsmanns. Gjald þetta fellur í gjalddaga 1. apríl ár hvert fyrir næsta almanaksár á undan og innheimtist með öðrum skatttekjum ríkissjóðs og eftir sömu reglum.

10. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 100 til 500 krónum, nema þyngri hegning liggi við samkvæmt lögum, og skal farið með brot gegn henni sem almenn lögreglumál, nema um brot á hegningarlögunum sé að ræða.

11. gr.

Reglur þessar öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. nóvember 1934.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

119

23. nóv.

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Akureyrarkaupstaðar á hafnarmannvirkjum o. fl.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22, 23. júní 1932, um forkaupprétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl., hefir bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar gert eftirfarandi samþykkt:

Akureyrarkaupstað er áskilinn forkaupsréttur á lóðum dánarbús Ragnars Ólafssonar á Oddeyrartanga norðan Gránufélagsgötu, vestur og norður á eignarmörk Akureyrarbæjar og austur til sjávar, ásamt öllum sjávarréttindum.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. nóvember 1934.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Málfríðar Guð- **120**
laugar Ingibergsdóttur", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og 24. nóv.
kirkjumálaráðherra 24. nóvbr. 1934. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Málfríðar Guðlaugar Ingibergsdóttur frá Fögruvöllum í Vestmannaeyjum.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Málfríðar Guðlaugar Ingibergsdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af „Kristilegu félagi ungra manna" og „Kristilegu félagi ungra kvenna" í Vestmannaeyjum, með kr. 1200,00 — eitt þúsund og tvö hundruð krónum — er vinir Málfríðar sál. Guðlaugar Ingibergsdóttur gáfu til minningar um hana.

3. gr.

Sjóðurinn er undir stjórn og umsjón formanns K. F. U. M., Vestmannaeyjum, forstöðukonu K. F. U. K., Vestmannaeyjum, og Guðlaugs Hanssonar, heilbrigðisfulltrúa, Fögruvöllum, Vestmannaeyjum, en að honum látnum kýs K. F. U. M. og K. í Vestmannaeyjum á sameiginlegum fundi þriðja manninn í stjórn sjóðsins, til 5 ára í senn. Falli annaðhvort félagið niður kýs það, sem eftir er, tvo menn í stjórn til 5 ára.

Hætti bæði félögin starfi fellur sjóðurinn til evangeliska lúterska safnaðarins í Vestmannaeyjum, og skipa þá stjórn sjóðsins prestur safnaðarins og tveir menn aðrir kosnir af söfnuðinum til 5 ára.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja unglinga til náms í skólum, sem leggja áherzlu á kristilega mótun nemendanna. Ennfremur styrkja unglinga til að læra á hljóðfæri. Félagar K. F. U. M. og K. í Vestmannaeyjum sitja fyrir styrkveitingu.

5. gr.

Eigi má veita úr sjóðnum fyrr en hann er orðinn kr. 1500.00. Eftir það má verja ⅔ hlutum vaxtanna samkv. 4. gr. Sé enginn styrkur veittur úr sjóðnum eitt ár, má næsta ár veita ⅔ tveggja ára vaxta. ⅓ hluta vaxtanna skal jafnan leggja við höfuðstólinn.

6. gr.

Höfuðstólinn ber jafnan að ávaxta á þann hátt, er stjórn hans telur fullkomlega tryggan. Aldrei má kaupa hlutabréf fyrir fé sjóðsins. Verðbréf sjóðs-

120 ins skulu ávallt hljóða á nafn hans. Sjóðsstjórninni ber að gera reikning árlega,
24. nóv. sem K. F. U. M. og K. í Vestmannaeyjum lætur endurskoða og úrskurðar.

7. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

Vestmannaeyjum, 24. október 1934.

Sigurjón Þ. Árnason, formaður K. F. U. M. Vestmannaeyjum.
Guðlaugur Hansson.
Þorgerður Jónsdóttir, forstöðukona K. F. U. K. Vestmannaeyjum.

121 **SAMÞYKKT**
27. nóv. **um lokunartíma sölubúða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Reykjavík.**

1. gr.

Sölubúðum í Reykjavík skal lokað eftir því, sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga ársins skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 7 síðdegis og þær eigi opnar aftur fyr en kl. 8 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undantekningar frá þessu, er nú skal greina:

Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðdegis, og laugardagana fyrir páska og fyrir hvítasunnu eigi síðar en kl. 6 síðd.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að halda sölubúðum opnum til miðnættis. Næsta laugardag á undan þessum degi skal heimilt að halda sölubúðum opnum til kl. 10 síðdegis. Ennfremur skal heimilt að halda sölubúðum opnum til kl. 10 síðdegis einn virkan dag til viðbótar í vikunni næstu fyrir jólin eftir ákvörðun lögreglustjóra.

Á tímabilinu frá 1. júní til 31. ágúst skal á laugardögum loka sölubúðum eigi síðar en kl. 4 síðdegis.

Ef skortur er á eldsneyti eða ljósmeti í bænum, eða útlit fyrir, að skortur geti orðið á því, er bæjarstjórninni heimilt að ákveða, að sölubúðum skuli um lengri eða skemmri tíma lokað fyr en kl. 7 síðdegis og opnaðar síðar en kl. 8 árdegis á virkum dögum.

3. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta og fyrsta mánudag í ágústmánuði mega engar sölubúðir vera opnar.

Hinn 1. maí, 17. júní og 1. desember skulu allar sölubúðir lokaðar kl. 12 á hádegi, ef þessa daga ber upp á virkan dag.

121
27. nóv.

4. gr.

Frá ákvæðum um lokunartíma sölubúða í samþykkt þessari skal sú ein undanþága vera, að brauðsölubúðum og mjólkurbúðum má halda opnum á almennum helgidögum, sumardaginn fyrsta og fyrsta mánudag í ágústmánuði frá kl. 9 árdegis til kl. 1 síðdegis, eingöngu til sölu á brauði, kökum, mjólk, rjóma og skyri.

Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til lyfjabúða.

5. gr.

Menn, sem komnir eru inn í sölubúð fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

6. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja á strætum og torgum eða annarsstaðar utan sölubúða, nema úr sjálfsölum, nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi.

7. gr.

Vinnutími sendisveina, er starfa hjá hverskonar verzlunar- eða iðnaðarfyrirtækjum eða skrifstofum í Reykjavík, skal eigi vera lengri á degi hverjum en hér segir:

Fyrir sendisveina á aldrinum 12—14 ára 8 klukkustundir á dag.

Fyrir sendisveina á aldrinum 14 ára og eldri 9½ klukkustund á dag.

8. gr.

Útsending á vörum, bréfaburði og innheimtu, er sendisveinar starfa að, skal lokið eigi síðar en 1 klukkustund eftir lokunartíma sölubúðanna, verkstæðanna eða skrifstofanna, og daginn fyrir almenna frídaga eigi síðar en tveim klukkustundum eftir lokunartíma.

9. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga og til þess að sala fari fram í góðgerðarskyni, eða til ágóða fyrir stofnanir eða fyrirtæki, sem að dómi lögreglustjóra horfa til almenningsheilla.

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum 20—500 krónum, og renna sektirnar í bæjarsjóð. Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað og er jafnframt úr gildi numin samþykkt um lokunartíma sölubúða í Reykjavík nr. 7 frá 5. janúar 1923, og breytingar á þeirri samþykkt nr. 109 frá 14. nóv. 1931, og nr. 73 frá 2. júní 1933,

121 svo og samþykkt um takmörkun á vinnutíma sendisveina, er starfa hjá verzl-
27. nóv. unar- eða iðnaðarfyrirtækjum eða á skrifstofum í Reykjavík, staðfest 17. ágúst 1934.

Samþykkt þessi sem gerð er af bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar, samkvæmt lögum nr. 79, 14. nóvember 1917, staðfestist hérmeð og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. nóvember 1934.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

122 **REGLUGERÐ**
12. des.

um viðauka við reglugerð frá 16. janúar 1934, um útflutning á fiski til Bretlands.

1. gr.

Þau veiðiskip, sem flytja nýjan og frystan fiski til Bretlands, svo og skip sem flytja lausan fisk, mega ekki leggja þar á land meira af eftirtöldum fisktegundum: ufsa, karfa, keilu, löngu, lýsu, háfi og steinbít, en sem svarar að samanlögð 10% — tíu af hundraði — af þunga aflans.

2. gr.

Til Bretlands má ekki flytja annan fisk í kössum en lúðu, skarkola, þykkvalúru, langlúru, stórkjöftu, ýsu svo og flakaðan þorsk. Ennfremur er heimilt að flytja út þangað hrogn í kössum.

3. gr.

Atvinnumálaráðherra getur veitt undanþágu frá ákvæðum 1. gr. og 2. gr. þegar ástæða þykir til.

4. gr.

Brot gegn 1. gr. og 2. gr. reglugerðar þessarar varða sektum allt að 10000 krónum.

5. gr.

Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

Reglugerð þessi er hérmeð sett, samkvæmt lögum nr. 88, 19. júní 1933, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og er jafnframt úr gildi feld reglugerð frá 13. september 1934, um viðauka við reglugerð frá 16. janúar 1934. **122** 12. des.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. desember 1934.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

AUGLÝSING **123**

um staðfestingu kirkjumálaráðuneytisins á reglugerð um barnavernd fyrir Neskaupstað. 13. des.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 76 frá 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 43 frá 1932, um barnavernd, er hérmeð staðfest eftirfarandi

REGLUGERÐ UM BARNAVERND

1. gr.

Í umdæmi barnaverndar Neskaupstaðar er bannað að selja börnum og unglingum innan 16 ára aldurs, tóbak, hverju nafni sem nefnist, gefa þeim það eða láta þeim það í té á nokkurn hátt eða að stuðla að því, að þau neyti þess eða hafi það um hönd.

2. gr.

Bönnuð er ennfremur öll sala á brjóstsykursstöngum, spýtubrjóstsykri, sleikjum svonefndum og öðrum þeim sælgætisvörum, sem að áliti barnaverndarnefndarinnar geta talizt beinlínis eða óbeinlínis hættulegar börnum og unglingum.

3. gr.

Barnaverndarnefnd skal eiga kröfu til þess, að sjónleikir eða aðrar skemmtanir, sem börnum og unglingum innan 16 ára aldurs, er ætlað að hafa aðgang að, séu sýndar henni eða fulltrúum hennar, áður en sjónleikurinn eða skemmtanirnar eru sýndar almenningi, og getur þá nefndin bannað, að börn og unglingar innan 16 ára aldurs fái aðgang að þeim, ef henni þykir ástæða til. Ennfremur skal nefndin eiga kröfu til þess að henni séu gefnar nákvæmar upplýsingar fyrirfram um skemmtiatriði á væntanlegum samkomum.

Þeir, sem hafa í hyggju að stofna til þeirra skemmtana, sem hér um ræðir, skulu tilkynna barnaverndarnefnd það með þeim fyrirvara, er hún telur hæfilegan.

123 13. des.

4. gr.

Hafi einhverjir, félög eða einstaklingar, í hyggju að efna til sjónleika eða skemmtana þar sem börn innan 16 ára aldurs eiga að vera leikendur eða þátttakendur, skal þeim, er fyrir skemmtuninni standa, skylt að sýna barnaverndarnefnd hlutverkin og fá samþykki hennar til að börnin megi leika þau.

5. gr.

Börn og unglingar innan 16 ára aldurs mega því aðeins hafa á hendi blaðasölu og bóka, að þau fái til þess leyfi barnaverndarnefndar.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum sem brot gegn barnaverndarlögunum. Skal fara með mál vegna þeirra brota á sama hátt og segir um slík mál í barnaverndarlögunum.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta er hér með birt öllum þeim, er hlut eiga að máli, til eftirbreytni.

Í kennslumálaráðuneytinu, 13. desember 1934.

Haraldur Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.

124 20. des.

SAMÞYKKT

fyrir Landþurrkunarfélag Álftnesinga.

1. gr.

Félagið heitir „Landþurrkunarfélag Álftnesinga". Heimili þess og varnarþing er Bessastaðahreppur í Gullbringusýslu.

2. gr.

Félagssvæðið nær yfir eftirtaldar jarðir í Bessastaðahreppi: Landakot, Deildarkot, Deild, Tröð, Eyvindarstaðir, Eyvindarstaðir (gerði), Kirkjubrú, Brekka, Brekkukot, Svalbarði, Sviðholt, Vestur-Sviðholt, Bjarnastaðir (skólajörðin), Bjarnastaðir (hreppurinn), Gerðakot, Gestshús, Bakkakot, Hákot, Sveinskot, Litlibær, Þórukot, Halakot og Haukahús, partur í sameign í Vestur-Sviðholti.

3. gr.

Tilgangur félagsins er:

1. Að annast þurrkun rækthæfs lands þeirra jarða, sem taldar eru í annari gr., og koma í veg fyrir landspjöll af sjávarágangi á jörðunum.

2. Að útvega nauðsynlega vinnu og styrk til þeirra umbóta.

124
20. des.

4. gr.

Félaginu stjórnar þriggja manna nefnd, kosin á aðalfundi til þriggja ára. Gengur einn maður úr stjórn félagsins á hverju ári. Fyrstu tvö árin eftir hlutkesti og síðar í röð eftir starfsaldri ár hver. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa. Stjórnin kýs sér formann og gjaldkera, og má sami maður eigi gegna þeim störfum báðum.

Formaður boðar til allra funda og stýrir þeim, hann sér um bókun allra fundargerða.

Gjaldkeri sér um alla reikninga félagsins. Hann annast allar innheimtur og greiðslur eftir ávísunum formanns.

Stjórnarnefnd annast um alla framkvæmd fyrirtækisins, starfrækslu þess alla milli aðalfunda, hún sér einnig um að framkvæmt sé hið árlega viðhald á mannvirkjum þeim er félagið lætur gera.

Í nóvembermánuði ár hvert jafnar stjórnarnefnd niður öllum kostnaði samkvæmt 7. gr. Greiðslu fyrir störf sín fær stjórnarnefnd samkvæmt reikningi, sem samþykktur skal af aðalfundi.

5. gr.

Til aðalfundar skal boðað með minnst hálfsmánaðar fyrirvara með skriflegu fundarboði er gangi milli félagsmanna. Aðalfund heldur félagið fyrir febrúarmánaðarlok ár hvert.

Aðalfundur er því aðeins lögmætur að ⅓ félagsmanna mæti á fundinum.

Á aðalfundi leggur stjórnin fram endurskoðaða reikninga félagsins. Þar er kosinn stjórn og endurskoðendur, og rædd þau mál er félagið varða. Aukafund má halda þegar félagsstjórnin, eða meira en helmingur félagsmanna álítur þess þörf.

6. gr.

Framkvæmdum við landþurrkun á félagssvæðinu skal haga samkvæmt áætlunum Búnaðarfélags Íslands og uppdráttum dagsettum 10. des. 1929, og þeim viðaukum eða breytingum er það síðar kann að gera.

Sameiginlega og undir umsjón félagsins séu gerðir affalls og viðtökuskurðir, svo og útrás úr Bakkakotstjörn, en lokræsi og þurrkskurði geri eigendur jarðanna hver á sínu landi.

7. gr.

Á kostnað félagsins sé gerð útrásin úr Bakkakotstjörn. Við gröft affalls og viðtökuskurða leggi hlutaðeigendur fram næga vinnu með þeim verkstjóra er félagsstjórn ræður til að hafa verkstjórn á hendi, eða greiði kostnað við gerð skurða hver á sínu landi.

Hinn sameiginlega kostnað við fráræslu Bakkakotstjarnar skiptist á þær jarðir er aðrennslissvæði eiga að tjörninni og þurrka á, í hlutföllum við flatarmálsstærð þess lands, er jarðirnar eiga á aðrennslissvæðinu.

Hið árlega viðhald þessara mannvirkja eru félagsmenn skyldir að inna af

124 hendi hver í sínu landi eftir ákvörðun félagsstjórnar með vinnu. Annist menn
20. des. það eigi sjálfir í tæka tíð skal félagsstjórn láta framkvæma viðhaldið á kostnað hlutaðeigenda.

8. gr.

Greiðslur samkvæmt 7. gr. annast félagsstjórn. Niðurjöfnuð gjöld hafa lögtaksrétt.

9. gr.

Verði ágreiningur í félagsmálum innan félags eða utan skal úr honum skorið með gerðardómi.

Gerðardómur skal skipaður þrem mönnum, skulu sakaraðilar tilnefna hvor sinn mann, en oddamaður sé skipaður af sýslumanninum í Gullbringu og Kjósarsýslu.

10. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál og geta þau varðað sektum allt að 500 krónum, ef eigi liggur þyngri hegning við að lögum. Sektir renna í sjóð félagsins.

11. gr.

Lögum þessum má breyta á lögmætum aðalfundi ef $\frac{4}{5}$ félagsmanna samþykkja breytinguna, enda komi staðfesting stjórnarráðs til.

12. gr.

Félagsskap þessum má því aðeins slíta, að eigi verði náð þeim tilgangi, sem félagið hefir sett sér, eða þeir örðugleikar reynast á að ókleift eða illkleift þyki að halda félagsskapnum áfram.

13. gr.

Að öðru leyti en því er þessi samþykkt nær til, er félagið háð ákvæðum vatnalaga frá 20. júní 1923.

Samþykkt þessi staðfestist hérmeð samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, til þess að öðlast gild 1. janúar 1935, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. desember 1934.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

REGLUR

125
27. jan.

um framkvæmd laga nr. 91, 23. júní 1932, um varnir gegn kynsjúkdómum.

1. gr.

Um rannsókn sýktra og grunaðra og hvernig meta skuli sýkingarhættuna.

Gonorrhoea.

Ef um útferð er að ræða, skal leita að sóttkveikjum í útferðinni með viðeigandi aðferðum.

Sé engin útferð en aðeins þræðir eða slímklumpar í þvagi, skal rannsaka þá á sama hátt.

Ef þvag karlmanna er hreint og tært og engir þræðir eða slím í því 4—5 klukkustundum eftir að þvagi var kastað síðast, skulu þeir taldir ógrunsamlegir.

Frá konum skal rannsaka slím, sem tekið er með sköfu bæði úr þvagrás og leghálsi (canalis cervicalis).

Þann, sem sjúkur er eða grunaður um að vera sýktur af lekanda, skal ekki telja ósmitandi fyrr en hann hefir verið rannsakaður að minnsta kosti þrisvar með ekki minna en viku millibili, og í öll skiptin án þess að lekanda-sóttkveikjur hafi fundizt. Taka skal útferð frá sjúklingi til rannsóknar að morgni, áður en hann hefir kastað af sér þvagi. Hjá konum fari, ef unnt er, að minnsta kosti ein rannsókn fram rétt á eftir tíðum. Meðan á þessum rannsóknum stendur, noti hinn sjúki eða grunaði engin lekandalyf.

Ef við sóttkveikjurannsókn á sjúklingi, sem haft hefir lekanda, finnst mikið af hvítum blóðkornum í útferð eða slími, skal ekki telja hann ósmitandi, þó að engar lekandasóttkveikjur finnist.

Syphilis. Ulcus molle.

Farið skal með öll grunsamleg sár, sem þau væru af þessum uppruna.

Þar sem þess er kostur, skal þegar láta fara fram sóttkveikjurannsókn á slíkum sárum.

Þegar um er að ræða útbrot eða önnur einkenni þess, að um syphilis sé að ræða, skal gera ráð fyrir, að svo sé, unz úr því er skorið með rannsókn á blóði sjúklingsins.

Sé um að ræða rannsókn sýktra eða grunaðra og meira en 7 vikur eru liðnar frá því að sýking hafði átt að eiga sér stað, skal, ef unnt er, gera Wassermannsrannsókn eða aðra jafngilda rannsókn á blóði hins sjúka eða grunaða, og hún látin skera úr. Séu 7 vikur ekki ugglaust liðnar, skal beðið með rannsókn unz sá tími er liðinn. Hafi sjúklingurinn notað þau lyf, sem áhrif geta haft á þessa rannsókn, t. d. kvikasilfur-, arsenik- eða joðlyf, skal láta líða 4—6 vikur frá því að hætt var við lyfin og þangað til rannsókn fer fram, og sé hún neitandi, skal endurtaka hana eftir 10—30 daga eða síðar, ef ástæða þykir til. Ekki skal taka

31. dag desembermánaðar 1934. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

125 blóð til rannsóknar á meðan hinn sjúki eða grunaði er ölvaður eða í svæfingu,
27. jan. og ekki fyrr en sólarhringur er liðinn þar frá.

Ekki skal sjúklingur, sem haft hefir syphilis, talinn albata og ósmitandi, fyrr en hann hefir notið viðeigandi læknismeðferðar eftir fyllstu kröfum læknisfræðinnar, og Wassermannsrannsókn eða önnur jafngild rannsókn hefir síðan farið fram á blóði hans, fyrst 8 vikum eftir að lækningu var lokið og síðan með ca. ½ árs millibili í full 2 ár og séu allar rannsóknirnar neitandi.

Sjúkling með ulcus molle skal telja ósmitandi, þegar öll sár eru að fullu gróin.

2. gr.

Um skrásetningu sjúklinga með syphilis
(sbr. 3. gr. laganna).

Allir læknar skulu skrá kynsjúkdómasjúklinga í dagbækur sínar eða spjaldskrár á sama hátt sem aðra sjúklinga.

Héðarslæknar skrá auk þess alla syphilissjúklinga í héraði sínu í bók, er landlæknir lætur í té, og fylgir bókin embættinu. Í þá bók skal ekki skrá nöfn sjúklinganna, heldur einkennismerki þeirra, er fundin skulu þannig: Kynmerki, fyrstu stafir í öllum nöfnum sjúklingsins og föðurnafni, fæðingardagur og ár. Dæmi: Jón Sigurður Árnason, f. 8. ágúst 1894; merki: ♂ JSÁ 8VIII 94. Ágústa Jóna Guðmundsdóttir Melan, f. 10. marz 1900; merki: ♀ ÁJGM 10III 00.

Að öðru leyti segir landlæknir fyrir um, hvernig skrá skuli í bókina.

Starfandi læknar skrá einkennismerki syphilissjúklinga sinna á viku- eða mánaðarskýrslur sínar til viðkomandi héraðslæknis og gefa honum aðrar nauðsynlegar upplýsingar. Héraðslæknar skrá einkennismerkin á mánaðarskýrslur sínar og ársskýrslur til landlæknis.

3. gr.

Um ókeypis læknishjálp kynsjúkdómasjúklinga
(sbr. 5. og 6. gr. laganna).

Ef sjúklingur leitar ókeypis læknishjálpar við kynsjúkdómi, lætur viðkomandi læknir sér nægja munnlega skýrslu sjúklingsins um, að hann sé ekki fær um að greiða læknishjálpina sjálfur, nema læknirinn viti, að þetta sé ósatt, enda sé ekki ástæða til að óttast um, að sjúklingurinn vanræki að leita sér læknishjálpar, ef hún er ekki veitt ókeypis.

Reikningum um ókeypis læknishjálp kynsjúkdómasjúklinga skal fylgja skýrsla um sjúklingana og læknishjálpina, hvorttveggja skráð á eyðublað, er landlæknir lætur í té.

4. gr.

Um dulmálsskeyti til héraðslæknis um kynsjúkdómasjúkling (sbr. 11. gr. laganna).

Þessar skammstafanir skulu notaðar:

G = gonorrhoea, L = lues, U = ulcus molle, Ra = óskast rannsakaður, Pat = veikur, Sv = svar, Str = strauk, Læk = undir læknis hendi.

Dæmi: Nafn læknis og heimili. Jónína Sigurðardóttir Sauðárkróki L Ra = óskast rannsökuð vegna lues (með því að hún er talin veik eða hafa smitað frá sér). Eða: G Pat Str Sv = er veik af gonorrhoea, fór í leyfisleysi frá lækni. Svar óskast (um það, hvort hún sé þar og þá verið tekin til lækninga). Svar: JSLæk — Jónína Sigurðardóttir undir læknishendi.

5. gr.

Um lyf, sem líklegt þykir, að nota eigi við kynsjúkdómum (sbr. 16. gr. laganna) **og um varnarlyf gegn kynsjúkdómum.**

Lyfsölum og öðrum er óheimilt að selja lyf, er líklegt þykir, að nota eigi til meðferðar á kynsjúkdómum, nema eftir ávísun læknis í hvert sinn. Hér koma til greina öll vitisteinssambönd (sbr. þó ljósmæðrareglugerð 7. gr.), lífræn og ólífræn zinksambönd, hypermanganas kalicus, koparsambönd o. fl., ef um þau er beðið í svo stórum mæli, að grunsamlegt sé, til hvers þau eigi að notast. Einnig sandelolía og sambönd hennar, kvikasilfur-, arsenik og joðlyf, lífræn og ólífræn. Ennfremur öll þau „patent"-lyf, sem á markaðinum eru eða kunna að verða og eingöngu eða nær eingöngu eru notuð við þessum sjúkdómum.

Lyfsölum er heimilt að selja í lausasölu eða í sjálfsölum böggla með varnarlyfjum gegn kynsjúkdómum, enda séu þeir að öllu leyti gerðir í samræmi við fyrirmæli landlæknis og verð sett á þá í samráði við hann. Lyfsölum er óheimilt að selja hvers konar önnur varnarlyf gegn kynsjúkdómum, nema eftir læknisávísun í hvert sinni.

Þar sem lyfjabúðir eru, skulu héraðslæknar hafa nákvæmt eftirlit með því, að þessum fyrirmælum sé framfylgt.

6. gr.

Um ráðstafanir gegn því, að sjúklingar með kynsjúkdóma gangi í hjónaband.

Áður en hjónaefni eru gefin saman í hjónaband, skal prestur eða vígslumaður krefjast þess, að hjónaefnin undirriti drengskapar-yfirlýsingu um, að þau viti sig ekki haldin af smitandi kynsjúkdómi, jafnframt því sem þau lýsa hinu sama yfir um flogaveiki, holdsveiki og smitandi berklaveiki. Rétt er, að yfirlýsingin hljóði á þessa leið:

> Við undirrituð hjónaefni lýsum hér með yfir því, að viðlögðum drengskap, að við vitum okkur ekki haldin af smitandi kynsjúkdómi, flogaveiki, holdsveiki eða smitandi berklaveiki.

125 27. jan.

Áður en hjónaefnin undirrita yfirlýsinguna, skal prestur eða vígslumaður brýna fyrir þeim að ráðfæra sig við lækni, ef þau séu í nokkrum vafa um heilsufar sitt að þessu leyti.

Læknir gefur vottorð um það, hvort maður eða kona hafi smitandi kynsjúkdóm og hvort hjónaband skuli leyfa, í samræmi við ákvæði 1. greinar þessarar reglugerðar.

7. gr.

Reglur nr. 66 frá 20. október 1923 eru hér með úr gildi numdar.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 27. janúar 1934.

Magnús Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.

126 31. jan.

REGLUR

um útsvarsskýrslur utansveitarmanna.

Samkvæmt fyrirmælum í 11. gr. laga nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör, eru eftirfarandi reglur settar:

1. gr.

Sveit í reglum þessum tekur bæði yfir hrepp og kaupstað.

Sveitarstjórn tekur bæði til hreppsnefnda og bæjarstjórna.

Atvinnusveit merkir hrepp eða kaupstað, þar sem atvinna er rekin eða stunduð.

Heimilissveit merkir þann hrepp eða kaupstað, þar sem atvinnurekandi eða atvinnustundandi á heimilisfang.

Utansveitarmaður merkir hvern þann, er rekur atvinnu eða stundar atvinnu utan heimilissveitar sinnar.

2. gr.

Hverjum þeim einstaklingi eða félagi, sem:

1. hefir heimilisfasta atvinnustofnun eða útibú utan heimilissveitar sinnar,
2. hefir leiguliðaafnot af landi, þótt ekki fylgi þeim ábúð, svo sem laxveiði, ábúð á jörð eða jarðarhluta, lóðarafnot, er arð gefa, o. s. frv., utan heimilissveitar sinnar,
3. á heima erlendis, en rekur hér atvinnu eða stundar,
4. stundar fiskiveiðar og leggur upp afla af skipi utan heimilissveitar sinnar,
5. rekur annars atvinnu utan heimilissveitar sinnar, svo sem verzlun, selveiði, hvalveiði, síldarkaup, síldarsölu, síldarverkun eða síldarbræðslu eða verksmiðjuiðnað,

6. flyzt búferlum úr einni sveit í aðra,
7. erlendum vátryggingarfélögum,

er skylt að senda sveitarstjórn atvinnusveitar sinnar skýrslu um atvinnurekstur sinn í atvinnusveitinni, og atvinnutíma síðastliðið almanaksár, reikningsár eða rekstrartímabil, á eyðublöðum samkvæmt I. sýnishorni[1]) hér á eftir.

Einnig skulu þeir, sem eiga heima erlendis, senda sveitarstjórn atvinnusveitar skýrslu um eignir sínar í atvinnusveitinni.

Þeir, sem í 1.—3. tölulið segir, skulu senda skýrslurnar fyrir hvert umliðið almanaksár eigi síðar en í janúarlok næst á eftir, en þeir, sem í 4.—6. tölulið getur, skulu gera það áður en þeir flytjast búferlum eða áður en þeir hverfa aftur úr atvinnusveitinni, og þó aldrei síðar en í árslok ár hvert. Erlend vátryggingarfélög sendi skýrslurnar eigi síðar en 30. júní ár hvert. Skulu þær greina iðgjöld síðasta árs af tryggingum, er greiðst hafa umboðsmanni þar í sveit síðasta reikningsár.

3. gr.

1. Þeir, sem stunda atvinnu utan heimilissveitar sinnar að minnsta kosti 3 mánuði samtals á útsvarsárinu í sömu sveit, og
2. þeir, sem lögskráðir eru á skip utan heimilissveitar sinnar að minnsta kosti 3 mánuði af útsvarsárinu samfleytt í sömu sveit,

skulu senda sveitarstjórn atvinnusveitar sinnar skýrslu samkvæmt III. sýnishorni[1]) um atvinnu sína þar, áður en þeir hverfa þaðan, þó aldrei síðar en í árslok ár hvert.

4. gr.

Allir þeir, sem hafa utansveitarmenn í þjónustu sinni, skulu senda sveitarstjórn atvinnusveitar skýrslu um þessa menn og kaup það, er þeim hefir verið greitt á hverju útsvarsári. Ef vinnuveitandi er búsettur í atvinnusveitinni, eða hefir þar heimilisfasta atvinnustofnun, skal hann senda skýrslur þessar fyrir lok janúarmánaðar næstu á eftir útsvarsárinu, en sé vinnuveitandi utansveitarmaður, skal hann senda skýrsluna jafnskjótt og hvers árs atvinnurekstri þar í sveit er lokið, þó aldrei síðar en í árslok. Skýrslur þessar skal gera samkvæmt II. sýnishorni.[1])

5. gr.

Nú lætur aðili eigi af hendi skýrslu samkvæmt ákvæðunum hér að framan, og getur atvinnumálaráðuneytið þá lagt við 5—200 króna dagsektir, ef skyldunni er ekki fullnægt innan þess tíma, er ráðuneytið tiltekur.

6. gr.

Sveitarstjórn getur krafið utansveitar atvinnurekendur um reikninga atvinnufyrirtækis þeirra eftir sömu reglum sem skattanefndir geta það. Svo er

1) Sýnishornið er prentað í B-deild Stj.tíð. 1927, bls. 162—165.

126 sveitarstjórnum og rétt að rannsaka eða láta rannsaka bækur utansveitarat-
31. jan. vinnurekenda með sama hætti sem skattanefndir, enda hvílir á sveitarstjórnum sama þagnarskylda og á skattanefndum um þau atriði, er þeir verða áskynja um og hag aðilja varða.

7. gr.

Atvinnumálaráðherra lætur gera eyðublöð þau, er í reglum þessum getur, og sér um, að þau verði fáanleg hjá hreppstjórum og sveitarstjórnum.

Skylt skal hreppstjórum, formönnum skattanefnda og oddvitum sveitarstjórna að veita mönnum leiðbeiningar og aðstoð um skýrslugjafir samkvæmt reglum þessum.

8. gr.

Skrár þær, sem sveitarstjórn gerir samkvæmt 14. gr. útsvarslaganna, yfir þá gjaldþegna, er hún hyggur sig eiga að fá hluta af útsvörum þeirra frá annari sveit, skal sveitarstjórn atvinnusveitar senda til viðkomandi heimilissveitar eins fljótt eftir áramót og unnt er.

Ekki skulu skýrslur þessar taldar hafa komið of seint fram, ef þær berast sveitarstjórn heimilissveitar fyrir miðjan aprílmánuð. Þó skulu skýrslurnar ætíð taldar hafa komið fram í tæka tíð, ef þær berast til heimilissveitar áður en niðurjöfnun útsvara þar er lokið.

Reglur þessar öðlast gildi þegar í stað og eru jafnframt úr gildi numdar reglur um útsvarsskýrslur utansveitarmanna frá 8. nóvember 1927.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. janúar 1934.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

127 **REGLUGERÐ**
4. des.

um viðauka við reglugerð um Slysatryggingu ríkisins 28. desember 1931.

Samkvæmt lögum nr. 72, 8. september 1931, um slysatryggingar, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Í tryggingarskyldri iðntryggingu teljast menn því aðeins slysatryggðir á leið til eða frá vinnu, eða í sendiferðum beint í þágu hennar, á vinnutímanum, að það hafi verið tekið fram af vátryggjandanum þegar vinnan var tilkynnt og skráð til tryggingar, enda sé þá sú vinna ekki skráð til tryggingar í lægra

áhættuflokki en 4. flokki og að öðru leyti séu fyrir hendi þau skilyrði, sem fram eru tekin í 4. gr. reglugerðarinnar. 127 4. des.

2. gr.

Stjórn tryggingarinnar úrskurðar það hverju sinni, hvort atvik sem slysi valda, hafa staðið í því sambandi við hina tryggðu vinnu, að slysið geti talizt bótaskylt eða eigi.

Nú verður bótaskylt slys beint af völdum annars manns og er Slysatryggingunni eigi að síður skylt að bæta það, enda þótt hinn slasaði kunni að eiga skaðabótakröfu á hendur þeim, sem slyssins var valdur.

3. gr.

Nú orsakast slys af óafsakanlegu gáleysi slasaða sjálfs, og er Slysatryggingunni þá ekki skylt að bæta það slys.

4. gr.

Nú eru menn skráðir eða ráðnir á skip til fiskveiða, en vinna þó aðeins tryggingarskylda landvinnu í þágu útgerðarinnar (móttöku fiskjar, aðgerð, lóðabeiting), og er þá heimilt að endurgreiða af iðgjaldinu mismuninn, sem verður á milli þess áhættuflokks, sem skráð var í, og þess áhættuflokks, sem bæri að tryggja landvinnuna í, enda sé það skilmerkilega sannað fyrir þeim umboðsmanni tryggingarinnar, sem hina upphaflegu tryggingu skráði.

5. gr.

Aftan við 11. gr. slysatryggingarreglugerðarinnar komi ný málsgrein svo hljóðandi:

Heimilt er þó að fyrirlagi atvinnumálaráðherra í hvert sinn að verja fé Slysatryggingarinnar til sérstakra útlána gegn fyrsta veðrétti í fasteign.

6. gr.

Mál út af rétti til slysabóta má höfða fyrir gestarétti Reykjavíkur.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 4. desember 1934.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

128
27. des.

SAMÞYKKT

fyrir einkasímafélag Hvolhrepps og Rangárvalla.

1. gr.

Símar þeir, sem þessi samþykkt nær til, eru:

a. Frá Efra-Hvoli um Kotvöll, með hliðarálmu að Þórunúpi, um Völl, Árgilsstaði, Stokkalæk að Keldum.
b. Frá Efra-Hvoli að Stórólfshvoli og í hús kaupfélagsins þar.
c. Frá Efra-Hvoli um Vegamót og Götu að Vestri-Garðsauka.
d. Frá Efra-Hvoli að Djúpadal, Strönd, Lambhaga, Odda, Oddhól, Móeiðarhvoli, og frá Oddhól að Fróðholtshjáleigu.

2. gr.

Línur þær, sem taldar eru í 1. gr., skulu lagðar sumarið 1934, nema línan frá Oddhól að Fróðholtshjálegu, skal hún lögð þegar ástæður eru fyrir hendi.

3. gr.

Ábúendur á jörðum þeim, sem nefndar eru í 1. gr. og sem símalínurnar ná til, svo og Kaupfélag Hallgeirseyjar að Stórólfshvoli og sláturhúsið í Djúpadal, ganga í símafélag, sem nefnist Einkasímafélag Hvolhrepps og Rangárvalla, og ábyrgist það, að greiddur verði kostnaður sá, sem lagning símanna og viðhald hefir í för með sér, að frádregnum þeim $^{3}/_{5}$ hlutum stofnkostnaðar, sem landssíminn greiðir. Ábyrgð þessari skal þó þannig hagað, að félag þetta skal starfa í tveim deildum, er nefnast Hvolhreppsdeild og Rangárvalladeild, skipt eftir hreppsmörkum, og ábyrgist hver deild fyrir sig, svo og hlutaðeigandi sveitarstjórn (sjá 4. gr.) stofnkostnað og viðhald þeirra hluta símalínanna, sem eru í þeirra hreppi. Þó skal Rangárvalladeild og sveitarstjórn Rangárvallahrepps jafnframt ábyrgjast kostnaðinn við þann spöl línunnar frá Árgilsstöðum að Eystri-Rangá (í stefnu að Stokkalæk), sem sú lína er lengri heldur en línan frá Oddhól að Eystri-Rangá (í stefnu á Móeiðarhvol).

4. gr.

Kostnaður og viðhald hverrar línu skal greiddur af ábúanda þess heimilis, sem línan sérstaklega tilheyrir, miðað út frá Efra-Hvoli og svo frá stöð til stöðvar, og ábyrgist hlutaðeigandi sveitarstjórn greiðslu þessa af hendi hvers ábúanda og þeirra annara, sem línurnar ná til. Þó skal ábúandinn á Stórólfshvoli og kaupfélagið þar, greiða jafnan kostnað; ábúandinn í Djúpadal og sláturhúsið þar, greiða jafnan kostnað; en línuspottarnir frá Oddhól að Eystri-Rangá og frá Árgilsstöðum jafnlangan spöl í áttina að Stokkalæk, skulu kostaðir hvor fyrir sig af félagsdeild þess hrepps, sem þeir liggja í. Símatækin á einstaka bæi kosta sím-

notendur hver fyrir sinn bæ, að því er skylt er, En flutningskostnaður efnis frá skipi út á línusvæðið greiðist af viðkomandi hreppum hvorum fyrir sína deild. **128** 27. des.

5. gr.

Afgreiðslu á sínum síma og greiðslu tengigjalds, annast hver félagsmaður sem síma hefir, og sér jafnframt um, að aðgerðir séu framkvæmdar svo fljótt sem unnt er, þegar þess gerist þörf á línu hans.

Vanræki félagsmaður þetta, lætur stjórn félagsins framkvæma aðgerðir á kostnað hans og missir hann þá í það sinn rétt til fjárveitingar úr sjóði félagsins (sjá 6. gr.).

6. gr.

Félaginu má afla tekna með því að taka gjald af símtölum og símskeytum á einkalínunum innbyrðis, og fer um gjaldið eftir því sem stjórn félagsins ákveður fyrir hvert ár, og landssímastjóri samþykkir, þó má aldrei taka gjald af símtölum eða símskeytum inn á einkasímasvæðið frá stöðvum landssímans. Skal hver félagsmaður, sem síma hefir, gera í janúarmánuði ár hvert, stjórn félagsins grein fyrir innkomnum gjöldum á stöð hans á síðastliðnu ári, og afhenda henni þau. Skal stjórnin leggja gjöld þessi í sjóð til ávöxtunar, en halda greinilega skýrslu yfir hvað inn hefir komið frá hverri stöð. Skal fé þessu varið til viðhalds símalínanna þannig, að hver félagsmaður, sem þarf að láta gera við símalínu sína, hefir tilkall til þeirrar fjárupphæðar úr sjóðnum, sem myndast hefir fyrir innkomin gjöld á stöð hans, og má ekki verja því til viðgerða annarsstaðar á línunni, nema samþykki hans komi til.

7. gr.

Nýir ábúendur nefndra jarða (sjá 1. gr.), taka við rétti og skyldum fráfarandi ábúenda.

8. gr.

Félagið skal eiga með sér aðalfund árlega síðla vetrar. Á fundi, er gengið verður frá samþykkt þessari til fullnustu, skal kjósa þriggja manna stjórn fyrir félagið. Stjórnin er kosin til þriggja ára, og gengur einn maður úr stjórninni á hverju ári, fyrstu 2 árin eftir hlutkesti, og kýs aðalfundur mann í stað þess er úr gengur. Á aðalfundi skulu rædd félagsmál, kosinn endurskoðandi, úrskurðaðir reikningar félagsins, er stjórnin semur fyrir næsta ár á undan o. s. frv. Afrit af ársreikningunum skal sent landssímastjóra.

9. gr.

Sveitarstjórnir viðkomandi hreppa, þar sem einkasímalínur verða lagðar samkvæmt samþykkt þessari, ábyrgjast undir yfirstjórn sýslunefndar Rangárvallasýslu, starfrækslu einkasímakerfisins, hver í sinni deild, eftir því, sem landssímastjóri mælir fyrir um, svo og það, að línunum sé að öllu vel við haldið.

128 10. gr.
27. des. Um tengigjöld til landssímans fer eftir því, sem 13. gr. laga um einkasíma í sveitum mælir fyrir. Stjórn félagsins ber ábyrgð á skilvísri greiðslu félagsmanna á öllum gjöldum til stöðvarstjóra landssímans.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að kr. 200.00, sem renni í sveitarsjóð þess hrepps, sem brotið er framið í.

Með mál út af brotum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 11, 14. júní 1929, um einkasíma í sveitum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. desember 1934.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

129 **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð prófastshjónanna
28. des. Davíðs Guðmundssonar og Sigríðar Ólafsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra, 28. desember 1934. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð prófastshjónanna Davíðs Guðmundssonar og Sigríðar Ólafsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður prófastshjónanna Davíðs Guðmundssonar og Sigríðar Ólafsdóttur, og er stofnaður til minningar um prófastshjónin á Hofi í Möðruvallaklausturssókn í tilefni af aldarafmæli síra Davíðs Guðmundssonar, 15. júní 1934, af gjöf Hannesar Davíðssonar, Hofi, að upphæð 10.000 — tíu þúsund — krónur.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins og annað fé, er honum kynni að áskotnast, má ekki skerða, enda engu úr sjóði þessum verja fyr en á aldarafmæli frú Sigríðar Ólafsdóttur, 19. maí 1939. Eftir þann tíma má verja öllum vaxtatekjum sjóðsins frá upphafi, annaðhvort árlega eða samandregnum, til að styðja hverskonar þörf búnaðarmálefni á sambandssvæði Búnaðarsambands Eyjafjarðar.

3. gr.

Sjóðurinn stendur undir stjórn Búnaðarsambands Eyjafjarðar, en hverju búnaðarfélagi, sem er í Búnaðarsambandi Eyjafjarðar, er heimilt að gera tillögur um hvernig verja skuli vöxtum sjóðsins, svo og aðalfundi sambandsins, en stjórn Búnaðarsambands Eyjafjarðar ein, hefir úrskurðarvald til að ákveða endanlega hvernig þeim skuli varið, enda sé það ætíð samkvæmt tilgangi sjóðsins.

Sjóðurinn skal varðveitast og ávaxtast eftir sömu reglum og gilda um fé ómyndugra.

129
28. des.

4. gr.

Reikningar sjóðsins skulu fyrir hvert umliðið almanaksár endurskoðaðir af endurskoðendum búnaðarsambandsreikninganna, og skulu reikningar sjóðsins birtir með reikningum búnaðarsambandsins.

5. gr.

Ef Búnaðarsamband Eyjafjarðar sameinast öðrum búnaðarsamböndum eða leggst niður, ber fundi þeim, sem hefir með upplausn Búnaðarsambands Eyjafjarðar í núverandi mynd að gera, að ráðstafa minningarsjóði þessum á tryggan hátt, svo hann geti starfað áfram að þeim málefnum og á því svæði, sem skipulagsskrá þessi tiltekur.

6. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá sjóðsins.

Hofi í Arnarnesshreppi, 12. des. 1934.

Hannes Davíðsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Sæmundar Jónssonar, fyrrum bónda á Járngerðarstöðum í Grindavík", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 31. desember 1934. Skipulagsskráin er þannig:

130
31. des.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Sæmundar Jónssonar, fyrrum bónda á Járngerðarstöðum í Grindavík.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sæmundarsjóður og er stofnaður í tilefni af hundrað ára afmæli Sæmundar heitins, 4. september 1934, af undirrituðum syni hans og með samþykki lögerfingja stofnanda. Stofnfé er eitt þúsund krónur.

130 31. des.

2. gr.

Aðaltilgangur sjóðsins er að veita nemendum í barnaskóla Grindavíkur hrepps, að loknu námi, verðlaun fyrir góða hegðun og framúrskarandi kunnáttu í námsgreinum skólans, að sundi meðtöldu, ef regluleg kennsla fer fram í þeirri grein. Svo má og síðar verja nokkuru af fé sjóðsins öðruvísi (sjá 3. gr.).

3. gr.

Af vöxtum sjóðsins skal árlega (í fyrsta sinn vorið 1936) verja tuttugu krónum til tvennra tíukróna verðlauna, ef full ástæða þykir til og mega önnur þeirra veitast fyrir sund (samkv. 2. gr.). En þegar sjóðurinn er orðinn fimmtán hundruð krónur, má annaðhvort hækka verðlaunin, fjölga þeim eða verja nokkuru af árstekjunum til styrktar skólaferð, eftir því hvað stjórn sjóðsins telur þá heppilegast, en þó mega þessi auknu útgjöld, að viðbættum hinum upprunalegu verðlaunum, aldrei fara fram úr ⅔ af árstekjum sjóðsins.

Sjóðinn má auka með gjöfum og áheitum.

4. gr.

Fé það, sem sjóðnum kann að áskotnast, eða afgangs verður af ársvöxtum hans, skal leggja við innstæðuna og ásamt henni ávaxtast í Söfnunarsjóði Íslands.

5. gr.

Sjóðnum stjórnar skólanefnd barnaskóla Grindavíkurhrepps og veitir verðlaun og styrki úr honum; en hafa skal hún, þegar um veitingu verðlauna (eða styrkja) er að ræða, aðalkennara (skólastjóra) skólans með í ráðum á sameiginlegum fundi, þar sem hann kemur með ákveðnar tillögur í þá átt.

6. gr.

Stjórn sjóðsins hafi á hendi reikningshald hans, semji árlega reikning yfir sjóðinn og sendi hann ár hvert hreppsnefnd Grindavíkurhrepps til athugunar og endurskoðunar með reikningum hreppsins og til birtingar á sama hátt og hreppsreikningana.

7. gr.

Sjóðsstjórninni ber að færa bók yfir tekjur og gjöld sjóðsins og eignir hans og skrá yfir nemendur þá, er verðlaun hljóta úr sjóðnum, og sé skráin, eða afrit af henni látin fylgja reikningum sjóðsins til hreppsnefndar.

8. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 14. desember 1934.

Bjarni Sæmundsson.

REGLUR

131
31. des.

handa sóttvarnarnefndum.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 65 frá 19. júní 1933, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands, eru hérmeð settar eftirfarandi reglur handa sóttvarnarnefndum:

1. gr.

Skipun sóttvarnarnefnda.

Sóttvarnarnefnd skal vera í hverjum kaupstað og á hverjum löggiltum verzlunarstað hér á landi.

Í hverri sóttvarnarnefnd eiga sæti 3 menn:

1. *Í Reykjavík:* Tollstjóri, sem er formaður nefndarinnar, héraðslæknir og einn maður, er bæjarstjórnin kýs úr sínum flokki.

2. *Í öðrum kaupstöðum:* Bæjarfógeti, sem er formaður nefndarinnar, héraðslæknir og einn maður, er bæjarsjórn kýs úr sínum flokki.

3. *Á verzlunarstöðum, þar sem sýslumaður situr:* Sýslumaður, sem er formaður nefndarinnar, héraðslæknir og einn maður, búsettur þar, er sýslunefnd kýs.

4. *Á öðrum verzlunarstöðum:* Umboðsmaður sýslumanns (lögreglustjóri, þar sem er sérstakur lögreglustjóri), sem er formaður nefndarinnar, héraðslæknir og einn maður, búsettur þar, er sýslunefnd kýs.

Hinir kjörn fulltrúar skulu kosnir af bæjarstjórnum jafnframt því, sem kosið er í fastar nefndir innan bæjarstjórnanna og eftir sömu reglum, en af sýslunefndum á hverjum reglulegum sýslufundi.

Sóttgæzlumenn.

Formenn sóttvarnarnefnda eru sóttgæzlumenn hver á sínum stað.

2. gr.

Hlutverk sóttvarnarnefnda.

Það er hlutverk sóttvarnarnefnda, hverrar á sínum stað, að sjá um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til landsins, og fer um störf þeirra samkvæmt lögum nr. 65, 19. júní 1933, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands og ákvæðum þessarar reglugerðar eftir nánari fyrirmælum ráðherra og leiðbeiningum landlæknis um allar meiri háttar ráðstafanir og í vafatilfellum.

Skylt að aðstoða sóttvarnarnefndir.

Hafnsögumönnum, hreppstjórum, bæjar- og sveitarstjórnum er skylt að aðstoða sóttvarnarnefndir við skyldustörf þeirra.

131 3. gr.

31. des. **Aðkomuskip og hverjum skilyrðum er bundið, að þau megi hafa mök við land.**

Ekkert aðkomuskip, þ. e. skip, sem síðast hefir lagt út frá útlöndum eða á leið sinni tekið við mönnum eða farangri frá öðru skipi, er síðast hefir lagt út frá útlöndum, má, nema tilneytt sé, hafa mök við land eða landsbúa annarsstaðar en á höfnum, og því að eins á höfnum, að gætt sé fyrirmæla þessarar greinar.

1. Sóttgæzlumaður (eða í kaupstöðum fyrir hans hönd tollgæzlumaður eða lögregluþjónn) fer fyrstur út í skipið, og má enginn fara úr skipinu og ekki hann sjálfur, engan farangur setja á land né í önnur skip, og engin mök hafa við land eða menn úr landi fram yfir það, sem leiðir af ákvæðum 4. greinar, fyrr en skipinu hefir verið fengið heilbrigðisvottorð samkvæmt 4. gr.

2. Ef nauðsyn ber til, má þó hafnsögumaður fara út í skipið á undan sóttgæzlumanni, enda fari hann þá ekki úr skipinu fyrr en því hefir verið fengið heilbrigðisvottorð.

3. Að fengnu fullgildu heilbrigðisvottorði er skipið ekki lengur aðkomuskip og er frjálst að hafa mök við land hér á landi.

4. gr.

Heilbrigðisvottorð og eftir hverjum reglum þau eru veitt.

Heilbrigðisvottorð skal hljóða svo:

Sóttvarnarnefndin í ..... gerir kunnugt:

—/s ..... frá ....., skipstjóri ....., sem síðast lét úr erlendri höfn í ..... —/— 19.., hefir í dag verið skoðað hér á höfninni samkvæmt ákvæðum laga nr. 65, 19. júní 1933 um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands og eru því frjáls viðskipti við land.

..... kl. .... —/— 19..

.....

sóttgæzlumaður.

Heilbrigðisvottorð veitist aðkomuskipi eftir þessum reglum:

1. *Skipið hefir fullgilt sóttgæzluskírteini, þ. e. skírteini frá heilbrigðisyfirvaldi á síðasta brottfararstað skipsins erlendis, og er þess eigi getið í því og eigi heldur kunnugt eða grunað á annan hátt, að á brottfararstað skipsins eða í grennd við hann hafi gengið alvarlegur næmur sjúkdómur:* Sóttgæzlumaður skal þá þegar veita skipinu heilbrigðisvottorð, ef skipstjóri lýsir því yfir fyrir honum, skriflega ef sóttgæzlumaður krefst, að í skipinu séu eigi eða hafi verið á leiðinni menn með sjúkdóma, er grunur gæti leikið á, að væru næmir, og að hann viti ekki til, að skipið geti verið sóttmengað á annan hátt.

2. *Skipið hefir ekkert eða ekki fullgilt sóttgæzluskírteini:* Sóttgæzlumaður veitir þá að jafnaði engu síður heilbrigðisvottorð, ef skipstjóri undirritar og lætur honum í té svo látandi yfirlýsingu:

Yfirlýsing skipstjóra. **131**

Ég undirritaður skipstjóri á —/s ..... frá ....., sem síðast 31. des.
lét úr höfn í ..... —/— 19—, lýsi því hér með yfir upp á æru mína og samvizku, að mér er ekki kunnugt um, að á brottfararstaðnum hafi gengið neinn alvarlegur næmur sjúkdómur, að á skipinu séu eða hafi verið, hvorki á brottfararstaðnum né á leiðinni, menn með sjúkdóma, er grunur gæti leikið á, að væru næmir, eða lík manna, sem dánir séu úr næmum sjúkdómum, né heldur veit ég til, að skipið geti verið sóttmengað á annan hátt.

..... —/— 19..

.....

skipstjóri.

3. *Þess er getið í sóttgæzluskírteini skipsins, eða kunnugt eða grunað á annan hátt, að alvarlegur næmur sjúkdómur hafi verið á brottfararstaðnum, eða sjúkir menn eru eða hafa verið á skipinu á leiðinni, eða lík, og grunur er á, að um næman sjúkdóm sé eða hafi verið að ræða, eða grunur er um sóttmengun skipsins á annan hátt, eða framburður eða yfirlýsing skipstjóra er á einhvern hátt tortryggileg:* Þá skal sóttgæzlumaður kalla héraðslækni til, og má eigi veita skipinu heilbrigðisvottorð fyrr en héraðslæknir hefir rannsakað skipið og úrskurðað, að heilbrigðisvottorð megi gefa. Ritar læknirinn úrskurð sinn á heilbrigðisvottorðið, svo hljóðandi:

Úrskurður héraðslæknis.

Að undangenginni læknisrannsókn og að gættum fyrirmælum laga nr. 65, 19. júní 1933, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands, úrskurða ég, að —/s ..... frá ....., skipstjóri ....., sem lét síðast úr höfn erlendis í ..... —/— 19.., og statt er á höfn í ..... megi veita heilbrigðisvottorð.

..... —/— 19..

.....

héraðslæknir.

5. gr.

Skylt er að hraða sóttvarnarskoðun skipa og öllum sóttvarnarráðstöfunum.

Sóttvarnarskoðun skipa og öllum sóttvarnarráðstöfunum þeirra vegna skal jafnan hraða svo sem auðið er, og haga þeim þannig, að þær verði skipinu til sem minnstrar tafar og trafala. Sé héraðslæknir eigi viðstaddur á hafnarstaðnum eða forfallaður, er sóttvarnarnefnd heimilt að fela öðrum lækni rannsóknina, þó ekki án þess að bera sig saman við landlækni, ef við verður komið. Sé enginn læknir viðstaddur, skal skipstjóra gefinn kostur á að leita annarar hafnar, þar sem læknir býr.

131
31. des.

6. gr.

Ef næm sótt er í aðkomuskipi. Erlendar sóttir. Aðrar næmar sóttir.

Ef í ljós kemur, að í aðkomuskipi er næmur sjúkdómur, segir héraðslæknir fyrir um allar nauðsynlegar ráðstafanir til varnar því, að sjúkdómurinn berist í land og breiðist út, eftir að hafa að jafnaði borið sig saman við landlækni. Ef um erlenda sótt er að ræða, þ. e. pest, austurlenzka kóleru, bólusótt, dilasótt, blóðkreppusótt, gula hitasótt eða aðra næma sótt, sem með ráðherraauglýsingu eða konungsúrskurði hefir verið tekin í tölu erlendra sótta, hagar héraðslæknir fyrirmælum sínum í samræmi við ákvæði IV. kafla í lögum nr. 65, 19. júní 1933, um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands, eftir nánari fyrirmælum ráðherra og leiðbeiningum landlæknis (sbr. 8. gr.), en ef um aðra næma sótt er að ræða samkvæmt ákvæðum laga nr. 66, 19. júní 1933 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma. Sóttvarnarnefnd aðstoðar héraðslækni í hvívetna um framkvæmd þessara ráðstafana, og úrskurðar héraðslæknir ekki, að skipinu megi gefa heilbrigðisvottorð, fyr en öllum fyrirmælum hefir verið fullnægt.

Einangrun sjúklinga og sóttkvíun aðkomuskips.

Ef einangra þarf sjúklinga af skipinu, en tormerki eru á að gera það á staðnum, er heimilt að vísa skipinu til næstu hafnar, þar sem einangrun er framkvæmanleg, en þó því aðeins, að sjúklingum sé ekki hætta búin af þeim flutningi. Ef skipið er sóttkvíað, er skipstjóra heimilt að velja sér höfn til að liggja á, að svo miklu leyti sem það kemur ekki í bága við nauðsynlega læknisrannsókn og læknisefirlit.

7. gr.

Ráðherraauglýsing um erlenda sótt. Aðkomuskip með gulan fána.

Sóttvarnarnefnd skal hafa sérstakan andvara á sér, er ráðherra hefir gefið út auglýsingu um, að erlend sótt hafi gert vart við sig í útlöndum á þeim stað og þannig, að ástæða sé til að ætla, að sóttin geti borizt þaðan til Íslands. Skal hún veita sérstaka athygli og vera við því búin að ráðstafa skipum, er koma að landi og hafa uppi gula veifu á framsigluhúni, sem öllum skipum er skylt að hafa, ef þau hafa haft bein eða óbein mök við auglýstan sýktan stað, eða ef þau á annan hátt vita til eða hafa grun um, að þau séu menguð erlendri sótt.

8. gr.

Aðkomuskip, sem vitanlega er mengað erlendri sótt, skal leita hafnar í Reykjavík.

Aðkomuskip, sem er alvarlega mengað erlendri sótt, svo sem ef annaðhvort eru á því sjúkir menn eða dauðir, og ástæða er til að ætla, að um erlenda sótt sé eða hafi verið að ræða, fær að jafnaði ekki fulla fyrirgreiðslu annarsstaðar en í Reykjavík, og ber öllum aðkomuskipum, sem vitað er um, að svo er ástatt fyrir, að leita þar hafnar.

Ef í ljós kemur, að aðkomuskip, sem leitað hefir hafnar annarsstaðar en í Reykjavík, er mengað erlendri sótt.

Komi í ljós, að aðkomuskip, sem leitað hefir hafnar annarsstaðar, sé alvarlega mengað erlendri sótt, skal sóttvarnarnefnd, eftir að hafa borið sig saman við landlækni, ef við verður komið, tafarlaust láta vísa því til Reykjavíkur og láta lækni fara á því, ef þörf gerist, nema ráðherra mæli á annan veg fyrir, og er þá skipinu ráðstafað samkvæmt fyrirmælum hans og nánari leiðbeiningum landlæknis.

Ef aðkomuskip, sem vitanlega er mengað erlendri sótt, neyðist til að leita hafnar annarsstaðar en í Reykjavík. Bráðabirgðahjálp veitt slíkum skipum.

Þegar skip, sem vitanlega er alvarlega mengað erlendri sótt og þá skylt að leita hafnar í Reykjavík, neyðist til að leita hafnar annarsstaðar, skal sóttvarnarnefnd fara með skipið samkvæmt ákvæðum 1. og 2. málsgreinar þessarar greinar. Sé brýn nauðsyn til að veita slíku skipi hjálp tafarlaust áður en læknir er kominn, skal sóttgæzlumaður annast hjálpina, og skal hún, ef þess er kostur, veitt án þess, að nokkur maður fari á land úr skipinu eða úr landi út í skipið.

Sérstök ákvæði um fólksflutningaskip.

Þegar skip á í hlut, sem ætlað er til fólksflutninga, má fara eftir ákvæðum þessarar greinar (sbr. 16. gr. laga nr. 65, 19. júní 1933 um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands), svo sem þó að ekki sé um erlenda sótt að ræða, heldur einhverja aðra alvarlega, næma sótt.

9. gr.

Ef aðkomuskip stranda o. s. frv.

Ef aðkomuskip strandar eða neyðist á annan hátt til að hafa mök við land án þess að geta gætt fyrirskipaðra sóttvarnarákvæða, leitast næsta sóttvarnarnefnd við að sjá um, að vikið sé svo lítið frá þeim, sem framast verður við komið, enda séu þá við hafðar nauðsynlegar ráðstafanir til varnar sóttnæmisútbreiðslu, ef ætla má, að næm sótt berist þannig á land.

Vogrek og bannaður farangur.

Sama gildir um vogrek, ef ætla má, að það sé frá stað, þar sem erlend sótt gengur, svo og ef rekur á land bannaðan farangur, þ. e. farangur, sem ráðherra hefir með auglýsingu bannað að flytja inn vegna sótthættu. Skal allt slíkt látið kyrrt liggja, eftir að því hefir verið bjargað undan sjó með ýtrustu varkárni, þangað til lögreglustjóri hefir látið fram fara rannsókn og ákveðið, hvernig með það skuli fara.

131
31. des.

10. gr.

Sótthætta af sóttvarnarlagabrotum.

Ef sóttvarnarnefnd fær grun um, að aðkomuskip hafi haft ólögleg mök við land eða menn úr landi ólögleg mök við aðkomuskip, eða, að brotið hafi verið á annan hátt gegn fyrirskipuðum sóttvarnarreglum, skal hún gera ráðstafanir til þess, að málið verði rannsakað og þeir látnir sæta ábyrgð, sem brotlegir reynast, jafnframt því, sem hún gerir allt, sem unnt er, til þess að hefta sóttnæmisútbreiðslu, sem slíkt brot kynni að leiða til.

11. gr.

Óþrifnaður í skipum. Rottur og önnur óþrifadýr.

Skip, sem virðist vera óheilnæmt vegna óþrifnaðar eða af öðrum ástæðum, má sóttvarnarnefnd láta þrífa og sótthreinsa eins og það væri sóttmengað. Ef mikill rottugangur er í skipi eða önnur óþrifadýr, má og gera sérstakar ráðstafanir til varnar því, að þau berist í land eða til að eyða þeim í skipinu. Aldrei má þó vísa skipi, sem hreinsa þarf aðeins vegna óþrifa eða óþrifadýra, lengra en til næstu hafnar, þar sem slík hreinsun er framkvæmanleg.

Aðstoð af hálfu skips við sótthreinsanir og þrif.

Það er skylt, ef sóttvarnarnefnd æskir þess, að af hálfu þess skips, sem hún lætur þrífa eða sótthreinsa eða eyða í rottum eða öðrum óþrifadýrum, sé látinn í té allur sá vinnukraftur og aðstoð, sem skipinu er auðið.

12. gr.

Sóttgæzluskírteini.

Hvert það skip, sem afgreitt er hér á landi, á heimtingu á að fá hjá sóttgæzlumanni skírteini um það, hvort nokkur erlend sótt eða annar alvarlegur næmur sjúkdómur gangi á brottfararstaðnum eða í grenndinni.

Sóttgæzluskírteini, þegar um engan alvarlegan næman sjúkdóm er að ræða.

Þegar um engan alvarlegan næman sjúkdóm er að ræða á brottfararstaðnum, skal sóttgæzluskírteini hljóða svo:

Sóttvarnarnefndin í ..... gerir kunnugt:

—/s ..... frá ....., skipstjóri ....., sem kom hingað frá ..... og ætlar héðan til ....., er ferðbúið í dag.

Hér á staðnum og í grenndinni gengur hvorki pest, austurlenzk kólera, bólusótt, dilasótt, blóðkreppusótt, gul hitasótt, né nokkur önnur hættuleg farsótt.

..... —/— 19..

.....

sóttgæzlumaður.

Sóttgæzluskírteini þegar alvarlegur næmur sjúkdómur gengur. **131**

Nú gengur alvarlegur næmur sjúkdómur á brottfararstaðnum, og skal þá 31. des.
sóttgæzluskírteini hljóða svo:

Hér ..... hefir gengið ..... síðan —/.. 19... Á síðustu 10 dögum hafa .... sýkzt og á sama tíma hafa .... dáið úr þessum sjúkdómi. Hér á staðnum eða í genndinni gengur engin önnur hættuleg farsótt.

..... —/— 19..

.....

sóttgæzlumaður.

Sóttgæzlumaður ráðgast við héraðslækni um sóttgæzluskírteini, þegar þess er þörf.

Sóttgæzlumaður ráðgast við héraðslækni, áður en hann gefur út sóttgæzluskírteini, ef þess getur talizt þörf.

13. gr.

Vottorð um afstaðna sóttkvíun.

Hver sá, sem sóttkvíaður hefir verið, á heimting á eftir afstaðna sóttkvíun, að fá vottorð um það. Skipstjóri á heimting á samskonar vottorði fyrir skip sitt, þegar sóttkvíun þess er löglega afstaðin. Vottorð þessi gefur sóttgæzlumaður í samráði við héraðslækni.

14. gr.

Sóttvarnareftirlit með loftförum.

Sóttvarnarnefndir annast sóttvarnareftirlit með aðkomuflugvélum og hverskonar loftförum, sbr. 26. gr. laga nr. 65, 19. júní 1933, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands, og beita við það eftirlit öllum ákvæðum laganna og þessarar reglugerðar á sama hátt sem um aðkomuskip væri að ræða, eftir því sem við getur átt. Til skipstjóra svarar loftfarsstjóri.

15. gr.

Sóttvarnargjöld aðkomuskipa.

Aðkomuskip greiða sóttvarnargjöld sem hér segir:

1. *Fyrir venjulegt sóttvarnareftirlit, sem sóttgæzlumaður einn annast:* Skip allt að 60 smálesta 4 krónur, 60—100 smálesta 6 krónur, yfir 100 smálesta 10 krónur, svo og kostnað við flutning sóttgæzlumanns út í skipið.

2. *Ef læknisskoðun fer fram:* Auk þeirra gjalda, sem getur í 1. tölulið, jafnhá gjöld eftir stærð skipanna fyrir læknisskoðunina, svo og kostnað við ferð læknisins eða ferðir út í skipið samkvæmt gjaldskrá héraðslækna.

3. *Ef sóttkvía þarf lækni vegna skoðunargerðarinnar:* Auk þeirra gjalda, sem getur í töluliðum 1—2, flutningskostnað hans og dagpeninga, 20 krónur á sólarhring, unz sóttkvíuninni er lokið.

4. *Ef fiskiskip önnur en hérlend eiga í hlut, eða önnur erlend skip, ef þau*

131 31. des. *hafa ekki ætlað sér á íslenzka höfn og álitið verður, að þau hafi einungis komið þar vegna veikinda eða til að ganga undir sóttkvíun:* Auk þeirra gjalda, sem getur í töluliðum 1—3, allan annan kostnað, sem leiðir af þeim sóttvarnarráðstöfunum, er þau gefa tilefni til, þar á meðal legukostnað sjúklinga á sóttvarnarhúsi eða annarsstaðar, kostnað við einangrun heilbrigðra og útfararkostnað.

5. *Ef sóttkvía þarf sjúklinga með aðrar farsóttir en erlendar og erlend skip eiga í hlut:* Allan kostnað, sem af því leiðir.

6. *Ef sóttkvía þarf sjúklinga með aðrar farsóttir en erlendar og innlend skip eiga í hlut,* fer um greiðslu kostnaðar í samræmi við lög nr. 66 19. júní 1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

Sóttvarnargjöld aðkomuloftfara.

Aðkomuloftför greiða sóttvarnargjöld eftir sömu reglum og aðkomuskip, þannig, að gjöld af 1—2 hreyfla flugvélum skulu vera sem af skipum undir 60 smálestum, af 3 hreyfla flugvélum og þar yfir sem af skipum frá 60 og upp að 100 smálestum, og af loftskipum sem af skipum yfir 100 smálestir.

Innheimta sóttvarnargjalda og hvert þau renna.

Sóttgæzlumaður innheimtir sóttvarnargjöld samkvæmt ákvæðum þessarar greinar og stendur skil á:

1. Gjöld samkvæmt 1. tölulið renna í sóttvarnarsjóð ríkisins, önnur en flutningskostnaður, sem greiða skal þeim, er flutninginn annast.

2. Gjöld samkvæmt töluliðum 2—3 renna til hlutaðeigandi héraðslæknis eða þess annars læknis, er læknisskoðunina annast.

3. Gjöld samkvæmt töluliðum 4—6 renna til hlutaðeigandi.

Ókeypis sóttgæzluskírteini og vottorð.

Sóttgæzluskírteini og vottorð þau, sem um getur í 14. gr., veitast ókeypis.

16. gr.

Kostnaður við störf sóttvarnarnefnda og sóttgæzlumanna.

Sóttvarnarnefndir vinna kauplaust. Nauðsynlegur kostnaður vegna löglegra sóttvarnarráðstafana þeirra greiðist úr sóttvarnarsjóði eða ríkissjóði, að svo miklu leyti sem hann er ekki greiddur af hlutaðeigandi aðkomuskipum eða öðrum samkvæmt ákvæðum 15. gr.

Hin sérstöku störf sóttgæzlumanna teljast til embættisstarfa þeirra.

Greiðslur til héraðslækna.

Um borgun til héraðslækna fyrir læknisskoðun aðkomuskipa og önnur störf þeirra í því sambandi fer eftir ákvæðum 15. greinar, 2.—3. tölulið.

17. gr.

Eyðublöð.

Eyðublöð undir yfirlýsingar skipstjóra, heilbrigðisvottorð og sóttgæzluskírteini lætur dómsmálaráðuneytið sóttvarnarnefndum í té.

18. gr.

Brot gegn þessum reglum og viðurlög við þeim.

Um brot gegn reglum þessum og viðurlög við þeim fer samkvæmt ákvæðum 27. greinar laga nr. 65, 19. júní 1933, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar þeim, sem hlut eiga að máli.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 31. desember 1934.

Haraldur Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.

131
31. des.

ALMENNAR REGLUR

um opinberar sóttvarnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

132
31. des.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 66 frá 19. júní 1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, eru hér með settar eftirfarandi reglur um opinberar sóttvarnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Opinberar sóttvarnir. Skilgreining.

Opinberar sóttvarnir teljast þær sérstöku sóttvarnarráðstafanir, sem samkvæmt 3. grein laga nr. 66, 19. júní 1933, ætið er skylt að fyrirskipa og beita gegn sjúkdómum þeim, sem nefndir eru í 11. grein þessarar reglugerðar, ennfremur þær sérstöku sóttvarnarráðstafanir, sem ráðherra kann að fyrirskipa samkvæmt 3., 4. og 5. grein sömu laga, að beita skuli gegn þeim sjúkdómum, sem nefndir eru í 18. grein þessarar reglugerðar, og loks þær sérstöku sóttvarnarráðstafanir, sem héraðslæknir kann að beita til bráðabirgða samkvæmt 4. og 5. gr. sömu laga, sbr. 15. og 21. grein þessarar reglugerðar.

Um framkvæmd hinna opinberu sóttvarnarráðstafana fer eftir reglum þessum.

132
31. des.

2. gr.

Almennar sóttvarnir, þ. e. sóttvarnir aðrar en opinberar.

Það er almenn skylda, án tillits til þess, hvort fyrirskipaðar eru opinberar sóttvarnarráðstafanir eða ekki, að gæta ýtrustu varúðar við hvers konar næmum sjúkdómum, og er læknum og þeim, sem með lækningar fara, svo og öðrum heilbrigðisstarfsmönnum sérstaklega skylt, hverjum í sínum verkahring, að vekja athygli á sýkingarhættum og gefa ráð og leiðbeiningar hér að lútandi, enda er hlutaðeigendum ætíð skylt að hlýða fyrirmælum læknis um hvers konar nauðsynlegar, viðurkenndar og venjulegar ráðstafanir til varnar gegn sóttnæmisútbreiðslu frá sjúklingi, er hann hefir til meðferðar, hvort sem um opinberar sóttvarnarráðstafanir er að ræða eða ekki.

3. gr.

Sérstakar skyldur héraðslækna við almennar sem opinberar sóttvarnir.

Héraðslæknum er sérstaklega skylt að hafa sem nákvæmast eftirlit með hverskonar næmum sjúkdómum, hverjum í sínu héraði, leiðbeina hlutaðeigendum um meðferð þeirra og segja fyrir um, hverjar ráðstafanir skuli gera til að hefta útbreiðslu þeirra, að svo miklu leyti sem unnt er og án tillits til þess, hvort opinberar sóttvarnarráðstafanir hafa verið fyrirskipaðar eða ekki, enda leggja héraðslæknar ekki til, að opinberum sóttvarnarráðstöfunum skuli beita nema í fyllstu nauðsyn og beita þeim aldrei án heimildar fyrirfram, ef annars er nokkur kostur.

4. gr.

Héraðslæknar hafa með höndum framkvæmd opinberra sóttvarnarráðstafana, hver í sínu héraði.

Héraðslæknar skulu, hver í sínu héraði, undir umsjón landlæknis og ráðherra, sjá um framkvæmd allra opinberra sóttvarnarráðstafana.

Héraðslæknar eiga kröfu á aðstoð við framkvæmd opinberra sóttvarnarráðstafana.

Skyldir eru sýslumenn, bæjarfógetar (sérstakir lögreglustjórar, þar sem þeir eru), hreppstjórar, sveitarstjórnir og heilbrigðisnefndir, ef til eru, svo og starfandi læknar, að því er snertir sjúklinga þeirra, að veita héraðslækni hjálp við framkvæmd opinberra sóttvarnarráðstafana.

5. gr.

Sérstakar skyldur starfandi lækna að aðstoða héraðslækna við framkvæmd opinberra sóttvarnarráðstafana.

Starfandi læknum er sérstaklega skylt að hafa vakandi auga á næmum sjúkdómum, sem skylt er, eða ástæða gæti verið til að beita opinberum sóttvarnar-

ráðstöfunum gegn, svo og smitberum slíkra sjúkdóma, og tilkynna jafnskjótt hlutaðeigandi héraðslækni, ef þeir verða þeirra varir. 132 31. des.

6. gr.

Skyldur húsráðanda, ef næmur sjúkdómur kemur upp á heimili hans. Hverjum og hvernig tilkynna skal.

Nú kemur næmur sjúkdómur upp á heimili eða yfirvofandi er, að hann komi upp á heimili, og auðsætt þykir eða líklegt, að sé einhver af þeim sjúkdómum, sem nefndir eru í 11. og 18. gr., eða vitað er eða grunsamlegt, að einhver heimilismaður sé smitberi einhvers þess sjúkdóms, og skal þá húsráðanda þegar skylt að skýra lækni sínum frá því. Ef læknirinn er ekki hlutaðeigandi héraðslæknir og felst á, að um slíkan sjúkdóm eða smitbera geti verið að ræða, tilkynnir hann það héraðslækninum. Húsráðanda, sem er fjarri lækni, er og heimilt, ef hann kýs það heldur, að tilkynna sjúkdóminn hreppstjóra eða hreppsnefndarmanni í hreppi sínum eða skýra þeim frá smitberanum, en hann skal þá jafnskjótt láta hlutaðeigandi héraðslækni vita. Með heimilismönnum eru einnig taldir aðkomumenn þeir, er hafa þar húsnæði eða náttstað um stundarsakir, og þeir, er þar eru í fæði. Nú kemur slíkur sjúkdómur eða smitburður upp meðal þeirra, er í nauðungarvist eru á einhverjum stað eða í sjúkrahúsum, elliheimilum, barnahælum, skólum og líkum stofnunum, og er þá forstöðumanni eða forráðamanni skylt að skýra frá því. Komi sjúkdómurinn eða smitburðurinn upp á skipi eða í veri á vertíð meðal skipshafnar, skal skipstjóri eða formaður skýra frá því.

Ef vanrækt er að tilkynna næman sjúkdóm.

Viti einhver til þess, að vanrækt hafi verð að segja héraðslækni frá sjúkdómi eða smitburði samkvæmt þessari grein, skal hann þegar í stað skýra frá því á þann hátt, er að framan er sagt.

Fyrirhöfn hreppstjóra eða hreppsnefndarmanns endurgreiðist úr sveitarsjóði.

Þurfi hreppstjóri eða hreppsnefndarmaður, samkvæmt grein þessari, að takast ferð á hendur, fær hann kostnaðinn endurgreiddan úr sveitarsjóði eftir reikningi, er hreppsnefndin samþykkir.

7. gr.

Sérstakar skyldur matvælakaupmanna og veitingamanna og viðskiptamanna þeirra.

Matvælakaupmenn, matsalar, veitingamenn, brauðsalar og einkum mjólkursalar eru skyldir til, ef héraðslæknir krefst þess vegna sóttvarnarráðstafana, að láta í té skrá yfir viðskiptamenn sína, að svo miklu leyti, sem þeir eru þeim kunnir. Einnig eru menn skyldir að gefa sig fram, sem viðskipti hafa haft við slíkan ákveðinn kaupmann, útsölumann eða veitingamann, ef héraðslæknir krefst þess með auglýsingu.

132 31. des.

8. gr.

Flutningur sjúklinga með næma sjúkdóma og smitbera slíkra sjúkdóma.

Ekki mega farþegaskip, farþegabifreiðar, farþegaloftför eða önnur tilsvarandi fólksflutningatæki taka til flutnings sjúklinga með neina þá sjúkdóma, sem taldir eru í 11. gr., né smitbera þeirra sjúkdóma og ekki heldur sjúklinga með aðra þá sjúkdóma, sem taldir eru í 18. gr., né smitbera þeirra sjúkdóma, ef opinberum sóttvarnarráðstöfunum er beitt gegn þeim, nema eftir kröfu héraðslæknis, og segir hann fyrir um öruggar ráðstafanir gegn sóttnæmisútbreiðslu, enda sé farið nákvæmlega eftir fyrirmælum hans.

Ákvæði þessarar greinar ná jafnan til skarlatssóttar, barnaveiki, taugaveiki og heilasóttar, þó að opinberum sóttvarnarráðstöfunum sé ekki beitt gegn þeim.

9. gr.

Sérstakar skyldur gestkomandi manna og ferðamanna.

Ef maður hefir einhvern þann sjúkdóm, sem talinn er í 11. gr., eða er smitberi slíks sjúkdóms, eða maður hefir dvalið á heimili, þar sem einhver af þeim sjúkdómum gengur eða slíkur smitberi dvelur, þá skal hann jafnan, er hann kemur á önnur heimili, á skip eða önnur fólksflutningatæki, láta húsráðanda, skipstjóra eða forráðamann vita. Sama gildir um þá sjúkdóma, sem taldir eru í 18. gr., ef opinberum sóttvarnarráðstöfunum er beitt gegn þeim, og einnig án þess um skarlatssótt, barnaveiki, taugaveiki og heilasótt. Mann, sem vanrækir þetta, má auk sekta dæma til skaðabóta fyrir það, sem leiða kann af vanrækslu hans.

10. gr.

Hindrun ferða og farartækja. Atvinnuspjöll.

Skylt er mönnum að hlíta því bótalaust, að ferðir þeirra séu hindraðar, svo og farartæki, vegna nauðsynlegra sóttvarnarráðstafana, hvort sem opinberar sóttvarnarráðstafanir hafa verið fyrirskipaðar eða ekki. Ríkissjóður greiðir ekki þann kostnað, sem af slíkum ráðstöfunum leiðir, né heldur skaðabætur fyrir þau atvinnuspjöll, sem þær kunna að hafa í för með sér.

II. KAFLI

Þegar skylt er að beita opinberum sóttvarnarráðstöfunum.

11. gr.

Næmir sjúkdómar, sem opinberum sóttvarnarráðstöfunum skal ætíð beita gegn.

Opinberar sóttvarnarráðstafanir skulu ætíð fyrirskipaðar og þeim beitt gegn þessum sjúkdómum: pest, austurlenzkri kóleru, bólusótt, dilasótt, blóðkreppusótt og gulri hitasótt.

12. gr. 132

31. des.

Ef ætla má, að upp sé kominn eða upp komi sjúkdómur, sem skylt er að beita opinberum sóttvarnarráðstöfunum gegn. Rannsóknir héraðslæknis.

Nú er héraðslækni gert kunnugt, eða hann verður þess vís á annan hátt, að upp sé kominn eða yfirvofandi sé, að upp komi sjúkdómur í héraði hans, og er ástæða til að ætla, að verið geti einhver þeirra sjúkdóma, sem taldir eru í 11. gr., og skal héraðslæknir þá fara tafarlaust á það eða þau heimili, sem sýkt eru talin, og skoða þá, sem sjúkir kunna að vera orðnir.

Ef héraðslæknir þá telur víst eða hugsanlegt, að um einhvern þann sjúkdóm sé að ræða, sem talinn er í 11. gr., skal hann grennslast nákvæmlega eftir upptökum sjúkdómsins, hvaðan hann muni vera kominn, hvort ekki muni fleiri heimili sýkt eða í sótthættu o. s. frv. Hafi einhver dáið úr sjúkdóminum, ber héraðslækni að rannsaka eða láta rannsaka líkið, að svo miklu leyti sem honum er unnt, ef sú rannsókn er nauðsynleg til þess að ákveða sjúkdóminn. Þurfi að kryfja líkið og vilji aðstandendur ekki leyfa það, skal héraðslæknir leita aðstoðar lögreglustjóra, sem getur úrskurðað að krufning skuli fram fara.

Ferðakostnaður héraðslæknis í þessum erindum greiðist úr ríkissjóði.

13. gr.

Í hverju hinar opinberu sóttvarnarráðstafanr skulu vera fólgnar.

Í hvert sinn sem héraðslæknir verður þess vís, að upp er kominn eða yfirvofandi er, að upp komi einhver þeirra sjúkdóma, sem taldir eru í 11. gr., eða einhver sjúkdómur, sem ekki er unnt að bera kennsl á í svipinn, en grunsamt að geti verið af því tagi, þá skal hann þegar í stað beita öllum nauðsynlegum sóttvarnarráðstöfunum, sem unnt er að koma við, og fara að á þann hátt, sem nú skal greina:

Samgöngubann við sýkt heimili.

1. Ef héraðslæknir telur gerlegt að hafa sjúklinginn eða smitberann á heimili hans eða ekki er annars kostur, þá skal hann krefjast þess, að sýslumaður, bæjarfógeti (lögreglustjóri) eða hreppstjóri banni öllum utanheimilismönnum að koma án skriflegs leyfis héraðslæknis á bústað sjúklingsins eða smitberans (hús eða bæ eða skip) og sömuleiðis öllum heimamönnum að fara á annara manna heimili. Banna má og að flytja af sýktu heimili muni og matvæli, einkum mjólk og mjólkurafurðir. Slíkt bann skal, ef þörf krefur, auglýsa á útidyrahurð hins sýkta húss eða á bæjarþili fast við bæjardyr, ef bær er.

Gæzlumaður og verðir.

Þá er samgöngubann er sett, skal jafnan setja gæzlumann af öðru heimili til að líta daglega eftir hinu sýkta heimili og annast nauðsynlega aðflutninga og sjá um, að læknis sé vitjað, ef þörf gerist. Ef nauðsyn ber til, getur héraðslæknir krafizt þess af lögreglustjóra eða hreppstjóra, að hann skipi menn til að halda vörð um hið sýkta heimili, því til tryggingar, að samgöngubannið sé

132 ekki brotið. Ákvæði 2. og 3. töluliðs 23. greinar gilda ávallt um þá sjúkdóma,
31. des. sem hér um ræðir, þó að ekki sé sett fullt samgöngubann.

Kostnaður.

Kaup gæzlumanna og varðmanna er greitt úr ríkissjóði. Aðhjúkrun, lyf og læknishjálp skal einnig greidd úr ríkissjóði, ef með þarf, en þann kostnað skulu þeir endurgreiða, sem þegið hafa, ef ráðherra krefst þess og sveitarstjórn álítur þá til þess færa, og skal taka lögtaki, ef ekki fæst á annan hátt. Endurgreiðsluskyldan nær þó ekki til kostnaðar vegna frekari aðhjúkrunar, lyfja eða læknishjálpar, en viðkomanda hefir verið nauðsynlegt sjálfs sín vegna.

Sjúklingur eða smitberi fluttur á sjúkrahús eða sóttvarnarhús.

2. Nú er eigi unnt að hafa sjúkling eða smitbera svo afskekktan á heimili sínu, eða sóttkvía heimilið svo, að full trygging sé fyrir því, að sóttin berist ekki út, og er þá héraðslækni heimilt að láta flytja sjúklinginn í sjúkrahús, sóttvarnarhús eða eitthvert annað hús, sem til þess er hægt að fá, enda verði sóttvörnin öruggari á þann hátt. Er sjúklingur eða smitberi skyldur að vera þar, þangað til héraðslæknir telur hættulaust að flytja hann eða láta hann fara þaðan, enda fái hann hæfilega læknishjálp og aðhjúkrun. Heimilt er og héraðslækni að fara eins að, þá er rannsaka skal vafasöm sjúkdómstilfelli eða smitburð. Við flutning sjúklingsins eða smitberans skal þess gætt, að svo vel fari um hann sem unnt er, án þess að hætt sé við sóttnæmisútbreiðslu. Ákvæðið í 4. tölulið 23. greinar gildir ávallt um þá sjúkdóma, sem hér um ræðir. Ef sjúklingurinn eða smitberinn er fluttur í sjúkrahús eða sóttvarnarhús, er allur flutnings- og legukostnaður greiddur úr ríkissjóði, þar á meðal aðhjúkrun, lyf og læknishjálp, og engin endurgreiðsla heimtuð.

Skólum lokað og samkomur bannaðar.

3. Heimilt er héraðslækni, ef þurfa þykir, að krefjast þess af lögreglustjóra eða hreppstjóra, að hann skipi að loka skólum og banni almenna mannfundi, opinberar skemmtisamkomur (kvikmyndasýningar, leiksýningar, samsöngva, dansleiki, hlutaveltur o. s. frv.), aðrar samkomur (brúðkaupsveizlur, innanfélagsskemmtanir o. s. frv.), þar sem margir koma saman í sama húsi, svo og messugerðir og líkfylgdir.

Sala varnings takmörkuð eða bönnuð. Veitingar bannaðar í gistihúsum og á veitingastöðum.

4. Heimilt er héraðslækni, ef þurfa þykir, að takmarka eða banna sölu varnings, er sótthætta getur stafað af, einnig verzlunum, svo sem matvælabúðum, brauðbúðum og mjólkurbúðum, ennfremur veitingar í gistihúsum og á veitingastöðum.

Verzlunum, gistihúsum og veitingastöðum lokað.

5. Heimilt er héraðslækni, ef þörf krefur, að krefjast þess af lögreglustjóra eða hreppstjóra að hann loki verzlunum, svo sem matvælabúðum, brauðbúðum og mjólkurbúðum, ennfremur gistihúsum og veitingastöðum.

Sóttkvíun byggðarlaga.

6. Þegar mjög mikil hætta vofir yfir, má héraðslæknir krefjast þess af lögreglustjóra eða hreppstjóra, að hann afkvíi sýkta kaupstaði, kauptún, þorp eða sveitir eða hluta þeirra, svo og önnur stór svæði, og skal lögreglustjóri eða hreppstjóri annast nauðsynlegar ráðstafanir um samgöngubannið, þar á meðal skipun hæfilega margra varðmanna á kostnað ríkissjóðs til að halda vörð um hið afkvíaða svæði.

Sótthreinsanir.

7. Heimilt er héraðslækni að fyrirskipa sótthreinsanir eftir því sem þörf gerist.

Birting opinberra sóttvarnarráðstafana fyrir almenningi.

8. Héraðslæknir skal birta almenningi ráðstafanir sínar á þann hátt, að öllum hlutaðeigendum verði þær nægilega kunnar. Nauðsynlegur auglýsingakostnaður greiðist úr ríkissjóði.

14. gr.

Jafnskjótt sem héraðslæknir hefir tekið upp opinberar sóttvarnir, tilkynnir hann það landlækni. Ráðherra skipar nánar fyrir um, hvernig hinum opinberu sóttvarnarráðstöfunum skuli hagað.

Nú hefir héraðslæknir tekið upp opinberar sóttvarnir gegn einhverjum þeim sjúkdómi, sem talinn er í 11. gr., og skal hann þá tafarlaust skýra landlækni frá öllum málavöxtum og hverjum opinberum sóttvarnarráðstöfunum hann hefir tekið að beita. Þegar héraðslæknir því næst hefir fengið fyrirmæli ráðherra um það, hvernig áfram skuli haga sóttvarnarráðstöfunum, hagar hann framkvæmdum sínum samkvæmt því. Gerir hann hlutaðeigendum nægilega kunnar fyrirskipanir ráðherra í samráði við landlækni, eða eftir því sem ráðherra hefir mælt fyrir um.

15. gr.

Ef héraðslæknir æskir breytinga á fyrirskipun ráðherra um opinberar sóttvarnarráðstafanir.

Ef héraðslæknir telur nauðsyn til bera, að breytt sé tilhögun opinberra sóttvarnarráðstafana frá því, sem ráðherra hefir fyrir skipað, ber hann tillögur sínar um það upp fyrir landlækni og bíður fyrirskipana ráðherra. Ef hann telur breytingarnar svo aðkallandi, að hvers konar töf sé hættuleg, er honum heimilt að framkvæma þær til bráðabirgða, en því aðeins, að hann tilkynni það land-

132 31. des. lækni jafnskjótt, og skipar þá ráðherra fyrir á ný, hvernig hinum opinberu sóttvarnarráðstöfunum skuli haga.

16. gr.

Héraðslæknir leitar sem nánastra leiðbeininga landlæknis um framkvæmd opinberra sóttvarnarráðstafana.

Þegar opinberar sóttvarnarráðstafanir hafa verið teknar upp í læknishéraði, skýrir hlutaðeigandi héraðslæknir landlækni sem tíðast frá öllu, sem gerist í því sambandi og leitar jafnan sem nánastra leiðbeininga hans um allar framkvæmdir.

17. gr.

Opinberum sóttvörnum aflýst.

Þegar héraðslæknir telur ekki ástæðu til að beita lengur opinberum sóttvarnarráðstöfunum, gerir hann landlækni grein fyrir því. Ráðherra skipar fyrir um, hvenær opinberum sóttvörnum skuli hætt, og gerir héraðslæknir hlutaðeigendum það nægilega kunnugt í samráði við landlækni, eða eftir því sem ráðherra hefir mælt fyrir um.

III. KAFLI

Þegar heimilt er að beita opinberum sóttvarnarráðstöfunum.

18. gr.

Næmir sjúkdómar, sem opinberum sóttvarnarráðstöfunum má beita gegn.

Ráðherra getur fyrirskipað, að opinberum sóttvarnarráðstöfunum skuli beita gegn öðrum næmum sjúkdómum, en taldir eru í 11 gr., svo sem inflúenzu, mislingum, skarlatssótt, barnaveiki, kikhósta, taugaveiki, blóðsótt, hettusótt, heilasótt og mænusótt, þegar þessir sjúkdómar eru skæðir, þegar líklegt þykir, að hefta megi hættulega útbreiðslu þeirra með opinberum sóttvarnarráðstöfunum, en ekki án slíkra ráðstafana, eða þegar aðrar sérstakar, knýjandi ástæður eru fyrir hendi.

19. gr.

Héraðslæknir gerir sér ekki ferðir til sóttvarnareftirlits á kostnað ríkissjóðs nema í mikilli nauðsyn, og, ef unnt er, aðeins í samráði við landlækni.

Nú er héraðslækni gert kunnugt, eða hann verður þess vís á annan hátt, að upp sé kominn eða yfirvofandi sé, að upp komi á tilteknum stað í héraði hans einhver þeirra sjúkdóma, sem taldir eru í 18. gr., án þess þó, að hann sé beðinn að vitja sjúklinganna til að veita þeim læknishjálp, og skal hann þá ekki gera sér ferð á hendur á ríkissjóðs kostnað til að rannsaka sjúkdóminn, nema því aðeins, að hann hafi einhverja ástæðu til að ætla, að ef til vill geti verið um

einhvern þann sjúkdóm að ræða, sem opinberum sóttvarnarráðstöfunum er skylt að beita gegn (sbr. 11. gr.), eða einhvern svo alvarlegan næman sjúkdóm eða sóttnæmisútbreiðslu, að nauðsyn muni bera til, að opinberar sóttvarnarráðstafanir verði fyrirskipaðar (sbr. 18. gr.). **132** 31. des.

Í öllum vafatilfellum og þegar því verður við komið, skal héraðslæknir leita leiðbeininga landlæknis.

20. gr.

Ef héraðslæknir telur nauðsyn á, að beitt sé opinberum sóttvarnarráðstöfunum.

Nú telur héraðslæknir ástæðu til, að beitt sé opinberum sóttvarnarráðstöfunum gegn einhverjum þeim sjúkdómi, sem talinn er í 18. gr., og skal hann þá æfinlega, þegar því verður við komið, bera málið undir landlækni og bíða fyrirskipana ráðherra um, hvort opinberar sóttvarnir skuli upp taka og hverjum sóttvarnarráðstöfunum skuli beita, og haga síðan framkvæmdum sínum samkvæmt því.

21. gr.

Hvenær héraðslæknir má beita opinberum sóttvarnarráðstöfunum án heimildar fyrirfram.

Ef héraðslæknir telur svo aðkallandi að beita opinberum sóttvarnarráðstöfunum gegn einhverjum þeim sjúkdómi, sem talinn er í 18. gr., að hverskonar töf sé hættuleg, er honum heimilt að beita til bráðabirgða opinberum sóttvarnarráðstöfunum, enda fari hann um það eftir reglum 13. gr. En því aðeins er honum þetta heimilt, að hann skýri landlækni tafarlaust frá öllum málavöxtum og hverjum opinberum sóttvarnarráðstöfunum hann hefir tekið að beita.

Þessa heimild skal héraðslæknir ekki nota nema í ýtrustu nauðsyn (sbr. 3. gr.) og ekki nema þegar svo á stendur:

1. Að um alvarlegan sjúkdóm er að ræða, sem borizt hefir frá útlöndum og er ekki annarsstaðar á landinu eða óvíða.

2. Að um innlendan sjúkdóm er að ræða og hann óvenjulega illkynjaður, eða óvenjuleg hætta er á mikilli útbreiðslu.

22. gr.

Frekari ákvæði um opinberar sóttvarnir gegn sjúkdómum þeim, sem taldir eru í 18. gr., eru tilsvarandi við ákvæði 14., 15., 16. og 17. gr.

Um framhald opinberra sóttvarnarráðstafana, sem héraðslæknir hefir ráðist í að beita samkvæmt 21. gr., fer eftir ákvæðum 14. gr. Um breytingar, sem héraðslæknir telur æskilegar á fyrirskipunum ráðherra um opinberar sóttvarnarráðstafanir, fer eftir ákvæðum 15. gr. Um skyldur héraðslæknis til að leita sem nánastra leiðbeininga landlæknis um allt, sem við kemur framkvæmd opinberra sóttvarnarráðstafana, fer eftir ákvæðum 16. gr. Og um lok og aflýsingu opinberra sóttvarnarráðstafana fer eftir ákvæðum 17. gr.

132 23. gr.

31. des. **Sérákvæði um skarlatssótt, barnaveiki, taugaveiki, heilasótt og mænusótt, án tillits til þess, hvort fyrirskipaðar eru gegn þeim opinberar sóttvarnarráðstafanir eða ekki.**

Um skarlatssótt, barnaveiki, taugaveiki, heilasótt og mænusótt, svo og um smitburð þessara sjúkdóma, skal ávallt hlíta þeim fyrirmælum, er nú skal greina, hvort sem opinberum sóttvarnarráðstöfunum er beitt gegn þeim eða ekki.

Héraðslæknir gengur ríkt eftir ,að þessir sjúkdómar séu tilkynntir.

1. Héraðslæknir skal ganga ríkt eftir því, að húsráðendur vanræki ekki að tilkynna honum, ef einhver framangreindra sjúkdóma kemur upp á heimilum þeirra, eða ef grunur er um, að smitberi slíkra sjúkdóma hafist þar við (sbr. 6. grein).

Skólanemendur og kennarar.

2. Hafi einhver framangreindra sjúkdóma gert vart við sig á heimili, þar sem eru börn eða aðrir nemendur, er ganga í skóla, eða smitberi slíks sjúkdóms hefst þar við, mega nemendurnir ekki sækja skólann fyrr en ekki er hætt við sóttnæmisútbreiðslu frá þeim, að áliti héraðslæknis eða samkvæmt úrskurði ráðherra. Þessa skal og gætt um næmar sóttir yfirleitt, nema þær séu svo útbreiddar orðnar, að þýðingarlaust teljist. Um skólakennara gildir hið sama að þessu leyti sem nemendur. Vottorð hér að lútandi skal héraðslæknir veita ókeypis.

Samgönguvarúð.

3. Héraðslæknir gætir þess yfirleitt um næma sjúkdóma, en sérstaklega um framangreinda sjúkdóma, að brýna fyrir mönnum að varast öll ónauðsynleg mök við sýkt heimili. Hann skal aldrei leyna þessum sjúkdómum eða smitburði þeirra, heldur láta nábúa hins sýkta heimilis vita um sýkningarhættuna, svo að þeir geti fremur varast hana. Hann skal og brýna sérstaklega fyrir heimilismönnum, svo og þeim, sem dvalið hafa á heimilinu, að við hafa alla nauðsynlega varúð og leyna aldrei hvernig á stendur, ef þeir eru ferðamenn eða gestkomandi (sbr. 9. gr.). Sérstakrar aðgæzlu er þörf, ef maður af sýktu heimili stundar vinnu utan heimilis, og skal banna það, ef sérstök áhætta fylgir (vinna innanhúss með öðrum, matreiðslu- og þjónustustörf, matvælagerð, afgreiðslustörf, einkum í matvörubúðum, brauðbúðum, mjólkurbúðum o. s. frv.). Banna skal að flytja af hinu sýkta heimili og á önnur heimili nokkuð það, sem ætla má, að smithætta geti stafað af.

Flutningur sjúklinga og smitbera.

4. Um flutning sjúklinga með þessa sjúkdóma og smitbera þeirra í farþegaskipum, farþegaloftförum eða öðrum tilsvarandi flutningatækjum, sjá ákvæði 8. greinar.

Sótthreinsanir. **132**

5. Það skal vera regla að sótthreinsa þau heimili, sem sýkt hafa verið af skarlatssótt eða taugaveiki. 31. des.

24. gr.

Taugaveikissmitberar og aðrir smitberar. Rannsókn. Lækning. Sóttvarnarráðstafanir.

Héraðslæknar skulu hafa vakandi auga á taugaveikissmitberum og öðrum smitberum næmra sjúkdóma, er vera kunna í héruðum þeirra, og gera jafnan allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir sóttnæmisútbreiðslu frá þeim, eftir nánari leiðbeiningum landlæknis eða fyrirskipun ráðherra.

Nú hefir verið beitt sóttvarnarráðstöfunum gegn grunuðum taugaveikissmitbera eða öðrum grunuðum smitbera, og á hann þá kröfu á, að hann verði á kostnað ríkissjóðs rannsakaður til hlítar og úr því skorið, ef unnt er, hvort grunurinn er á rökum byggður. Á sama hátt á taugaveikissmitberi eða annar smitberi, sem sóttvarnarráðstöfunum hefir verið beitt gegn, kröfu á að fá á kostnað ríkissjóðs þá læknishjálp, sem til þess þarf, að hann verði, ef unnt er, losaður við smitburðinn.

Smitberi er skyldur að hlíta nauðsynlegum fyrirmælum um ráðstafanir gegn sóttnæmisútbreiðslu frá honum, og eins þó að aðeins sé um grun að ræða, ef gruninum verður ekki hnekkt.

Ríkissjóðsstyrkur til taugaveikissmitbera.

Viðvarandi taugaveikissmitberi, sem ekki hefir tekizt að lækna, svo og sá, sem grunaður er um taugaveikissmitburð, og gruninum hefir ekki verið hægt að hnekkja, má leita samninga við ráðherra, eða aðstandendurnir fyrir hans hönd, um styrk úr ríkssjóði um lengri eða skemmri tíma, gegn því að smitberanum verði tryggilega ráðstafað, svo að sýkingarhætta stafi ekki af honum.

Skýrslur um taugaveikissmitbera.

Héraðslæknir heldur skrá yfir taugaveikissmitbera, sem honum er kunnugt um í héraði sínu og sendir landlækni árlega skýrslu um, og getur þess, hvernig hverjum um sig er ráðstafað.

IV. KAFLI

Sóttkvíun byggðarlaga í því skyni, að þangað berist ekki næmir sjúkdómar.

25. gr.

Afkvíunin, hvernig henni verður komið til leiðar og hvernig hún er framkvæmd.

Nú óskar bæjarstjórn þess, sýslunefnd eða hreppsnefnd, fyrir hönd kaupstaðar, sýslu eða hrepps, að afkvía kaupstaðinn, sýsluna eða hreppinn eða hluta

132 31. des. þeirra, til þess að ekki berist þangað hættulegur faraldur. Skal þá leggja málið fyrir hlutaðeigandi héraðslækni eða héraðslækna, ef fleiri eru, sem aftur flytja það fyrir landlækni. Ef ráðherra virðist ástæða til, heimilar hann afkvíunina og felur hlutaðeigandi lögreglustjóra eða lögreglustjórum, ef fleiri eru, framkvæmdirnar í samráði við hlutaðeigandi héraðslækni eða héraðslækna. Afkvíuninni skal haga í samræmi við ákvæði 6. töluliðs 13. greinar, eftir því sem við getur átt.

Kostnaðurinn greiðist úr hlutaðeigandi sveitarsjóði eða sýslusjóðum.

Þegar afkvíun er fyrirskipuð samkvæmt þessari grein, skal allur kostnaður við þær ráðstafanir greiðast úr hlutaðeigandi sveitarsjóðum eða sýslusjóðum.

V. KAFLI

Sótthreinsanir.

26. gr.

Hvar sótthreinsa má og hverjum skylt er að ganga undir sótthreinsun.

Heimilt er héraðslækni að skipa svo fyrir, að fram skuli fara sótthreinsun á bústöðum þeirra, húsum og bæjum, einnig á skipum og öðrum farartækjum, svo og á lausum munum, þar er verið hefir einhver af sjúkdómum þeim, sem taldir eru í 11. og 18. gr., sbr. einnig 7. tölulið 13. gr. og 5. tölulið 23. gr.

Nú ber maður með sér eða er grunaður um að bera með sér einhvern af þessum sjúkdómum, svo sem fyrir það, að hann hefir haft bein eða óbein mök við sjúklinga eða smitbera, þannig, að hætt er við, að hann beri sjúkdóminn út, og er hann þá skyldur til að ganga undir sótthreinsun með sig og muni sína, ef héraðslæknir telur nauðsyn á vera.

27. gr.

Ráðning eða skipun sótthreinsunarmanna.

Til þess að hafa sótthreinsanir á hendi skal héraðslæknir ráða sótthreinsunarmenn, fleiri eða færri, innan héraðs síns, og setur þeim umdæmi. Það er skylda héraðslæknis að annast, að hvergi vanti sótthreinsunarmann.

Nú fær héraðslæknir engan hæfan mann til að taka að sér sótthreinsun fyrir hæfilega borgun, og getur hann þá leitað aðstoðar lögreglustjóra, sem heimilt er að skipa, eftir tillögum héraðslæknis, hvern þann mann, sem honum sýnist, á aldrinum 25—50 ára, til þess að hafa á hendi sótthreinsun innan síns hrepps eða kaupstaðar í 3 ár. Ef sá, sem þannig er skipaður sótthreinsunarmaður, þykist ekki geta haft starfann á hendi sökum heilsubrests eða annara orsaka, getur ráðherra leyst hann frá að gegna þessum starfa, telji hann ástæður hans á rökum byggðar.

Héraðslæknir kennir og leiðbeinir sótthreinsunarmönnum. 132

31. des.

Héraðslæknir skal veita hverjum sótthreinsunarmanni næga tilsögn í sótthreinusnarstörfum, fær honum í hendur prentaðar sótthreinsunarreglur, er landlæknir gefur út, og leiðbeinir honum í öllum greinum.

28. gr.

Greiðslur til sótthreinsunarmanna.

Héraðslæknir skal semja við hvern sótthreinsunarmann um borgun fyrir hverja sótthreinsun, og skal borgunin jafnhá fyrir allar sótthreinsanir. Þessi borgun má að jafnaði ekki fara fram úr 8 krónum í sveitum, 11 krónum í Reykjavík og 5 krónum í öðrum kaupstöðum og kauptúnum, enda skal sótthreinsunarmönnum þar, eftir því sem unnt er, gert kleift að leysa sótthreinsunarstörfin af hendi án þess að þurfa að fella niður aðra vinnu. Skal héraðslæknir ekki, án samþykkis ráðherra, ráða sótthreinsunarmann fyrir hærri borgun en hér er tilgreind. Þegar sótthreinsaðar eru heilar stofnanir, eins og skólar eða stór skip, og sé fyrirhöfnin óvenjulega mikil, er héraðslækni þó heimilt að meta hana til jafns við fleiri en eina sótthreinsun og fer borgunin eftir því, enda samþykki landlæknir matið.

Ef sótthreinsunarmaður hefir verið skipaður af lögreglustjóra samkvæmt 2. málsgrein 27. greinar og ekki verður samkomulag um hæfilega borgun fyrir hverja sótthreinsun, ákveður ráðherra borgunina.

29. gr.

Sótthreinsunarlyf.

Héraðslæknir skal sjá um, að sótthreinsunarmönnum séu jafnan tiltækar nægar birgðir af sótthreinsunarlyfjum þeim, sem venjulegast eru notuð til sótthreinsana. Sótthreinsunarlyf til opinberra sótthreinsana panta héraðslæknar eftir þörfum frá Lyfjaverzlun ríkisins, er afgreiðir pantanirnar í samráði við landlækni.

30. gr.

Framkvæmd sótthreinsunar.

Nú vill héraðslæknir láta sótthreinsa, og skal hann þá segja sótthreinsunarmanni skýrlega fyrir um sótthreinsunina og láta þess getið, hvar sótthreinsa skal og hvenær og eftir hvaða sjúkdóm og hversu víðtæk sótthreinsunin skuli vera. Skal sótthreinsunarmaður leysa verkið af hendi samkvæmt fyrirskipun héraðslæknis.

Sótthreinsuninni skal að öðru leyti haga í samræmi við sótthreinsunarreglur, er landlæknir gefur út.

31. gr.

Lógun lausra muna. Skaðabætur til eigenda.

Sé of miklum erfiðleikum bundið að sótthreinsa lausa muni, getur héraðslæknir látið brenna þá eða eyða þeim á annan tryggilegan hátt, en skaðabætur skulu greiddar eiganda og teljast með sótthreinsunarkostnaði.

Aldrei skal þó lóga lausum munum nema auðsætt sé, að verðmæti þeirra nemi ekki meiru en kosta mundi að sótthreinsa þá tryggilega.

Skaðabætur þær, er greiða skal, meta héraðslæknir og sótthreinsunarmaður, og senda landlækni skriflega matsgerð. Ráðherra úrskurðar síðan um upphæð skaðabótanna að fengnum tillögum landlæknis.

32. gr.

Kostnaður við sótthreinsanir.

Kostnaður við allar sótthreinsanir, sem héraðslæknir fyrirskipar samkvæmt reglum þessum, greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal kostnaður við nauðsynleg sótthreinsunarlyf (sbr. 28. og 29. gr.).

Heimilismönnum er skylt að aðstoða ókeypis við sótthreinsun á heimilinu.

Þó er heimilismönnum skylt að annast endurgjaldslaust alla þá vinnu við sótthreinsun á heimilinu, sem þeir geta af hendi leyst og sótthreinsunarmaður þarf með og heimtar. Þeim er og skylt að leggja til ókeypis heitt vatn og kalt, eldivið og sápu eftir þörfum, en ekki önnur efni, sem til sótthreinsunar þarf.

Eðlilegar skemmdir vegna sótthreinsunar.

Eigendum er skylt að þola bótalaust eðlilegar skemmdir á húsum og munum, er leiða kunna af sótthreinsunum.

Aðrar skemmdir.

Héraðslæknir og sótthreinsunarmaður bera ábyrgð á óeðlilegum skemmdum, er leiða af sótthreinsunum, ef um er að kenna hirðuleysi þeirra. Ef slysaskemmdir koma fyrir við sótthreinsanir án þess að slíku hirðuleysi sé um að kenna, fer um skaðabætur í samræmi við það, er segir í 30. gr.

33. gr.

Reikningar yfir sótthreinsanir og annan sóttvarnarkostnað. Greiðslur.

Sótthreinsunarmaður skal senda héraðslækni sínum sérstakan reikning yfir hverja sótthreinsun.

Héraðslæknir skal senda landlækni aðalreikning yfir sótthreinsanirnar og láta fylgja reikninga sótthreinsunarmanna.

Héraðslæknir skal og senda landlækni sérstakan reikning yfir annan sóttvarnarkostnað, sem greiða ber úr ríkissjóði.

Öllum þessum reikningum skal haga eftir fyrirmælum landlæknis. **132**
Að reikningunum úrskurðuðum sendir landlæknir héraðslækni fjárhæðirnar, 31. des.
en héraðslæknir greiðir sótthreinsunarmönnum og öðrum, sem í hlut eiga.

VI. KAFLI

Almenn kostnaðarákvæði. Brot og viðurlög við brotum.

34. gr.

Almenn kostnaðarákvæði.

Kostnaður við opinberar sóttvarnarráðstafanir samkvæmt reglum þessum greiðist úr ríkissjóði á þann hátt og með þeim undantekningum, sem nánar er tekið fram í einstökum greinum hér að framan, sbr. 6. gr., 9. gr., 10. gr., 12. gr., 13. gr. (töluliðir 1, 2, 6 og 8), 24. gr., 25. gr., 31. gr. og 32. gr.

35. gr.

Brot og viðurlög við brotum.

Um brot á ákvæðum þessarar reglugerðar og viðurlög við þeim fer eftir 17. gr. laga nr. 66, 19. júní 1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.
Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hérmeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 31. desember 1934.

Haraldur Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.

REIKNINGUR **133**

Æfinlegrar erfingjarentu Sigríðar Melsteð 1932.

Tekjur:

Innstæða í Söfnunarsjóði	kr.	479.69
Vextir	—	26.92
Afgjald af Hlíð í Grafningi	—	250.00
	Kr.	756.61

133

Gjöld:

Styrkur veittur	kr. 100.00
Óinnheimt afgjald af Hlíð í Grafningi	— 134.00
Innstæða í Söfnunarsjóði	— 522.61
	Kr. 756.61

Reykjavík, 6. febrúar 1934.

Páll B. Melsted. *Eggert Briem.*

134

REIKNINGUR

Ævinlegrar erfingjarentu Sigríðar Melsteð 1933.

Tekjur:

Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 522.61
Óinnheimt afgjald af Hlíð í Grafningi	— 134.00
Vextir	— 30.39
Afgjald af Hlíð í Grafningi	— 250.00
	Kr. 937.00

Gjöld:

Styrkur veittur	kr. 230.00
Óinnheimt afgjald af Hlíð í Grafningi 1932	— 134.00
Innstæða í Söfnunarsjóði	— 573.00
	Kr. 937.00

Eignir sjóðsins:

Jörðin Hlíð í Grafningi	kr. 8000.00
Ógreitt af eftirgjaldi	— 134.00
Innstæða í Söfnunarsjóði	— 573.00
	Samtals kr. 8707.00

Reykjavík, 6. febrúar 1934.

Páll B. Melsted. *Eggert Briem.*

AUGLÝSING

135
28. júlí

um ræðaraskírteini.

Samkvæmt tilskipun nr. 43, 20. nóvember 1922, um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra, eru hérmeð sett eftirfarandi fyrirmæli:

1. gr.

Sá, sem óskar eftir að öðlast ræðaraskírteini, skal sanna fyrir skipaskoðunarstjóra, að hann hafi nægilega þekkingu og leikni í öllu, er lýtur að því, að setja bjargbáta skips útbyrðis, kunni að róa og stjórna bát og að hann ennfremur sé fær um að skilja skipanir, er að vinnu við bjargbáta lýtur og svara þeim.

Hann skal vera fullra 18 ára og hafa stundað sjómennsku að minnsta kosti í 12 mánuði.

2. gr.

Ákvæðum 1. gr. skal þó án prófs talið fullnægt af þeim:

a. sem hefir skipstjóraskírteini eða stýrimannsskírteini.
b. sem hefir verið vélstjóri á skipi í 4 ár.
c. sem hefir verið bátsmaður eða háseti á skipi, að minnsta kosti í 12 mánuði.

3. gr.

Ræðaravottorð skulu gefin út af skipaskoðunarstjóra og án endurgjalds.

Ákvæði auglýsingar þessarar öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. júlí 1934.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

136
6. júlí

AUGLÝSING

um að út séu gefnir nýir 10 króna bankaseðlar samkvæmt lögum um Landsbanka Íslands.

Stjórn Landsbanka Íslands hefir samkvæmt lögum nr. 10, frá 15. apríl 1928, gefið út handa Landsbankanum 10 króna seðla, með svofelldri nýrri gerð:

Framan á seðlunum er prentað gildi þeirra og er talan tilfærð í bókstöfum, svo og orðin: *Samkvæmt lögum nr. 10, 15. apríl 1928. Landsbanki Íslands.* Eru þessi orð með dökkbláum lit á marglitum skildi, en skjöldurinn á marglitum grunni í bláleitri umgjörð með skrautgreinum á. Fyrir ofan orðin er letrað nafn bankans: LANDSBANKI ÍSLANDS, en undir þeim stendur nafn formanns bankaráðsins og nafn eins af bankastjórunum, og eru nöfnin með rithönd þeirra. Vinstra megin við orðin er prentuð brjóstmynd Jóns Sigurðssonar, en hægra megin er mynd hans sem vatnsmerki í hvítum, kringlóttum reiti. Í öllum hornum er prentuð talan 10, er táknar gildi seðlanna; er hún með mógrænum lit í dökkbláum, ferhyrndum reiti innan við umgjörðina. Aftan á seðlunum er hinn hvíti kringlótti reitur, með mynd Jóns Sigurðssonar sem vatnsmerki í, vinstra megin, en hægra megin er prentuð mynd af Gullfossi í kringlóttri umgjörð, og eru upphafsstafir bankans, „L“ og „Í“, skrautlega dregnir, hvor til sinnar handar. Grunnflöturinn umhverfis er með brugðningum og yzt er umgjörð með skrautgreinum í, en innan við hana talan 10 í hverju horni í kringlóttum skildi með skrautverki umhverfis í ferhyrndum smáreiti. Er bakhliðin öll prentuð með bláum lit.

Hinir eldri seðlar, sem getur um í auglýsingu stjórnarráðs Íslands, nr. 12, frá 24. júlí 1907 og auglýsingu nr. 57, frá 9. júlí 1925, gilda fyrst um sinn jafnframt hinum nýju.

Þetta birtist hérmeð almenningi.

Fjármálaráðuneytið, 6. júlí 1934.

Ásgeir Ásgeirsson.

Torfi Jóhannsson.

REGLUGERÐ

137
26. sept.

um innflutning o. fl.

Samkvæmt bráðabirgðalögum dags. 8. marz s. l., um gjaldeyrisleyfi, innflutning o. fl., er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

1. gr.

28. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirrituð rek með ótakmarkaðri ábyrgð verzlun hér í bæ undir nafninu Karlmannahattabúðin. Ég ein hefi rétt til að rita firmað og rita það þannig:

Karlmannahattabúðin.
Ragnh. Runólfsd.
Reykjavík, 30. maí 1934.
Ragnheiður Runólfsdóttir,
Hafnarstræti 18.

29. Ég undirritaður tilkynni hérmeð til firmaskrár Reykjavíkur, að ég rek verzlun með ótakmarkaðri ábyrgð, á Laugavegi 48, hér í bæ, undir nafninu Milnersbúð.
Firmanafnið rita ég þannig:

Pr. Milnersbúð.
Garðar Gíslason.
Reykjavík, 8. maí 1934.
Garðar Gíslason.

30. Ég undirrituð rek smásöluverzlun í Reykjavík með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu Gleraugnasalan.
Ég ein hefi rétt til að rita firmað og rita það þannig:

Gleraugnasalan.
Kristiana Blöndahl Ólafsson.
Reykjavík, 25. maí 1934.
Kristiana Blöndahl Ólafsson.

31. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að klæðskeram. Axel Andersen hefir verið selt firmað „Klæðaverzlun H. Andersen & Sön“ og rekur hann firmað frá 15. þ. m. á eigin ábyrgð. Jafnframt afturkallast prókúruumboð það, er Axel Andersen var veitt á sínum tíma fyrir téð firma. **179**

Reykjavík, 15. maí 1934.
f. h. Db. Helgu J. Andersen
L. Andersen,
eftir umboði.

32. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður hefi keypt firmað Klæðaverzlun H. Andersen & Sön, hér í bæ, og rek ég verzlun þessa áfram frá og með 15. þ. m. að telja, með sama firmanafni og með ótakmarkaðri ábyrgð. Ég einn hefi rétt til að skuldbinda firmað og haga undirskrift þannig:

Klæðaverzlun H. Andersen & Sön
Axel Andersen.
Reykjavík, 30. maí 1934.
Axel Andersen.

33. Hér með tilkynnist, að ég undirritaður rek hér í bænum smjörlíkis- og efnagerð með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu Smjörlíkisgerðin Ljómi.
Ég einn hefi rétt til að rita firmað og rita það þannig:

Smjörlíkisgerðin Ljómi
M. Thorsteinsson.
Reykjavík, 30. maí 1934.
Magnús Sch. Thorsteinsson.

34. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður rek verzlun í Reykjavík undir firmanafninu: Verzlunin Þörf.
Firmað rek ég með ótakmarkaðri ábyrgð og hefi einn rétt til að rita það.
Firmað rita ég þannig:

Verzlunin Þörf
Jón Sigmar Elísson.
Reykjavík, 31. maí 1934.
Jón Sigmar Elísson.

179 35. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður rek með ótakmarkaðri ábyrgð verzlun hér í bæ undir nafninu: Verzlunin Aldan.
Ég einn hefi rétt til að rita firmað og rita það þannig:
Verzlunin Aldan
Jóh. V. H. Sveinsson.
Reykjavík, 31. maí 1934.
Jóhannes V. H. Sveinsson.

36. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég rek með ótakmarkaðri ábyrgð smásöluverzlun hér í bæ undir firmanafninu: Verzlunin Drangey.
Ég einn hefi rétt til að rita firmað og rita það þannig:
Verzlunin Drangey
Páll Þorkelsson.
Reykjavík, 31. maí 1934.
Páll Þorkelsson.

37. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirrituð rek með ótakmarkaðri ábyrgð smásöluverzlun hér í bæ, undir firmanafninu:
Litla Blómabúðin.
Ég ein hefi rétt til að rita firmað og rita það þannig:
Litla Blómabúðin.
Jóhanna J. Zoëga.
Reykjavík, 5. júní 1934.
Jóhanna J. Zoëga.

38. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður rek smásöluverzlun hér í bæ undir firmanafninu Verzlunin Hlíð.
Ég rek firmað með ótakmarkaðri ábyrgð og hefi einn rétt til að rita það.
Firmað rita ég þannig.
Verzlunin Hlíð
Kj. Stefánsson.
Reykjavík, 31. maí 1934.
Kjartan Stefánsson.

39. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir Stefán Bjarnason, verzlunarm., Laufásv. 46, Einar Kristjánsson, auglýsingastjóri, Sjafnargötu 6 og Einar Bjarnason cand. juris, Tjarnargötu 49, allir til heim-

ilis í Reykjavík, rekum með ótakmarkaðri ábyrgð fyrirtæki undir nafninu: **179**
Kauphöllin.

Starfsvið þess er að hafa milligöngu í kaupum og sölu fasteigna, verðbréfa o. þ. h. og útvega lán og lántakendur.

Firmað ritar Einar Bjarnason á þennan hátt:

„Kauphöllin"
Einar Bjarnason.

Reykjavík, 31. maí 1934.

Stefán Bjarnason. Einar Kristjánsson. Einar Bjarnason.

40. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirrituð rek með ótakmarkaðri ábyrgð hattaverzlun í Reykjavík undir firmanafninu: Hadda.

Ég ein hefi rétt til að rita firmað og rita það þannig:

Hadda
Dóra Pétursdóttir.

Reykjavík, 1. júní 1934.
Halldóra I. Pétursdóttir.

41. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirrituð rek smásöluverzlun hér í bæ undir firmanafninu: Verzlunin Skrúður.

Ég rek firmað með ótakmarkaðri ábyrgð og hefi ein rétt til að rita það og rita það þannig:

Verzlunin Skrúður
Guðný Stefánsson.

Reykjavík, 2. júní 1934.
Guðný (f. Óladóttir) Stefánsson.

42. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður rek með ótakmarkaðri ábyrgð smásöluverzlun hér undir firmanafninu: Verzlunin Halli Þór.

Ég einn hefi rétt til að rita firmað og rita það þannig:

Verzlunin Halli Þór.
Halldór Þórarinsson.

Reykjavík, 4. júní 1934.
Halldór Þórarinsson.

179 43. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður rek með ótakmarkaðri ábyrgð ferðaskrifstofu í Reykjavík undir firmanafninu: Ferðaskrifstofan Jónas.

Ég einn hefi rétt til að rita firmað og rita það þannig:

Ferðaskrifstofan Jónas
J. M. Lárusson.

Reykjavík, 4. maí 1934.
Jónas Magnús Lárusson.

44. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirrituð sel verzlun mína „Nýja búðin" til Páls Sæmundssonar.

Reykjavík, 4. júní 1934.
Guðrún Eyleifsdóttir.

45. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður hefi keypt verzlunina „Nýja búðin" af frú Guðrúnu Eyleifsdóttur og rek verzlunina eftirleiðis á mína ábyrgð.

Firmað rita ég þannig:

Nýja búðin
Páll Sæmundsson.

Reykjavík, 4. júní 1934.
Páll Sæmundsson.

46. Það tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður rek sem fullábyrgur einkaeigandi smásöluverzlun hér í bæ undir firmanafninu:

„Amatörverzlunin".

Ég einn hefi rétt til að rita firmað og rita það þannig:

„Amatörverzlunin"
Þorl. Þorleifsson.

Reykjavík, 7. júní 1934.
Þorleifur Þorleifsson.

47. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður rek með ótakmarkaðri ábyrgð beykisvinnustofu hér í bæ undir firmanafninu: „Beykisvinnustofan".

Ég einn hefi rétt til að rita firmað og rita það þannig:

Beykisvinnustofan
Kristján Ebenesersson.

Reykjavík, 7. júní 1934.
Kristján Ebenesersson.

48. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir rekum með ótakmarkaðri ábyrgð verzlun hér í bæ undir firmanafninu: Verzlun Einars Eyjólfssonar. **179**

Hvor um sig hefir rétt til að rita firmað — en þó undirritum við báðir, ef um sölu, kaup eða veðsetningu er að ræða vegna verzlunarinnar.

Firmað ritum við þannig:

Verzlun Einars Eyjólfssonar
Á. K. Eyjólfsson.
Verzlun Einars Eyjólfssonar
Einar Eyjólfsson.
Verzlun Einars Eyjólfssonar
Á. K. Eyjólfsson. Einar Eyjólfsson.

Reykjavík, 8. júní 1934.

Ármann Kr. Eyjólfsson. Einar Eyjólfsson.

49. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður rek með ótakmarkaðri ábyrgð vinnustöð fyrir skipasmíðar og verzlun með tilheyrandi efni hér í bæ undir firmanafninu: Skipasmíðastöð Reykjavíkur.

Ég einn hefi rétt til að rita firmað og rita það þannig:

Skipasmíðastöð Reykjavíkur
Magnús Guðmundsson.

Reykjavík, 8. júní 1934.

Magnús Guðmundsson.

50. Við undirritaðir húsgagnasmiðir: Jónas Sólmundsson, Týsgötu 1, Garðar Hall, Leifsgötu 7, og Ólafur B. Ólafs, Vesturgötu 16, allir til heimilis í Reykjavík, tilkynnum hér með, að við rekum húsagagnasmíðavinnustofu í Reykjavík og verzlum með vörur, er standa í sambandi við iðnina, undir firmanafninu: Smíðastofan Reynir, og takmarkast ábyrgð hvers okkar um sig við framlag hans til firmans. Framlag Jónasar Sólmundssonar er kr. 2500.00. Framlag Garðars Hall kr. 2500.00 og framlag Ólafs B. Ólafs kr. 2500.00. Hver okkar um sig hefir rétt til að rita firmað. Þó þarf undirskrift okkar allra til þess að kaupa fasteignir fyrir firmans hönd, selja þær eða veðsetja, svo og til þess að selja eða veðsetja vélar eða verkfæri firmans.

Firmað ritum við hver um sig þannig:

Smíðastofan Reynir
Jónas Sólmundsson.
Smíðastofan Reynir
Garðar Hall.
Smíðastofan Reynir
Ólafur B. Ólafs.

179 Og allir í sameiningu þannig:

Smíðastofan Reynir

Jónas Sólmundsson. Garðar Hall. Ólafur B. Ólafs.

Reykjavík, 8. júní 1934.

Jónas Sólmundsson. Garðar Hall. Ólafur B. Ólafs.

51. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir rekum skipamiðlun og skipaafgreiðslu hér í bæ með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu: Faaberg & Jakobsson, og ritum hvor um sig firmað.

Harald Faaberg ritar firmað þannig:

Faaberg & Jakobsson.

Theodór Jakobsson ritar firmað þannig:

Faaberg & Jakobsson.

Reykjavík, 8. júní 1934.

Harald Faaberg. Theodór Jakobsson.

52. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirrituð rek með ótakmarkaðri ábyrgð prentsmiðju hér í bæ undir nafninu: Herbertsprent.

Ég ein hefi rétt til að rita firmað og rita það þannig:

Herbertsprent

Ólafía Árnadóttir.

Prókúruhafi er herra Haukur Herbertsson, Bankastræti 3, Reykjavík, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Herbertsprent

Haukur Herbertsson.

Reykjavík, 6. júní 1934.

Ólafía Árnadóttir.

53. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirrituð rek með ótakmarkaðri ábyrgð smásöluverzlun hér í bæ undir firmanafninu:

Bókaverzlun Sigurðar Kristjánssonar.

Ég ein hefi rétt til að rita firmað og rita það þannig:

Bókaverzlun Sigurðar Kristjánssonar.

Ólafía Árnadóttir.

Prókúruhafi er herra Haukur Herbertsson, Bankastræti 3, Reykjavík, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Bókaverzlun Sigurðar Kristjánssonar.

Haukur Herbertsson.

Reykjavík, 6. júní 1934.

Ólafía Árnadóttir.

54. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir rekum **179**
sem fullábyrgir félagar prentsmiðju hér í bæ undir firmanafninu: Prentsmiðjan Viðey.

Hvor um sig hefir rétt til að rita firmað, en undirritum þó báðir, ef um skuldbindingar, kaup eða sölu er að ræða.

Firmað ritum við þannig:

pr. Prentsm. Viðey
Guðm. Gunnlaugsson.
pr. Prentsm. Viðey
Bjarni J. Jóhannesson.
pr. Prentsm. Viðey
Guðm. Gunnlaugsson. Bjarni J. Jóhannesson.

Reykjavík, 9. júní 1934.

Guðm. Gunnlaugsson. Bjarni J. Jóhannesson.

55. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirrituð, Olga Hejnæs, Túngötu 18, Reykjavík, rek með ótakmarkaðri ábyrgð smásöluverzlun hér í bæ undir firmanafninu: Ninon.

Prókúruhafi er frú Anna Friðriksson, Túngötu 18, og ritar hún firmað þannig:

pr. pr. Ninon
Anna Friðriksson.

Reykjavík, 11. júní 1934.

Fyrir hönd Olgu Hejnæs
eftir umboði
Anna Friðriksson.

56. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður rek með ótakmarkaðri ábyrgð smásöluverzlun hér í bæ undir firmanafninu: Verzlunin Goðaland.

Ég einn hefi rétt til að rita firmað og rita það þannig:

Verzlunin Goðaland
Ólafur Guðnason.

Reykjavík, 11. júní 1934.

Ólafur Guðnason.

179 57. Við undirritaðir leyfum okkur hér með að tilkynna til firmaskrárinnar, að við rekum í Reykjavík brauðgerðarhús og allskonar sælgætisgerð með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu: Á. Jónsson & Nielsen.

Við höfum báðir rétt til að rita firmað og ritum það þannig:

pr. Á. Jónsson & Nielsen
Ágúst Jónsson.
pr. Á. Jónsson & Nielsen
Alfred Nielsen.

Reykjavík, 5. júní 1934.

Ágúst Jónsson, Njálsgötu 65. Alfred Nielsen, Vesturgötu 29.

58. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir, Jón Stefánsson, blikksmiður, Grettisgötu 57, og Ingibergur Stefánsson, blikksmiður, Framnesvegi 44, báðir til heimilis í Reykjavík, starfrækjum með ótakmarkaðri ábyrgð blikksmiðju hér í bænum undir nafninu: Blikksmiðjan Grettir.

Við báðir höfum rétt til að rita firmað og gerum það þannig:

pr. Blikksmiðjan Grettir
Jón Stefánsson.
pr. Blikksmiðjan Grettir
Ingibergur Stefánsson.

Reykjavík, 11. júní 1934.

Jón Stefánsson. Ingibergur Stefánsson.

59. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðar rekum með ótakmarkaðri ábyrgð hárgreiðslustofu í Reykjavík undir firmanafninu: Hárgreiðslustofan Hollywood. Kristín Guðmundardóttir hefir ein rétt til að rita firmað og ritar það þannig:

Hárgreiðslustofan Hollywood
Kristín Guðmundardóttir.

Reykjavík, 31. maí 1934.

Kristín Guðmundardóttir.

Ísafirði, 3. júní 1934.

Sólveig Sandholt.

60. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður, Hálfdán Helgason, Bergstaðastræti 54, Reykjavík, rek smásöluverzlun hér í bænum undir nafninu: Verzlunin Björk. Ennfremur útibú undir nafninu: Verzlunin Björninn.

Firmun rek ég með ótakmarkaðri ábyrgð og hefi einn rétt til að rita þau. **179**
Firmun rita ég þannig:

Verzlunin Björk
Hálfdán Helgason.
Verzlunin Björninn.
Hálfdán Helgason.
Reykjavík, 14. júní 1934.
Hálfdán Helgason.

61. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirrituð rek með ótakmarkaðri ábyrgð smásöluverzlun í Reykjavík undir firmanafninu: Hannyrðaverzlun Ágústu Eiríksdóttur.

Ég ein hefi rétt til að rita firmað og rita það þannig:

Hannyrðaverzl. Ágústu Eiríksd.
Ágústa Eiríksdóttir.
Reykjavík, 15. júní 1934.
Ágústa Eiríksdóttir.

62. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður rek með ótakmarkaðri ábyrgð, smásöluverzlun í Reykjavík, undir firmanafninu: Jón & Geiri.

Ég einn hefi rétt til að rita firmað og rita það þannig:

Jón & Geiri
J. Guðlaugsson.
Reykjavík, 20. júní 1934.
Jón Guðlaugsson.

63. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirrituð, Guðrún Vigfúsdóttir, Aðalbóli við Skerjafjörð, og Sigurður Jón Guðmundsson, Spítalastíg 7, rekum með ótakmarkaðri ábyrgð iðnfyrirtæki hér í bænum undir nafninu: Belgjagerðin.

Við hvort um sig höfum rétt til að rita firmað, en ef um veðskuldbindingar, fasteignakaup eða sölu fasteigna er að ræða, þá þarf undirskrift beggja.

Firmaritun:

pr. Belgjagerðin
Sigurður Jón Guðmundsson.
pr. Belgjagerðin
Guðrún Vigfúsdóttir.
pr. Belgjagerðin
Sigurður Jón Guðmundsson. Guðrún Vigfúsdóttir.
Reykjavík, 13. júní 1934.
Sigurður Jón Guðmundsson. Guðrún Vigfúsdóttir.

179 64. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður Gísli Sveinsson, vélsmiður í Reykjavík, rek sem einkaeigandi og með ótakmarkaðri ábyrgð iðnaðarfyrirtæki hér í bænum undir firmanafninu: Vélsmiðjan Steðji.

Firmað rita ég þannig:

Vélsmiðjan Steðji
Gísli Sveinsson.

Prókúru hefir herra Þorkell Sveinsson, Miðstræti 3 A, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Vélsmiðjan Steðji
Þorkell Sveinsson.
Reykjavík, 14. júní 1934.
Gísli Sveinsson.

65. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður starfræki með ótakmarkaðri ábyrgð prentsmiðju hér í bæ undir firmanafninu Prentsmiðjan Dögun.

Ég einn hefi rétt til að rita firmað og rita það þannig:

Prentsmiðjan Dögun
Stefán Ögmundsson.

Prókúruhafi er herra Gunnar Sigurmundsson, Hólabrekku, og undirritar hann þannig:

pr. pr. Prentsmiðjan Dögun
Gunnar Sigurmundsson.
Reykjavík, 15. júní 1934.
Stefán Ögmundsson.

66. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirrituð rek með ótakmarkaðri ábyrgð sælgætisgerð og smásöluverzlun í Reykjavík, undir firmanafninu: Konfektgerðin Fjóla.

Ég ein hefi rétt til að rita firmað og rita það þannig:

Konfektgerðin Fjóla
Svanhildur Gissursdóttir.

Prókúru hefir maður minn, Guðmundur R. Magnússon, Þingholtsstræti 18, og ritar hann firmað þannig:

Konfektgerðin Fjóla
Guðm. R. Magnússon.
Reykjavík, 31. maí 1934.
Svanhildur Gissursdóttir.

67. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðar rekum **179**
með jafnri ótakmarkaðri ábyrgð, saumastofu hér í bæ, undir firmanafninu: Tízkuhúsið Juno.

Við höfum hvor um sig rétt til að rita firmað og ritum við það þannig:

Tízkuhúsið Juno.
Erla Egilson.
Tízkuhúsið Juno.
Anne Marie Östergaard.

Reykjavík, 19. júní 1934.

Erla Egilson. Anne Marie Östergaard.

68. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirrituð rek, með ótakmarkaðri ábyrgð, saumastofu í Reykjavík, undir firmanafninu: Tízkan.

Ég ein hefi rétt til að rita firmað og rita það þannig:

Tízkan.

Reykjavík, 12. júní 1934.

Ingibjörg S. Sigurðardóttir.

69. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður rek, með ótakmarkaðri ábyrgð, verzlun með lampaskerma, lampa o. fl., undir firmanafninu: Skermabúðin.

Ég einn hefi rétt til að rita firmað og rita það þannig:

Skermabúðin.
Ludvig Storr.

Reykjavík, 21. júní 1934.

Ludvig Storr.

70. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirrituð starfræki, með ótakmarkaðri ábyrgð, efnalaug í Reykjavík, undir firmanafninu: Efnalaugin Lindin.

Ég ein hefi rétt til að rita firmað og rita það þannig:

Efnalaugin Lindin.
Hrefna E. Þórðardóttir.

Reykjavík, 22. júní 1934.

Hrefna Elinborg Þórðardóttir.

71. Hér með tilkynnum við til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir, rekum kaffibrennslu í Reykjavík, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu: Nýja kaffibrennslan.

179 Við hver um sig, höfum rétt til að rita firmað, en þó ef um skuldbindingar, kaup eða sölu er að ræða, undirritum við allir.

Firmritun:

Carl Ryden, ritar firmað þannig:

Nýja kaffibrennslan,
Carl Ryden.

Ólafur Haukur Ólafsson ritar firmað þannig:

Nýja kaffibrennslan.
H. Ólafsson & Bernhöft.

Guido Bernhöft ritar firmað þannig:

Nýja kaffibrennslan,
H. Ólafsson & Bernhöft.

Allir rita firmað þannig:

Nýja kaffibrennslan.
Carl Ryden. H. Ólafsson & Bernhöft.

Reykjavík, 26. júní 1934.

Carl Ryden. Ó. H. Ólafsson. Guido Bernhöft.

72. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir rekum með ótakmarkaðri ábyrgð, umboðsverzlun hér í bænum, undir firmanafninu: August H. B. Nielsen & Co.

Við hvor um sig, höfum rétt til að rita firmað og ritum það þannig:

August H. B. Nielsen & Co.
August Nielsen.
August H. B. Nielsen & Co.
Sig. Sveinsson.

Reykjavík, 21. júní 1934.

August H. B. Nielsen. Sigurður Sveinsson.

73. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir rekum hér í bænum, brauð- og kökugerð, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu: Gísli & Kristinn.

Hvor um sig hefir rétt til að rita firmað og ritum við það þannig:

Gísli & Kristinn.
Gísli Ólafsson.
Gísli & Kristinn.
Kr. Magnússon.

Reykjavík, 18. júní 1934.

Gísli Ólafsson. Kr. Magnússon.

74. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður rek **179**
með ótakmarkaðri ábyrgð, málningaverkstæði hér í bænum, undir firmanafninu: Málarastofan.

Ég einn hefi rétt til að rita firmað og rita það þannig:

Málarastofan.
Hjalti Einarsson.

Reykjavík, 15. júní 1934.
Hjalti Einarsson.

75. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirrituð Chr. Berndsen og Guðríður Kristjánsdóttir, bæði til heimilis á Klapparstíg 42, rekum með ótakmarkaðri ábyrgð, hér í bæ, veitingastofu og sölu, undir firmanafninu: Alma.

Við hvort um sig, höfum rétt til að rita firmað og ritum það þannig:

Alma.
Chr. Berndsen.
Alma.
Guðríður Kristjánsdóttir.

Reykjavík, 16. júlí 1934.
Chr. Berndsen. Guðríður Kristjánsdóttir.

76. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirrituð rek með ótakmarkaðri ábyrgð, fiskmetis- og kjötfarsgerð hér í bænum, undir firmanafninu: Farsgerðin.

Ég ein hefi rétt til að rita firmað og rita það þannig:

Farsgerðin.
Jónína S. Filippusdóttir.

Reykjavík, 16. júlí 1934.
Jónína Sigurbjörg Filippusdóttir.

77. Kjöbenhavn, 7. júlí 1934. — Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að bankaprókúra sú, sem frk. Hanna Erikson hefir haft fyrir verzlunina „Vesta“, Vesturgötu 10, Reykjavík, afturkallast þann 15. júlí 1934.

Smjör- og Kaffihúsið „Irma“,
Hafnarstræti 22, Rvík.
Carl Schepler.

179 78. Það tilkynnist hér með, að bankaprókúra sú, sem frk. Ingibjörg Jóhannesdóttir, Reykjavík, hefir haft fyrir Smjör- og Kaffihúsið „Irma", Hafnarstræti 22, Rvík, er afturkölluð. Jafnframt tilkynnist það, að frk. Sigríður Björnsson, Bókhlöðustíg 6, Reykjavík, hefir bankaprókúru fyrir Smjör- og Kaffihúsið „Irma" í Reykjavík, og ritar hún firmað þannig:

pr. pr. Smjör- og Kaffihúsið „Irma"
Sigrid Björnsson.
Köbenhavn, 1. ágúst 1934.
Carl Schepler.

79. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður hefi með kaupsamningi dags. 1. júlí 1934, selt Veiðarfæragerð Íslands, hér í bæ, til Heildverzlun Ásgeirs Sigurðssonar, Reykjavík, og ber ég því enga ábyrgð á skuldbindingum Veiðarfæragerðarinnar frá þeim degi að telja.

Reykjavík, 3. ágúst 1934.
Skúli Pálsson, Sjafnargötu 8.

Samkv. ofanrituðu hefir Heildverzlun Ásgeirs Sigurðssonar keypt Veiðarfæragerð Íslands og rekur hana framvegis sem einkaeigandi undir sama nafni og áður.

Reykjavík, 3. ágúst 1934.
Heildverzlun Ásgeirs Sigurðssonar
Ásgeir Sigurðsson.

80. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirrituð rek hárgreiðslustofu í Reykjavík undir firmanafninu: Hárgreiðslustofan Garbo.

Ég rek firmað með ótakmarkaðri ábyrgð og hefi ein rétt til að rita það.

Firmað rita ég þannig:

Hárgreiðslustofan Garbo
G. Thorlacius.
Reykjavík, 1. júní 1934.
Guðlaug Thorlacius.

81. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir rekum í félagi og með ótakmarkaðri ábyrgð umboðs- og heildverzlun undir firmanafninu Skúli Jóhannsson & Co. Hverjir 2 eigenda hafa rétt til að rita firm-

að, en þó þarf undirskrift allra, ef um er að ræða sölu eða veðsetningu á **179**
eignum firmans.

Firmað ritum við þannig:

Skúli Jóhannsson & Co.
Jóhann Eyjólfsson. Oddur Helgason.
Skúli Jóhannsson & Co.
Jóhann Eyjólfsson. Skúli Jóhannsson.
Skúli Jóhannsson & Co.
Jóhann Eyjólfsson. Þ. K. Kristinsson.
Skúli Jóhannsson & Co.
Oddur Helgason. Skúli Jóhannsson.
Skúli Jóhannsson & Co.
Oddur Helgason. Þ. K. Kristinsson.
Skúli Jóhannsson & Co.
Skúli Jóhannsson. Þ. K. Kristinsson.
Skúli Jóhannsson & Co.
Jóhann Eyjólfsson. Oddur Helgason.
Skúli Jóhannsson. Þ. K. Kristinsson.

Prókúruumboð fyrir firmað hefir Skúli Jóhannsson og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Skúli Jóhannsson & Co.
Skúli Jóhannsson.

Reykjavík, 28. ágúst 1934.
Jóhann Eyjólfsson, Sjafnargötu 8, Rvík.
Oddur Helgason, Bankastræti 7, Rvík.
Skúli Jóhannsson, Sjafnargötu 8, Rvík.
Þórir Kr. Kristinsson, Frakkastíg 12, Rvík.

82. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að hr. Guðmundur Elísson, fulltrúi, Njálsgötu 5, Rvík, hefir frá 1. janúar 1934 gerzt meðeigandi sem fullábyrgur félagi í firmanu Þórður Sveinsson & Co.

Firmað ritar hann þannig:

Þórður Sveinsson & Co.
Guðm. Elísson.

Prókúruumboð sem hann hefir haft fellur hér með niður.

Reykjavík, 31. ágúst 1934.
Björn Ólafsson.

83. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður, Sveinn Gunnarsson, kaupmaður á Sauðárkróki, rek verzlun í Reykjavík undir

179 nafninu: „Verzlunin Söluturninn“. Firmað rek ég með ótakmarkaðri ábyrgð og rita það þannig:

Verzlunin Söluturninn
Sveinn Gunnarsson.

Prókúru fyrir firmað hefir Ólafur Sveinsson, Smiðjustíg 4, Rvík, og ritar hann firmað þannig sem prókúruhafi:

pr. pr. Verzlunin Söluturninn
Ólafur Sveinsson.
Sauðárkróki, 5. sept. 1934.
Sveinn Gunnarsson.

84. Prókúruumboð það, sem verzlm. Jón Sigurjónsson, Laugav. 83, hefir haft fyrir Kaupfélag alþýðu, Reykjavík, afturkallast frá og með deginum í dag að telja.

Reykjavík, 8. sept. 1934.
Í stjórn Kaupfélags alþýðu, Reykjavík.
Ingimar Jónsson. Eiríkur Snjólfsson. Pétur G. Guðmundsson.

85. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir rekum með ótakmarkaðri ábyrgð lýsisbræðslu hér í umdæminu undir firmanafninu „Lifur og Bein“. Meðundirritaður, Skafti Ólafsson, hefir einn rétt til að rita firmað, nema þegar um sölu eða veðsetningu fasteigna er að ræða, þá þarf undirskrift beggja.

Firmaritun:

Lifur og Bein
Skafti Ólafsson.
Lifur og Bein
Skafti Ólafsson. Benedikt Jónsson.
Reykjavík, 7. sept. 1934.
Benedikt Frímann Jónsson, Bergstaðastræti 48.
Skafti Ólafsson, Laugav. 83.

86. Ég undirritaður, Þóroddur Jónsson, stórkaupmaður í Reykjavík, gef hér með bókhaldara mínum, Sigurði Guðmundssyni, Spítalastíg 6, hér, prókúruumboð fyrir verzlun mína, „Heildverzlun Th. E. Jónsson“, og hefir hann öll réttindi prókúruhafa samkvæmt lögum nr. 42, 13. nóv. 1903.

Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. Heildverzlun Th. E. Jónsson
Sig. H. Guðmundsson.
Reykjavík, 25. sept. 1934.
Þóroddur E. Jónsson.

87. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir rekum **179**
með ótakmarkaðri ábyrgð hárgreiðslustofu hér í bænum undir firmanafninu: Hárgreiðslustofan Femina.
Við hvor um sig höfum rétt til að rita firmað og ritum það þannig:
Hárgreiðslustofan Femina
Hulda Davíðsson.
Hárgreiðslustofan Femina
Svava Berentsdóttir.
Reykjavík, 27. sept. 1934.
Hulda Davíðsson, Ægisgötu 27. Svava Berentsdóttir, Stýrimst. 3, Rv.

88. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður veiti hér með sonum mínum, Bergi G. Gíslason og Kristjáni G. Gíslason, Laufásveg 53, sameiginlegt prókúru-umboð til þess báðum saman að rita firma mitt pr. prokura.
Reykjavík, 24. okt. 1934.
Garðar Gíslason.
Prókúru-hafar rita firmað þannig:
pr. pr. Garðar Gíslason
B. G. Gíslason. K. G. Gíslason.

89. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður rek smásöluverzlun hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu: Ávaxtabúðin. Ég einn hefi rétt til að rita firmað og rita það þannig:
Ávaxtabúðin
Sigurður Gíslason.
Reykjavík, 1. nóv. 1934.
Sigurður Gíslason, Hverfisgötu 93.

90. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir rekum umboðs- og heildverzlun undir firmanafninu: Ólafur R. Björnsson & Co. Firmað rekum við með ótakmarkaðri ábyrgð, hefir hvor um sig rétt til að rita firmað, en undirskrift beggja þarf, ef um veðsetningu eða sölu fasteigna er að ræða. Firmað ritum við þannig:
Ólafur R. Björnsson & Co.
Ólafur R. Björnsson.
Ólafur R. Björnsson & Co.
Guðm. Þórðarson.
Ólafur R. Björnsson & Co.
Ólafur R. Björnsson. Guðm. Þórðarson.
Reykjavík, 31. okt. 1934.
Ólafur R. Björnsson, Hallveigarstíg 6.
Guðmundur Þórðarson, Vesturg. 39.

179 91. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að vér höfum sett á stofn útibú í Reykjavík með firmanafninu: Sameignarfélagið Akurgerði, útflutningsdeild. Útibúið rekur verzlun og umboðsverzlun með fisk og fiskiafurðir.

Eigendur firmans, þeir Þórarinn Egilson, Reykjavíkurvegi 1, Hafnarfirði, og Ásgrímur Sigfússon, Kirkjuvegi 7, Hafnarfirði, bera ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum firmans og rita þeir firmað hvor um sig þannig:

S/F Akurgerði (útfl.deild)
Þórarinn Egilson.
S/F Akurgerði (útfl.deild)
Ásgr. Sigfússon.
Hafnarfirði, 29. sept. 1934.
S/F Akurgerði
Ásgr. Sigfússon. Þórarinn Egilson.

92. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að Guðmundur Þórðarson, Vesturgötu 39, Reykjavík, er genginn úr firmanu Ólafur R. Björnsson & Co. og eru honum því allar skuldbindingar firmans óviðkomandi frá og með deginum í dag.

Ólafur R. Björnsson rekur firmað áfram undir sama firmanafni og áður og hefir hann einn rétt til að rita firmað.
Firmað ritar hann þannig:

Ólafur R. Björnsson & Co.
Ólafur R. Björnsson.
Reykjavík, 12. nóv. 1934.
Ólafur R. Björnsson. Guðm. Þórðarson, Vesturg. 39.

93. Ég undirritaður veiti hér með hr. Óla M. Ísakssyni, Eiríksgötu 29, prókúruumboð fyrir verzlun mína og ritar hann firmað þannig:

p. p. Sveinn Egilsson
Óli M. Ísaksson.
Reykjavík, 28. nóv. 1934.
Sveinn Egilsson.

94. Hér með leyfum við okkur að tilkynna, að kaupm. Gunnar Jónsson er genginn úr firmanu Skóverzlun Jóns Stefánssonar í Reykjavík, og rekum við tveir meðundirritaðir, Stefán Jónsson og Óskar Jónsson, firmað áfram með ótakmarkaðri ábyrgð.

Reykjavík, 20. nóv. 1934.
Gunnar Jónsson. Óskar Jónsson. Stefán Jónsson.

95. Heiti félagsins er: „Pöntunarfélag verkamanna“, skammstafað: P. V. Dag- **179**
setning samþykkta félagsins er 12. nóv. 1934. Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Markmið félagsins er: Að útvega félagsmönnum alls konar vörur, sem beztar að gæðum og við sem vægustu verði, með pöntunarstarfsemi og með því að hafa opnar sölubúðir. Öll lánsverzlun er bönnuð. Félagið er stofnað af einstaklingum og pöntunardeildum, og greiði núverandi meðlimir kr. 2.50 í inntökugjald, en nýir félagar kr. 5.00. Í varasjóð rennur ½ inntökugjalda og 1½% af viðskiptaveltunni, annari en pöntunarveltunni. Ennfremur helmingur þess arðs, sem verzlunin gefur. Í félagssjóð rennur helmingur inntökugjalda og helmingur árságóðans, og auk þess annað það fé, sem sjóðnum kann að áskotnast. Við inngöngu í félagið ber hverjum félaga að kaupa 10 króna vaxtabréf, er hljóða á nafn hans. Skal það endurgreitt 2 árum eftir dagsetningu þess, nema öðruvísi verði ákveðið á félagsfundi. Skal fé þetta notað til reksturs félagsins. Sjóðir félagsins skulu ávaxtaðir í tryggri peningastofnun. Ábyrgð félagsmanna takmarkast við tillög þeirra í félagið. Stjórn félagsins skipa 7 — sjö menn og 4 — fjórir varamenn. Þeir skulu vera félagsmenn. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra. Firmað rita 3 — þrír stjórnendur saman og auk þess framkvæmdastjóri sem prókúruhafi. Stjórn félagsins skipa: Stefán Árnason, Fálkagötu 9, Adolf Petersen, Óðinsgötu 28, Sveinbjörn Guðlaugsson, Lokastíg 20, Reynir Snjólfsson, Lokastíg 23, Aðalsteinn Guðmundsson, Þvergötu 12, Þormóður Guðmundsson, Bárugötu 22, Björgvin Stefánsson, Fálkagötu 9. Varastjórnendur: Kristján Sveinbjörnsson, Mýrargötu 7, Bergsteinn Hjörleifsson, Undralandi, Ásgrímur Gíslason, Framnesv. 36 A og Vilmundur Vilhjálmsson, Nýlendugötu 12. Framkvæmdastjóri félagsins er Jens Figved, og undirritar hann þannig sem prókúruhafi:

p. p. Pöntunarf. verkamanna
Jens Figved.

Reykjavík, 26. nóv. 1934.

Stefán Árnason. Sveinbjörn Guðlaugsson. Adolf Petersen.
Reynir Snjólfsson. Þormóður Guðmundsson.
Björgvin L. Stefánsson.

96. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður rek með ótakmarkaðri ábyrgð verzlun hér í bænum undir firmanafninu „Skórinn“.

Ég einn hefi rétt til að rita firmað og rita það þannig:

Skórinn
Jón Bergsson.

Reykjavík, 4. des. 1934.

Jón Bergsson, Þórsgötu 21.

179

2. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla.

1. Á aðalfundi Samvinnufélagsins Grímur, 21. febr. 1934, gengu úr stjórn félagsins: Friðrik Þórðarson, Daníel Eyjólfsson. Í staðinn fyrir þá komu í stjórnina: Hervald Björnsson, Friðrik Þorvaldsson.

Borgarnesi, 22. júní 1934.

Þorkell Teitsson. Magnús Jónsson.

2. Guðrún Benediktsdóttir rekur brauðgerðarhús og brauðsölubúð á Akranesi í Borgarfjarðarsýslu undir nafninu: „Reyndalsbakarí", Akranesi, og ber ein alla ábyrgð á skuldbindingum þess.

Hún ritar firmað þannig:

Reyndalsbakarí, Akranesi
Guðrún Benediktsdóttir.

Prókúruumboð fyrir firmað hefir Jóhann Reyndal, bakarameistari, Óðinsgötu 12 á Akranesi, og ritar hann firmað þannig:

p. p. Reyndalsbakarí, Akranesi
Jóh. Reyndal.

3. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.

1. Ég undirritaður Sigurður Ágústsson, kaupmaður í Stykkishólmi, gef hér með herra gjaldkera Haraldi Ágústssyni, Blómvallagötu 11 í Reykjavík, umboð sem prókúrista fyrir verzlun mína, og hefir hann öll réttindi prókúrista samkvæmt gildandi lögum.

Firmað ritar hann þannig:

p. p. Sig. Ágústsson.
H. Ágústsson.
Stykkishólmi, 3. febr. 1934.
Sigurður Ágústsson.

4. Ísafjarðarsýsla og Ísafjarðarkaupstaður.

1. Stjórn Kaupfélags Nauteyrarhrepps lýsir yfir að prókúruumboð, er Sigurður Þórðarson á Arngerðareyri hefir haft fyrir Kaupfélag Nauteyrarhrepps, falli niður.

Arngerðareyri, 8. apríl 1934.
Í stjórn Kaupfélags Nauteyrarhrepps:
pr. pr. Kaupfélag Nauteyrarhrepps, Arngerðareyri
Sig. Þórðarson.

pr. pr. Kaupfélag Nauteyrarhrepps, Arngerðareyri **179**
Jón H. Fjalldal.
pr. pr. Kaupfélag Nauteyrarhrepps, Arngerðareyri
Sig. Pálsson.

Hér með tilkynnist, að skilanefnd Kaupfélags Nauteyrarhrepps, Arngerðareyri, veitir Sigurði Þórðarsyni á Arngerðareyri prókúruumboð fyrir sína hönd.

Arngerðareyri, 8. apríl 1934.
Í skilanefnd Kaupfélags Nauteyrarhrepps
Jón H. Fjalldal. Halldór Jónsson. Sig. Þórðarson.

2. Við undirritaðir, Páll Guðmundsson og Guðjón E. Jónsson, Ísafirði, höfum selt smásöluverzlun þá, sem við höfum rekið hér á Ísafirði undir nafninu Ísafold, herra Vilhelm Guðmundssyni, Ísafirði. Eru því allar skuldbindingar firmans frá og með 1. júlí þ. á. okkur óviðkomandi.

Ísafirði, 5. júlí 1934.
Guðjón E. Jónsson. Páll Guðmundsson.

3. Það tilkynnist hér með, að ég, Vilhelm Guðmundsson, Ísafirði, hefi frá 1. júlí þ. á. að telja, keypt af Páli Guðmundssyni og Guðjóni E. Jónssyni verzlunina Ísafold og rek hana undir sama firmanafni áfram og á eigin ábyrgð.

Firmað rita ég einn þannig:

Verzlunin Ísafold
V. Guðmundsson.
Ísafirði, 5. júlí 1934.
Vilhelm Guðmundsson.

5. Húnavatnssýsla.

1. Ég, Einar Thorsteinsson, kaupmaður á Blönduósi, gef hér með herra bókhaldara Halldóri Albertssyni umboð sem prókúrista fyrir verzlun mína og hefir hann öll réttindi prókúrista samkvæmt gildandi lögum.

Firmað ritar hann þannig:

p. p. Einar Thorsteinsson.
Halldór Albertsson.
Blönduósi, 10. janúar 1934.
Einar Thorsteinsson.

179 **6. Siglufjörður.**

1. Á aðalfundi Samvinnuútgerðar Siglufjarðar þ. 21. þ. m. var samþykkt að slíta Samvinnufél. Samvinnuútgerðar Siglufjarðar.

Siglufirði, 21. okt. 1933.

pr. pr. Samvinnuútgerð Siglufjarðar.

Eyþór Hallsson. Jónas Ásgrímsson. Jón Guðjónsson.

Högni Einarsson. Reimar Kristjánsson.

2. Við undirritaðir leyfum okkur hér með að tilkynna til firmaskrárinnar, að við rekum framvegis söltunar- og fiskistöð undir firmanafninu „Ísafold". Tilgangur firmans er að leigja út bryggjur og hús til söltunar á síld og fiski. Við berum báðir ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum firmans. Til þess að skuldbinda firmað þarf undirskrift okkar beggja. Firmað ritum við þannig:

Ísafold

Sig. Kristjánsson. Fr. Jóhannsson.

Siglufirði, 31. jan. 1934.

Sig. Kristjánsson. Fr. Jóhannsson.

3. Hér með tilkynnist til firmaskrár Siglufjarðar, að ég undirrituð rek veitingasölu á Siglufirði undir firmanafninu Café Hamborg með ótakmarkaðri ábyrgð og rita ég firmað þannig:

Café Hamborg

Ó. S. Kristjánsdóttir.

Siglufirði, 22. maí 1934.

Ólína S. Kristjánsdóttir.

4. Hér með tilkynnist til firmaskrár Siglufjarðarkaupstaðar, að ég undirritaður starfræki með ótakmarkaðri ábyrgð veitingasölu hér í bæ undir firmanafninu: „Heitt og kalt á Siglufirði".

Ég einn hefi rétt til að rita firmað og rita það þannig:

„Heitt og kalt á Siglufirði"

Páll Guðmundsson.

Prókúruhafi er enginn fyrst um sinn.

Siglufirði, 18. júlí 1934.

Páll Guðmundsson.

7. Eyjafjarðarsýsla og Akureyrarkaupstaður. 179

1. Hér með tilkynnist til firmaskrár Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstaðar, að ég undirritaður Stefán Árnason, Brekkugötu 1 B, Akureyri, rek sem einkaeigandi og með ótakmarkaðri ábyrgð kaffiverksmiðju á Akureyri undir firmanafninu „Kaffibrennsla Akureyrar".

Akureyri, 20. jan. 1934.
Stefán Árnason.

2. Ég undirritaður tilkynni til firmaskrár Akureyrarkaupstaðar, að ég rek verzlun í Akureyrarbæ með nýlenduvörur, matvörur, hreinlætisvörur, sælgætisvörur, tóbaksvörur o. fl., undir nafninu „Bræðrabúðin". Prókúru fyrir verzlunarinnar hönd hefir Marínó K. Stefánsson, og ritar hann hana þannig:

pr. pr. Bræðrabúðin
Marínó Stefánsson.
Akureyri, 31. janúar 1934.
St. Ó. Sigurðsson.

3. Hér með tilkynnist til firmaskrár Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstaðar, að ég undirritaður Benedikt Benediktsson, Brekkugötu 35 á Akureyri, rek smásöluverzlun hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu „Verzlunin Baldurshagi".

Firmað rita ég þannig:

Verzlunin Baldurshagi
Benedikt Benediktsson.
Akureyri, 20. febr. 1934.
Benedikt Benediktsson.

4. Ég undirritaður rek smásöluverzlun á Akureyri með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu „Verzlunin Liverpool".

Ég einn hefi rétt til að rita firmað og rita það þannig:

Verzlunin Liverpool
Hermann Jónsson.
Akureyri, 21. febr. 1934.
Hermann Jónsson.

5. Hér með tilkynnist til firmaskrár Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstaðar, að ég undirritaður, Sveinbjörn Jónsson, byggingameistari á Akureyri, rek

179 sem einkaeigandi og með ótakmarkaðri ábyrgð iðnaðarfyrirtæki hér í bænum undir firmanafninu „Iðja".

Aluminíum-amboð, vikursteinn til einangrunar, fægiduft o. fl. er framleitt í „Iðja".

Firmað rita ég þannig:

„Iðja" Akureyri
Sveinbjörn Jónsson.

Akureyri, 21. febrúar 1934.
Sveinbjörn Jónsson.

6. Hér með tilkynnist til firmaskrár Akureyrarkaupstaðar, að við undirritaðir rekum kjötverzlun hér í bænum, undir firmanafninu „Nýja Kjötbúðin".

Firmað rekum við með ótakmarkaðri ábyrgð og hefir hver um sig rétt til þess að rita það, nema ef um sölu eða veðsetningu er að ræða, þá þarf undirskrift allra. Firmað ritum við þannig:

Nýja Kjötbúðin.
Jón Þorvaldsson.
Nýja Kjötbúðin.
Marínó Stefánsson.
Nýja Kjötbúðin.
Ari Hallgrímsson.

Akureyri, 20. febrúar 1934.

A. Hallgrímsson. Jón Þorvaldsson. Marínó Stefánsson.

7. Ég, Hermann Jónsson, v/ verzlunin „Liverpool", Akureyri, gef hér með hr. Páli A. Pálssyni, Strandgötu 33, Akureyri, umboð sem prókúrista fyrir verzlun mína og hefir hann öll réttindi prókúrista samkv. l. nr. 42, 13. nóv. 1903. — Firmað ritar hann þannig:

p. p. verzlunin „Liverpool"
Páll A. Pálsson.

Akureyri, 4. maí 1934.
Hermann Jónsson.

8. Hér með tilkynnist til firmaskrár Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstaðar, að meðundirritaður Helgi Pálsson, Akureyri, sem hefir verið meðeigandi firmans s/f Síldarstöðin í Hrísey, er nú genginn úr firmanu. Eru því skuldbindingar firmans hér eftir honum óviðkomandi, en meðundirritaðir, Carl D. Tulinius og Stefán Stefánsson, reka firmað áfram undir sama nafni, sem fullábyrgðir sameigendur, og rita þeir báðir firmað sameiginlega. Samkvæmt þessu er því prókúruumboð Helga Pálssonar fallið niður.

Akureyri, 4. maí 1934.

Helgi Pálsson. Carl D. Tulinius. Stefán Stefánsson.

9. Jón Einarsson rekur verzlun á Akureyri undir nafninu „Verzlunin „Róma“ Jón Einarsson“. Prókúru hefir Páll A. Pálsson. **179**

Jón Einarsson ritar firmað:

Verzlunin „Róma“
Jón Einarsson.

Páll A. Pálsson ritar firmað:

p. p. Verzlunin „Róma“
Páll A. Pálsson.

8. Norður-Múlasýsla og Seyðisfjarðarkaupstaður.

1. Samkvæmt tilkynningu til firmaskrárinnar er skrásett félagið: Pöntunarfélag alþýðu, Seyðisfirði, skammstafað P. A. S.

Heimili félagsins og varnarþing er í Seyðisfjarðarkaupstað.

Dagsetning samþykkta er 3. ágúst 1934.

Tilgangur.

a. Að útvega góðar og vandaðar vörur til heimilisþarfa handa félagsmönnum eða hluti, er þeir þarfnast til afnota fyrir sjálfa sig, á þann hátt, að vörurnar fáist sem beinasta leið frá framleiðendum og sparist útgjöld við óþarfa milliliði.

b. Að útrýma skuldaverzlun þannig, að vörur séu aðeins afhentar gegn staðgreiðslu.

c. Að safna í sjóði til tryggingar fyrir framtíð félagsins.

Stjórn félagsins skipa:

Hjálmar Vilhjálmsson, formaður, Gunnlaugur Jónasson, varaformaður og Sigfús Pétursson. Varastjórn: Kári Stefánsson, Ingólfur Hrólfsson og Baldur Guðmundsson.

Formaður einn ritar firmað eða öll stjórnin.

Formaður skrifar þannig undir:

F. h. Pöntunarfélags alþýðu, Seyðisfirði
Hjálmar Vilhjálmsson.

Öll stjórnin skrifar þannig undir:

F. h. Pöntunarfélags alþýðu, Seyðisfirði
Hjálmar Vilhjálmsson. Gunnl. Jónasson. Sigfús Pétursson.

Félagsmenn ábyrgjast sameiginlega (in solidum) skuldbindingar félagsins, þó eigi hærri upphæð en 100.00 hver.

Hver félagsmaður greiði kr. 10.00 í varasjóð við inngöngu í félagið.

Í stofnsjóð leggjast 3% af pöntuðum vörum.

Í varasjóð leggst: 1% af vörusölu.

Seyðisfirði, 4. ágúst 1934.

Hjálmar Vilhjálmsson. Gunnlaugur Jónasson. Sigfús Pétursson.

179 **9. Vestmannaeyjar.**

1. Samkvæmt tilkynningu til firmaskrárinnar, dags. 24. júlí 1934, er tilkynnt Útibú kaupfélags verkamanna. Ísleifur Högnason skuldbindur félagið vegna útibús þessa á þennan hátt:

p. p. K.f. Verkamanna
Ísleifur Högnason.

2. Hér með tilkynnist til firmaskrár Vestmannaeyja, að undirritaður rekur verzlun hér í Vestmannaeyjum með fisk og fiskafurðir undir eigin nafni og með ótakmarkaðri ábyrgð.

Firmað hefi ég aðeins einn rétt til að rita.

Vestmannaeyjum, 16. júlí 1934.
Helgi Jónatansson, Sólhlíð 19, Vestmannaeyjum.

3. Hér með tilkynnist til firmaskrárinnar, að á almennum félagsfundi í „Kaupfélagi Alþýðu", hér í bænum þann 29. f. m., var samþykkt að víkja úr stjórn félagsins þeim Þorsteini Þ. Víglundssyni, skólastjóra, Faxastíg 4, Högna Sigurðssyni, bónda, Landagötu 30, Guðmundi Jónssyni, skósmið, Hilmisgötu 1 og Sigurði Gottskálkssyni, verkamanni, Landagötu 23, öllum hér í Vestmannaeyjum. Í þeirra stað voru kosnir í stjórn félagsins þeir Magnús Magnússon, skipasmiður, Flatir 10, Árni Oddsson, innheimtumaður, Vestmannabraut 65 A, Ólafur Eyjólfsson, útgerðarmaður, Sjómannasundi 5, og Þórður Elías Sigfússon, verkamaður, Hásteinsvegi 15 A og skipa þeir nú stjórn félagsins ásamt Guðlaugi Gíslasyni úrsmið, Kirkjuveg 45 B, sem áður var í stjórninni.

Stjórnin skiptir þannig með sér verkum:

Formaður Guðlaugur Gíslason, varaformaður Magnús Magnússon, ritari Árni Oddsson.

Stjórnin ritar firmað þannig:

K.f. Alþýðu
Guðl. Gíslason. M. Magnússon Árni Oddsson.
Ólafur Eyjólfsson. Elías Sigfússon.

Vestmannaeyjum, 16. okt. 1934.
Guðl. Gíslason. M. Magnússon. Árni Oddsson.
Ólafur Eyjólfsson. Elías Sigfússon.

4. Hér með tilkynnist til firmaskrár Vestmannaeyja, að auk verzlunar þeirrar með fisk og fiskafurðir, sem ég hefi áður tilkynnt til firmaskrárinnar, að ég

reki undir eigin nafni, rek ég einnig undir eigin nafni og með ótakmarkaðri 179
ábyrgð verzlun í Vestmannaeyjum með fóðurvörur.

Vestmannaeyjum, 28. okt. 1934.

Helgi Jónatansson.

5. Á aðalfundi Kaupfélags Verkamanna þann 28. okt. 1934 voru þær breytingar gerðar á samþykktum félagsins, að í stað sameiginlegrar ábyrgðar allra félagsmanna á skuldbindingum félagsins, einn fyrir alla og allir fyrir einn, var ábyrgðin takmörkuð við kr. 150.00, sem sérhver félagsmaður ber ábyrgð á. Svo hljóðandi viðauki við samþykktirnar var einnig samþykktur á fundinum:

„Þeir félagar, sem gengnir eru í félagið áður en lagabreyting þessi öðlast gildi, ábyrgjast þær skuldbindingar félagsins, sem gerðar hafa verið til sama tíma, samkv. áður gildandi samþykktum, en skuldbindingar, sem gerðar eru eftir gildistöku breytinga þessara, ábyrgjast þeir eins og aðrir félagsmenn samkvæmt þeim".

p. p. K.f. Verkamanna

Ísleifur Högnason.

6. Undir firma S/F húseignin Óskasteinn byggja og reka Óskar Bjarnasen og Óskar Sigurðsson húseign við Formannabraut í Vestmannaeyjum. Báðir bera ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins. Undirskrift beggja þarf til að skuldbinda félagið. Undirskrift beggja þarf til sölu eða veðsetningar húseignarinnar svo og til að gera leigusamninga og taka lán. Prókúru hefir enginn. Samlagsmenn eru Óskar Bjarnasen og Óskar Sigurðsson, og eru tillög áætluð samtals 35.000 kr. að hálfu hvor.

Firmað rita þeir þannig:

S/F Húseignin Óskasteinn.

Óskar Bjarnasen. Óskar Sigurðsson.

Vestmannaeyjum, 14. nóv. 1934.

Óskar Bjarnasen. Óskar Sigurðsson.

10. Gullbringu- og Kjósarsýsla og Hafnarfjarðarkaupst.

1. Hér með tilkynni ég undirritaður, að ég hefi gefið sonum mínum, Þorgils Guðmundi og Ólafi Tryggva, prókúruumboð fyrir mig og rita þeir nöfn sín sem hér segir:

Pr. pr. Einar Þorgilsson

Þorgils G. Einarsson.

Pr. pr. Einar Þorgilsson

Ól. Tr. Einarsson.

179 Áður tilkynnt prókúruumboð til handa bókhaldara Elíasi Halldórssyni afturkallast hér með.

Einar Þorgilsson.

2. Hér með tilkynnist til firmaskrár Hafnarfjarðar, að á aukafundi, sem haldinn var í Hlutafélaginu „Dvergur“ — Flygenring & Co. þann 22. nóv. þ. á., var samþykkt með samhljóða atkvæðum allra hluthafa í félaginu, að auka hlutaféð um kr. 32300.00.

Hið nýja hlutafé var allt innborgað með þeim hætti, að nokkrum hluta varasjóðsins var varið til hlutakaupanna.

Hlutaféð er nú alls kr. 97300.00.

Hafnarfirði, 30. nóv. 1934.

Í stjórn H/F „Dvergur“ — Flygenring & Co.

Guðmundur Einarsson. St. Sigurðsson. Guðjón Jónsson.

180 **AUGLÝSING**

frá skráritara vörumerkja í Reykjavík um skrásetningar þær, sem gerðar hafa verið árið 1934.

Skrás. 1934, nr. 1.

Tilkynnt 9. janúar 1934, kl. 3 síðd., af Sandvikens Jernverks Aktiebolag, verksmiðjurekstur, Sandviken í Svíþjóð, og skrásett 23. s. m.

Orðið:

SANDVIK

Merkið er skrásett í Stokkhólmi 2. janúar 1885 fyrir: Járn, stál í hellum (blökkum), stangir, blakkir, bönd, blikk, plötur, pípur, bita, sagir og sögunarvélar, handiðnaðartæki úr járni og stáli og fjaðrir úr járni eða stáli.

Samkv. útskrift úr sænsku vörumerkjaskránni, er tilkynnandi fyrst skráður sem eigandi merkisins 11. maí 1908 og skrásetning þess síðast endurnýjuð 9. desember 1924.

Skrás. 1934, nr. 2.

Tilkynnt 9. janúar 1934, kl. 3 síðd., af sama, og skrásett 23. s. m.

Mynd af öngli utan um fisk.

180

Samkv. tilkynningu 25. janúar 1888, er merkið skrásett í Stokkhólmi 6. febrúar s. á. fyrir: Járn og stál í hellum (blökkum), stangir, blakkir, bönd, blikk, plötur, pípur, bita, sagir og sögunarvélar, handiðnaðartæki úr járni og stáli og fjaðrir úr járni eða stáli. — Er sú skrásetning síðast endurnýjuð 26. júlí 1927.

Skrás. 1934, nr. 3.

Tilkynnt 10. janúar 1934, kl. 11 árd., af H/f „Shell" á Íslandi, verzlun, Reykjavík, og skrásett 1. febrúar s. á.

Mynd af skel, en þar fyrir neðan orðin: SHELL DIESOLINE.

SHELL DIESOLINE

Merkið er skrásett fyrir eldsneytisolíur, sérstaklega eldsneyti fyrir hraðfara Dieselhreyfla í dráttarvélum á vegum.

Skrás. 1934, nr. 4.

Tilkynnt 10. janúar 1934, kl. 11 árd., af Standard Oil Company, verzlun, Wilmington í Delaware og New York, N.Y., Bandaríkjum N.-Am., og skrásett 1. febr. s. á.

Orðið:

ESSOLEUM

Samkv. tilkynningu 12. júlí 1933 er merkið skrásett í Washington 14. nóvember s. á. fyrir smurningsfeiti.

Skrás. 1934, nr. 5.

Tilkynnt 12. janúar 1934, kl. 3 síðd., af Olíuverzlun Íslands h/f, heildsöluverzlun, Reykjavík, og skrásett 1. febrúar s. á.

Stafirnir „BP“ innan í skildi og neðan við skjöldinn orðið: DIESOLEUM.
Merkið er skrásett fyrir allar olíutegundir.

Skrás. 1934, nr. 6.

Tilkynnt 12. janúar 1934, kl. 3 síðd., af sama, og skrásett 1. febrúar s. á.

Stafirnir „BP“ innan í skildi.
Merkið er skrásett fyrir allar olíutegundir.

Skrás. 1934, nr. 7.

Tilkynnt 26. jan. 1934, kl. 11 árd., af Lever Brothers, Limited, sápugerð, Port Sunlight, Cheshire, Englandi, og skrásett 16. febr. s. á.

180

Aflangur einkennismiði, ætlaður til umbúða, með blómatáknmyndum, sem mynda borða, utarlega til beggja handa, eftir endilöngum miðanum, en mitt á milli standa orðin: LUX TOILET SOAP. Á miðanum eru einnig fleiri blómtáknmyndir að ofan og neðan, en efst stendur nafn tilkynnanda og heimaland.

Merkið er skrásett í London 31. maí 1929, 48. flokki, fyrir ilmsápur.

Skrás. 1934, nr. 8.

